



NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Ársskýrsla



4. starfsár 2012-2013



Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Stefna Naustaskóla	3
Hlutverk.....	3
Framtíðarsýn.....	3
Áherslur skólans	3
Naustaskóli 2012-2013.....	5
Húsnæðismál	5
Skólinn í tölum	6
Nemendur	6
Starfsfólk	7
Fjármál.....	8
Vettvangsferðir og heimsóknir	9
Ýmsir viðburðir í skólastarfinu	10
Skólatími / stundaskrár	11
Skóladagatal 2012-2013	12
Stjórnun	14
Skipurit	14
Skólaráð.....	14
Teymi - fundir.....	15
Nemendaráð.....	15
Kennsluskipan	15
Valgreinar	18
Námsmat.....	18
Mötuneyti	18
Frístund.....	19
Bókasafn	19
Samstarf við Naustatjörn	19
Rannsóknarverkefni um námssamfélag.....	19
Endurmenntunaráherslur 2012-2013	20
Umhverfismál	21
Jákvæður agi - gæðahringir	21
Samskipti heimila og skóla.....	22
Námsgögn.....	23
Nemendaverndarráð.....	23
Ráðgjöf fjölskyldudeildar	23
Skólahjúkrun.....	24
Skýrslur starfsmannahópa.....	24
Skýrsla 1. bekkjar	24
Skýrsla 2.-3. bekkjar.....	31
Skýrsla 4.-5. bekkjar.....	38
Skýrsla 6.-7. bekkjar.....	44
Skýrsla 8.-10. bekkjar.....	51
Skýrsla verkgreinakennara	59
Skýrsla iðubjálfa og þroskabjálfa	67
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa.....	68
Mat á skólastarfinu	70
Uppgjör á umbótatillögum ársins:	71
Almennt mat og umbótatillögur	73
Viðauki, fréttabréf skólaársins.....	80



Inngangur

Hér má sjá ársskýrslu Naustaskóla fyrir fjórða starfsár Naustaskóla, 2012-2013. Skólinn gefur árlega út rit af þessu tagi, markmiðið með því er að taka saman og miðla upplýsingum um skólastarfið, kynna þau verkefni sem unnið er að hverju sinni og skrá þannig um leið sögu skólans frá upphafi. Jafnframt er útgáfa ársskýrslu þáttur í formlegu sjálfsmati skólans enda ætlunin að koma á framfæri mati á því hvernig til hefur tekist með ýmsa þætti starfsins, og hugmyndum að úrbótum. Skýrslan er birt á heimasíðu skólans og dreift til starfsmanna, skólaráðs, skólanefndar og skóladeildar Akureyrarbæjar.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Stefna Naustaskóla

Starfið innan skólans er byggt á stefnu hans sem sett er fram sem leiðarljós fyrir skólastarfið, þ.e. hvert hlutverk skólans er hvaða framtíðarsýn við höfum fyrir skólann okkar og hvaða markmið við viljum helst hafa í huga með starfinu. Stefnan var mótuð í samvinnu við fulltrúa foreldra á grunni undirbúningsvinnu sem fram fór fyrir stofnun skólans. Hún byggir einnig á skólastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn árið 2005 en þá stefnu má finna á heimasíðu skóladeildar Akureyrarbæjar <http://skoladeild.akureyri.is>

Hlutverk

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun samfélagsins og stundað frekara nám. Allir skulu öðlast alhliða menntun og fá hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Skólinn er mennta- og þjónustustofnun sem sinnir hlutverki sínu í náinni samvinnu við heimilin með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Framtíðarsýn

Naustaskóli verði framsækinn 500 nemenda grunnskóli, kunnur fyrir kraftmikið og vel heppnað skólastarf með sérstakri áherslu á að koma til móts við hvern og einn nemanda. Nemendur skólans verði lífsglaðir, sjálfstæðir og sjálfsöruggir. Skólinn eigi gott samstarf við heimilin og samfélagið.

Áherslur skólans

- Námsaðlögun

Markmið: Skólinn mæti þörfum nemenda í námi
Nemendur verði sjálfstæðir og taki ábyrgð á námi sínu
Allir nemendur taki stöðugum framförum

Leiðir: Einstaklingsáætlanir að hluta
Fjölbreyttar kennsluaðferðir
Þemavinna / smíðjur
Námsstöðvar
Áhugasviðsvinna
Reglubundið og fjölbreytt mat á vinnu nemenda
Markviss starfsþróun og endurmenntun starfsmanna

N ámsaðlögun
A thvarf
U mhyggja/virðing
S amvinna
T áp og fjör
A llir með!
SKÓLI



- **Athvarf**

Markmið: Nemendum líði vel í skólanum
Forráðamenn og nemendur eigi aðgang að ráðgjöf og stuðningi
Skólinn sé miðstöð fyrir íbúa hverfisins

Leiðir: Vingjarnlegt og áhugavert umhverfi
Góður aðbúnaður og aðstaða
Góður og hollur matur
Vel menntað og vingjarnlegt starfsfólk
Gott samstarf við íbúa, félög og fyrirtæki í hverfinu

- **Umhyggja og virðing**

Markmið: Samskipti í skólasamfélaginu byggist á virðingu og umhyggju
Nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu

Leiðir: Jákvæð agastefna – samstaða um gildi
Markviss notkun bekkjafunda
Aldursblöndun nemenda / sveigjanleg hópaskipting
Jafnréttisstefna
Umhverfisstefna

- **Samvinna**

Markmið: Starfsmenn, foreldrar og nemendur taki þátt í ákvörðunum
Foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna
Skólinn lúti markvissri stjórnun sem byggir á kunnri stefnu

Leiðir: Gott upplýsingastreymi
Skólaþing
Teymiskennsla
Mannauðurinn innan skólans sé virkjaður
Foreldrar virkjaðir til þátttöku

- **Táp og fjör**

Markmið: Nemendur og starfsmenn séu glaðir í starfi sínu innan skólans
Að það sé gaman í skólanum!
Skólinn stuðli að hreysti nemenda

Leiðir: Fjölbreytni og sveigjanleiki í starfinu
Nægileg hreyfing og útivera fyrir nemendur
Söngur og leikur ríkulegur þáttur í skólastarfinu

- **Allir með!**

Í námi
Í starfi
Í leik
Í ákvörðunum

Naustaskóli 2012-2013

Heimilisfang: Hólmatún 2, 600 Akureyri

Kennitala 530109-0110

Sími: 460-4100, sími í Frístund: 460-4111

Netfang: naustaskoli@akureyri.is

Heimasíða: <http://naustaskoli.is>

Skólastjóri: Ágúst Frímann Jakobsson agust@akureyri.is

Deildarstjóri: Bryndís Björnsdóttir dis@akmennt.is

Fjöldi nemenda: 295

Fjöldi starfsmanna: 55

Naustaskóli hóf starfsemi haustið 2009 með 153 nemendur í 1.-7. bekk.

Skólaárið 2012-2013 var skólinn í fyrsta sinn heildstæður grunnskóli með tæplega 300 nemendur í 1.-10. bekk .

Húsnæðismál

Naustaskóli er nýjasti grunnskóli Akureyrarbæjar og hóf skólinn starfsemi haustið 2009. Skólinn er staðsettur í Naustahverfi, við hlið leikskólans Naustatjarnar sem var fyrsta húsið sem reis í hverfinu og tók til starfa haustið 2003.

Á fyrsta starfsári skólans voru nemendur um 150 í 1.-7. bekk. Skólaárið 2010-2011 voru nemendur um 200 í 1.-8. bekk og á þriðja starfsárinu 2011-2012 voru nemendur tæplega 250 í 1.-9. bekk. Þannig hefur bæst við einn árgangur á ári fyrstu skólaárin og nemendum fjölgað um u.þ.b. 50 ár hvert. Skólaárið 2012-2013 voru nemendur tæplega 300 í 1.-10. bekk, en þetta skólaár var Naustaskóli í fyrsta sinn heildstæður grunnskóli. Í skólahúsnæðinu voru í vetur auk grunnskólastarfsins, tvær deildir frá leikskólanum Naustatjörn og bera þær nöfnin Fífilbrekka og Sunnuhvoll, þar eru að störfum rúmlega 50 leikskólabörn samanlagt. Haustið 2009 var tekinn í notkun fyrri áfangi skólahúsnæðisins og hafði hann að geyma heimasvæði, 1.-7. bekkjar, Frístund, tónlistarstofu og heimilisfræðistofu. Haustið 2012 var hluti af öðrum áfanga tekinn í notkun, var þar um að ræða heimasvæði unglingastigs, verkgreinastofur, miðrými (samkomusal, bókasafn og matsal) og eldhús. Á skólaárinu var síðan unnið að byggingu stjórnunarálmu og íþróttahúss og gera núverandi áætlanir ráð fyrir að þeir hlutar verði teknir í notkun haustið 2016. Á heimasíðu skólans er að finna ársskýrslur sem gefa greinargóðar upplýsingar um starfið í skólanum ár hvert frá stofnun hans.





Skólinn í tölum

Eftirfarandi tölur lýsa úthlutuðum stöðuheimildum og stöðu mála við upphaf skólaárs.

	09-10	10-11	11-12	12-13
Fjöldi nemenda	153	200	241	295
Fjöldi almennra kennslustunda	275	378	445	589
Fjöldi almennra kst. pr. nem.	1,797	1,890	1,84	1,996
Fjöldi sérkennslustunda	45	84	86	91
Fjöldi sérkennslust. pr.nem.	0,294	0,420	0,357	0,308
Fjöldi umsjónarkennara	10	12	15	17
Meðaltal nemenda pr. umsj.kennara	15,3	16,67	16,07	17,35
Fjöldi barna í Frístund	58	71	76	81,
Fjöldi stöðugilda við stjórnun	1,61	1,61	1,81	1,88
Fjöldi stöðugilda í kennslu	12,3	17,76	20,42	26,15
Kynjahlutföll starfsmanna kvk/kk %	74 / 26	74 / 26	75/25	80/20
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	1,40	2,93	2,58	4,58
Stöðugildi skólaliða	2,18	3,64	3,82	5,23
Stöðugildi vegna námsráðgjafar	0,25	0,40	0,40	0,55
Stöðugildi vegna Frístundar	1,28	2,24	2,81	2,81
Stöðugildi vegna bókasafns	0,50	0,50	0,80	0,80
Stöðugildi vegna eldhúss	1,40	1,74	1,50	1,50
Stöðugildi vegna húsvörslu	1	1	1	1
Stöðugildi vegna ritarastarfa	0,80	0,80	0,80	0,80
Tölvur alls	47	50	61	128
Tölvur fyrir nemendur	30	30	33	87
Nemendur pr tölvu	5,10	6,67	7,30	3,39
Tölvur í stjórnun og kennslu	17	20	28	41
Hlutfall nemenda í mötuneyti	100%	97%	96%	89%
Hlutfall nemenda í ávaxtaáskrift	87%	79%	74%	74%
Árangur á samr.pr. í 4.b. (mt. ís/stæ)	30,55	26,55	29,70	23,3
Árangur á samr.pr. í 7.b (mt. ís/stæ)	25,90	24,15	24,20	28,75
Árangur á spr. í 10.b(mt. ís/stæ/ens)	-	-	-	29,83
Stærð húsnæðis	2338 fm	2338 fm	2338 fm	4500 fm

Nemendur

Umsjónarhópar:	Drengir:	Stúlkur:	Alls:	Umsjónarkennari
1. BB	7	7	14	Berglind Bergvinsdóttir
1. LB	7	9	16	Lilja Þorkelsdóttir
1. ÞÓ	6	9	15	Þóra Ólafsdóttir Hjartar
2/3. GBA	8	8	16	Gyða Björk Aradóttir
2/3. HÓ	8	8	16	Halla Óladóttir
2/3. SA	9	7	16	Sunna Alexandersdóttir
2/3. YHH	11	5	16	Yrsa Hörn Helgadóttir
4/5. IJH	9	8	17	I.Jóna Hjaltadóttir
4/5. SE	7	9	16	Svala Einarsdóttir
4/5. SJI	9	9	18	Sigríður Jóna Ingólfssdóttir
4/5. ÚB	10	7	17	Úlfar Björnsson
6/7. AS	10	10	20	Andri Snær Stefánsson
6/7. HÖÁ	10	9	19	Heimir Örn Árnason
6/7. KS	8	12	20	Kolbrún Sigurgeirsdóttir
8/9. AJ	9	13	22	Aníta Jónsdóttir
8/9. AMS	7	14	21	Anna María Sigurðardóttir
10. ÞÝS	7	8	15	Þóra Ýr Sveinsdóttir
	143	152	295	

**Árgangaskipting: Drengir: Stúlkur: Alls:**

Árg. 1997 (10.b.)	7	8	15
Árg. 1998 (9.b.)	11	12	23
Árg. 1999 (8.b.)	5	15	20
Árg. 2000 (7.b.)	15	14	29
Árg. 2001 (6.b.)	14	17	31
Árg. 2002 (5.b.)	15	16	31
Árg. 2003 (4.b.)	20	17	37
Árg. 2004 (3.b.)	15	13	28
Árg. 2005 (2.b.)	21	15	36
Árg. 2006 (1.b.)	20	25	45
	143	152	295 (Fjöldi nemenda 4. september)

Starfsfólk

Nafn	Starfsheiti	Meginstarfssvið
Aðalheiður Reynisdóttir	iðjupjálfi	þjálfun/ráðgjöf
Aðalheiður Skúladóttir	námsráðgjafi	ráðgjöf
Agnes Þorleifsdóttir	stuðningsfulltrúi	barnsburðarleyfi
Andri Snær Stefánsson	kennari	6.-7. bekkur
Aníta Jónsdóttir	kennari	8.-9.-10. bekkur
Anna María Sigurðardóttir	kennari	8.-9.-10. bekkur
Atli Sveinn Þórarinsson	kennari	8.-9.-10. bekkur
Ágúst Frímann Jakobsson	skólastjóri	stjórnun
Ása Katrín Gunnlaugsdóttir	kennari	barnsburðarleyfi
Áslaug Hallbjörnsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Berglind Bergvinsdóttir	kennari	1. bekkur
Berglind Elly Jónsdóttir	stuðningsfulltrúi	6.-7. b/stundakennsla
Berglind Sigurðardóttir	aðstoðarmatráður	eldhússtörf
Björn Benedikt Benediktsson	stuðningsfulltrúi	8.-10. bekkur
Bryndís Björnsdóttir	deildarstjóri	stjórnun/sérkennsla
Brynja Dögg Hermannsdóttir	kennari	barnsburðarleyfi
Brynjar Hermannsson	umsjónarmaður	húsvarsla
Dögg Stefánsdóttir	kennari	heimilisfræði
Elva Rósa Helgadóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Guðrún Huld Gunnarsdóttir	ritari	afgreiðsla/upplýsingar
Guðrún Inga Hannesdóttir	kennari	2.-3. bekkur
Guðrún Kristín Sæmundsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Guðrún Valdís Eyvindsdóttir	stuðningsfulltrúi	4.-5. b
Gunnar Smári Björgvinsson	skólaliði	gæsla/ræsting
Gyða Björk Aradóttir	kennari	2.-3. bekkur
Hafðís Björg Bjarnadóttir	þroskajálfi	þjálfun/ráðgjöf
Halla Jóhannesdóttir	kennari	myndmennt
Halla Óladóttir	kennari	2.-3. bekkur
Harpa Hrönn Gunnarsdóttir	skólaliði	eldhússtörf
Harpa Mjöll Hermannsdóttir	stuðningsfulltrúi	6.-7. bekkur
Heimir Örn Árnason	kennari	6.-7. bekkur
Hrafnhildur Stefánsdóttir	forst.m. Frístundar	umsjón með Frístund
Hugrún H. Sigurbjörnsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Hulda Berglind Árnadóttir	kennari	hönnun og smíði
Ingibjörg Jóna Hjaltadóttir	kennari	4.-5. bekkur



Inga Lilja Ólafsdóttir	kennari	ársleyfi
Ingibjörg Ósk Hannesdóttir	stuðningsfulltrúi	4.-5. bekkur
Ingibjörg S. Ingimundardóttir	skólahjúkrunarfr.	(starfsm. heilsugæslu)
Kolbrún Eva Helgadóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Kolbrún Sigurðardóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Kolbrún Sigurgeirsdóttir	kennari	6.-7. bekkur
Lilja Sverrisdóttir	kennaranemi	
Lilja Þorkelsdóttir	kennari	1. bekkur
Linda Hafdal	skólaliði	gæsla/ræsting
Sandra Mjöll Tómasdóttir	stuðningsfulltrúi	2.-3. bekkur
Sigríður Jóna Ingólfssdóttir	kennari	4.-5. bekkur
Sigurgeir Ólafsson	matreiðslumaður	eldhús
Sigurlaug Jónsdóttir	kennari	ársleyfi
Sunna Alexandersdóttir	kennari	2.-3. bekkur
Stefán Þór Friðriksson	stuðningsfulltrúi	4.-5. bekkur
Svala Einarsdóttir	kennari	4.-5. bekkur
Úlfar Björnsson	kennari	4.-5. bekkur
Valdís Rut Jósavinsdóttir	kennari	textílmennt
Yrsa Hörn Helgadóttir	kennari	2.-3. bekkur
Þóra Ólafsdóttir Hjartar	kennari	1. bekkur
Þóra Ýr Sveinsdóttir	kennari	8.-9-10. bekkur
Þórey Sjöfn Sigurðardóttir	kennari	íþróttakennsla
Þórunn Erlingsdóttir	kennari	íþróttakennsla
Örlygur Þór Helgason	kennari	íþróttakennsla

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum yfir veturinn. Gyða Björk fór í fæðingarorlof í desember en í hennar stað kom Guðrún Inga Hannesdóttir. Þórey fór í fæðingarorlof í apríl og í hennar stað kom Þórunn Erlingsdóttir. Anna María hætti störfum í mars og við hennar stöðu tók Atli Sveinn Þórarinnsson. Þóra fór í fæðingarorlof undir vorið en þá kom Ása Katrín úr fæðingarorlofi. Aðalheiður iðjuþjálfari fór svo einnig í fæðingarorlof undir vorið, eins fór Heimir Örn í fæðingarorlof í janúar og aftur í apríl-maí.

Í lok skólaárs hættu Úlfar, Brynja, Stefán, Björn Benedikt og Anna Sigurbjörg. Þá voru Inga Lilja og Sigurlaug í leyfum þetta skólaár en sögðu svo stöðum sínum lausum og koma því ekki til starfa að nýju.

Trúnaðarmenn skólaárið 2012-2013 voru Lilja Þorkelsdóttir (KÍ) og Guðrún V. Eyvindsdóttir (Eining-löja). Öryggistrúnaðarmenn voru Valdís Jósavinsdóttir og Hulda Árnadóttir, öryggisvörður var Brynjar Hermannsson.

Fjármál

Fyrir fjárhagsárið 2012 voru niðurstöðutölur Naustaskóla eftirfarandi:

Lyklar	Raun 2012	Áætlun 2012	Mismunur	Notað. (%)
* Tekjur	-29,870,792	-16,782,000	13,088,792	177.99
* Laun og launatengd gjöld	203,433,315	192,990,000	-10,443,315	105.41
* Vörukaup	22,364,634	17,290,000	-5,074,634	129.35
* Þjónustukaup	141,490,777	132,689,000	-8,801,777	106.63
* Styrkir og framlög	12,000		-12,000	
** Samtals	337,429,934	326,187,000	-11,242,934	103.45

Eins og sjá má voru töluverð frávik frá fjárhagsáætlun.



Tekjur urðu meiri en ráð var fyrir gert, bæði af fæðissölu (5 millj.) og af vistunargjöldum (2,5 millj.) en einnig komu til endurgreiðslur vegna einstakra starfsmanna frá Tryggingastofnun, Vinnumálastofnun, Naustatjörn og Eyjafjarðarsveit (samtals um 4,5 millj.)

Útgjöld vegna launa fóru töluvert fram úr áætlun, að hluta skýrist það með því að tekjur komu á móti vegna einstakra starfsmanna, eins og að framan greinir, en einnig vegna langtímaforfalla og vegna þess að úthlutað kennslumagn á haustönn var nokkuð umfram það sem áætlun gerði ráð fyrir.

Vörukaup fóru í heildina fram úr áætlun en skýrist það að mestu af matvörukaupum sem voru umfram áætlun og koma þar til tekjur á móti.

Þjónustukaup fóru 8 milljónir fram úr áætlun en þar munar mest um að húsa- og lausafjárleiga til Fasteignafélags voru vanáætlaðar um 7,3 millj.

Segja má að nokkur skekkja hafi verið í áætlun þar sem vöru- og þjónustukaupaliðir höfðu að takmörkuðu leyti verið uppfærðir undanfarin misseri miðað við ört stækkandi nemendahóp og því erfitt að ná endum saman í þeim liðum. Þetta misræmi hefur hins vegar verið lagað fyrir árið 2013. Engu að síður er frekar dökkt útlit fyrir rekstur skólans miðað við áætlun ársins 2013 þegar nálgast mitt ár og er útlit fyrir að launakostnaður sé á leiðinni fram úr áætlun. Koma þar til mikil langtímaforföll sem tengjast í mörgum tilfellum fæðingarorlofum en veturinn 2012-2013 var mikil fæðingahrina í gangi í starfsmannahópnum.

Samþykkt fjárhagsáætlun ársins 2013 er sem hér segir:

Lyklar	Áætlun 2013
* Tekjur	-23,054,000
* Laun og launatengd gjöld	229,530,000
* Vörukaup	19,557,000
* Þjónustukaup	178,694,000
** Samtals	404,727,000

Vettvangsferðir og heimsóknir

Nemendur fóru töluvert í vettvangsferðir og fengu heimsóknir frá ýmsum aðilum.

Varðandi atburði hjá einstökum námshópum vísast til skrifa kennarateymanna aftar í skýrslunni en varðandi skólann sem heild má nefna eftirfarandi:

- Naustaskóli tók þátt með öðrum skólum í hátíðarhöldum í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrar. Hápunktur þessa var hátíðardagskrá í miðbæ Akureyrar þann 29. ágúst þegar nemendur úr öllum leik- og grunnskólum bæjarins hittust þar.
- Rithöfundarnir Þorgrímur Þráinsson og Gunnar Helgason heimsóttu okkur og lásu upp úr nýútkomnum bókum sínum fyrir nemendur.
- Komin er hefð á að nemendur í 7. bekk fari í skólabúðir að Reykjum og að nemendur í 4. bekk fari í skólabúðir í Bárðardal. Í vor var svo einnig farið í fyrsta sinn í útskriftarferð með 10. bekk sem er væntanlega fastur liður í framtíðinni.
- Kómedíuleikhúsið kom í heimsókn til okkar í aprílmánuði. Flutt var leikritið Búkolla fyrir yngri nemendur og nemendur leikskólans en eldri nemendur sáu einleik um Gísla Súrsson.
- Lególið skólans fór til keppni bæði í Reykjavík og í Þýskalandi eftir að hafa unninn frækinn sigur í keppninni fyrir sunnan.



- Heimsóknir bárust frá fjölmörgum skólum og öðrum aðilum á skólaárinu. Má þar nefna Breiðagerðisskóla, Rimaskóla, Hraunvallaskóla, Hörðuvallaskóla, Fræðsluviði Reykjavíkurborgar, Borgarhólsskóla, Vatnsendaskóla og Kársnesskóla.

Ýmsir viðburðir í skólastarfinu

- Samverustundirnar voru tvískiptar og haldnar einu sinni í viku fyrir hvorn hóp, 1.-5. bekk annars vegar en 6.-10. bekk hins vegar.
- Böll: Haldin voru nokkur böll yfir veturinn, þar hæst þegar 10. bekkur hélt fyrsta ballið í nýjum sal skólans en þar var hljómsveitin Retro Stefson fengin til að spila.
- Kjörfundur: Nemendur 4.-10. bekkjar kusu fulltrúa í nemendaráð. Framboðsræður voru haldnar og formlegar kosningar fóru fram.
- Rýmingaræfing: Brunakerfið prófað og skólinn rýmdur.
- Hæfileikakeppni nemenda: Komin er hefð á að árlega stendur nemendaráð fyrir hæfileikakeppni og fór hún fram í janúar þetta árið.
- Litlujól: Litlujólin voru haldin á "hefðbundinn" hátt með stofujólum og síðan jólatrésskemmtun, helgileik og tilheyrandi.
- Stóra upplestrarkeppnin: Nemendur í 7. bekk tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í mars. Stóðu okkar fulltrúar sig með mestu þryði.
- Árshátíð skólans var haldin 7. mars. Að þessu sinni var þema árshátíðarinnar „á tali hjá Hemma Gunn“. Á árshátíðinni voru þrjár sýningar, allir bekkir sýndu á þessum sýningum, en bekkjunum var skipt niður í sýningarhópa. Nemendum var raðað saman í þrjá hópa þannig að systkini sýndu á sömu sýningu. Á milli sýninga voru seldar kaffiveitingar. Árshátíðin tókst þryðilega og var góð mæting meðal foreldra og annarra aðstandenda nemenda.
- Opin vika: Á haustönn var opin vika í skólanum. Þá voru foreldrar og forráðamenn sérstaklega hvattir til að kíkja við í skólanum og skoða starfið.
- Þrettándasamverustund var haldin í samstarfi við Naustatjörn. Þá syngja nemendur saman nokkur áramótalög og svo er skotið upp flugeldum.
- Skíðadagur: Þann 13. mars fóru allir nemendur skólans upp í Hlíðarfjall einn dag og renndu sér.
- Skólabúðaferð 7. Bekkjar: 7. bekkur fór í skólabúðir að Reykjum 18.-22. mars.
- Gisting í skólanum: 6. bekkur gisti í skólanum eina nótt meðan 7. bekkur dvaldi í skólabúðum.
- Skólabúðaferð 4. bekkjar. Nemendur 4. bekkjar fóru í þriggja daga ferð í skólabúðir í Bárðardal. Skipulagt og framkvæmt með fulltingi foreldra.
- Öðruvísi dagar: Nokkrum sinnum var fyrirskipuð tilbreyting í klæðaburði eða háttum, má þar nefna, ullarfatadag, rafmagnslausan dag, jólasveinahúfudag, snakk-bíó- og náttfatadag, slæman hárdag, mottudag, rugludag og dag íslenskrar tungu.
- Þemadagar: Tvisvar um veturinn voru þemadagar nokkra daga í senn, þar sem nemendur störfuðu í aldursblönduðum hópum. Fyrra skiptið var í desember og nefndust þeir dagar "jólþemadagar", en hitt skiptið var síðustu daga ársins þar sem áhersla var á ýmsa útiveru. Þemadagarnir tókust afar vel og var mikil ánægja með þá.

- Nemendadagurinn: Var haldinn í þriðja sinn í nóvember. Fulltrúar í nemendaráði skólans höfðu áður skipulagt daginn en hann fólst í því að nemendaráðið tók að mestu við stjórn skólans og stýrði skólastarfinu hjá 4.-10. bekk fyrir hádegi.
- Unicef-dagurinn: Í samstarfi við Unicef á Íslandi stóðum við fyrir viðburði þar sem nemendur hreyfðu sig gegn áheitum foreldra og söfnuðu með því fjármunum fyrir Unicef hreyfinguna. Þetta tókst afar vel og söfnuðust um 150.000 kr.
- Vorhátíð: Haldin var vegleg vorhátíð í samstarfi við Foreldrafélag og Hverfisnefnd. Að venj var dagskrá í Naustaborgum þar sem boðið var upp á grillaðar pylsur, leikjastöðvar og hoppukastala. Í skólanum var hægt að kaupa vöflur með kaffinu, þar var tombóla, draugahús o.fl. Hátíðin gekk mjög vel enda vorum við afar heppin með veður.



Skólatími / stundaskrár

Í vetur hófst kennsla kl. 8:10 að morgni og lauk kl. 13:00 hjá 1.-3. bekk en nokkru síðar hjá eldri bekkjunum þrjá daga í viku.

Kennslustundafjöldi í hverjum árgangi var sem hér segir: Kennar voru 30x40 mínútur í 1.-3. bekk, 33x40 mínútur í 4.-5. bekk, 35x40 mínútur í 6.-7. bekk og nemendur í 8-10. bekk voru í skólanum sem svarar 37x40 mínútum. Stundaskrár voru annars unnar á þann hátt að stjórnendur settu upp ákveðinn ramma með íþrótt- og sundtímum og fleiri þáttum sem krefjast samhæfingar, en hvert kennarateymi fyrir sig bjó til og skipulagði stundaskrá síns hóps að öðru leyti.





Skóladagatal 2012-2013

Skýringar með skóladagatali;

Á skóladagatali koma fram þeir dagar sem nemendur eiga að sækja skóla, hvaða daga er vikið frá venjulegum skóladegi og hvaða daga nemendur fá leyfi.

- 9.-21. ágúst unnu starfsmenn að undirbúningi skólastarfsins og sækja námskeið og fræðslufundi.
- 22. ágúst hófst skólastarfið með skólasetningu og viðtölum umsjónarkennara við foreldra og nemendur 1. bekkjar.
- Kennsla skv. stundaskrá hófst fimmtudaginn 23. ágúst. Þá var einnig skólafærninámskeið fyrir foreldra nýnema.
- Í vikunni 3.-7. september mætti foreldrar til morgunfunda með kennurum og stjórnendum þar sem starf vetrarins var kynnt.
- 26. og 27. september voru foreldrar og nemendur boðaðir til viðtals við umsjónarkennara, m.a. unnið að markmiðssetningu fyrir veturinn. Auk þess voru samráðsdagar með viðtölum foreldra og nemenda við umsjónarkennara 31. október, 3. janúar og 15. mars.
- Vikuna 8.-12. október var opin vika, þá voru foreldrar sérstaklega hvattir til að heimsækja skólann.
- 29.-30. október og 13.-15. febrúar voru vetrarfrí.
- 21. desember voru litlu-jólin og jólafrí nemenda hófst. 2.-3. janúar voru viðtalsdagar/starfsdagar, þá voru viðtöl við foreldra og nemendur hálfan daginn en starfsdagur kennara hálfan daginn. Kennsla að loknu jólaaleyfi hófs föstudaginn 4. janúar.
- 7. mars var árhátíð skólans og 30. maí var vorhátíð í samvinnu við foreldrafélag og hverfisnefnd.
- Nokkrir dagar voru eins konar „uppákomudagar“, margir þeirra voru samræmdir með leikskólanum Naustatjörn, einnig voru starfsdagar samræmdir að hluta.
- „Smiðjuskil“ voru 15. október, 3. desember, 4. febrúar, 8. apríl og 27. maí. Á þessum tíma urðu breytingar á smiðjuhópum hjá 2.-7. bekk þ.e. að hópar færðust milli verkgreina. Í tengslum við þessar dagsetningar voru einnig námsmatmöppur birtar foreldrum og nemendum.
- Starfsdagar voru 28. september, 26. október, 2. janúar, 1. mars og 26. apríl.
- Frístund var opin alla virka daga frá skólasetningu til skólaslita, nema 28. september, 2. janúar og eftir hádegi dagana 1. mars og 26. apríl en þá voru undirbúningsdagar hjá starfsfólki Frístundar



Skóladagatal 2012 - 2013

Naustaskóli
v/ð Hólmatorn
600 Akureyri

Naustaskóli



Ársskýrsla 2012-2013

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANUAR		FEBRUAR		MARS		APRIL		MAÍ		JÚNÍ	
1 M	1 L	1 M	1 M	1 M	1 F	1 L	1 L	1 L	1 L	1 Þ	1 Þ	1 F	1 F	1 F	1 F	1 M	1 M	1 M	1 M	1 L	
2 F	2 S	2 Þ	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 S	2 S	2 S	2 M	2 M	2 L	2 L	2 L	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 F	2 S	
3 F	3 M	3 M	3 M	3 M	3 L	3 M	3 M	3 M	3 M	3 F	3 F	3 S	3 S	3 S	3 S	3 M	3 M	3 F	3 F	3 M	
4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 Þ	4 Þ	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 M	4 M	4 F	4 F	4 L	4 L	4 Þ	
5 S	5 M	5 F	5 F	5 F	5 M	5 M	5 M	5 M	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 Þ	5 Þ	5 Þ	5 F	5 F	5 S	5 S	5 M	
6 M	6 F	6 L	6 L	6 L	6 Þ	6 Þ	6 Þ	6 Þ	6 Þ	6 S	6 S	6 M	6 M	6 M	6 M	6 L	6 M	6 M	6 M	6 F	
7 Þ	7 F	7 S	7 S	7 S	7 M	7 M	7 M	7 M	7 M	7 M	7 M	7 F	7 F	7 F	7 F	7 S	7 S	7 Þ	7 Þ	7 F	
8 M	8 L	8 M	8 M	8 M	8 F	8 F	8 L	8 L	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 F	8 F	8 F	8 M	8 M	8 M	8 M	8 L	
9 F	9 S	9 Þ	9 Þ	9 Þ	9 F	9 F	9 S	9 S	9 S	9 M	9 M	9 L	9 L	9 L	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 F	9 S	
10 F	10 M	10 M	10 M	10 M	10 L	10 L	10 M	10 M	10 M	10 F	10 F	10 S	10 S	10 S	10 S	10 M	10 F	10 F	10 F	10 M	
11 L	11 Þ	11 F	11 F	11 F	11 S	11 S	11 Þ	11 Þ	11 Þ	11 F	11 F	11 M	11 M	11 M	11 M	11 F	11 F	11 L	11 L	11 Þ	
12 S	12 M	12 F	12 F	12 F	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 Þ	12 Þ	12 Þ	12 F	12 F	12 S	12 S	12 M	
13 M	13 F	13 L	13 L	13 L	13 Þ	13 Þ	13 M	13 M	13 M	13 S	13 S	13 M	13 M	13 M	13 M	13 L	13 L	13 M	13 M	13 F	
14 Þ	14 F	14 S	14 S	14 S	14 M	14 M	14 F	14 F	14 F	14 M	14 M	14 F	14 F	14 F	14 F	14 S	14 S	14 Þ	14 Þ	14 F	
15 M	15 L	15 M	15 M	15 M	15 F	15 F	15 L	15 L	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F	15 F	15 F	15 F	15 M	15 M	15 M	15 M	15 L	
16 F	16 S	16 Þ	16 Þ	16 Þ	16 M	16 M	16 M	16 M	16 M	16 M	16 M	16 L	16 L	16 L	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 F	16 S	
17 F	17 M	17 M	17 M	17 M	17 L	17 L	17 M	17 M	17 M	17 F	17 F	17 S	17 S	17 S	17 S	17 M	17 M	17 F	17 F	17 M	
18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 F	18 S	18 S	18 Þ	18 Þ	18 Þ	18 F	18 F	18 M	18 M	18 M	18 M	18 F	18 F	18 L	18 L	18 Þ	
19 S	19 M	19 F	19 F	19 F	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 Þ	19 Þ	19 Þ	19 F	19 F	19 S	19 S	19 M	
20 M	20 F	20 L	20 L	20 L	20 Þ	20 Þ	20 M	20 M	20 M	20 S	20 S	20 M	20 M	20 M	20 M	20 L	20 L	20 M	20 M	20 F	
21 Þ	21 S	21 S	21 S	21 S	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 F	21 F	21 F	21 F	21 S	21 S	21 Þ	21 Þ	21 F	
22 M	22 L	22 M	22 M	22 M	22 F	22 F	22 L	22 L	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 F	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 L	22 S	
23 F	23 S	23 Þ	23 Þ	23 Þ	23 M	23 M	23 M	23 M	23 M	23 M	23 M	23 L	23 L	23 L	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 F	23 S	
24 F	24 M	24 M	24 M	24 M	24 L	24 L	24 M	24 M	24 M	24 F	24 F	24 S	24 S	24 S	24 S	24 M	24 M	24 F	24 F	24 M	
25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 F	25 S	25 S	25 Þ	25 Þ	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 M	25 M	25 F	25 F	25 L	25 L	25 Þ	
26 S	26 M	26 F	26 F	26 F	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 Þ	26 Þ	26 Þ	26 S	26 S	26 M	26 M	26 M	
27 M	27 F	27 L	27 L	27 L	27 Þ	27 Þ	27 M	27 M	27 M	27 S	27 S	27 M	27 M	27 M	27 M	27 L	27 L	27 M	27 M	27 F	
28 Þ	28 M	28 S	28 S	28 S	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 F	28 F	28 F	28 F	28 S	28 S	28 Þ	28 Þ	28 F	
29 M	29 L	29 M	29 M	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 M	29 Þ	29 Þ	29 F	29 F	29 F	29 F	29 M	29 M	29 M	29 M	29 L	
30 F	30 S	30 M	30 M	30 M	30 F	30 F	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 L	30 L	30 L	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 F	30 S	
31 F	31 M	31 F	31 F	31 F	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 F	31 F	31 M	31 M	31 M	31 M	31 S	31 S	31 F	31 F	31 F	

Stjórnun

Skólastjóri er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi hans. Hann stjórnar skólanum ásamt deildarstjóra, sem er staðgengill skólastjóra, og í sameiningu veita þeir skólanum faglega forystu. Stjórnendur hafa með sér verkaskiptingu sem er í grófum dráttum eins og sést hér að neðan en að öðru leyti í mótun.


Skólastjóri:

Umsjón með starfi í 6.-10. bekk
Starfsmannamál og fjármál

Deildarstjóri:

Umsjón með starfi í 1.-5. bekk
Stoðþjónusta

Skipurit



Skólaráð

Skólaráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum. Ráðið er samráðsveitvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Það fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Að auki starfar með ráðinu fulltrúi grenndarsamfélagsins og er það fulltrúi hverfisnefndar Naustahverfis. Skólaráð fundaði mánaðarlega yfir skólaárið og var stuðst við fundaplan sem birt var í starfsáætlun og stóðst það í grófum dráttum. Alls urðu fundir skólaráðs 9 talsins og voru fundargerðir birtar á heimasíðu skólans.

Í skólaráði 2012-2013 sátu Ágúst Jakobsson skólastjóri, Aníta Jónsdóttir fltr. kennara, Yrsa Hörn fltr. kennara, Guðrún Huld Gunnarsdóttir fltr. starfsmanna, Gísli Rúnar Magnússon fltr. hverfisnefndar, Áshildur Hlín Valtýsdóttir fltr. foreldra, Vaka Óttarsdóttir fltr. foreldra, Hrannar Þór Rósarsson fltr. nemenda og Ugla Snorraddóttir fltr. nemenda.

Teymi - fundir

Starfsmenn skólans störfuðu í teyllum. Kennarar 1. bekkjar mynduðu eitt teymi, einnig kennarar og stuðningsfulltrúi í 2.-3. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 4.-5. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 6.-7. bekk og kennarar og stuðningsfulltrúi í 8.-10. bekk. Íþróttakennarar mynduðu teymi, sömuleiðis verkgreinakennarar og þjálfar (iðjuþjálfari og þroskaþjálfari). Þá er litið á starfsmenn Frístundar sem eitt teymi og skólaliða sem eitt teymi.

Í vetur var tekin upp sú nýbreytni að gefnar voru út sérstakar verklagsreglur um vinnubrögð í teyllum sem ætlast var til að teymi kennara fylgdu. Var þar m.a. gert ráð fyrir að hvert teymi haldi þrenns konar fundi í hverri viku, skipulagsfund (skipulagning og útfærsla kennslu), nemendafund (rætt um málefni nemenda) og trúnaðarfund (rætt um teymisvinnuna, samskipti og starfsþróun). Þetta fyrirkomulag hefur verið að þróast í vetur og er án efa afar nauðsynlegt og gefur ramma í samstarfinu.

Fyrirkomulag funda var annars með þeim hætti að einu sinni í viku var allt að 40 mínútna starfsmannafundur (á föstudögum). Deildafundir voru á fimmtudögum og nýttust þeir að miklu leyti til endurmenntunar og fræðslu. Kennarafundir voru á þriðjudögum, 90 mínútur í hvert sinn. Lagt var upp með að stjórnendur funduðu með hverju teymi þriðju hverju viku en á því urðu töluverðar raskanir þegar leið á skólaárið. Á skólaárinu voru í fyrsta sinn teknir upp formlegir fundir stjórnenda með skólaliðum, vikulega á þriðjudagsmorgnum.

Nemendaráð

Nemendur í 4.-10. bekk kusu nemendaráð vetrarins á formlegum kjörfundi. Eftirtaldir nemendur voru kjörnir:

Elvar Reykjalin 10. bekk – formaður, Hrannar Þór Rósarsson 10. bekk – varaformaður, Brynjar Helgason 9. bekk, Ugly Snorraddóttir 8. bekk, Freyr Jónsson 7. bekk, Brynjólfur Skúlason 6. bekk, Íris Orraddóttir 5. bekk og Bjarmi Friðgeirsson 4. bekk.

Nemendaráð starfar skv. starfsreglum sem birtar eru í starfsáætlun skólans hverju sinni. Nemendaráð fundaði 7 sinnum yfir veturinn og lét ýmis mál til sín taka. Má þar nefna að ráðið kom með hugmyndir að ýmsum uppákomum. Þá kom nemendaráð með ábendingar um ýmsa þætti s.s. um æskileg búnaðarkaup fyrir nemendur, breytingar á skipulagi fyrir fótboltavöll o.fl. Einnig skipulagði ráðið nemendadaginn og hæfileikakeppnina Fulltrúar 10. Bekkjar sátu fundi skólaráðs fyrir hönd nemendaráðs.

Kennsluskipan

Hér er að finna nokkur almenn orð varðandi kennsluskipan í skólanum en að öðru leyti er vísað í greinargerðir kennsluteyma sem finna má aftar í skýrslunni en þar má finna greinargóðar lýsingar á kennsluháttum og skipulagi hvers hóps fyrir sig þetta skólaárið.

Skipulag og kennsluhættir Naustaskóla markast af stefnu og markmiðum skólans.

Áhersla er á **námsaðlögun** en við skilgreinum hana sem **„viðleitni til að koma til mótis við þarfir, áhuga og getu hvers og eins nemanda.“**

Við höfum skilgreint nám sem **„ferli sem leiðir til breytinga á færni/hæfni og viðhorfum. Einstaklingur eða hópur uppgötvar, skynjar og tileinkar sér nýja þekkingu, viðhorf eða leikni. Það hefur í för með sér framsýni og frumkvæði um að þróa þessa þætti enn frekar. Nám byggir á fyrri reynslu, þekkingu og viðhorfum viðkomandi. Það á sér stað í samfélagi við aðra með virkri þátttöku hvers og eins.“**

Kennslu skilgreinum við þannig: **„Kennsla er ferli, athöfn eða samskipti sem ýta undir eða leiða til þess að nám eigi sér stað. Í kennslu er hægt að nota ýmis verkfæri til að**

stuðla að námi, s.s. samræðu, skýr markmið, viðmið um árangur, spurningar, sköpun námsumhverfis og tengingu við fyrri reynslu.”

Kapp er lagt á fjölbreytni í kennsluaðferðum og endurmenntun kennara og annars starfsfólks miðast við þjálfun og hvatningu til fjölbreytni.

Leitast er við að leggja viðfangsefni í hverri grein fram á fjölbreyttan hátt þannig að þau höfði til allra nemenda. Áhersla er lögð á skapandi viðfangsefni og að sérhver nemandi noti þá hæfileika sem hann býr yfir og að kennsluaðferðir efli skilning nemenda á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að gegna hlutverkum sínum í flóknu samfélagi. Markvisst er stuðlað að því að auka sjálfstæði nemenda, samvinnu þeirra á milli og þekkingu á vinnubrögðum í samfélagi nútímans, þar með talið nýtingu upplýsingatækninnar. Aðalnámskrá grunnskóla er lögð til grundvallar námsmarkmiða fyrir nemendur og tekið er mið af hinum sex grunnþáttum menntunar við skipulag kennslu og námsumhverfis. Lagt er upp með að tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi og í hverri námsgrein sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins en kennarar hafa svigrúm til að skipuleggja kennslu sína þannig að áherslur á námsgreinar og viðfangsefni séu mismunandi eftir vikum og tímabilum skólaársins.

Leitast er við að mæta þörfum nemenda á kennslusvæðum með námsaðlögun eins og framarlega er kostur. Nemendur eru ekki teknir út af heimasvæðum sínum til stuðningskennslu nema í algjörum undantekningartilfellum, þess í stað er lögð áhersla á fyrirbyggjandi starf með samvinnu kennara og teymisvinnu. Kennarar, stuðningsfulltrúar, iðjuþjálfar, þroskaþjálfar og skólastjórnendur vinna saman að því að skipuleggja hvetjandi námsumhverfi, leita lausna, veita ráðgjöf og leita sér ráðgjafar utan skólans þegar þess gerist þörf.

Frá og með 2. bekk er nemendum kennt í aldursblönduðum hópum, til að leggja áherslu á að allir eru einstakir, að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stöðum í náminu og til að efla félagsþroska þeirra, auka umburðarlyndi og auka sveigjanleikann í skólastarfinu.

Skipta má vikulegu skipulagi/stundaskrá í nokkra flokka:

a) Umsjónartími / fundir / samverustundir. Flestir dagar hefjast með því að umsjónarkennari fundar með sínum umsjónarhópi um það sem efst er á baugi hverju sinni, a.m.k. þrjá daga í viku eru gæðahringir (bekkjafundir) þar sem umsjónarhópurinn ræðir saman og nemendur æfa m.a. samskiptahæfni sína, einu sinni í viku er samverustund þar sem nemendur leika og syngja saman.

b) Vinnustundir. Flestar kennslulotur á stundatöflum nemenda heita einfaldlega vinnustundir en þá vinna nemendur og kennarateymi hvers aldurshóps saman að náminu. Mikið er byggt á aðferðunum „Byrjendalæsi” og „Orð af orði” í kennslunni en þessar aðferðir stuðla að samþættingu námsgreina. Í eldri bekkjum vinna nemendur einnig stundum skv. einstaklingsáætlunum sem þeir búa til í samráði við sinn umsjónarkennara, þar er megináherslan á íslensku og stærðfræði en einnig er að hluta unnið í öðrum greinum s.s. náttúru- og samfélagsfræði, tungumálum o.fl. Í vinnustundum vinna nemendur að hluta einir, að hluta í hóp, stundum á ákveðnum námsstöðvum, stundum úti o.s.frv., allt eftir því sem verkefni krefjast og hvað hentar hverjum og einum. Notast er við svokallað hringekjuform í kennslunni og stöðvavinnu, en einnig er nemendum skipt upp í litla námshópa eftir viðfangsefnum og einstaklingsþörfum hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér upplýsingatækni í náminu, hvort heldur við upplýsingaleit, við ritun eða úrlausn á ýmsum verkefnum. Nemendur fá einnig tækifæri til að vinna að áhugasviðsverkefnum að eigin vali. Með áhugasviðsverkefnum er átt við að nemendur velja sér viðfangsefni til að kynna sér eða dýpka þekkingu sína á og gera samning um þá vinnu við kennara og í sumum tilfellum við foreldra.

c) Smiðjur. Verklegar greinar eru kenndar í svokölluðum „smiðjum“ þar sem kennarar með sérþekkingu á list- og verkgreinum annast kennsluna. Í smiðjunum fá nemendur því kennslu í heimilisfræði, smíðum, textílmennt, myndmennt, tónmennt, upplýsingatækni, dansi og leikrænni tjáningu.

d) Þemavinna. Með þemavinnu er átt við verkefni sem unnin eru út frá einu ákveðnu viðfangsefni þar sem námi í samfélagsgreinum, náttúrufræði, upplýsingatækni, lífsleikni og listgreinum er fléttað saman. Í þess konar vinnu gefast tækifæri til fjölbreyttra vinnubragða og mismunandi nálgunar fyrir hvern og einn. Í þemavinnunni vinna oftast saman sömu árgangar og venjulega, þ.e. 2./3., 4./5., 6./7. og 8/9/10., hvert kennsluteymi skiptir vetrinum í nokkur tímabil og á hverju tímabili eru ákveðin þemu í gangi. List- og verkgreinakennarar taka þátt í þemavinnunni á skipulagðan hátt einu sinni í viku, og skiptast þá milli kennsluteyma eftir því sem við á. Nokkra daga yfir veturinn eru svo tekin fyrir ákveðin þemaverkefni yfir allan skólann, þá er nemendum blandað enn meira, jafnvel öllum aldursstigum saman í vinnuhópa.

e) Íþróttir og sund. Sund er kennt í Sundlaug Akureyrar, hver nemandi fer vikulega í sund. Nemendur í 1.-3. bekk fara einu sinni í viku í Íþróttir í Íþróttahúsinu við Laugagötu en nemendur í 4.-9. bekk fara vikulega í Íþróttahús Lundarskóla. Nemendum er ekið í þessa kennslu. Að auki er svo miðað við að nemendur fái hreyfingu og þjálfun að hluta til með samþættingu námsgreina með útikennslu undir stjórn umsjónarkennara.



Valgreinar



Nemendur í 8.-10. bekk áttu kost á að velja sér valgreinar, var þar um að ræða um 22% af námstíma nemenda. Hluti valgreinanna var kenndur innan skólans en einnig gafst nemendum kostur á að velja valgreinar sem kenndar voru í samstarfi við aðra skóla bæjarins. Veturinn 2012-2013 voru nemendur í eftirfarandi valgreinum:

Í Naustaskóla: Áætlun/námstækni, heimilisfræði, hönnun og smíðar, upplýsingatækni, myndmennt, textílmennt, grafísk hönnun og starfsnám innan skóla eða í samstarfi við Naustatjörn. Þá voru nemendur 2 kennslustundir á viku í áhugasviðsvali þar sem nemendur gátu sinnt sínum áhugasviðum og dýpkað þekkingu sína og leikni á þeim sviðum sem hugur þeirra stóð til, list- og verkgreinakennarar voru til staðar í þessum tímum nemendum til aðstoðar.

Í samstarfi allra grunnskóla bæjarins: Bretta- og parkourval, félagsmiðstöðvaval, franska, handboltaskóli, hreysti, knattspyrnuskóli, leiður-leir-mósaík, leiklist, lífið og tilveran, líkamsrækt, ljósmyndun, tauprykk, tónlist og myndbönd, útivist og hreyfing, þýska.

Auk þess áttu nemendur þess kost að fá íþróttaiðkun, félagsstörf eða nám í sérskólum metið í stað valgreina og nýttu margir nemendur sér þann kost að einhverju marki.

Námsmat

Við formleg skil á námsmati var notast við svokallað „leiðsagnarmat“ sem er hluti af kerfinu mentor.is. Skil með þessum hætti fóru fram að vori en upplýsingum var safnað inn í kerfið yfir veturinn, s.s. frá verkgreinakennurum á smiðjuskilum þegar hópaskipti urðu í verkgreinum. Þótti okkur þetta fyrirkomulag gefa bærilegt yfirlit yfir stöðu nemenda en ljóst er að koma þarf námsmatsupplýsingum bæði tíðar og fjölbreyttar til foreldra og nemenda. Að nokkru leyti var notast við svokallaða „námsframvindueringu“ í mentor þar sem var að finna markmið í íslensku og stærðfræði, sundurgreind í 20 þrep. Töluverðir gallar voru á þeim markmiðum sem unnin voru inn í þetta kerfi og fór á skólaárinu fram mikil vinna við endurskoðun þeirra, ekki síst með tilliti til hæfniviðmiða nýrrar aðalnámskrár. Námsmöppur voru reglulega sendar heim og virtist sú leið gefast ágætlega til að miðla upplýsingum um námsstöðu og viðfangsefni. Að öðru leyti vísast til skrifna kennarateyma síðar í skýrslunni um námsmat í hverjum námshóp fyrir sig.

Mötuneyti

Haustið 2012 varð sú breyting að mötuneyti Naustatjarnar og Naustaskóla fluttist í nýtt eldhús í húsnæði Naustaskóla, en áður hafði verið eldað í eldhúsi Naustatjarnar. Þá var einnig tekinn í notkun matsalur sem var gríðarleg bylting en áður höfðu nemendur matast á kennslusvæðum hvers hóps. Sem fyrr annaðist Naustatjörn rekstur eldhússins en Naustaskóli lagði einnig til starfsmenn í eldhús. Eins og áður var gert ráð fyrir að allir nemendur myndu kaupa mat í mötuneytinu, foreldrar voru því ekki beðnir um að skrá nemendur heldur gefinn kostur á að skrá þá úr mat. Niðurstaðan þetta árið varð að um 89 % nemenda voru skráðir í mötuneytið en það er töluverð minnkun frá fyrra ári þegar 96% nemenda voru skráðir.

Boðið var upp á ávaxtaáskrift og nýttu 74 % nemenda þá þjónustu en það er óbreytt hlutfall frá fyrra ári.

Frístund



Að lokinni kennslu gafst 6 – 9 ára nemendum kostur á að vera í Frístund til kl. 16:15.

Þar geta börnin leikið við félagana, verið úti, lesið, fönðrað, hvílt sig og margt fleira. Frístund er opin alla daga sem skólinn starfar, og auk þess í fríum á starfstíma skólans og flestum starfsdögum. Foreldrar greiða fyrir vistun nemenda í Frístund skv. gjaldskrá. Forstöðumaður Frístundar er Hrafnhildur Stefánsdóttir. Sl. vetur voru til að byrja

með rúmlega 80 börn í Frístund, en þeim fækkaði töluvert þegar leið á veturinn og voru um 60 í lok vetrar.

Bókasafn

Áfram hefur verið haldið með að auka við bókakost bókasafns skólans, keypt var inn nokkuð af bókum og áfram hafa borist bókagjafir frá velunnurum skólans. Haustið 2013 flutti bókasafnið af efri hæð skólans á framtíðasvæði sitt í miðrými skólans. Til að byrja með annaðist ritari skólans umsjón safnsins og afgreiðslu eins og undanfarin misseri en í febrúar var svo Anna Margrét Helgadóttir ráðin á safnið í 50% stöðu.

Samstarf við Naustatjörn

Naustaskóli og leikskólinn Naustatjörn hafa með sér nána samvinnu og hafa gert með sér sérstaka samstarfsáætlun þar um. Elstu deildir leikskólans (Fífilbrekka og Sunnuhvoll) eru til húsa innan veggja Naustaskóla og deila starfssvæði með 1. bekk. Stofnanirnar samnýta eldhús/mötuneyti, húsvörður þjónar báðum skólunum, nokkurt samstarf er milli Frístundar/1. bekkjar og Fífilbrekku/Sunnuhvols, skóladagatal er samræmt að hluta o.fl.

Samstarfsáætlun skólanna má nálgast á heimasíðu Naustaskóla.

Rannsóknarverkefni um námssamfélag

Haustið 2009 fór af stað rannsóknar- og þróunarvinna í samvinnu Birnu Maríu Svanbjörnsdóttur, doktorsnema við Menntavísindasvið HÍ, og skólastjórnenda Naustaskóla. Rannsóknin stóð yfir þriggja ára tímabil og miðaði að því að rannsaka hvort ákveðin aðferð forystu stuðli að námssamfélagi, í hverju hún felist og hvernig megi standa að henni. Upplýsinga var aflað með ýmsu móti, s.s. með viðtölum, vettvangsathugunum, leshringjum, samræðum og niðurstöðum námsárangurs nemenda. Unnið var að stefnumótun, hugtök skilgreind, sett niður viðmið um árangur, þar sem m.a. var stuðst við niðurstöður úr viðtölum og samræmdum prófum.

Gagnasöfnun vegna rannsóknarinnar lauk í rauninni á skólaárinu en Birna María vinnur enn að úrvinnslu og skrifum og birtast niðurstöður í nokkrum ritrýndum greinum sem að lokum mynda doktorsverkefni hennar. Rannsóknin hefur gagnast skólanum m.a. á þann hátt að skólastjórnendur hafa fengið mikla endurgjöf frá rannsakanda, gagnlegar spurningar, upplýsingar og leiðbeiningar.

Endurmenntunaráherslur 2012-2013

Endurmenntun starfsmanna fer fram í samræmi við endurmenntunarstefnu skólans með það að markmiði að allir starfsmenn hafi yfir að ráða haldgóðri þekkingu á þeim þáttum sem snerta þeirra störf, í samræmi við yfirlýsta stefnu skólans. Stefnt er að því að starfsmenn bæti sífellt við þekkingu sína og færni og bæti sig þannig í starfi enda séu þeim sköpuð tækifæri til þess. Þá er markmiðið að auka starfsgleði, að styrkja samstarf og sameiginlega sýn starfsmanna.

Veturinn 2012-2013 voru eftirfarandi áherslupættir lagðir til grundvallar í starfsáætlun:

Viðfang	Hópur	Markmið	Tími	Niðurstaða:
Jákvæður agi	Allir	Innleiða agastefnuna Jákvæður agi á árangursríkan hátt í skólanum.	Deildar-, kennara og starfsmannafundir allan veturinn	Gekk eftir en nýta má starfsmannafundi betur.
Byrjendalæsi	Kennarar á yngri stigi	Innleiðing Byrjendalæsis haldi áfram af fullum krafti í yngri bekkjum skólans og kennsluaðferðin festist í sessi.	ágúst, eftirfylgni allan veturinn	Gekk eftir.
Orð af orði	Kennarar á eldri stigi	Að kennarar í 4.-10. bekk læri að beita kennsluaðferðinni Orð af orði og hún festist í sessi.	Reglulegir fundir og eftirfylgni yfir veturinn	Gekk eftir.
Stærðfræði	Kennarar	Efla stærðfræðikennslu og fjölbreytni.	Deildafundir með reglulegu millibili	Gekk eftir.
Aðalnámsskrá	Allir	Að kynna nýja aðalnámsskrá og vinna að innleiðingu hennar í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar HA og aðra skóla bæjarins.	1 dagur í ágúst og eftirfylgni út veturinn	Gekk eftir.
Matssamtöl, áætlanir, mentor	Kennarar	Kynning á áætlanagerfi Mentor, tenging við aðalnámsskrá, viðtalstækni o.fl.	ágúst	Gekk eftir.
Að verða hluti af heild	Skólaliðar og stuðn.fltr.	Styrkja skólaliða og stuðningsfulltrúa í starfi og fræða um m.a. ADHD, ofbeldi, dyslexíu, þjónustustefnu Akureyrarbæjar o.fl.	ágúst	Gekk eftir.
Heilsa og velferð	Allt starfsfólk	Að efla umræðu um heilsu og velferð í skólastarfi.	Fræðslufundur í ágúst	Gekk eftir.
Jafnréttis- og ofbeldisfræðsla	Allir	Að gera starfsmenn meðvitaða um jafnréttismál og jafnréttisstefnu skólans. Að efla meðvitund gagnvart kynferðisofbeldi og þjálfa viðbrögð við því.	Fræðslufundir í október	Gekk eftir.
Notkun tölvu og uppl.tækni	Allir	Þjálfun starfsmanna í ýmsum þáttum tölvunotkunar, s.s. Mentor, Office-forritum, stafrænna myndavéla o.fl.	Nóv-apr.	Gekk ekki eftir.
Námsaðlögun / námsstílar	Allir kennarar	Að samræma skilning og viðhorf kennara til námsaðlögunar og þjálfa þá í mismunandi nálgunum við kennslu. Kynning á námsstílum Dunn og Dunn ásamt hugleiðingum og hugmyndavinnu um hagnýtingu.	Desember-mars hugsanleg nýting leshringa	Gekk eftir að hluta.
Jafningja-stuðningur	Stjórnendur / kennarar	Stjórnendur og kennarar nýti sér jafningjastuðning til starfsþróunar.	Hefst í nóvember.	Gekk eftir að hluta.
Náms-samfélag	Stjórnendur / allir	Unnið verði að því að skilgreina og móta námssamfélag í Naustaskóla.	Allur veturinn	Gekk eftir að hluta.
Skyndihjálp	Allir	Starfsmenn séu í stakk búnir til að annast fyrstu hjálpu.	Óákveðið	Gekk ekki eftir.

Í skýrslum kennsluteyma er gerð nánari grein fyrir endurmenntun hvers hóps fyrir sig.

Umhverfismál



Segja má að fyrstu skref hafi verið stigin að því markmiði skólans að uppfylla skilyrði um Grænfánann þó að enn hafi ekki verið formlega sótt um þá viðurkenningu. Í vetur höfum við haldið áfram að flokka pappír og hefur ritari skólans leitt þá vinnu, auk þess var komið upp flokkunarstöðvum fyrir aðra flokka úrgangs og flokkað skv. þeim reglum sem Akureyrarbær gerir ráð fyrir. Naustatjörn hefur veitt okkur aðgang að ýmsu efni sem þau hafa unnið s.s. merkingum og plakötum með ýmsum ábendingum varðandi umhverfismál og hafa þær verið hengdar upp á viðeigandi stöðum..

Jákvæður agi - gæðahringir



Uppeldisstefna skólans nefnist „Jákvæður agi“. Stefnan er þróuð út frá svokallaðri „sjálfsstjórnarkenningu“, sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu, frekar en að reyna einfaldlega að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast með ýmsum atferlismótunarkerfum. Hugmyndafræðin „Jákvæður agi“ gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Við leitumst við að fá nemendur til að tileinka sér þrjú viðhorf og fjórar tegundir af hæfni. Þessir hlutir eru m.a. kenndir og þjálfaðir markvisst með gæðahringum (bekkjarfundum). Viðhorfs- og hæfniþættirnir eru:

- **Sjálfstraust.** (Viðhorf nemanda: „Ég get“) Til að þróa með sér sjálfstraust þurfa nemendur öruggt andrúmsloft þar sem þeir geta prófað sig áfram með nám og hegðun án þess að felldir séu harðir dómar um velgengni eða mistök, rétt eða rangt.
- **Að tilheyra.** (Viðhorf nemanda: „Ég tilheyri og mín er þörf“). Til að öðlast tilfinningu fyrir mikilvægi í samfélaginu þurfa nemendur að upplifa að deila tilfinningum, hugsunum og hugmyndum með öðrum og að þær séu teknar alvarlega.
- **Áhrif.** (Viðhorf nemanda: „Ég hef áhrif á umhverfi mitt og líf“). Til að nemendur öðlist tilfinningu fyrir áhrifum og valdi yfir þeirra eigin lífi, þurfa þeir að upplifa umhverfi sem leggur áherslu á áreiðanleika og hvatningu.
- **Innsæi/tilfinningagreind.** Hæfni nemanda til að skilja tilfinningar og að geta notað þann skilning til að þróa sjálfsaga, sjálfsstjórn og að læra af reynslunni.
- **Samskiptahæfileikar.** Hæfni nemenda til að vinna með öðrum með góðum samskiptum, skipulegri samvinnu, samningum, virkri þátttöku, hlustun og samhygð.
- **Ábyrgð.** Hæfni nemenda til að bregðast við takmörkunum og afleiðingum í daglegu lífi með ábyrgð, aðlögunarhæfni, sveigjanleika og heiðarleika.
- **Dómgreind.** Hæfni nemenda til að nýta reynslu sína og þekkingu til að meta aðstæður og aðgerðir með hliðsjón af réttu gildismati.

Gæðahringir eru grundvallaratriði í framkvæmd stefnunnar því að þar fá nemendur tækifæri til að æfa framangreind atriði í öruggu umhverfi. Í vetur unnu kennarar samkvæmt áætlun sem miðaði að því að þjálfa nemendur í framkvæmd gæðahringja og haldnir voru nokkrir fræðslufundir fyrir kennara og aðra starfsmenn. Aníta Jónsdóttir kennari annaðist umsjón með verkefninu.

Samskipti heimila og skóla

Eitt af meginmarkmiðum í starfi Naustaskóla er gott samstarf við foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfinu og námi barna sinna. Til að svo megi verða þurfa báðir aðilar að leggja nokkuð af mörkum. Lagt hefur verið upp með eftirtalda fasta liði í samstarfinu:



- Ítarleg viðtöl umsjónarkennara við foreldra og nemendur snemma á skólaárinu með það í huga að setja markmið fyrir veturinn og skilgreina ábyrgð aðila. Í viðtölunum er rætt um námsleg og félagsleg markmið fyrir nemendur, ábyrgð og þátttöku foreldra, fyrirkomulag heimanáms o.fl.
- Því samkomulagi sem gert er í haustviðtölunum er fylgt eftir með nemenda- og foreldravíðtölum, þ.e. að umsj. kennarar setjist reglulega niður með hverjum og einum nemenda, fari yfir þau markmið sem sett hafa verið og hjálpist að við að meta árangur. Þá ræða foreldrar einnig við nemendur og upplýsingum er miðlað milli heimila og skóla. Miðað er við að þetta gerist a.m.k. þrisvar sinnum yfir veturinn.
- Haldnir eru morgunfundir með foreldrum snemma í september þar sem starfið er kynnt, tilnefndir eru bekkjarfulltrúar o.fl.
- Samskipti eigi sér stað þar fyrir utan eftir þörfum, s.s. með símtölum, tölvupósti og fundum þar sem ástæða er til. Hvert umsjónarkennarateymi sendir út tölvupósta til upplýsingamiðlunar, gjarnan á föstudögum.
- Foreldrafélag skólans hlutast til um að til staðar séu bekkjarfulltrúar og gerð sé áætlun um félagsstarf umsjónarhópsins um veturinn. Ætlast er til að foreldrar skipti með sér verkum t.d. varðandi framkvæmd bekkjarkvöldu o.fl.
- Mánaðarleg fréttabréf eru send með tölvupósti til foreldra, heimasíða er notuð til upplýsingamiðlunar, einnig dreifibréf/tölvupóstar eftir þörfum.
- Foreldrar eru velkomnir í skólann hvenær sem er og hvetjum við foreldra til að kíkja við í skólanum og fylgjast með starfinu. Við bendum t.d. á samverustundir nemenda og hvers kyns sýningar og uppákomur í einstökum árgöngum eða námshópum, en einnig er afar gott að sjá foreldra í venjulegum kennslustundum. Opnar vikur eru tvisvar yfir skólaárið þar sem foreldrar eru sérstaklega hvattir til heimsóknna.
- Sjálfbóðaliðastörf foreldra eru alltaf vel þegin, hvort sem er við gangbrautavörslu, gæslu í frímínútum eða matartíma, aðstoð í kennslustundum, kynningu á atvinnu eða áhugamáli, þátttöku í ferðum o.s.frv. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við kennara eða stjórnendur ef þeir hafa tök á að vinna slíka vinnu.
- Varðandi heimanám er gert ráð fyrir að línur séu lagðar fyrir hvern nemanda í viðtali að hausti og að heimavinna sé ætíð í samráði við forráðamenn nemenda.
- Foreldrar við skólann starfrækja Foreldrafélag Naustaskóla. Meginmarkmið félagsins er að efla samstarf milli foreldra/forráðamanna nemenda og skólans og stuðla að velferð nemenda í leik og starfi. Félagið starfar skv. sérstökum lögum en á vegum þess eru einnig valdir fulltrúar í skólaráð sem starfar með skólastjóra að stefnumótun og áætlanagerð fyrir skólann.

**Fastir kynningarfundir:**

- Haldnir eru kynningarfundir að vori fyrir verðandi 1. bekk og foreldra þeirra.
- Skólafærninámskeið eru haldin fyrir foreldra yngstu barnanna í ágúst.
- Kennarar og stjórnendur halda kynningarfundir fyrir foreldra snemma í september eða þar sem m.a. eru kynntir starfs- og kennsluhættir, starfsáætlun skólans, fyrirkomulag námsmats o.fl..
- Skólastjórnendur bjóða foreldrum einstakra hópa/árganga til fundar einu sinni á vorönn.
- Opinn foreldrafundur er haldinn í september (aðalfundur Foreldrafélags).

Stuðst hefur verið við framangreint fyrirkomulag þetta skólaárið en í skýrslum kennsluteyma er gerð nánari grein fyrir útfærslu hjá hverjum hópi fyrir sig.

Námsgögn

Meirihluti námsgagna fyrir nemendur s.s. stílabækur o.þ.h. var keypt í magninnkaupum og foreldrar svo rukkaðir fyrir kostnaðinum. Þetta er gert til þæginda en einnig til að ná betri verðum enda nást fram verulegir magnafslættir með þessu móti. Lagt var upp með að foreldrar útveguðu þau gögn sem tilheyra pennaveskjum nemenda í 4.-10. bekk (skriffæri og þess háttar) en skólinn útvegar öll önnur námsgögn. Haustið 2012 voru innheimtar 3.800 kr. á hvern nemanda vegna þessa.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum og reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu, vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Auk þess gegnir nemendaverndarráð hlutverki eineltisteymis í skólanum. Þurfi nemandi á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, geta starfsmenn skólans eða foreldrar óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs. Í ráðinu sitja skólastjóri, deildarstjóri, námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess funda reglulega með ráðinu félagsráðgjafi (fulltrúi barnaverndar), sálfræðingur og sérkennsluráðgjafi frá Akureyrarbæ. Nemendaverndarráð fundar á fimmtudögum kl. 9:00.

Ráðgjöf fjölskyldudeildar

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta er veitt af skólateymi fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar. Í skólateyminu eru bæði sálfræðingar og sérkennarar. Þeir taka við óskum um aðstoð frá skólanum og eru foreldrar hvattir til að ræða við umsjónarkennara eða stjórnendur ef þeir hafa áhuga á að leita aðstoðar eða ráðgjafar hjá starfsfólki fjölskyldudeildar. Fundir nemendaverndarráðs koma málefnum nemenda til fjölskyldudeildar. Sérkennsluráðgjafi skólans er Elín Sigurbjörg Jónsdóttir (elins@akureyri.is) en skólasálfræðingur er Helga Vilhjálmsdóttir (helgav@akureyri.is) Tengiliður skólans við barnaverndarteymi fjölskyldudeildar er Ingveldur Sigurðardóttir (ingveldur@akureyri.is).

Skólahjúkrun

Heilsugæslu í grunnskólum Akureyrar er sinnt af hjúkrunarfræðingum og læknum frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Hjúkrunarfræðingur skólans í vetur var Ingibjörg S. Ingimundardóttir og var hún í 40% starfi við skólann. Föst viðvera skólahjúkrunarfræðings í skólanum var á mánudögum og þriðjudögum kl. 8:30-14:30 og fimmtudögum kl. 8:30-13:30.



Skýrslur starfsmannahópa

Skýrsla 1. bekkjar

Haustið 2012 byrjuðu 45 börn í 1. bekk, 25 stúlkur og 20 drengir. Einn drengur og tvær stúlkur hættu á haustönn og tvö ný börn byrjuðu eftir áramótin; einn drengur og ein stúlka.

Umsjónarkennarar 1. bekkjar voru Berglind Bergvinsdóttir, Lilja Þorkelsdóttir og Þóra Ólafsdóttir Hjartar.

Námshópar/skipulag

Námsumhverfinu var hagað þannig að börnin gætu verið nokkuð sjálfstæð, það er lestrarhvetjandi, og höfðum við lestrarkrók þar sem börnin gátu unnið sjálfstætt að lestrarhvetjandi verkefnum að eigin vali. Það sama átti við um stærðfræðikrókinn okkar. Námsmarkmið voru nemendum sýnileg og verk þeirra hengd upp í þeirra hæð eins og kostur var. Í hverjum umsjónarhópi voru 14-16 börn. Færðum við börn milli umsjónarhópa ef ástæða þótti til. Unnið var í margskonar hópum í vetur, allt fór það eftir viðfangsefni og hvernig námsaðlögun var háttað hverju sinni. Börnunum var getuskipt eða blandað, við vorum með tilviljunarkennda hópa og einnig var tekið tillit til félagstengsla nemenda. Í sumum tilfellum nýttum við okkur hópaskiptingar í sundtímum.



Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Kenndir voru 30 tímar á viku frá klukkan 8:10 á morgnanna til 13:00 á daginn.

Umsjónarkennarar kenndu allar greinar nema íþróttir og sund. Frímínútur voru 20 mínútur að morgni og hádegismatur ásamt frímínútum 30 mínútur. Ávaxtastund fór fram í matsal skólans og tók oft á tíðum u.þ.b. 15 mínútur. Kennslufyrirkomulag var margþætt, oftast var unnið í þremur eða fjórum hópum, misstórum hópum en allt fór það eftir viðfangsefni og markmiði vinnunar.

Kennsluhættir

Kennsluhættir voru fjölbreyttir, athafnamiðaðir og sveiganlegir, unnið var eftir aðferðum Byrjendalæsis þar sem nemendur læra að lesa út frá merkingarbærum textum. Lögð var áhersla á talmál, ýmsa textavinnu, samband stafs og hljóðs, reynslu barnanna o.fl. Einnig var lögð áhersla á lesskilning, ritun og orðaforða. Lögð var áhersla á að nemendur væru virkir þátttakendur í eigin námi og að þeir gætu yfirfært það á daglegt líf. Unnið var í hringekjum og stöðvum, litlum hópum og stórum hópum. Lögð var áhersla á athafnamiðað nám og sveigjanlega kennsluhætti þar sem nemendur voru látnir vinna í mismunandi stöðum eftir þörfum á því svæði sem í boði var hverju sinni.

Stundum fengu þeir að ráða ferðinni sjálfir og/eða velja sér viðfangsefni upp að vissu marki. Viðfangsefnin voru af margvíslegum toga, bæði athafnamiðuð og bókleg. Reynt var eftir bestu getu að beita einstaklingsmiðaðri kennslu þar sem sérstaða einstaklingsins innan nemendahópsins er íhuguð samhliða því að taka mið af því sem nemendur eiga sameiginlegt.

Aðkoma list- og verkgreinakennara

List- og verkgreinakennarar komu til skiptis til okkar á þriðjudögum í vetur. Einn list- eða verkgreinakennari kom hverju sinni. Skiptum við nemendum niður í 3 eða 4 hópa (fór eftir viðfangsefni) og fór einn hópur til list- eða verkgreinakennara og umsjónarkennarar sáu um hina hópana, þannig skiptust hóparnir á að fara í list- og verkgreinatíma. List- og verkgreinakennarar tengdu oftast verkefni sín inn í það þema sem við unnum að á þeim tíma.

Námsaðlögun

Leitast var við að mæta þörfum allra nemenda í náminu. Flest verkefni voru útbúin með þrjú þyngdarstig í huga og getu nemenda hverju sinni. Stundum voru hóparnir getuskiptir og hétu þá gulur, rauður og grænn hópur. Þá voru verkefnin einnig í þremur þyngdarstigum og börnum skipt eftir getu. Stundum unnum við verkefnin líka í blönduðum hópum og börnin þá með mismunandi viðfangsefni. Reynt var að gefa þeim börnum sem eru lengra komnir í námi tækifæri til að halda eins og langt og hægt var og að þeir sem eru styttra komnir í námi fengju meiri aðstoð. Markmiðið var að allir fengju námslega ögrun við hæfi sem og þeir fengu að okkar mati. Fengum við Byrjendalæsisleiðtoga skólans í heimsókn í tvígang eftir áramótin til að skoða námsaðlögun hjá okkur og fengum við góða umsögn hjá honum fyrir.

Kennsluáætlanir

Unnið var eftir annaráætlun fyrir veturinn 2012-2013. Byrjendalæsiskennduáætlanir voru síðan gerðar út frá annaráætlun. Unnið var bæði eftir nýjum og gömlum kennsluáætlunum. Kennsluáætlanirnar voru uppfærðar nákvæmlega í handbókina okkar. Annaráætlun var birt á Mentor fyrir foreldra. Í föstudagspóstunum komu



yfirmarkmiðin úr kennsluáætlunum fram sem og helstu kennsluaðferðir sem beitt var hverju sinni bæði í íslensku og stærðfræði.

Mat og tillögur til úrbóta

Þegar litið er yfir farinn veg þá reyndist námsaðlögun okkur að hluta til erfið. Þeir einstaklingar sem ekki er búið að greina nákvæmlega hvar vandinn liggur voru þar efstir á blaði. Hefðum við kosið meiri aðstoð eða stuðning til að koma betur til móts við þá aðila. Þá er verið að tala um einstaklinga sem eiga við mestu námserfiðleikana að stríða og skera sig úr hópnum að því leiti. Það stendur þó til bóta með tilkomu sérkennara okkur til ráðgjafar og aðstoðar stuðningsfulltrúa.

Einnig hefðum við þurft að skipuleggja betur fyrirkomulag stærðfræðikennslunnar fyrir veturinn. Unnum við eftir hópamarkmiðum en hefðum þurft að hafa enn betra skipulag á kennsluáætlunum hvað stærðfræðina varðar. Það stendur nú til bóta fyrir næsta vetur því við erum að vinna að gerð nýs skipulags fyrir stærðfræðikennslu í 1. bekk.

Varðandi verkgreinakennarana hefðum við kosið að fá upplýsingar um hvaða verkgreinakennari var væntanlegur hverju sinni með meiri fyrirvara. Stundum vorum við að fá þær upplýsingar á föstudeginum áður. Gott að hafa í huga hvaða verk- eða listgrein nemendur eru að fara í þegar verið er að gera kennsluáætlunina fyrir hvert þema.

Námsgreinar



Þær námsgreinar sem kenndar voru af okkur umsjónarkennurum í fyrsta bekk voru íslenska, stærðfræði, sérgreinar, samfélagsfræði og náttúrufræði kennd í þemum, tónmennt og lífsleikni (Sjá mátti nánar í annaráætlun hvað var tekið fyrir hverju sinni).

Jákvæður agi/gæðahringir

Alla morgna byrjuðum við “á mottu” og fórum yfir daginn með börnunum og það sem framundan var. Eftir það héldum við oft en ekki áfram með gæðahring þar sem

við lögðum inn ýmsa lífsleikniþætti svo sem hróshring, fara yfir reglur, að hjálpa hvert öðru, lausnaleit, fórum í leiki o.s.frv.

Nýttum við jákvæðan aga í öllu starfi okkar eftir bestu getu. Í föstudagspóstunum okkar kom fram hvert verkfæri vikunnar væri hverju sinni.

Þemaverkefni

Þemu voru fléttuð inn í Byrjendalæsisáætlanirnar okkar. Þau þemu sem við unnum með í vetur eru eftirfarandi í tímaröð;

- Skólinn og nærumhverfið,
- Vinátta og samskipti; ég fjölskyldan og vinir
- Mismunandi fjölskyldugerðir
- Himingeimurinn, dagur, vika, mánuður og ár
- Ævintýraþema
- Þjóðsagnahefð tengd desembermánuði
- Ýmsar þjóðsögur og ljóð
- Þjóðsagnahefð í kringum Þorrann
- Líkaminn minn
- Hringrásir; árstíðir og tíminn
- Páskafræðsla
- Íslensk húsdýr
- Grenndarkennsla, umhverfisvitund og umferðin.

Útikennsla

Við vorum ekki nógu duglegar að nýta okkur möguleika beinnar útikennslu í vetur, hafði risjótt veður þar nokkuð um að segja. Á vordögum fórum við töluvert mikið út í

ýmsa leiki og hreyfingu. Útikennsla var þó fléttuð inn í vettvangsferðirnar hjá okkur að miklu leyti (sjá hér að neðan).

Upplýsingatækni

Þessum þætti í skólastarfinu var ekki gerður góð skil, ekki fengu allir nemendur að kynnast grunnþáttum tölvutækninnar. Gera þarf úrbætur á því (sjá hér að neðan).

Vettvangsferðir

Farið var í nokkrar vettvangsferðir á skólaárinu, flestar voru þær tengdar þeim þemum sem unnið var með hverju sinni.

Farið var á torgið í miðbæ Akureyrar á afmælishátíð bæjarins.

Við fórum nokkrar ferðir í Naustaborgir í vetur. Tvær ferðir í haust, eina í janúar og svo aftur í vor. Viðfangsefni og markmið Naustaborgaferðanna voru tengdar þemunum hverju sinni.

Við fórum tvær ferðir á Amtsbókasafnið þar sem nemendur fengu bækur að láni tengdar því þema sem unnið var með.

Farið var í Hlíðarfjall á útivistardegi Naustaskóla og brekkurnar nýttar vel fyrir sleða, snjóþotu og skíðaferðir.

Kirkjugarðurinn var heimsóttur með vorinu í tengslum við lífsleikninámsefnið Zippý.

Farið var í verslunina Brynju og keyptur ís.

Starfsfólk Gámaþjónustunnar tók á móti okkur að Hlíðarvöllum og kynnti fyrir nemendum flokkun og endurvinnsluferli sorps.

Farið var í Kjarnaskóg á vorþemadögum Naustaskóla, ferðin var nýtt til hreyfingar og leiks. Grillaðar voru pylsur ofan í nemendur og starfsfólk í ferðinni.

Allar gengu ferðirnar vel og stóðu nemendur sig með þryði.

Uppákomur

1. bekkur var í nokkur skipti í vetur með atriði á samverustund þar sem 2.-5. bekkur horfði á. Oftast sungu nemendur okkar lög sem tengdust því þema sem var verið að vinna að. Tvisvar sinnum voru foreldrabóð þar sem nemendur sungu fyrir foreldra sína hreyfilög og sýndu afrakstur vinnu sinnar. Árshátíð skólans var haldin 7. mars þar sem 1. bekkur tróð upp með glæsilegt atriði, sambland af söng og fróðleik um tennur sem fléttað var inn í líkamabemað sem unnið var að á þeim tímapunkti. 100 daga hátíðin var haldin með pomp og prakt í febrúar. Nemendur komu í búningum og héldum við búningaball. Börnin fengu einnig 10 tegundir af góðgæti og 10 stykki af hverju, samtals töldu þau sér 100 stykki af góðgæti og settu í kramarhús, síðan var horft á bíómynd á meðan góðgætinu voru gerð góð skil.

Ný Aðalnámskrá

Reynt var eins og kostur gafst að vinna eftir nýrri Aðalnámskrá grunnskóla. Voru grunnþættir menntunar hafðir þar til hliðsjónar og fléttaðir inn í kennsluáætlanir okkar yfir veturinn þannig að hver þáttur fengi pláss í náminu. Þar sem grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru, framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif í samfélaginu þá er tiltölulega auðvelt að flétta þá inn í starfið okkar.



Fróðleiksmolar úr Aðalnámskrá grunnskóla voru settir í föstudagspóstana, þar voru grunnþættir menntunar m.a. kynntir fyrir foreldrum ásamt mörgum öðrum þáttum sem koma fram í Aðalnámskrá grunnskóla og viðkoma að sjálfsögðu skólastarfinu okkar.

Mat og tillögur til úrbóta

Eins og áður sagði var lítið um beina útikennslu fyrir utan vettvangsferðir. Gaman væri að útfæra það nánar fyrir næsta skólaár og setja það markvissara inn í kennsluáætlanir okkar.

Upplýsingatæknikennslu í vetur var ábótavant. Grunnmenntun þarf að ýta undir frumkvæði, sköpun og gagnrýna hugsun. Þar sem mikið framboð er að aðgengilegum upplýsingum fyrir nemendur er mikilvægt að þau læri fljótt að greina upplýsingar og meta þær á gagnrýninn hátt. Það er hægt að byrja snemma að leggja grunninn að þeirri færni. Einnig er mikilvægt að kynna fyrir nemendum möguleika tölvunnar til náms. Skoða þarf frekari úrbætur á þessum þáttum fyrir næsta skólaár. Hafa þarf tölvurnar aðgengilegri á einhvern hátt og setja þær skipulega inn í kennsluáætlanir þannig að allir nemendur fái að kynnast grunnþáttum tölvutækninnar og upplýsingatækni.

Í gæðahring næsta vetur höfum við hugsað okkur að kynna grunnþætti menntunar sem birtast í nýrri Aðalnámskrá grunnskóla fyrir börnunum. Ræða um hugtökin, útskýra fyrir hvað þau standa og jafnvel vinna verkefni þeim tengdum.

Námsmat

Við reyndum að nota fjölbreyttar leiðir til að meta stöðu nemenda og flétta námsmat saman við námsferli nemenda og líta á markmið, kennslu og námsmat sem eina heild. Við notuðum námsmöppur barnanna til að meta þróun og stöðu náms hjá nemendum. Einnig var notast við símat og leiðsagnarmat sem fór fram meðan á kennslu stóð og niðurstöður svo nýttar í þeim tilgangi að læra af þeim, þar sem reglulega var fylgst með vinnu nemenda og hún skráð niður. Að auki lögðum við fyrir þrjú læsispróf, þrjú lestrarpróf/stafakannanir og þrjár kannanir í stærðfræði, eina verklega og tvær skriflegar. Skráð var í markmiðalista á Mentor í lok hvorrar annar og birt foreldrum.

Samráðs og matsdagar

Samráðs og matsdagar nýttust okkur ekki nægilega vel. Foreldrum var boðið sérstaklega að nýta sér þennan tíma í foreldrasamtöl og voru mjög fáir sem nýttu sér þá.

Mat og tillögur til úrbóta

Við erum ánægðar með fyrirkomulag námsmappanna í vetur og fannst okkur þær gefa góða sýn á þróun náms hjá nemendum okkar sem og gefa foreldrum nokkuð góða mynd af vinnulagi barna sinna. Einnig gáfu sjálfsmatsblöðin okkur góðar og nytsamar upplýsingar um líðan nemenda í skólanum og viðhorf þeirra til námsgreinanna. Þessar upplýsingar gátum við unnið áfram með og nýtt til úrbóta fyrir nemendur ef þess var þörf.

Varðandi námsmat þá langar okkur að búa til vinnuform varðandi skráningar á þeim þáttum sem snúa að lykilhæfni nemenda sem metnir eru í leiðsagnarmati á Mentor. Þá þyrftum við að búa til sérstakar aðstæður fyrir nemendur þar sem við getum metið þá í vinnu sem reyna á þessa þætti. Þá er átt við þætti eins og samvinnu, frumkvæði, umhyggju, dugnað o.s.frv. Þetta skráningarblað yrði jafnvel staðsett í sýnimöppum nemenda og myndi fylgja þeim síðan upp í næsta bekk. Þá er einnig hægt að fylgjast með þróun barnsins milli ára og auðveldara að meta þessa þætti í lok hvers skólaárs. Skráðum við niðurstöður læsis- og stærðfræðiprófa inn í dagbækur barnanna á Mentor en höfum ákveðið að þessháttar upplýsingar fari inn í verkefnabókina hér eftir. Finnst okkur nafnið verkefnabók rangheiti á Mentor og mætti frekar heita “Mat” þar sem mat og frammistaða á námi barnanna er skráð þar.

Foreldrasamstarf

Fyrstu tvo daga skólaársins voru foreldrasamtöl. Þá komu foreldrar með börnin sín í samtál við umsjónarkennara. Samtölin voru 30 mínútur að lengd. Seinni önn skólaársins hófst einnig á foreldrasamtölum þar sem farið var yfir námsframvindu nemenda og þeim gefnar leiðbeiningar um framhaldið. Þessi viðtöl voru 15 mínútur að lengd. Ítrekað var fyrir foreldrum að vera duglegir að óska eftir samtölum ef þeim lægi eitthvað á hjarta

eða vildu nánari upplýsingar varðandi nám barnsins eða skólastarfið. Einnig voru þeir hvattir til að koma í heimsókn á skólatíma og nýttu foreldrar sér það að nokkru marki. Töluvert mikið var um tölvupóstsamskipti milli foreldra og kennara og virðist sem margir nýti sér þá leið til upplýsingaöflunar og samskipta við kennara.

Í upphafi vetrar var haldið skólafærinámsskeið fyrir foreldrana og var mæting foreldra góð. Ágúst skólastjóri leiddi námskeiðið ásamt Bryndísi deildarstjóra og okkur umsjónarkennurunum. Á þessu námskeiði fengu foreldrar praktískar upplýsingar um skólastarfið og hvernig þeir gætu stutt við barnið sitt í skólastarfinu.

Tvisvar sinnum héldum við formleg foreldraböð sem haldin voru í lok ákveðinna þema.

Fyrra boðið var haldið fyrir áramótin og unnið í tengslum við þemað um mismunandi fjölskyldugerðir. Seinna boðið var með svipuðu sniði og haldið eftir áramótin í lok þemans um Íslensku Húsdýrin. Í þessum boðum sungu börnin fyrir foreldra sína, sýndu þeim afrakstur vinnu sinnar og buðu þeim uppá veitingar sem þau útbjuggu sjálf.

Að auki mættu foreldrar einnig á árshátíð skólans þann 7. mars eins og segir hér að framan, og horfðu á sýningu barna sinna. Í námsmöppum barnanna höfðu þeir svo tækifæri til að koma álitinu sínu á framfæri varðandi skólastarfið. Misjafnt var hversu mikið foreldrar nýttu sér það.

Upplýsingamiðlun

Föstudagspóstarnir voru sendir til foreldra á föstudögum. Í þessum póstum var farið yfir hvernig vikan hafði gengið og gefnar upplýsingar um hvað framundan væri í starfinu. Í póstinum komu yfirmarkmið kennsluáætlananna fram sem og þær leiðir sem við ætluðum að fara til að ná markmiðum okkar. Fram kom hvaða þætti ætti að leggja inn í stærðfræði og íslensku í hverri viku ásamt öðrum upplýsingum er vörðuðu skólastarfið okkar. Einnig voru sendir póstar foreldrum til áminningar um viðburði og uppbrot í skólastarfinu.

Mat og tillögur til úrbóta

Við erum ánægðar með hvernig foreldrastarfinu var háttað hjá okkur í vetur. Við upplifðum að foreldrar væru flestir í góðum tengslum við okkur kennarana og að þeir væru ánægðir með upplýsingaflæðið. Foreldrum fannst ánægjulegt að fá myndir úr skólastarfinu sendar heim með föstudagspóstunum og höfum við áformað að setja upp myndasíðu þar sem við getum sett inn myndir og foreldrar nálgast þær á síðu skólans.

Líðan nemenda

Okkar mat er að almennt hafi nemendum liðið vel í skólanum hjá okkur. Til grundvallar þeirri skoðun okkar styðjumst við kennararnir við sjálfsmatsblöðin sem fóru reglulega heim með námsmöppunum og spurt var út í líðan barnanna í skólanum og komu þau almennt vel út. Í foreldrakönnun Skólapiðilsins töldu 97% foreldra barna í 1-4 bekk að barninu sínu liði mjög vel eða frekar vel í skólanum og í kennslustundum. Metum við það sem ásættanlegar niðurstöður þó alltaf sé best að fá fullt hús stiga.

Einnig voru lagðar fyrir þrjár tengslakannanir yfir veturinn og nýttum við okkur niðurstöður þeirra til úrbóta fyrir þá nemendur sem ekki komu ásættanlega út úr þeim. Nýttist okkur vináttu- og félagstengslanámskeiðið sem við sóttum í vetur okkur afar vel í þessari vinnu.

Eineltismál og agamál

Varðandi eineltismál þá þurftum við sem betur fer ekki að horfa upp á slíkt í 1. bekk í vetur og er það vel. Agamál geta aftur á móti verið flókin og reynst erfið á stundum. Við viljum þó meina að okkur hafi tekist nokkuð vel til með þau og að við höfum unnið úr þeim málum sem þurfti í góðri samvinnu við foreldra.

Námsárangur

Við metum stöðuna sem svo að námsárangur sé viðunandi hjá nemendum fyrsta bekkjar. Allflestir nemendur náðu meirihluta markmiða sem unnið var að hverju sinni með undantekningum þó. Teljum við að sá hópur sem ekki náði viðunandi árangri sé

Það lítill hluti að eðlilegt teljist. Þess má geta að niðurstöður Læsisprófanna hafa komið vel út í vetur og gaf það okkur góða mynd af námsstöðu nemenda á því sviði.

Ástundun

Ástundun nemenda var oftast góð, nokkuð var þó um að of margir nemendur kæmu ítrekað of seint í skólann á morgnana. Reynt var að bregðast við því og fá útskýringu hjá foreldrum. Oftast lagaðist stundvísi nemenda í kjölfarið en þó ekki í öllum tilfellum. Leyfi og veikindi voru innan eðlilegra marka.

Mat og tillögur til úrbóta

Í heildina teljum við að þessir þættir hafi komið vel út og erum við sáttar varðandi þá. Mikill tími fór þó í agavandamál en teljum við að við höfum leyst þau vel úr hendi. Höfum við trú á að það reynist mikil hjálp í því að hafa stuðningsfulltrúa næsta vetur hvað þetta varðar.

Teymisvinna



Teymisfundir voru haldnir einu sinni í viku þ.e. á mánudögum klukkan 12:00 í u.þ.b. klukkustund í senn. Farið var eftir starfsreglum teymisvinnu eftir bestu getu. Fundir féllu þó nokkrum sinnum niður en reyndum við að halda dampi varðandi fundina. Lilja tók að sér að vera formaður teymisins og Berglind ritari. Héldum við því þannig allan veturinn. Teljum við okkur hafa tekist nokkuð vel til varðandi verkaskiptingu en vorum þó nokkurn tíma að finna taktinn og læra inn á verklag hvers og eins. Reyndum við að beita uppbyggilegri gagnrýni á hvor aðra og ræða um þá hluti sem okkur þótti að mætti breyta og/eða bæta.

Endurmenntun

Sú endurmenntun sem teymið sótti í vetur var meðal annars:

Haustþing BKNE

Byrjendalæsisfræðsla á vegum Jennýar Gunnbjörnsdóttur og Ragnheiðar Lilju Bjarnadóttur frá Háskólanum á Akureyri.

Stærðfræðifræðsla á vegum Þóru Rósu Gestsdóttur frá Háskólanum á Akureyri

Námskeið er varða Félags- og vináttutengsl barna á vegum Ingibjargar Auðunsdóttur frá Háskólanum á Akureyri.

Samstarf leik- og grunnskólans með stuðningi Helgu Rúnar Traustadóttur og Hólmfríðar Árnadóttur frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri.

Innleiðing nýrrar Aðalnámskrár á vegum Helgu Rúnar Traustadóttur frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri.

Auk þessa sóttu tvær úr teyminu haustráðstefnu og vorráðstefnu á vegum Háskólans á Akureyri, einhverfufræðslu og bekkjarstjórnunarnámskeið svo eitthvað sé nefnt.

Mat á endurmenntun

Þótti okkur sú endurmenntun sem í boði var þennan veturinn nokkuð góð, gott að hitta ráðgjafa á vegum Háskólans vegna Byrjendalæsis, stærðfræðinnar, námskrárinnar og samstarfs leik- og grunnskólans. Áttum við þó stundum fullt í fangi með að ná að undirbúa kennslu og námsgögn fyrir kennslu barnanna. Kemur það jafnvel til þar sem tvær í af okkur í teyminu eru nýjir starfsmenn skólans og þurftu því að afla sér þekkingar á starfsemi og starfsháttum skólans að auki.

Jafningjastuðningur/ígrundanir/starfendarannsóknir

Reyndum við eftir fremsta megni að veita hvor annarri þann stuðning sem á þurfti að halda hverju sinni og leita leiða í sameiningu að lausnum ef eitthvað mátti betur fara. Ígrundun felur í sér mat á aðstæðum sem kallar á umræður og hugleiðingar um umbætur. Ígrundun hjálpar okkur m.a. að átta okkur á eigin viðhorfum, dýpkar skilning okkar á viðfangsefnum, hjálpar okkur við að meta þarfir og greina aðstæður. Almennt ígrunduðum við starfið mikið og jafnóðum, ræddum oft fram og til baka hvað mætti

gera öðruvísi, hvað hægt væri að bæta og hverju við ættum að halda inni sem reynst hefur vel.

Starfendarannsóknir framkvæmdum við ekki í vetur. Höfum við trú á að allar starfendarannsóknir séu til góða og því væri ekki slæm hugmynd að einhverjir kennarar í skólanum framkvæmdu starfendarannsókn yfir skólaárið, þær gætu komið í staðinn fyrir endurmenntun að einhverju leyti. Spannandi þæling.

Mat á teymisvinnunni

Við erum nokkuð sáttar með hvernig teymisvinnunni hjá okkur var háttað í vetur. Gerðum við allar okkar besta hvað varðar vinnuframlag og náðum að kortleggja sterkar og veikar hliðar hver hjá annarri og úthluta verkefnum samkvæmt því. Teymisfundirnir mættu þó vera enn markvissari hjá okkur og stefnum við að því næsta vetur. Einnig stefnum við á að fara enn dýpra í þróun teymisvinnu og verðum því sennilega alveg frábærar næsta vetur ☺

Almenn samantekt

Þessi vetur er búinn að vera skemmtilegur og lærdómsríkur fyrir okkur allar. Jafnframt hefur veturinn verið erfiður á köflum og krafist mikillar vinnu. Nánari samantekt er varða niðurstöður og tillögur til úrbóta er að finna undir hverjum kafla fyrir sig hér að framan.

Við metum að skólastarfið í Naustaskóla sé á heildina litið mjög gott, skólinn er að þróast gríðarlega og festa smám saman í sessi hefðir, venjur og það sem gott er og þróa og bæta það sem betur má fara.

Skýrsla 2.-3. bekkjar

Nemendafjöldi

Stúlkur fæddar 2004: 13. Stúlkur fæddar 2005: 15. Drengir fæddir 2004: 15. Drengir fæddir 2005: 21. Nemendur í 2.-3. bekk samtals 64.

Kennarar

Fjórir umsjónarkennarar; Halla Óladóttir, Sunna Alexandersdóttir og Yrsa Hörn Helgadóttir allan veturinn. Gyða Björk Aradóttir fór í barnsburðarleyfi í lok nóvember og leysti Jóhanna Gunnlaugsdóttir hana af um tíma eða þar til Guðrún Inga Hannesdóttir kom til starfa í desember. Sandra Mjöll Tómasdóttir stuðningsfulltrúi starfaði einnig í teyminu.

Teymisvinnan

Fyrstu vikurnar fóru í að hrista saman nýtt teymi og að átta sig á umsjónarnemendum. Teljum við að okkur hafi gengið einstaklega vel að skapa bæði umhyggjusamt og faglegt teymi. Við ákváðum strax að fara nokkuð nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum sem okkur voru gefnar um starfshætti í teymum og láta þær ramma teymisvinnuna inn. Ákveðið var að Yrsa yrði teymisformaður/stjóri til að byrja með en skipta reglulega um fundarstjóra.

Hópaskiptingar

Að hausti voru hópar gerðir klárir en það þurfti að raða í 6 hringekjuhópa fyrir stóra flæðandi hringekju, við skiptum í sund- og íþróttahópa sem voru aldursblandaðir og 4 litahópa sem voru getuskiptir (þar byggðum við á gögnum sem fylgdu nemendum). Í janúar endurröðuðum við í hópana þannig að það voru þrír getuskiptir hópar og svo einn hópur sem samanstendur



af drengjum sem eiga erfitt með að fylgja fyrirmælum og virðast eiga auðveldara með nám í minna námsrými. Sá hópur er í lokuðu rými sem er sameiginlegt með vinnusvæði teymisins. Einnig hættum við með stóru hringekjuna. Litlar hringekjur voru inni á námsvæðunum hjá okkur, innan umsjónarhópanna. Samvinna kennara er nauðsynleg á milli „lita-hópa“ því geta nemenda getur breyst og þá þarf að færa nemendur á milli hópa. Eins geta verið mismunandi hópar á milli greina. Hugmyndir að hópum eru t.d. að þeir geta verið getuskiptir, stöðvavinna með fjölbreyttum, getuskiptum verkefnum en sama markmiði, kynjaskiptir hópar ofl. Mikilvægt er að kennarar ræði oftár námslega stöðu nemenda og endurskoði námslega stöðu með tilliti til hópanna.

Umsjón

Sú ákvörðun var tekin að byrja alla morgna í krók hver kennari með sínum umsjónarhópi þar sem fram fór nafnakall, dagskipulag yfirfarið og gert sjónrænt og markmiðin gerð ljós. Mælum með því að umsjónarnemendur séu hjá umsjónarkennara í aðlögun ca. 5- 6 fyrstu vikurnar að hausti. Eftir það eða þegar allir eru orðnir öruggari og hafa kynnst ágætlega þá má fara að rótera meira í fjölbreytta hópa. Námsmatsvika gæti verið á ca. 6 vikna fresti en þá tekur umsjónarkennari nemendur til sín í eina viku og fer yfir stöðuna með fjölbreyttum hætti. Þegar þeirri viku er lokið sleppir umsjóninni og við taka fjölbreyttir hópar og verkefni sem eru unnin út frá þessu nokkuð nákvæma stöðumati. Það er í þessari viku sem teymið endurskoðar hópaskiptingarnar og nám nemendanna með tilliti til niðurstaðanna (sjá lið um hópaskiptingar).

Fyrirkomulag á svæðum

Getuskiptir hópar voru á mánudögum og þriðjudögum, nemendasþjall á miðvikudögum, hringekjur á fimmtudögum og föstudögum. Þetta skipulag var endurskoðað í desember. Vangaveltur voru um að umsjónarhópar væru meira hjá sínum umsjónarkennara. Því var ákveðið eftir áramót að skipta námshópnum eftir umsjón. Hver kennari sá um sinn umsjónarhóp og sá um að kenna honum allt eftir nokkuð hefðbundnum leiðum. Gallinn við það var augljóslega sá að mannauðurinn var engan veginn að nýtast sem skildi og kom sá tími að teymið gafst upp á þessu fyrirkomulagi og hvarf aftur til fjölbreyttari háttar í kennslu og nálgun á nemendum auk þess sem hver kennari fékk að sérhæfa sig í því sem áhugi og hæfileikar stóðu til. Þannig trúðum við því að best væri komið til móts við þarfir nemenda. Námsvæðið var því endurskipulagt með það fyrir augum að betra flæði fengist út úr því.

Kennsluaðferðir

Við náðum í langflestum tilfellum að fylgja vikuáætlunum og þ.a.l. annaráætlun. Í íslensku var kennt eftir leiðum Byrjendalæsis. Við kenndum í þeim þar sem við byrjuðum á að leggja gæðatexta inn fyrir umsjónarhópana okkar. Þannig reyndum við að skapa sameiginlegan reynsluheim nemendanna í upphafi ferilsins. Síðan tók við í bland tæknileg vinna og enduruppbygging og er spurning hvort lögð sé nógu mikil áhersla á tæknilegu vinnuna með hliðsjón af tæknilegri getu nemenda eins og t.d. vinna með orðaforða, fyrirmælaspjöld ofl. Hvert þema stóð yfir í ca. 2-4 vikur og var unnið með eina til þrjár bækur tengdar þemanu. Við samþættum íslensku, náttúrufræði og samfélagsfræði.



Ritrún, vinnubækur í íslensku voru notaðar um skeið. Stærðfræðin var kennd eftir leiðum byrjendastærðfræði þar sem áhersla er lögð á að mæta getu nemenda og vinna á hlutbundinn hátt með því að tengja stærðfræðina við líf barnanna. Áhersla var lögð á að barnið tjái sig og vinni á hlutbundinn hátt. Mistök og/ eða villur eru tækifæri til að læra af og var notast við námsefnið Sprota (grunnbók) í þessari vinnu. Tilhneigingin var þó sú að fara í hefðbundna bókavinnu í stærðfræðinni.

Námsmat

Námsmat reyndum við að hafa með fjölbreyttu sniði. T.d. má nefna að umsjónarnemendur voru teknir í vikulegt spjall með kennaranum sínum fram í október en þá breyttum við því yfir í að kennarinn hitti sína nemendur á tveggja vikna fresti 30 mínútur minnst í senn á umsjónarhóp. Þá var markmiðið að tala við þá nemendur sem við máttum að þyrftu mest á því að halda hverju sinni. Einnig skoðuðum við vinnu og verkefni nemenda og lögðum fyrir Læsispróf. Í maí fóru nemendur í lokapróf upp úr markmiðunum og þær niðurstöður voru notaðar til að fylla inn í markmiðalistana. Töluverðar umræður voru innan teymisins um aukið símat og betri skráningar jafnt yfir veturinn og þær upplýsingar nýttar í námsmati og umsögnum. Til að símat geti átt sér stað þurfa að vera til staðar einstaklingsáætlanir eða markmið til að vinna eftir fyrir einstaka nemendur.

Markmið

Einstök markmið voru ekki eins fyrir alla hópa. Sem dæmi má nefna að í græna og bláa hópnum var verið að vinna með samhljóðasambönd og einstaka bókstafi á meðan að í rauða og gula hópnum var verið að vinna með heildrænan lestur og ritum. Í flestum tilvikum var þó um dýpkun að ræða í markmiðum eftir námslegri stöðu nemenda. Markmiðin voru kynnt í krókum í upphafi hvers dags og þau gerð sýnileg á töflunni. Einnig voru persónuleg markmið í gangi en í öllum tilfellum er mikilvægt að bæði nemandi og fjölskylda sé vel upplýst um þau.

Áhugasvið

Nokkrir nemendur byrjuðu í áhugasviðsverkefni sem er hugsað sem n.k. námssamningur fyrir nemendur sem geta unnið sjálfstætt. Nemandinn valdi sér áhugasvið og útvegaði bók sem var þá grunnbók fyrir það svið. Nemandinn fékk bakka með eftirtöldum gögnum: Áhugasviðsbók, stílabók, námssamningi og fyrirmælablaði. Nemandinn fékk tækifæri til að vinna að áhugasviði þegar hann hafði lokið annarri vinnu. Þessi vinna datt því miður upp fyrir en væri nauðsynlegt að þróa áfram til að mæta nemendum enn frekar á lýðræðislegum grunni. Til að nemendur geti unnið sjálfstætt þurfa fyrirmælaspjöld að vera til staðar.

Vikupóstar

Þeir fóru heim vikulega og var almenn ánægja foreldra með þá. Þeir höfðu að geyma upplýsingar um vinnu síðustu viku og vinnu framundan í stórum dráttum. Einnig voru markmiðin upplistuð, námsmat, tillögur að heimanámi og ljósmyndir af börnunum í leik og starfi. Síðar var sett upp lokuð ljósmyndasíða. Við fengum athugasemd frá foreldrum að myndir í föstudagspóstinum væri ekki hægt að vista og var það leyst þannig að sett var upp Pícasa myndasíða. Mikilvægt er að bæta aðganginn að þessari síðu.



Heimanám

Hugmyndir að heimanámi sem tengdust markmiðum tímabilsins var alltaf sett í föstudagspóstinn. Einnig var bent á heimanám sem þjálfði tiltekina námsþætti s.s. margföldun eða lesskining ef okkur fannst þörf á.

Gæðahringir

Gæðahringir voru haldnir að jafnaði einu sinni í viku, á fimmtudögum í fyrsta tíma. Umsjónarkennarar sáu um sinn fund og var misjafnt hvaða málefni voru tekin fyrir. Við reyndum að fylgja áætlun Jákvæðs aga. Græna bókin (dagskrármálabók) var í notkun en mis mikið eftir krókum. Við mælum með því að aukin áhersla verði lögð á gæðahringina og þeir notaðir betur og markvissar. Mikilvægt er að kennarar samræmi betur formið á gæðahringjum og að einn úr teyminu beri ábyrgð á eftirfylgninni.

Námsmöppur

Ein vinnumappa í skúffu, ein námsmatsmappa og sýnismappan. Námsmatsmappa fór heim á 6 vikna fresti með verkefnum sem við völdum. Helst voru þetta verkefni sem áttu að sýna námslega stöðu nemenda einnig voru heimakannanir og eyðublöð fyrir foreldra og athugasemdir frá þeim. Við leggjum til að aðrar möppur verði keyptar í þetta því



það er bæði erfitt og tímafrekt að umgangast þessar plastmöppur. Einnig er betra að á yngsta stigi ákveði kennarar hvaða verkefni fari heim en spurning hvort nemendur fái að velja eitt til tvö verkefni sem þeir fjalla aðeins um og rökstyðji valið á þeim munnlega. Í desember velja börnin tvö til þrjú verkefni úr vinnumöppunni og setja í sýnismöppuna, tæma restina úr vinnu möppu og fara með heim. Sýnismappan verður aftur til sýnis á skólaslitadegi.

Ferðir

Það þarf að undirbúa ferðir (hjólaferðir, gönguferðir og allt uppbrot) miklu betur af skólans hálfu. Upplagt er að ræða og undirbúa t.d. hjólaferðir og umferðarreglur í krókum og vera þá búin að ákveða fyrirkomulagið nokkuð nákvæmlega á fundi með fundargerð og fyrir allan skólann. Sumir nemendur þurfa verulegan undirbúning eins og t.d. félagshæfnisögur ofl. Umsjónarkennarar þurfa að vera vakandi fyrir þessum nemendum og að vera í góðu sambandi við þau heimili. Þannig þarf að ákveða hver ætlar að gera hvað og hvenær.

Foreldrasamstarf

Utan við fasta fundartíma fór foreldrasamtarfið helst fram í gegnum mentor og föstudagspóstana.

Þemu

Ágúst/september

Í íslensku var unnið með skrift, stafrófið, há og lágstafi, bil á milli orða, orð, málsgrein, sérnöfn og samnöfn, ljóð, rím og vísur. Nemendur lærðu að gera persónulýsingar og verklýsingar. Bækur sem teknar voru fyrir þar voru: Hjálparhendur, Dýrin í Hálsaskógi, Að temja drekann sinn (bíómynd). Upphafspemað var sótt í Jákvæðan aga og við kölluðum það : „Að byrja hið fullkomna skólaár“ Yfirmarkmiðið var að þjálfa vináttuna, virðinguna, samskipti.

Grunnþættir menntunar: Hugtökin lýðræði og mannréttindi voru kynnt til sögunnar ásamt heilbrigði. Aðalheiður námsráðgjafi kom inn og ræddi störf in í fjölskyldunni. Nemendur unnu verkefni út frá því.

Námsmat: Nemendur gerðu rithandarsýnishorn, skriftarsýnishorn, sjálfsmynd að hausti, sjálfsmat um líðan (sem er reyndar fínt að senda í Gulu möppunni heim) og félagamat.

Í stærðfræði var unnið með talnaskilning, raðtölur, oddatlölur og sléttar tölur. Einnig var NumericUpDown dregið fram.

Lífsleikni/samfélagsfræði: Gæðahringur(tímataka), að setja mál á dagskrá, reglur, vináttan, virðing, samskipti. Hugtökin lýðræði og mannréttindi voru kynnt til sögunnar ásamt heilbrigði.

Október

Íslenska: Höfundapema: Rithöfundarnir Þórarinn og Sigrún Eldjárn voru kynntir.

Einnig var unnið með ýmsa texta eftir þá. Hér hefði teymið þurft að fara enn betur í að kynna sér hvað það er sem einkennir þessa höfunda og ræða á fundi eins og td. skórnir í myndunum hennar Sigrúnar og orðanotkun Þórarins. Orðaforði, rím, hugtök, stafsetning, framsögn, ýmis samhljóðasambönd, samsett orð.

Grunnþættir menntunnar: Við kynntum hugtökin Læsi og sköpun.

Heimsókn: Oddur Vilhjálmsson prófessor við HA kom og sýndi nemendum tilraunir. Tók af þeim bakteríusýni og setti í skálar. Nemendur fengu svo að sjá vöxt bakteríanna viku seinna. Aðalheiður námsráðgjafi gerði tengslakönnun hjá nemendum. Nokkrir nemendur fengu áhugasviðsverkefni.

Námsmat: Nemendur voru atkvæðaprófaðir, við skoðuðum ritunarverkefni með tilliti til há og lágstafa, í stærðfræðikönnunni var talanskilningur athugaður

Stærðfræði: Samlagning, mælingar: kg, g, dl, m, cm

Lífsleikni/samfélagsfræði: Að gera mistök, hrós og hvatning, Kalli.

Nóvember: Reikistjörnuþema.

Íslenska: Grunnbók: Komdu og skoðaðu himingeiminn. Einnig bauðst nemendum að skoða fræðibækur með fallegum myndum um himingeiminn sem teknar voru á Amtinu. Leitarlestur, lesskilningur GVL, lestur, - j- , y-ý

Stærðfræði: Klukkan, heili og hálfí tíminn, korter í og yfir og að klukkan getur t.d. bæði verið 07:00 og 19:00. Tíminn: heiti vikudaganna og mánaðanna

Náttúrufraði: Að nemendur læri að þekkja heiti reikistjarnanna, nokkur einkenni þeirra, að þeir geti dregið þær ályktanir að ef stjarna er langt frá sólinni hvort hún sé köld eða hlý og þá hvernig hún er að lit. Gott að taka þetta þema á þessum tíma vegna birtuskilyrða. Við létum nemendur í 2. bekk taka **læsispróf**. Einnig lögðum við fyrir 3. bekk. **lesskilningsverkefni**. Unnið var úr þessu og úrræði skipulögð í framhaldinu af því. Niðurstöður úr Læsisprófinu og lesskilningsverkefninu: Lesskilningi ábótavant og ákveðið að setja þungann í að þjálfar hann með sérstakri áherslu á þjálfun í að spá fyrir og draga ályktun úr textanum.

Desember

Íslenska: Yndislestur, Lesskilningur, hlustun og skrift eftir upplestri(stafsetning), Textar: Jólasveina og Grýlukvæði.

Stærðfræði: Talnaskilningur, Samlagning tveggja og þriggjustafa talna.

Heimsókn: Herdis Friðfinnsdóttir frá Amtbókasafninu heimsótti okkur 10. desember. Hún kynnti bókasafnið og talaði um yndislestur.

Heimsókn í Akureyrarkirkju með 2. bekk. Ákveðið að bara 2. bekkur fari á móti skautum hjá 3. bekk. Söltuðum Bróðir minn ljónshjarta og lásam jólasögu í krók.



Janúar

2. og 3. janúar: starfsdagur. Viðtal fyrir hádegi og vinna eftir hádegi. Mælum með því að foreldraviðtölin séu seinna í mánuðinum, jafnvel um mánaðamótin janúar -febrúar. Í viðtölunum var mikil áhersla lögð á að forráðamenn aðstoðuðu við heimalesturinn og ræddu við börnin um hann. Spyrðu spurninga þar sem þau þyrftu að draga ályktanir í svörum sbr. lesskilningur. Nokkuð hefðbundin bókavinna. Við höfum breytt fyrirkomulaginu okkar þannig að stóra hringekjan er hætt. Við erum meira með umsjónarhópum okkar en börnin eru áfram í Litahópum. Við endurröðuðum í þá þannig að það eru þrír getuskiptir hópar og svo einn hópur sem samanstendur af drengjum sem eiga erfitt með að fylgja fyrirmælum og virðast þola betur lítið námsrými. Sá hópur er í lokuðu rými inni á skrifstofunni okkar. Litlar hringekjur eru inni á námsvæðunum hjá okkur innan umsjónarhópanna með svipuðu námssviði og verið hefur.

Íslenska: Mikið unnið með lesskilning. Nemendur voru sérstaklega þjálfaðir í að draga ályktanir. „Að lesa á milli línanna“. Þjóðsögur og ævintýri kynntar fyrir nemendum. Samhljóðasambandið hv þjálfað. Nemendum kennt að búa til hv –spurningar.

Heimsókn: Eldra fólk kom í heimsókn og svaraði nokkrum hv –spurningum. Það þarf að standa betur að svona heimsóknum. Við sjálfar vorum ekki í beinu sambandi við fólkið og vissum ekki alveg hvað þau voru að hugsa eða hvort þau hefðu gert einhverjar ráðstafanir varðandi umræðuefni. Ágúst hafði milligöngu en betra er að einhver úr teyminu sjái um það og að markmiðin með heimsókninni séu skýrari.



Stærðfræði: Samlagning og frádráttur. Unnið með peninga. Farið í sætisgildi talna. Nemendur þurftu að geta skrifað tölur niður eftir upplestri, áttað sig á að í hverju sæti er tala sem stendur fyrir hundrað, tug eða einingu. Einnig lögðum við áherslu á að samlagning og frádráttur færi fram eftir lestraráttinni áður en gamla hefðbundna aðferðin væri tekin inn. Þannig á hver tala að halda gildi sínu í reiknings-aðgerðarferlinu.

Lykilorð: Þjóðsögur og ævintýri. Þetta var unnið mest á töflu í krókunum. Einnig kynntum við krossglímu.

Námsmat: Skriftarpróf, sjálfsmat og endursögn(lesskilningur)

Kennaranemi: Kom sex fimmtudaga og tók fullan þátt í kennslunni. Það gekk vel einnig sat hún fimmtudagsfundina með þjálfunum.

Febrúar

Íslenska: Ævintýrabema. Sagan um Karlson, Lítinn og Trítill til grundvallar. Ýmis verkefni unnin upp úr henni. Næsta ævintýri var unnið upp úr bókinni Skilaboðaskjóðan. Ákveðið var að Skilaboðaskjóðan yrði framlag okkar til árshátíðar Naustaskóla. Við sömdum leikþátt. Búningar voru fengnir að láni í Hrafnagili.

Ævintýrabókin: Ákveðið var að nemendur fengju verkefnalista með 7-10 verkefnum sem áttu að fara inn í bókina. Nemendur merktu við verkefnið þegar þeir höfðu lokið því. Hver umsjónarhópur fékk sitt skráningarblað. Við kennararnir höldum svo utan um verkefnin og komum þeim inn í bókina. Nemendur réðu í hvaða röð þeir unnu verkefnin og vorum við ánægðar með þessa vinnu. Passa þarf upp á að öll verkefni séu til staðar þannig þarf að vera búið að ljósrita og undirbúa vel fyrir hvern dag. Þetta verkefni má gjarnan þróa áfram. Bókin fór inn í Gulu möppuna.

Íslenska: Lestur, lesskilningur, skrift, ritun og endursögn, framsögn, samhljóðasambandið hv.

Lykilorð: Lánsmaður og karlssonur, skilaboðaskjóða og fl.

Samfélagsfræði: Íslenskur sagnaarfur: þjóðsögur og ævintýri.

Stærðfræði: Samlagning, frádráttur, margföldun(endurtekin samlagning), deiling(að skipta), oddatölur og sléttar tölur.

Heimanám: Átak í heimalestri. Sendum heim þar til gert eyðublað sem á að halda utan um skráninguna og hvetja fjölskylduna til að láta lesa heima.

Námsmat: Könnun í lesskilningi og ritun. Fram að páskafríi var farið í að fræða nemendur um tilurð páska. Lagst var í mikið páskaöldundur. Við skipulögðum stöðvar með ýmsum páska verkefnum og föndri. Það sem var gert: Páskaungar úr plastglösum, túlpanar úr kartonpappír og eggjabökkum. Einnig voru verkefni (lesskilnings) frá Námsgagnastofnun unnin t.d. „Mesta hátíð kristinna manna“.

Apríl

Íslenska: Kuggur nr 7 - Sumardagurinn fyrsti. Aðaláherslan var lestur, hraðlestur, lesskilningur og ritun og sköpun.

Lykilorð: Sumardagurinn.

Stærðfræði : Tölur og talnaskilningur, almenn brot.

Náttúrufræði : Skýjaþema. Áhugavert þema og námsefni sem Guðrún Inga Hannesdóttir er að þróa. Þar liggur fræðslan í því að læra heiti skýjanna, úr hverju þau eru og hvernig þau myndast. Nemendur unnu mikið með ritun og þá helst skýrslugerð. Við tókum töluvert af myndum og nemendur fylgdust áhugasöm með veðrinu hvern dag. Í lok verkefnisins var haldin foreldrasýning og var það samróma álit að apríl væri heppilegur tími fyrir slíkar uppákomur vegna anna sem hellast yfir í maí. Verkefnunum var safnað saman í persónulega bók sem þau útbjuggu sjálf með aðstoð. Hér vantaði þó upp á gæðatexta til að vinna út frá.

Maí

Ekkert þema. Klárutímabil og námsmat. Nemendur fóru í skúffuvinnu og kláruðu verkefni t.d. skýjaverkefni sín og gengu frá þeim í bók. Einnig tóku þeir til í skúffum og færðu yfir í sýnismöppuna. Engin góð áætlun samin en dagskráin ákveðin frá degi til dags.

Námsmatið: Prófað var í íslenskri málfræði, stærðfræði, atkvæðapróf, ritun, sjálfsmynd að vori og skriftarsýnishorn bæði tölustafir og bókstafir að vori. Leggjum til að að próf verði lögð fyrir fyrir jafnt og þétt yfir veturinn eða símat. Samræmdu prófin í íslensku og stærðfræði verða lögð fyrir í apríl fyrir 3. bekk með sama fyrirkomulagi og Byrjendalæsisprófin. Tilgangurinn verður tvíþættur. Annars vegar að kynna formið á prófunum og hins vegar að taka námslega stöðu nemenda.



Skýrsla 4.-5. bekkjar

Starfsmenn

Guðrún Valdís Eyvindsdóttir stuðningsfulltrúi

Ingibjörg Ósk Hannesdóttir stuðningsfulltrúi

Jóna Hjaltadóttir umsjónarkennari

Sigríður Jóna Ingólfssdóttir umsjónarkennari

Stefán Þór Friðriksson stuðningsfulltrúi

Svala Einarsdóttir umsjónarkennari

Úlfar Björnsson umsjónarkennari

Nemendur og hópaskiptingar

Í 4. bekk: 15 strákar og 16 stelpur. Í 5. bekk 15 strákar og 15 stelpur.

Í upphafi skólaárs voru nemendur í 4. og 5. bekk 68 talsins en nokkrir hafa farið í aðra skóla. Við skiptum þessum hóp í fjóra umsjónarhópa og miðuðum við að allir umsjónarkennarar væru með svipaðan fjölda nemenda og svipað álag varðandi fundarsetu, foreldrasamstarf, námsaðlögun o.frv. vegna sinna nemenda.

Nemendum var skipt í fleiri hópa s.s.

Smiðjuhópa – árgangablandaðir hópar

Hringekjuhópa – árgangablandaðir hópar, ýmist fjórir- eða sex hópar

Lestrahópar – getuskiptir hópar og stundum árgangaskipt

Litahópar – getuskiptin eftir stærðfræði

Árgangaskipting í ensku/tónmennt/ upplýsingamennt

Kynjaskipting í útivera - hreyfing / verkefni inni

Þemahópar / sérfræðingahópar

Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag



Mánudaga eru nemendur að vinna í áætlun í stærðfræði og íslensku. Þá áætla nemendur sér hvað þeir ætla að vinna þessa vikuna í námsbókum. Einnig er sund og er nemendum þá skipt í hópa eftir árgöngum. **Þriðjudagar** eru hringekju/ þemadagar en þá er einn verkgreinakennari að vinna með teyminu og tekur einn hóp. Til að byrja með vorum við alltaf með hverja hringekju í 3 vikur vegna tímafjölda verkgreinakennara en síðan breyttist það í tvær vikur. Eftir hádegi þá skiptum við hópnum í stelpu- og strákahópa

og var annar hópurinn inni en hinn úti. Unnið var að ýmsum verkefnum. Samvera fyrir 1. – 5. bekk er á þriðjudögum. **Miðvikudagar** nemendur byrja í smiðjum. Eftir það unnum við þemavinnu og eftir hádegi var enska / upplýsingamennt (áhugasvið)/ tónmennt. Við ákváðum að skipta hópnum upp eftir árgöngum vegna enskunnar en einn nemandi úr yngri árgangnum er í ensku með eldri árgangnum og tveir nemendur úr eldri árgangi eru með yngri árgangnum. Fyrir áramótin vorum við með áhugasviðsvinnu á móti tónmenntinni en eftir áramótin skiptum við yfir í upplýsingamennt. **Fimmtudagar** fóru í ýmisskonar vinnu bæði þemu, íslensku og stærðfræði eða allt í bland. Þessa daga lékum við okkur svolítið með nemendahópinn og skiptingu hans s.s. getuskipta hópa, stelpu- og stráka hópa, árgangaskipta hópa og umsjónarhópa. Eftir hádegi voru nemendur í íþróttum. **Föstudagar** Nemendur fengu tíma til að klára áætlun og fóru síðan í smiðjur. Eftir hádegi fengu þeir sem búnir voru með áætlun frjálsan tíma.

Kennsluhættir / hvernig var kennt / hvaða aðferðir voru notaðar.

Sjá má á dagskipulagi að vinnulag var frekar fjölbreytt og þar af leiðandi kennsluhættir og aðferðir. Stuttar innlagnir og verkefni, paravinna og hópavinna. Einstaklingsvinna,

vinnubókarvinna og áætlunarvinna. Sérfræðingahópar, námsleikir, orð af orði og verkefni úr byrjendalæsi. Leikræn tjáning og vettvangsferðir.

Aðkoma list - og verkgreinakennara.

Verkgreinakennarar komu á þriðjudögum inn í hringekju fyrirkomulagið og útbjuggu verkefni tengd þemanu sem við vorum að vinna með.

Áætlun/áform.

Nemendur áætlðu sér út frá yfirlitsblaði um markmið og leiðir í íslensku og stærðfræði og skráðu í Skjattann (áætlunabók). Á mánudögum unnu nemendur að áætlun sinni og eins á föstudögum. Þeir sem ekki náðu að klára áætlun á föstudegi fengu tíma eftir hádegis til að klára, ef það náðist ekki áttu þeir að fara heim með námsefnið til að vinna. Skjattinn nýttist ekki sem skildi.

Námsaðlögun/skipulag hennar /hvaða leiðir voru farnar.

Í áætlunarvinnu vinna nemendur að sínum markmiðum á sínum hraða.

Unnið var með nemendum í getuskiptum hópum í íslensku, lestri og stærðfræði. Ýmsar leiðir voru farnar eins og að bjóða nemendum að vinna í tölvum, aðlagð námefni og verkefni. Einstaklingsáætlanir voru gerðar fyrir einstaka nemanda. Nokkrir nemendur unnu með mjög mikið aðlagð námsefni t.d. voru verkefni valin eftir þeim



markmiðum sem einstaklingar voru að vinna að og voru námsbækur klipptar til eftir þeim þörfum.

Hvernig voru kennsluáætlanir útfærðar og birtar?

Kennsluáætlanir voru gerðar strax að hausti í íslensku, stærðfræði og ensku og vistaðar inn á samgögnnum en voráætlanir eru inn á mentor. Nokkrar einstaklingsáætlanir voru gerðar. Við gerðum grófa áætlun fyrir veturinn í þema, íslensku og stærðfræði sem við notuðum mjög mikið.

Mat og tillögur til úrbóta

Í upphafi vetrar vorum við með allt of margar gerðir hópa og gerði það bæði okkur og nemendum erfiðara fyrir með að fóta sig í nýju námsumhverfi. Í haust höfum við hugsað okkur að byrja veturinn á mikilli vinnu með umsjónarhópunum til þess að ná góðum tengslum og meira öryggi hjá nemendum. Einnig höfum við hugsað okkur að hafa ekki of margar skiptingar á hópum á sama tíma. Niðurstöður okkar varðandi umsjónarhópaskiptingu í haust er að við sem eftir sitjum höldum okkar umsjónarnemendum úr 4 bekk og skiptum svo umsjónarhóp Úlfars og 3 bekk á milli okkar. Áætlunin er að það verði nokkuð jafnt í öllum umsjónarhópum þ.e. jafnt álag og fjöldi nemenda á kennara. Áfram verða námshópar þó misstórir og breytilegir eftir þörfum nemenda og viðfangsefnum hverju sinni. Markmið okkar er að verkefnaskil verði á fjölbreyttara formi og henti hæfni og getu nemenda hverju sinni eins og að nota tölvur, Ípada og myndavélar við vinnu. Lengst af vorum við of upptekin af vikuskipulagi sem við ákváðum í upphafi en eftir því sem leið á veturinn urðum við afslappaðri og breyttum út af og það gaf góða raun. Við teljum að kennsluhættir teymissins hafi verið nokkuð fjölbreyttir og stefnum að því að halda því áfram og að gera betur. Okkur fannst Skjattinn og áætlunarkerfið ekki nýtast nógu vel og ætlum að breyta fyrirkomulaginu í haust. Við sjáum fyrir okkur að íslenskan verði eingöngu kennd í þemum út frá markmiðum og stærðfræðin verði meira kennarastýrð út frá

markmiðatengdum viðfangsefnum, þannig að allir vinna að sömu viðfangsefnum en í mismunandi dýpt. Stærðfræðina höfum við hugsað okkur að kenna daglega í stuttum lotum. Aðkoma list - og verkgreinakennara bauð upp á fjölbreytta og skemmtilega þemavinnu. Það sem við höfum lært á vetrinum og ætlum að bæta á þeim næsta er að festast ekki í ákveðnu fyrirkomulagi þá daga sem list - og verkgreinakennarar koma til okkar. Einnig ætlum við að vera í betra sambandi við verkgreinateymið hvað varðar skipulag og útfærslur. Okkar tilfinning fyrir kennsluáætlunum vetrarins er sú að grófa áætlunin sem við útbjuggum okkur nýttist okkur best og teljum við að of mikil nákvæmni í áætlanagerð skili sér ekki sem skyldi. Við sjáum fyrir okkur að stafsáætlunin sem verið er að vinna að muni nýtast vel.

Námsgreinar

Stærðfræði – ýmsar bækur voru notaðar. Dæmi: Sproti 3b, 4a, 4b, Stika 1a og 1b, Stefnum á margföldun, Stefnum á deilingu og ýmis önnur verkefni.

Íslenska / lestur – ýmsar bækur notaðar. Dæmi: Skinna 1 og 2, Málrækt 1, Skræða 1, bækur af skólasafni, texti úr þeim bókum sem notaðar eru í þemavinnu, ýmsar lestarabækur í eigu skólans, Blákápa, Óskasteinn.

Enska. Notaðar voru þessar bækur: 4. bekkur: Adventure Island of English Words/Orðasjóður, Hickory, Dickory, Dock. Í 5. bekk :Work out, Speak out og lestrarbækur.

Upplýsingatækni, áhugasvið þar sem við notuðum tölvuverið og nams.is.

Jákvæður agi: Kennsluáætlun frá fagstjóra og gæðahringir daglega.

Þemu: Ísland – stuðst var við ýmsar bækur s.s. Ísland veröld til að njóta, Auðvitað 1 auk ýmissa annarra fræðibóka og vefs. Trúarbragðafraði – stuðst var við bókina Trúarbrögðin okkar og vef. Fuglar og náttúran – stuðst er við bækurnar Líf á landi / Lífríki á landi auk annarra fræðibóka og vefs. Tilraunir – Auðvitað 1.

Útikennsla: Útivist – við höfum farið markvisst út með nemendur 1x í viku og skipt hópnum í stelpu- og strákahópa. Eitt af meginmarkmiðum útivistarinnar var að þjálfar nemendur upp í að ganga og njóta útiverunnar og nærumhverfisins.

Upplýsingatækni: Eftir áramótin var markvisst unnið með upplýsingatækni. Hópnum var árgangaskipt á móti ensku og tónmennt. 4. bekkurinn vann með word og 5. bekkurinn vann með publisher.

Vettvangsferðir og uppákomur:

Öllum nemendum í 4. bekk var boðið að koma í Skautahöllina í nokkur skipti í vetur. Við skiptumst á að fara með nemendum og í síðasta skiptið var 5. bekknum boðið líka. Kennarar frá Skautafélaginu tóku á móti okkur og skiptu nemendum í 4 hópa.

Fuglaskoðun: Farið var í vettvangsferð í Oddeyrarskóla gagnert til að skoða fuglasafnið þar í tengslum við fuglaþemað. Nemendur höfðu með sér verkefni sem þeir áttu að vinna saman í pörum. Hugsunin var sú að fara síðan í fjöruna fyrir neðan Hof og vinna að öðru verkefni. En vegna veðurs þá hafa fáir fuglar sést.

Naustaborgir: Nokkrar ferðir hafa verið farnar í Naustaborgir. Nemendur voru yfirleitt í frjálsum leik.

Gróðrarstöðin: Farið var í gróðrarstöðina í haust til að safna laufblöðum í tengslum við Íslandsþemað.

Kiðagil: Nemendur í 4. bekk fóru í sveitaferð að Kiðagili í Bárðardal ásamt tveimur



kennurum. Lagt var af stað á mánudagsmorgni og komið heim eftir hádegi á miðvikudegi. Hægt er að segja að ferðin hafi gengið vel. Nokkrir foreldrar komu seinni part dags og sumir gistu en aðrir fóru aftur heim þegar ró var komin á krakkana.

Helgileikur - nemendur í 4. bekk settu upp helgileik sem sýndur var á litlu jólnum fyrir aðra nemendur og starfsfólk. Einnig var hann sýndur á Naustatjörn.

Árshátíð – var í byrjun mars þar sem þemað var „á tali hjá Hemma Gunna“. Við settum upp Heilsubælið.

Car-x - Krossanesborgir, - farið að vori í heimsókn til foreldris í tengslum við verkefnið „Draumastarfið“. Í sömu ferð fórum við í Krossanesborgir í tengslum við fuglaþemað.

Frjálsíþróttamót – nemendur tóku þátt í frjálsíþróttamóti á vegum UFA.

Jólasveinabrekka – farið var í sleða- og snjópotuferð.

Skíðaferð – allir nemendur skólans fóru í skíðaferð

Lystigarðurinn – nemendur fóru í ratleik.

Kjarnaskógur - vorþemadagar

Sundferð – allir nemendur í 4. og 5. bekk fór saman í sund í síðasta sundtímanum ásamt umsjónarkennurum

Akureyrarkirkja og jólaljósaferð – aðventustund og gönguferð í gegn um bæinn

Amtbókasafnið – fengum leiðsögn um bókasafnið.

Akureyrarafmæli – allir í afmæli Akureyrar í miðbænum.

Kiðagil - Það sem má laga fyrir næsta vetur er að huga fyrir að ferðinni þannig að foreldrar geti skipulagt betur fjáröflun.

Mat og tillögur til úrbóta: Okkur fannst gefa mjög góða raun að byrja alla daga í krók (gæðahring) og eiga gæðastund með okkar umsjónarnemendum þar sem farið var yfir daginn, spjallað um líðandi stund og farið yfir verkefni jákvæðs aga ásamt því að leysa ýmis mál sem upp komu. Við höfum hugsað okkur að halda þessum stundum áfram



næsta vetur og einbeita okkur að því að innleiða verkfæri jákvæðs aga og halda þeim á lofti. Við erum mjög ánægð með þemaverkefni vetrarins, og okkur finnst hafa tekist vel til og við náðum flestum markmiðum okkar með vinnunni. Þetta var mjög fjölbreytt og skemmtileg vinna og nemendur voru áhugasamir. Útikennslan fannst okkur hafa tekist vel og við náðum settum markmiðum. Seinnipart vetrar voru nemendur áhugasamari um útiveruna og hægt var að

greina mikinn mun á jákvæðni og virkni nemenda. Lengri vettvangsferðir gengu vel og teljum við að markviss útikennsla eigi þátt í því. Í upplýsingatækni í vetur fundum við að mikið bil var á milli 4 og 5 bekkjar hvað tölvuvinnu varðar. Fingrasetninguna vantar hjá flest öllum nemendum og leggjum við til að keypt verði forritið Ritfinnur svo hægt verði að vinna markvissara að ritvinnslu. Efnið á vef námsgagnastofnunar nýttist ekki sem skyldi í ritvinnslu. Næsta vetur áætluðum við að vinna með Word og Powerpoint markviss í þemavinnunni, en ritvinnsluna ætlum við að festa í stundatöflu. Við stefnum að markvissari vinnu með nemendum í tengslum við aðalnámsskrá eins og t.d. að nota verkfærin í orð af orði í tengslum við skilgreiningar á grunnþáttum menntunar. Einnig áætluðum við að ígrunda saman lykilhæfnipætti í aðalnámsskránni.

Námsmat: Nemendur fóru heim með matsmöppu fjórum sinnum í vetur og haldast möppuskil í hendur við smíðjuskil og í fimmta skiptið var foreldrum boðið að koma og skoða möppurnar í skólanum ásamt öðru. Þau verkefni sem hafa farið heim eru misjöfn. Kennarar skrifa athugasemdir til foreldra og foreldrum er gefinn kostur á að skrifa eitthvað líka.

Við námsmat voru nýttar skriflegar og munnlegar kannanir, skráning í markmiðalista, símat / matsmöppur, félagamat, sjálfsmat, sóknarkvarði, umsagnir.

Mat og tillögur til úrbóta: Við erum ánægð hvernig til tókst með matsmöppur vetrarins, yfirlitsblað sem var fremst í möppunni teljum við að hafi gefið góða innsýn inni nám barnanna. Við sjáum fyrir okkur að með gerð áætlana í haust setjum við upp ramma um það sem vera á í matsmöppunni hverju sinni. Við náðum að láta nemendur velja verkefni í sýnismöppuna og tókst það vel til. Við notuðum markmiðalistana þrátt fyrir galla þeirra og teljum við að nýir markmiðalistar muni auðvelda starfið og matið næsta vetur. Við sjáum einnig fyrir okkur að nota nýju markmiðin þannig að þau verði prentuð út að vori sem hluti af vitnisburði ásamt umsögn með uppbyggjandi endurgjöf.

Foreldrasamstarf: Nokkrir foreldrar óskuðu eftir því strax á haustdögum að fá heimanám fyrir börn sín, sérstaklega í íslensku og stærðfræði. Morgunfundur / kynningarfundur var með foreldrum í vikunni 10. – 14. september þar sem farið var yfir stundatöflu nemenda, námsbækur sýndar og farið yfir ýmis önnur praktísk mál. Síðan funduðu umsjónarkennarar með foreldrum sinna umsjónarnemenda. Í lok Íslandsþema buðum við foreldrum í heimsókn. Nemendur sýndu foreldrum sínum afrakstur vinnu sinnar og svo lögðu þeir verkefni fyrir þá. Boðið var upp á jólate, kaffi og piparkökur sem nemendur höfðu sjálfir bakað. Einnig var foreldrum boðið í heimsókn í lok fuglaþemans á vordögum að skoða afrakstur vinnu barna sinna og til að skoða matsmöppur. Tvisvar hafa verið viðtalsdagar foreldra í vetur. Foreldrar höfðu alltaf aðgang að okkur kennurunum hvort sem var með tölvupósti, símtölum eða heimsókn í skólann. Við erum ánægð með hvernig til tókst með foreldrasamstarf í vetur og vitum ekki betur en að það sé gagnkvæmt. Í sambandi við Kiðagilsferð 4. bekkjar þá teljum við æskilegt að hún sé kynnt foreldrum strax á haustdögum þannig að foreldrar geri sér grein fyrir þessu verkefni og hvernig samvinnunni verður háttað.

Upplýsingamiðlun / fréttabréf: Föstudagspóstur var sendur vikulega ásamt ástundun nemenda. Farið var yfir liðna viku og það sem var frammundan í þeirri næstu. Skilaboð frá skólastjórnendum slæddust með annað slagið.

Nemendamál

Líðan nemenda: Heilt yfir höfum við þá tilfinningu að nemendum hafi liðið nokkuð vel með okkur í skólanum. Við vorum með góðan ramma utan um nemendur og góð tengsl mynduðust við umsjónarkennarann. Góð tengsl voru einnig við foreldrahópinn.

Eineltis- og agamál: Upp kom eineltismál í haust varðandi einn dreng í 4. bekk og aðeins aftur upp í vor. Málið var unnið með samstarfi á milli skóla og foreldra. Agamál

margra drengja í 5. bekk voru mikið til umræðu í vetur. Vinna hófst með þennan hóp nú á vordögum og þeirri vinnu er ekki nærri því lokið.

Ástundun nemenda: Nemendur hafa stundað skólann nokkuð vel í vetur. Nokkrir nemendur komu áberandi oft of seint í skólann á morgnana en það lagaðist um leið og rætt var við foreldra í flest öllum tilvikum. Ástundun var send heim einu sinni í viku þannig að foreldrar gátu fylgst vel með.

Mat og tillögur til úrbóta: Upplýsingaflæðið í skólanum þarf að vera virkt, sem það þó oftast er, svo upplýsingar um grun um einelti eða aðra vanlíðan berist til réttra aðila. Við erum mjög ánægð með hvernig einstök mál eru tekin upp á starfsmannafundi. Við



höfum þær væntingar að þegar við breytum fyrirkomulaginu í stærðfræði þá munum við sjá betri námsárangur. Miklu máli skiptir að umsjónarkennarar fái tilkynningu um lengri leyfi nemenda áður en að nemandinn fer í frí svo hægt sé að senda námsefni með í leyfið. Ef einhver annar en umsjónarkennari gefur leyfi þá þurfa skilaboð að berast til þeirra í tíma.

Samstarf í teymi: Umsjónarkennarar hafa skipt með sér hlutverkum formanns og ritara teymis í vetur. Allir kennarar teymisins sinntu þessum hlutverkum. Teymið kom sér upp fundarplani strax á haustdögum þar sem eftirfarandi fundir voru á dagskrá:

Nemendafundur, skipulagsfundir, trúnaðarfundir, þjálfafundur, teymisfundir með

stjórnendum.

Við höfum verið dugleg að funda og halda fundargerðir sem finna má á samgöngum. Einna helst hafa það verið trúnaðarfundirnir sem hafa fallið niður. Þegar vantaði fólk í teymið féllu oft niður fundir en þegar líða fór á veturinn þá hættum við að láta þetta hafa áhrif á okkur og fundir voru haldnir í langflestum tilfellum.



Mat lagt á þá endurmenntun sem var í boði af hálfu skólans:

Jákvæður agi - við erum mjög ánægð með þá fundi.

Námsmat Dalskóla – við erum ánægð með þann fyrirlestur.

Stærðfræði hjá Þóru Rósu – mjög gott að fá hana en við hefðum viljað fá hana oftar.

Orð af orði – mjög gott að fá ráðgjöf frá HA.

Vaka fulltrúi Mentor – námsmat, markviss foreldrasamskipti, innleiðing aðalnámskrár o.fl. – mjög góð umræða og skemmtilegt námskeið. Við hefðum þurft að vinna meira með þætti aðalnámskrár í vetur og sérstaklega með nemendahópnum.

Jafningjastuðningur / Ígrundanir / starfsendaransóknir:

Jafningarstuðningur og starfsendaransóknir voru ekki gerðar. Vegna þess að teymið átti fullt í fangi með að halda utan um dagleg störf. Ígrundanir áttu sér stað nánast daglega í allan vetur sem nýttist okkur mjög vel.

Mat á því hvað hefði getað farið betur og umbótatillögur, hver eru næstu skref í þróun teymisins.

Teymið þarf að bæta sig í markvissari fundarhöldum og einnig væri gott að hafa einhverskonar form þar sem hægt væri að setja mál á dagskrá fyrir fundina. Við teljum að trúnaðarfundirnir hafi jafnvel ekki getað verið mikið betri en þeir voru vegna þess að við þekktumst ekkert í haust og það tekur tíma að kynnast og læra inn á hvert annað og treysta hvert öðru. Næsti vetur verður eflaust mikið auðveldari hvað þetta varðar vegna



Þess að teymið er skólað og það eru færri í teyminu.

Almenn samantekt:

Á heildina litið er þessi vetur búinn að vera erfiður, skemmtilegur og lærdómsríkur og við komum vel undan vetri. Nánari samantekt, niðurstöður og tillögur til úrbóta er að finna undir hverjum kafla fyrir sig hér að ofan.

Mat á skólastarfinu í heild sinni – hvað er mikilvægast að skólinn leggi áherslu á í umbótum næsta skólaárs?

Fækka mætti fundum og t.d. hafa deildar – og starfsmannafundi aðra hvora viku, það kom fyrir að okkur fannst fundirnir eingöngu vera haldnir til þess að funda og hefði verið hægt að nota tímann betur í aðra vinnu. Okkur finnst vanta námskeið og hugmyndir í tengslum við útiskóla sem við ættum þá að geta nýtt okkur í kennslu td. uppi í Naustaborgum.

Skýrsla 6.-7. bekkjar

Tölulegar upplýsingar: Töluverðar breytingar urðu á nemendahópnum í vetur. Nemendur í 6. - 7. bekk voru í upphafi vetrar 60 en í lok vetrar 56 nemendur. Umsjónarkennarar voru 3, sem skiptu nemendum á milli sín í umsjón, og tveir stuðningsfulltrúar sem sinntu ýmsum stuðningi við nemendur. Umsjónarkennarar voru Heimir Örn Árnason, Andri Snær Stefánsson og Kolbrún Sigurgeirsdóttir en stuðningsfulltrúar Harpa Mjöll



Hermannsdóttir og Berglind Elly Jónsdóttir. Umsjónarhóparnir voru saman í gæðahringjum og sátu saman á svæðum. Uppröðun á svæðum var mismunandi. Í hópavinnutímum í hringekju og þeim var hópnum skipt í 4 hópa. Skipting milli kynja: Í árgöngunum voru 29 stelpur á móti 28 strákurum í lok skólaárs. Árgangaskipting: Í 6.bekk voru 28 nemendur og 29 nemendur í 7.bekk.

Hópaskiptingar: Hringekjuhópar (getuskiptir), smíðjuhópar, sundhópar, umsjónarhópar. Þemahópar, árgangaskipt í ensku/tónmennt.

Skipulag námsins: Við ákváðum að hafa nokkuð fasta stundatöflu, þ.e.a.s. að það var sami rammi í hverri viku en með mismunandi verkefnum. Það var mikið talað um það í teyminu að við höfum aldrei kynnst svona góðri stundatöflu. Allir dagarnir hjá nemendum voru fjölbreyttir og úthald yfirleitt gott. Það var helst á þriðjudögum sem krakkarnir voru þreyttir. **Mánudagar:** Nemendur byrjuðu í smíðjum og gaf það virkilega góða raun. Þau voru fersk þegar þau mættu til okkar klukkan 10:10. Eftir frímínútur var alltaf yndislestur í 20 mínútur og þar á eftir áætluðu krakkarnir sig fyrir vikuna. Að því loknu var vinna fram að hádegismat. Eftir hádegismat var tónmennt/enska. Þá fór 6.bekkur í ensku fyrir áramót og tónmennt eftir áramót á víxl við 7. bekkinn. **Þriðjudagar:** Dagurinn hófst á gæðahring og síðan var farið í dönsku. Eftir frímínútur og nesti var þema. Þemanu var alltaf skipt í fjórar stöðvar sem rúlluðu í nokkrar vikur. Við unnum alltaf með listgreinakennurum í þema og gekk það samstarf mjög vel. Vonandi mun það halda áfram. Fyrir áramót voru áhugasviðstímar klukkan 12:40-13:40. Þessir tímar byrjuðu ágætlega en síðan fjaraði undan þeim og bæði nemendur og kennarar voru orðnir mjög þreyttir þannig að ákveðið var að hætta með þessa tíma um áramót. Ástæðan fyrir því að við hættum við þetta var bæði aðstöðuleysi

og of stórt hlutfall nemenda voru verkefnalausir. Þ.e.a.s þetta var of yfirgripsmikið. Ef þessir tímar eiga að vera á næsta ári verður ramminn að vera mun stífari og listgreinakennarar verða að koma betur inn í skipulagið. **Miðvikudagar:** Á miðvikudögum vorum við alltaf með hringekju, fjórar stöðvar. Dagurinn hófst í krók með spjalli og útskýrt hvaða vinna færi fram í hringekjunni. Síðan var farið á tvær stöðvar og að þeim loknum í smíðjur frá 10-12. Eftir hádegi kláruðum við hringekjuna. Þar var nánast alltaf innlagnir í stærðfræði með þremur öðrum stöðvum. Á þeim rúlluðu



alls kyns verkefni, m.a. orð af orði, enska, danska, tölvur, lestur o.fl. **Fimmtudagar:** byrjuðu alltaf á gæðahring og síðan var unnið í áætlun fram að kaffi. Eftir frímínútur voru enskustöðvar fram að mat og dagurinn endaði á stafsetningu. Í lok dags fóru nemendur í íþróttir. **Föstudagar:** Dagurinn hófst með sundtímum. 6.bekkur fór fyrst í sund á meðan 7.bekkur byrjaði í krók og fór svo í yndislestur. Eftir klukkan tíu var „klárutími“ þar sem hver nemandi vann við að ljúka sinni áætlun og eftir

ellefu var gefinn frjáls tími. Eftir hádegi komu krakkarnir saman í krók og við fórum yfir vikuna. Þar á eftir var farið á samveru. Góður endir á vikunni. **Stundataflan** var að okkur fannst mjög vel skipulögð og það þótti gott að enda vikuna á sundi.

Kennsluhættir: Sjá má á dagskipulagi að vinnulag var frekar fjölbreytt og þar af leiðandi kennsluhættir / aðferðir. Stuttar innlagnir og verkefni, paravinna, hópavinna, einstaklingsvinna / vinnubókarvinna / áætlunarvinna, námsleikir, orð af orði, leikræn tjáning og vettvangsferðir.

Gæðahringir voru fastir í stundatöflu tvisvar í viku. Við fengum dagskrá frá stjórnendum skólans fyrir gæðahringina og nýttist hún nokkuð vel. Við vorum reyndar komin í smá endurtekningu eftir áramót, þannig að teyminu finnst þurfa fleiri verkefni. Að öllu jöfnu lítum við á samveru í krók sem þjálfun í lífsleikni og þar gefst gott tækifæri til þess að vera með jákvæðan aga eins og á formlegum gæðahring. Samvera í krók var á hverjum degi með öllum hópnum 2-3 sinnum á dag. Kennsluáætlanir í þema voru inni á samgögnum og eins og gerist oft vorum við aðeins lengur í hverju þema en við ætluðum. Áætlun í íslensku var yfir allan veturinn og byggðist á að klára 5 pakka af námsefni og að sjálfsögðu bættist þar við orð af orði pakki. Í stærðfræði var kennsluáætlunin meira einstaklingsbundin. Þ.e.a.s. að nemandi í 6.bekk átti að klára 11. og 12.stig. Nemendur í 7.bekk áttu að klára 13. og 14.stig. Þetta var mjög misjafnt milli nemenda. Eins og hefur komið fram í þessari skýrslu þá var námsefnið allt of ítarlegt og þess vegna komust nemendur ekki eins langt og best hefði verið. En það sem má bæta er að skrá alltaf niður þær innlagnir sem við vinnum með og fylgja þeim betur eftir.

Tvisvar til þrisvar í viku voru áætlunartímar þar sem nemendur áætluðu vinnuvikuna sína í íslensku og stærðfræði með aðstoð umsjónarkennara. Þess á milli voru innlagnir og vinna í greinunum í anda orð af orði og lifandi stærðfræðikennslu. Þegar litið er um öxl erum við sáttt við veturinn og finnst hann hafa gengið vel, skipulagið var gott og við upplifðum góða yfirsýn yfir nemendur. Það var einna helst stærðfræðin sem við áttum í erfiðleikum með. Við fengum nýja Geisla bók og það gekk ekki nógu vel að skipuleggja innlagnir og magn áætlunar fyrir krakkana. Áætlun var of ítarleg og komust krakkarnir því ekki yfir allt efnið. Það voru nokkrir krakkar sem voru með umbunarkerfi sem gaf mjög góða raun. Þ.e.a.s þau kláruðu ákveðið viðfangsefni og fengu umbun fyrir það.

Námssgreinar: Á hverjum mánudegi gerðu nemendur vikulega áætlun í íslensku og stærðfræði í áætlunarbók (Skjatta) undir leiðsögn síns umsjónarkennara og stuðningsfulltrúa. Margir bættu við heimanámi í hverri viku og skrifuðu hana niður í Skjattann. Nemendur áttu að skoða markmiðin sín þ.e. þau sem tengdust þeim námsþáttum sem unnið var í hverju sinni og áætlðu sér í samræmi við þau í upphafi viku. Þegar ákveðnu verkefni var lokið áttu þau að krossa við á áætlunarblað. Kennari fór oftast yfir áætlunina en þessu þyrfti að fylgja betur eftir á næsta ári. Unnið var í áætlun 2-3 sinnum í viku og stundum einnig í hringekjutímum. Áætlunin fór heim tvisvar sinnum yfir veturinn í tvær vikur, svokallað „heimavinnuátak“.



Þetta gaf mjög góða raun og mætti e.t.v. vera oftast næsta vetur. Mikilvægt að foreldrar fylgist vel með námi barna sinna. Okkur fannst áætlunin vera akkúrat í takt við stefnu skólans og gefa nokkuð góða yfirsýn yfir hvern og einn nemanda. Mjög mikilvægt og nánast nauðsynlegt er að umsjónarkennari sé að kenna hópnum sínum á mánudegi og á föstudegi til að fara yfir áætlunina og sjá hvernig gekk í vikunni. Auðvitað þarf áætlunarkennara ekki endilega að byrja á mánudegi og enda á föstudegi en mikilvægt fyrir umsjónarkennara að byrja vikuna og enda vikuna með sínum nemendum.

Íslenska: Í áætlunartímum var unnið með helstu málfræðipætti íslenskunnar, þ.e.a.s nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, fornöfn og málnotkun(x2). Til hliðsjónar notuðum við bækurnar: Málrækt, Mál er miðill og Skrudda. Orð af orði var mikið notað í vetur, þá sérstaklega í þema. Þar var alltaf ein stöð með verkefni úr orð af orði nema í þema um rafmagn. Í orð af orði var mikið af ritun og alls kyns verkefnum. Þetta gekk mjög vel og krökkunum fannst þetta gaman.

Stærðfræði: Stærðfræðinni var skipt upp í fjögur stig. 11., 12., 13. og 14. stig. Það komu út nýjar Geisla bækur, Geisli 2a og b og 3a og b. Við bjuggum til nýjar áætlanir með þessum bókum en komumst að því fyrir áramót að þær áætlanir voru of ítarlegar. Þess vegna komust nemendur ekki nógu hratt yfir námsefnið. Um áramót styttnum við hvern kafla og gekk það betur. Okkur fannst það ganga vel að skipta börnunum upp í innlögnum en hefðum mátt vera duglegri að búa til litla námshópa bæði fyrir þá sem þurftu aukainnlagnir og þá sem lengra voru komnir. Síðustu 2-3 mánuðina eftir breytingar gekk þetta mun hraðar



fyrir sig og krakkarnir komust yfir fleiri námsþætti. **Enska:** var kennd fast einu sinni í viku og síðan oft í hringekju og eftir hádegi á mánudögum og blandað inn í upplýsingatækni. Við notuðum bókina „Action“, lestrar- og vinnubók. Þessi bók er alveg ágæt en við munum væntanlega skoða það vel næsta vetur hvort við breytum ekki um bók. Það var mikið unnið í ensku í tölvum, búnir til alls konar textar, svarað spurningum o.fl.

Danska: Danska var kennd einu sinni í viku. Það var góð stemning í dönsku í vetur og krökkunum fannst skemmtilegt í dönsku. Við vorum alltaf með 3 mismunandi stöðvar í dönsku. Það var yfirleitt hlustun, verkefnavinna og fjölbreytt vinna í tölvu.

Þemaverkefni: Þemaverkefnin voru eftirfarandi fyrir áramót: Benjamín Dúfa og Norðurlönd.

Þemaverkefningin voru eftirfarandi eftir áramót: Líkami mannsins og rafmagnspema. Öll markmið í þemum finnast á samgögnum. Það sem gekk vel: Nemendur voru heilt yfir mjög áhugasamir í þemavinnu og stóðu sig nokkuð vel í samvinnu og hópavinnu. Við vinnuna sýndu nemendur sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og mikinn metnað. Við hefðum mátt vera duglegri í námsmati í þema. Að vel hugsuðu máli þurfum við að gera meiri kröfur til nemenda með að tileinka sér námsefnið út frá markmiðum.

Útikennsla: Á þriðjudögum eftir hádegi fóru krakkarnir alltaf út í skipulagða leiki með Örlygi og tveim kennurum. Þetta var mjög góð tilbreyting til að brjóta upp daginn. Við vorum nokkuð dugleg að fara í vettvangsferðir. Annars voru ekki neinir dagar með skipulagða „útikennslu“.

Upplýsingatækni: Upplýsingatækni var með fastan tíma á mánudögum. 6.bekkur var fyrir áramót í ensku þegar 7.bekkur var í upplýsingatækni. Það voru alls kyns verkefni unnin í upplýsingatækni. M.a. Word verkefni, teikniforrit, netrallý og margt fleira.

Vettvangsferðir: Það var farið í nokkrar vettvangsferðir í vetur. Við fórum m.a. í kexsmíðjuna, VMA, þrjár ísferðir, lystigarðinn, sundferð, á Bautann, á frjálsíþróttamót,



kirkjuferð, sleðaferðir, tókum þátt í útivistardeginum og fórum í hjólaferð. Síðan fórum við oft út í kringum skólann að vinna verkefni tengd skólanum.

Mat og tillögur: Næsta vetur verðum við að vera með betri stærðfræðiáætlun. Bæði þarf áætlunin að vera styttri og innlagnir skipulagðari yfir allan veturinn. Samt sem áður vorum við mjög dugleg að leggja inn fullt af hlutum. Hefðum mátt fylgja því aðeins betur eftir t.d. með smá heimavinnu.

Varðandi íslensku þá er stefnan að vera enn duglegri að brjóta upp hið hefðbundna bókanám. Það var mikið farið í orð af orði en hin hefðbundna bókavinna var kannski aðeins of mikið yfirráðandi. Teymið hefur rætt hvort minnka eigi áherslu á málfræði og setja þess í stað aukna áherslu á ritunarpáttinn. Slæmt þótti að það næðu ekki allir að skila af sér ritgerð á yfirstandandi skólaári, úr því skal bætt. Að auki þarf að endurskoða lestur hjá þessum hópum. Of margir nemendur ná ekki viðmiðum skólans í leshraða auk þess sem tíminn sem fór í yndislestur var ekki nýttur af nemendum sem skildi. Þemað gekk yfirleitt mjög vel og sú rútína að það séu fjórar stöðvar er að ganga mjög vel. Verkgreinakennarar eru alltaf með eina stöð og það kerfi virkar vel. Eins og áður hefur komið fram þarf að vinna betur með markmiðin í þemum, þ.e. hafa þau skýrari, og gera nemendum þau ljós.

Námsmat: Í stærðfræði og íslensku var símat, lagðar voru fyrir kannanir eftir ákveðna námsþætti. Í verkefnabók á mentor voru skráðar niðurstöður úr könnunum. Einnig voru settar upplýsingar inn á verkefnabók um það hvaða markmiðum nemendum höfðu ekki náð. Hraðlestrarpróf voru lögð fyrir þrisvar sinnum yfir veturinn og niðurstöður úr þeim voru settar í verkefnabók á mentor. Ljóst þykir að nemendur þurfa að vera duglegri við lestur þar sem margir hafa ekki náð lestrarviðmiðum árganganna. Teymið hefur rætt um það hvort ákjósanlegt sé að hafa markvissan heimalestur hjá þessum árgöngum sökum þessara niðurstaðna. Fjögur lesskilningspróf voru lögð fyrir nemendur, tvö fyrir áramót og tvö eftir áramót, skráð í verkefnabók á mentor. Einstaka nemendur fengu lesskilningskannanir með sér heim til frekari þjálfunar, ákvörðun um það var þá alltaf tekin í samráði við foreldra. Í dönsku var ein könnun lögð fyrir að hausti og önnur að vori með helstu þáttum kennslunnar. Í ensku var notast við skriflegar kannanir, tvær kannanir á haustönn og eina að vori, og munnleg kynning á veggspjaldi (a famous person) sem unnið var í hópum. Í þemavinnu var notast við ýmis konar námsmat; sjálfsmat, hugtakakort og skriflegar kannanir. Í vetur var ákveðið að notast ekki við

markmiðalistana á mentor vegna þess að unnið var í að uppfæra þá. Gengið er út frá því að nýju markmiðalistarnir verði notaðir næsta vetur. Sem lokamat að vori fengu nemendur leiðsagnarmat, þar sem ákveðnir þættir voru metnir og gefið fyrir í bókstöfum A – D. Umsagnir frá kennara fylgdu því.

Matsmöppur: Matsmöppurnar fóru þrisvar sinnum heim yfir veturinn og voru svo til sýnis á skólaslitadaginn. Eftir á að hyggja hefði verið betra að senda þær heim á vordögum þar sem nemendur komu sumir án foreldra á skólaslitin og gátu því ekki skoðað verkefnin í möppunni með foreldrum sínum. Verkefnin í möppunni voru valin með það til hliðsjónar að sýna sem skýrasta mynd af viðfangsefnum nemandans í skólanum, vinnubrögð og leikni, og vera þannig lýsandi fyrir námslega stöðu hans. Foreldrar



virtust sáttir með þetta fyrirkomulag og voru hvattir til þess að skrifa athugasemdir/skilaboð til nemenda og/eða kennara við hver möppuskil. Verkefnin í möppunni voru fjölbreytt en of kennarastýrð. Teymið sér fyrir sér að næsta vetur verði nemendum í meira mæli falið að velja verkefni í möppuna og færa e.t.v. rök fyrir vali sínum. Sýnismöppurnar verði svo alfarið val nemenda.

Samráðs- og matsdagar: Samráðs- og matsdagar voru tveir á skólaárinu. Þá var foreldrum sem vildu koma boðið að hitta umsjónarkennara barnsins síns en mjög fáir nýttu sér það. Aðrir voru sérstaklega boðaðir á fund af kennara og þáðu það boð.

Mat og tillögur til úrbóta: Það sem helst ber að nefna hér er að teymið vill gjarna notast við enn fjölbreyttara námsmat en verið hefur hingað til. Eins og áður hefur verið nefnt er einnig stefnt á að nemendur fái meira val um verkefni sem sett eru í mat- og sýnismöppur frekar en að þau séu kennarastýrð eins og verið hefur fram að þessu.

Foreldrasamstarf: Á hverjum föstudegi var sendur póstur til foreldra þar sem vikan var gerð upp og farið yfir helstu atriði komandi viku. Kennurum fannst of stórt hlutfall foreldra ekki gefa sér tíma til að lesa póstinn sem kom berlega í ljós þegar foreldrar áttu að senda svar til kennara að þeir hefðu lesið póstinn. Margir foreldrar létu vita af ánægju sinni með póstana, þeir væru mikilvægir í upplýsingaflæði milli kennara og foreldra. Tvisvar í vetur voru viðtalsdagar þar sem fulltrúar allra barna áttu að mæta (í lok september og í janúar) en auk þess var tvisvar boðið upp á viðtalsdaga þar sem þeir foreldrar sem óskuðu eftir viðtali fengu samtalið við umsjónarkennara. Kennarar báðu um viðtöl við foreldra þessa daga ef þess þótti þörf. Foreldrar komu í skólann tvisvar í vetur til að skoða verkefni barna sinna. Einu sinni fyrir áramót til að skoða afrakstur úr Norðulandaþema og einu sinni eftir áramót til að skoða afrakstur vinnunnar um Líkama mannsins. Í janúar voru foreldrar 7. bekkjar boðaðir (skyldumæting) á fund vegna



samskiptaerfiðleika og eineltismála í hópnum. Ákveðið var að taka saman höndum til að laga samskiptaerfiðleikana og fá foreldra til að vera með hópefli fyrir bekkinn einu sinni í mánuði. 6. bekkur var ekki hluti af þessu programmi. Alls urðu fundirnir með foreldrum 7. bekkjar þrír, aftur var fundað í mars þar sem farið var yfir stöðuna og þriðji og síðasti fundurinn var í maí. Stofnaður var facebook hópur þar sem

einungis foreldrar og kennarar voru með aðgang. Þetta gafst vel, foreldrar voru virkir í umræðum og báru saman bækur sínar á síðunni. Hópeflin voru fjölbreytt og eiga foreldrar hrós skilið fyrir skemmtilega og góða vinnu. Fram kom á lokafundinum að foreldrar voru mjög ánægðir með að skólinn hefði farið í þessa vinnu og árangurinn hafi verið frábær. Mjög dró úr klíkumyndun og samskiptin urðu almennt mun betri. Varðandi umræðuna um heimanám þá þurftu nemendur í samráði við umsjónarkennara

sinn að taka bækurnar með sér heim. Kennarar sendu þá ávallt póst heim eða hringdu til foreldra og þeir látnir vita af heimavinnu barnsins. Nokkrum sinnum í vetur komu beiðnir frá foreldrum um að fá heimanám handa barninu sínu, þá var fundin sameiginleg lausn á heimanáminu.

Hvað tókst vel og hvað má betur fara?

Kennarar eru ánægðir með foreldrasamstarfið í vetur. Eins og áður var getið þá fannst okkur að fleiri hefðu mátt lesa föstudagsfréttirnar en segja má að það sé val þeirra foreldra sem ekki lesa póstinn þannig að við ætlum ekki að breyta því fyrirkomulagi. Kennarar eru sammála um að gott væri að fá foreldra einu sinni oftar yfir veturinn í heimsókn til að skoða skólastarf barna sinna. Kennarar eru mjög ánægðir með hve vel tókst að þjappa 7. bekk saman seinni hluta vetrar. Við vorum mjög ánægðir með hve vel gekk með facebook hóp foreldranna, það auðveldaði samskipti foreldra. Við ætlum að halda áfram með þessa vinnu og fá foreldra bekkjanna á næsta ári til að vera með í slíkum facebook hóp.

Nemendur



Líðan nemenda: Samkvæmt könnunum þá líður nemendum betur í skólanum núna seinni hluta vetrar en fyrri hluta vetrar, einnig telja foreldrar að börnum sínum líði vel í skólanum. Á hópfunði með foreldrum sögðu foreldrar nokkurra barna frá því að börnum þeirra líði talsvert betur hér en þeim gerði áður í öðrum skólum og sé nú farið að finnast skemmtilegt að fara í skólann. Þessar kannanir eru

aðgengilegar á heimasíðu skólans (undir matsgögn/skýrslur).

Einelismál og agamál: Mikið hefur verið unnið í eineltismálum í 7. bekk í vetur eftir að það kom í ljós að þar færi fram einelti. Aðalheiður námsráðgafi hefur haft yfirumsjón með skipulagi á þeirri vinnu ásamt Ágústi skólastjóra. Almenn ánægja hefur verið hjá foreldrum með þessa vinnu og sáu kennarar sýnilegar breytingar á samskiptum, hegðun og framkomu nemenda til hins betra í kjölfarið. Einnig ræddu kennarar við nemendur bæði í einstaklingssamtölum og gæðahringjum um hegðun, framkomu og einelti. Þegar það komu upp einhver agamál á kennslusvæðinu eða í frímínútum reyndu kennarar að taka strax á því, tóku nemendur úr aðstæðum, fóru með þá af svæðinu og ræddu við þá. Einnig reyndu kennarar að láta nemendur sjálfa um að leysa ágreiningsmál sín á milli ef þeir töldu það mögulegt. Kennarar teymisins hringdu heim og létu foreldra vita þegar það komu upp hegðunarfrávik hjá nemendum. Helstu mistökin sem teymið gerði í sambandi við agamál voru skráningar á hverju atviki og því sem fór á milli kennara og foreldra í símtölum.

Námsárangur: Námsárangur hefði getað orðið betri hjá mörgum nemendum í stærðfræði, þar gerðu kennarar þau mistök að láta nemendur fara yfir of mikið efni í byrjun vetrar. Þetta gerði það að verkum að margir nemendur náðu ekki að kynna sér nægilega mörg af markmiðum vetrarins í stærðfræði. Vegna þess að það tók of langan tíma fyrir þau að kynna sér markmið fyrri hluta vetrarins. Þetta var lagað og þá gekk nemendum mun betur að komast yfir fleiri markmið í stærðfræði. Í íslensku gekk flestum vel að fara yfir markmið vetrarins og náðu að klára markmiðapakka vetrarins sem voru sjö. Einnig gerðu nemendur nokkur ritunarverkefni og ljóðaverkefni í lok vetrar. Nemendur unnu einnig íslensku verkefni í þemum og hringekjutímum með orð af orði aðferðinni. Við vinnu ritunarverkefna kom í ljós að þörf er á frekari kennslu í ritun. Undirbúningur undir stóru upplestrarkeppina fór fram í hringekjutímum þar sem nemendur æfðu sig í upplestri og framkomu. Er nánast óhætt að segja að öllum nemendum hafi farið fram í upplestri og stóðu okkar fulltrúar sig með sóma í aðalkeppninni. Nemendur fengu oftast að ráða hvort þeir unnu í íslensku eða stærðfræði

í áætlunartímum. Það gæti einnig verið ástæðan fyrir því hversu hægt gekk hjá mörgum í stærðfræðinni því mörgum fannst íslenskan léttari og völdu hana oftar. Þessu ætlum við að breyta næsta vetur og kenna íslensku nánast eingöngu í hringekju og þema tímum, þá ættu nemendur að hafa meiri tíma til að vinna í stærðfræði.

Ástundun: Seintkomur hjá nemendum voru frekar algengar í vetur. Seinnipart vetrar tókum við í teyminu okkur á með skráningu og sendum þá yfirlit yfir mætingu heim í hverri viku úr Mentor. Það gerði eitthvað gagn en ekki nægilega mikið að okkar mati.

Mat og tillögur til úrbóta: Þær tillögur til úrbóta sem teymið hefur rætt eru komnar

fram hér að ofan en þær eru að minnka efni sem nemendur þurfa að fara yfir til að ná markmiðum í stærðfræði ásamt meiri tíma í áætlunartímum fyrir stærðfræði. Jafnframt þarf að auka fjölbreytni í íslenskukennslu með því að leggja meiri áherslu á ritun, lestur, lesskilning og ljóð.

Samstarf í teyminu: Kennarar eru einróma sammála um að vel hafi gengið að vinna saman í teyminu í vetur, þeim líði vel í vinnunni og njóti sín vel í teyminu. Vel gekk í haust að skipuleggja verkaskiptingu, til að mynda var einn kennari með yfirumsjón yfir íslenskunni, annar með stærðfræði 6. bekkjar og sá þriðji með stærðfræði 7. bekkjar. Tveir teymisformenn voru yfir veturinn og ritarar voru tveir. Nokkuð bar á framan af vetri að stuðningsfulltrúar teymisins fannst þeir ekki nógu vel upplýstir með það sem framundan væri. Mikil og góð bæting var á því seinni hluta vetrar. Föstudagspóstar voru þá sendir á stuðningsfulltrúana auk þess sem að teymisformaður sá til þess að koma upplýsingum til skila ef stuðningsfulltrúar misstu af fundum. Teymisfundir voru á mánudagsmorgnum og á miðvikudögum þegar nemendur voru í smíðjum. Teymið fundaði einnig á föstudögum. Teymið var sammála um að það hefði verið mjög þægilegt að hafa góðan fundartíma á mánudagsmorgnum þar sem gafst tími til að stilla saman strengi og leggja góðar línur fyrir vikuna og það sem framundan væri. Á miðvikudögum var fundað með þjálfum, farið yfir hvernig gengi með þá nemendur sem voru í félagsfærnihópum og farið yfir framhaldið.



Endurmenntun: Tveir af þremur kennurum teymisins fóru á einhverfusnámskeið í Brekkuskóla. Einn kennari fór um haustið á námskeið um samskipti stúlkna. Teymið fór á Ipad námskeið auk þess sem hluti teymisins fór á námskeið um árangursríka bekkjarstjórnun. Kennarar voru ánægðir með þá endurmenntun sem var í boði af hálfu skólans.

Jafningjastuðningur: Góður mórall og traust einkenndi teymið. Jafningjastuðningur var góður og traust var meðal kennarana að tala saman þegar á þurfti, þ.e. kennarar voru óhræddir við að deila skoðunum sínum sín á milli, líðan og fleira. Það sama gildi ekki um stuðningsaðilana framan af vetri og fram kom hjá stjórnendum um miðjan veturinn að stuðningsaðilar ættu stundum erfitt með að segja sína skoðun/líðan. Úr þessu var bætt með formlegri fundargerðum. Ígrundun fór fram jafnt og þétt yfir veturinn á fundum teymisins. Farið var yfir bæði stöðu námshópsins í heild sem og ákveðinna einstaklinga. Fundir teymisins voru formlegir en framan af vetri vantaði upp á skráningar fundanna. Fékk teymið ávitur fyrir það og í kjölfarið varð mikil betrung á skráningum. Fundirnir urðu formlegri fyrir vikið og almenn ánægja með það. Eins og fyrr greinir þá getur teymið bætt sig umtalsvert í skráningum funda. Teymið er sammála um að það hjálpar að geta flett upp í skipulögðum fundargerðum. Teymið stefnir á að halda áfram að byggja ofan á þann góða vinnumóral/traust sem einkenndist í vetur.

Almenn samantekt: Teymið er í heildina ánægt með veturinn en auðvitað er alltaf hægt að gera betur og bæta sig. Kennarar eru sammála um að stundataflan hafi verið frábær og í raun verið ein af stærstu ástæðum þess hve vel gekk að skipuleggja kennsluna. Þar spilar stærstu rulluna hve gott var að fá tíma á mánudagsmorgni í að funda.

Það sem betur má fara í stökum námsgreinum er að fyrir stærðfræði þarf að grynna á áætlun í fyrstu tveimur köflunum í Geisla 2 og 3. Einnig er hugmynd að leggja fyrir nokkur heimaðæmi yfir veturinn. Í íslensku er stefnt að því að auka fjölbreytni með því að leggja ríkari áherslu á ritun, lestur, lesskilning og ljóð en gert var í vetur. Teymið vill notast við fjölbreyttara námsmat en verið hefur hingað til. Stefnt er að nemendur fái meira val um verkefni sem sett eru í mat- og sýnismöppur en var í vetur. Stefnt er að því að fá foreldra oftari en tvisvar í skólaheimsókn að skoða vinnu barna sinna.

Mat á skólastarfinu í heild – hvað er mikilvægast að skólinn leggi áherslu á í umbótum næsta skólaárs ?

Fækka mætti fundum og t.d. hafa deildar – og starfsmannafundi aðra hvora viku, það kom fyrir að kennurum fannst fundirnir eingöngu vera haldnir til þess að funda og hefði verið hægt að nota tímann betur í aðra vinnu. Kennarafundir eru of langir, má stytta þá. Kennurum finnst vanta námskeið og hugmyndir í tengslum við útiskóla sem myndi nýtast í kennslu t.d. í Naustaborgum.

Skýrsla 8.-10. bekkjar

Hópaskiptingar

Á unglingastigi voru í byrjun hausts 58 nemendur. Töluverðar breytingar urðu á nemendahópnum, nemendur hættu og aðrir komu í staðinn. Í vor voru 59 nemendur í unglingahópnum. Í 8. bekk voru 20 nemendur - 15 stelpur og 5 strákar. Í 9. bekk voru 24 nemendur - 13 stúlkur og 11 drengir og í 10. bekk voru 15 nemendur - 8 stelpur og 7 strákar.

Umsjónarhópar voru þrír – Þóra Ýr hafði umsjón með 10. bekk og Aníta og Anna María, síðar Atli Sveinn, höfðu blandaða umsjónarhópa í 8. og 9. bekk. Ása Katrín kom úr fæðingarorlofi í byrjun apríl og leysti Þóru Ýr af sem fór í fæðingarorlof í lok annarinnar. Björn Benedikt Benediktsson var stuðningsfulltrúi og Agnes Þorleifsdóttir kom úr fæðingarorlofi í júní og verður stuðningsfulltrúi á unglingastigi næsta skólaár. Umsjónarhópar hittust með sínum umsjónarkennara fyrst á morgnana í gæðahring. Bekkirir unnu ýmist í blönduðum námshópum eða árgangaskiptum hópum í dönsku, ensku og stundum í íslensku og stærðfræði. Í náttúru- og samfélagsfræði var hópunum kennt saman og skipt upp í smærri, blandaða hópa eftir því sem tilefni var til.



Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Nemendur mættu í skólann 8:10 og byrjuðu á að mæta í gæðahring. Klukkan 8:30 hófust kennslustundir, danska, enska, stærðfræði og íslenska. Á þriðjudögum byrjaði þemavinna eftir gæðahring og komu list- og verkgreinakennarar að þeirri kennslu með umsjónarkennurum. Frímínútur voru kl. 9:50 – 10:10. Nemendur borðuðu nesti í mötuneyti og tóku því svo rólega inn á svæði þar sem stuðningsfulltrúinn Björn Benedikt hafði umsjón með þeim. Eftir nesti var lestrarstund þar sem nemendur ýmist

lásu sjálfir í bókum sem þeir höfðu valið eða kennari las fyrir þá framhaldssögu. Hringekjutímar voru 5 í viku og unnu nemendur þar í íslensku, ensku og stærðfræði. Valgreinar voru á mánudögum og þriðjudögum. Á fimmtudögum voru 2 áhugasviðstímar eftir hádegi og komu list- og verkgreinakennarar að þeirri kennslu ásamt Þóru Ýri. Á föstudögum fóru nemendur í kynjaskipta sundtíma.

Kennsluhættir

Notaðar voru kennsluaðferðirnar: Orð af orði, hringekjuform, töflukennsla, sjálfstæð vinna nemenda, hópavinna, samvinnunám, þrautalausnir, gagnvirkur lestur, uppgötvunarnám, verkleg vinna og einstaklingsmiðaðir kennsluhættir. Upplýsingatækni spilaði stórt hlutverk í tungumálakennslu í vetur og komu Ipadar (spjaldtölvur) að góðum notum þar. Enskukennslan gekk einnig mikið út á verkefnavinnu og samræður.

Aðkoma list- og verkgreinakennara: Þeir kennarar sem komu að nemendahópnum voru Magnús Jón Magnússon dönskukennari og áhugasvið, Örlygur Helgason og Þórey Sigurðardóttir sund- og íþróttakennarar, Valdís Rut Jósavinsdóttir, Halla Jóhannesdóttir og Hulda Berglind Árnadóttir voru með áhugasvið. Ýmsir aðrir kennarar komu síðan að kennslu valgreina.



Áætlun – áætlanaþætur: Í íslensku og stærðfræði var námsefni vetrarins skipt niður í 4-5 vikna lotur/áætlunir. Nemendur unnu samkvæmt áætlun og áttu að klára vikuáætlun fyrir föstudaga. Í fyrstu var lögð áhersla á að nemendur notuðu áætlanaþætur (Skólakompan) til þess að skrá vikuáætlun. Það gekk

ekki sem skyldi og fengu nemendur síðar áætlunir frá kennara í byrjun hvernar lotu.

Námsaðlögun: Komið var til móts við ólíkar þætur nemenda með ýmsum hætti. Námsáætlunir í íslensku og stærðfræði voru einstaklingsmiðaðar eftir þörfum og leitast við að finna námsefni við hæfi. Iðju- og þroskaþjálfari komu að ytra skipulagi nemenda með sérþætur og útbjuggu í sumum tilfellum fyrirmælaspjöld sem nemendur notuðust við. Í þættavinnu var lögð áhersla á að koma til móts við ólíkar þætur nemenda með verkefnavali hverju sinni og þá var horft til sterkra hliða nemenda. Einnig var námsefni lagað að þörfum hvers og eins og hópavinnu skipulögð með tilliti til allra. Björn stuðningsfulltrúi kom að vinnu með nemendum sem þurftu sérstakt aðhald og eftirfylgd. Einnig hafði Örlygur Þór umsjón með litlum námshóp eftir áramót og veitti þeim aðstoð og aðhald.

Kennsluáætlunir – útfærsla og birting. Í íslensku voru útbúnar lotuáætlunir á u.þ.b 5 vikna fresti. Þar kom fram með hvaða markmið var unnið, hvaða námsefni var notað og vinnu í því skipt niður í vikuáætlun. Einnig kom fram á hverri áætlun hvernig námsmáti yrði háttáð.

Stærðfræðin var skipulögð með svipuðum hætti. Í hverri lotu fengu nemendur afhenta áætlun með námsmarkmiðum en skipulögðu sjálfir hversu mikið magn var unnið í hverri viku svo framarlega sem áætluninni var lokið á tilskildum tíma.

Áætlun var gerð um þættavinnu hverju sinni, námsmarkmið tilgreind, kennslufyrirkomulag og námsmat. Einnig voru gerðar annaráætlunir í ensku og dönsku. Áætlunir voru settar í Mentor til upplýsinga fyrir foreldra.

Mat og tillögur til úrbóta: Koma þarf betra fyrirkomulagi á áætlanakerfið, nemendur þurfa að vera ábyrgari gagnvart náminu sínu og koma jafnvel meira að áætlanagerðinni. Það þarf að gera ráð fyrir áætlanatíma í stundaskrá, þar sem umsjónarkennarar ræða við nemendur um áætlun vikunnar, taka stöðuna og skrá hana í Mentor til upplýsinga fyrir foreldra. Í stað áætlanabóka er hugmyndin að kenna nemendum að nota síma, Ípada eða tölvur til að gera áætlanir og skipuleggja sig. Hugmynd er að láta nemendur gera vikuskýrslu á föstudögum þar sem þeir telja upp hvað þeir unnu í vikunni og hvernig þeim gekk að vinna, einnig að meta hversu ánægðir þeir eru með sig eftir vikuna. Huga þarf sérstaklega vel að námsaðlögun næsta vetur og gæta þess að hún verðir skilvirk á allan hátt. Útbúa þarf einstaklingsnámskrár fyrir nemendur með sér þarfir.



Námsgreinar

Stærðfræði : Notast var við bækurnar Almenn stærðfræði I, II, III og stuðst við Átta tíu 1-6 og Stiku sem aukaefni. Áætlanir og námsefni var aðlagð fyrir nemendur. Stærðfræðin í vetur skiptist í 6 lotur og endaði hver lota með könnun. Í hverri lotu fengu nemendur afhenta áætlun með námsmarkmiðum en skipulögðu sjálfir hversu mikið magn var unnið í hverri viku svo framarlega sem áætluninni var lokið á tilskildum tíma. Einnig unnu nemendur í skiladæmum sem þeir skiluðu á hálfsmánaðarfresti. Reynt var að hafa reglulega innlagnartíma en alltaf má gera betur hvað það varðar. Nemendur fengu afhentar litlar glósubækur til að skrifa niður reglur og formúlur og máttu nemendur notast við þessar glósur í könnunum. Eins fengu nemendur afhent formúlublað í upphafi vetrar til að notast við í náminu og könnunum. Nemendur unnu skiladæmi aðra hverja viku í vetur. Vinnan í stærðfræði gekk vel í heildina séð, nemendum fannst áætlunin of mikil til að byrja með í vetur og var hún endurskoðuð um áramót, minnkuð og hólfuð betur niður til að mæta enn betur þörfum nemenda.

Íslenska: Í upphafi vetrar var hugmyndin að byggja íslenskukennsluna sem mest upp á lestri, ritun og málfræði- og stafsetningarkennslu með aðferðum Orð af orði.



Íslenskunáminu var skipt upp í 5 lotur. Fyrsta lotan var skipulögð með upphaflega hugmynd í huga, mikil áhersla var lögð á lestur og ritunarverkefni ýmiskonar. Nemendur fengu í hendur stílabók, svokallaða leiðarbók, og átti mestur hluti námsins að fara fram í þeirri bók. Lestextar og verkefni tengd þeim voru sóttir í Mályrkju og Grænkápu. Í ritun var notast við ýmiskonar ritunarramma og nemendur þjálfaðir í að skrifa inngang og lokaorð í texta. Þegar líða tók

á lotu 1 urðu óánægjuraddir nemenda mjög háværar og þeir vildu fá „alvöru“ kennslubækur til að vinna í, þeim fannst þeir ekki læra neitt. Lota 2 var skipulögð með áherslu á málfræði, einnig var áhersla á lestur og nemendur lærðu aðferðir gagnvirkis lesturs og notuðu þær við lestur námsbókar sem kennd var í þemanu Orka og stóriðja. Fallið var að nokkru leyti frá þeirri hugmynd að kenna málfræði í gegnum Orð af orði og málfræðilotan var skipulögð út frá kennslubókunum Fallorð, Sagnorð og Smáorð sem til voru á lager hér í skólanum. Það var eins og nemendur hefðu himin höndum

tekið þegar þeir fengu bækurnar í hendur, loksins var nú eitthvað af viti farið að gerast í íslenskukennslunni!

Lota 3 hófst eftir áramót og þá var áherslan á kjörbókarlestur, smærri ritunarverkefni og stafsetningu. Tekin var upp sú nýjung í skilum verkefna að nemendur unnu ritunarverkefni og stafsetningaræfingar á Google Drive og deildu með kennara sem fór yfir verkefnin þar og gaf leiðsagnarmat. Þetta sparaði gífurlega vinnu að ekki sé talað um pappírssparnað. Í lok lotunnar skrifuðu nemendur kjörbókarskýrslu og gekk það yfirhöfuð mjög vel. Í lotu 4 var áfram unnið með málfræði, lesnir textar úr

Mályrkjubókunum og ritunarverkefni. Lota 5 tengdist þemaverkefninu Styrjaldir og kreppa og lauk með því að nemendur skrifuðu heimildaritgerð.

Skipulag íslenskunnar gekk að flestu leyti vel.

Nemendur fengu yfirlit yfir hverja lotu í

hendur þegar lotan byrjaði og áttu að vinna

samkvæmt henni. Lögð er áhersla á að

nemendur vinni sjálfstætt í áætlunum sínum,

notist við kennslubækur og handbækur til að lesa sig til um viðfangsefnið. Lítil áhersla er lögð á töflukennslu og frekar reynt að aðstoða nemendur einstaklingslega. Áhugi er fyrir því að læra “flippaða kennsluhætti” (flipped classroom) og prófa sig áfram með það næsta vetur.

Kennslubækur næsta vetrar verða Mályrkja og Finnur, lögð verður sérstök áhersla á að kenna mismunandi lestraraðferðir og efla þarf til muna kennsluaðferðir Orð af orði.

Einnig verður íslenskukennslan fléttuð inn í þemaverkefni.

Enska: Lengst framan af vetri var lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og sérstaklega mikið var um munnleg skil á verkefnum, auk umræðutíma. Nemendur lásu enskar bókmenntir og horfðu á myndir tengdar þeim. Í vor var áherslan svo lögð á málfræði og unnið með kennslubækurnar Matrix. Á næsta ári verður lögð áhersla á hlustun, munnlega og skriflega tjáningu, þýðingar, lestur og lesskilning og málfræði.

Þemavinnna: Fjögur þemaverkefni voru unnin í vetur: Upp um fjöll og firnindi (náttúru- og samfélagsfræðiverkefni), Orka og stóriðja (samfélags- og náttúrufræðiverkefni), Maður og náttúra (náttúrufræðiverkefni) og að lokum Styrjaldir og kreppa (samfélagsfræðiverkefni). Allir árgangarnir unnu þemun saman.


Í fyrsta þemanu Upp um fjöll og firnindi unnu nemendur verkefni um íslenskar plöntur og íslensk fjöll og nutum við aðstoðar Höllu myndmenntakennara. Nemendur unnu tölvuunnin verkefni og myndræn og þurftu að kynna fyrir bekkjarsystkinum sínum. Þemað gekk ágætlega en veðrið í haust setti strik í reikninginn og kom í veg fyrir útikennslu sem áætluð var.

Næsta þema Orka og stóriðja hófst á því að nemendur horfðu á myndina *Draumalandið* eftir Andra Snæ og unnu verkefni úr myndinni. Nemendur fóru í gegnum bókina, unnu spurningar, hugtakakort og æfðust í gagnvirkum lestri, glósuðu og unnu verklegar tilraunir. Þemanu lauk á könnun þar sem nemendur fengu að hafa glósumnar sínar með. Könnunin gildi 50% á móti verkefnabók 50% sem nemendur skiluðu.

Maður og náttúra gekk ekki nógu vel. Það þema lenti ofan í undirbúningi fyrir árshátíð og kennaraskiptum / veikindum og náðum við því ekki að vinna þemað eins og áætlað var.



Að lokum tókum við Styrjaldir og kreppa þar sem farið var yfir mannkynssöguna á tímabilinu 1900-1950. Nemendur höfðu mikinn áhuga á þemanu og sökkto sér á kaf í lestur á námsbókinni. Inn í þetta



þema fléttaðist síðan íslenska þar sem nemendur unnu heimildaritgerð um einhvern þeirra atburða sem þau lásu um í bókinni. Þemað hófst á veggspjaldavinnu þar sem nemendur unnu verkefni um ákveðinn atburð og kynntu fyrir bekkjarfélögum sínum. Veggspjöldunum var síðan raðað upp í rétttri röð á tímaás. Þegar kynningunni var lokið fóru nemendur í að hlusta á fyrirlestra, vinna spurningar úr námsefninu og lesa bókina. Þemað endaði síðan á könnun úr námsefninu. Námsmatið skiptist í könnun 50%, verkefnabók 35% og veggspjaldakynning 15%.

Áhugasvið : Áhugasviðstímar voru á stundaskrá einu sinni í viku í vetur.

Sérgreinakennararnir Valdís, Halla, Hulda og Magnús komu að þessum tímum ásamt Þóru. Nemendur fengu þarna tækifæri til að vinna verkefni tengd þeirra áhugasviði. Áætlað var að kennarar yrðu með afmörkuð örnámskeið öðruhverju í vetur en ekkert varð úr því.

Nemendur áttu að gera verkefnasamning við þann kennara sem þeir ætluðu að vinna verkefni hjá og átti kennarinn síðan að meta verkefni þegar því lauk. Gekk það vel til að byrja með en var orðið frekar endasleppt í lok vetrar.

Flestir nemendur stóðu sig mjög vel í áhugasviði í vetur og fundu sér verkefni til að vinna en ákveðnum hópi nemenda gekk illa að finna verkefni, vinna þau og klára.

Danska: Hjá nemendum í 8. bekk var lesbókin Tænk notuð. Áhersla var lögð á hlustun og tjáningu. Tænk verkefnabók 1 var lítið notuð og var það markmið kennara að hafa námið eins fjölbreytt og mögulegt var. Þess vegna voru Ipad (hér eftir “padda”) og tölvur mikið notaðar. Nemendur sýndu flestir dugnað og gerðu sitt besta til að sinna náminu af alúð. Allir nemendurnir sinntu náminu sínu í sama rými.

9. bekkur hefur í vetur fengið mörg og fjölbreytt verkefni til þess að leysa. Ritun, hlustun, tjáning og venjubundnar málfræðiafingar eru meðal verkefna sem bekkurinn hefur verið í. Lesbókin EKKO var notuð sem stuðningur við námið. Pöddur og tölvur unglingadeildar komu sér vel til þess að hafa námið fjölbreytt.

Í 10. bekk var danska kennd tvisvar í viku í klukkustundar lotum. Bækurnar Dejlige Danmark og Og det er Danmark voru að mestu notaðar. Einnig var EKKO notuð, en lítið þó. Markmiðið var að kynna nemendum fyrir Danmörku og öllu því góða sem það land hefur upp á að bjóða. Pöddurnar og tölvur voru notaðar í hverjum einasta tíma og gekk það fyrirmyndar vel með 10. bekk. Allir nemendur stóðu sig með prýði og óhætt er að segja að þeir hafi sinnt náminu sínu af alúð.

Jákvæður agi – Gæðahringir: Gæðahringir voru á dagskrá alla morgna milli kl. 8:10-8:30. Í gæðahring voru unnin verkefni tengd Jákvæðum aga, nemendur voru þjálfaðir í að taka þátt í umræðum um allt milli himins og jarðar, einkum voru fréttir og fréttatengt efni til umfjöllunar. Í gæðahring voru nemendur einnig þjálfaðir í að hrósa hver öðrum og taka þátt í ákvarðanatöku og samábyrgð eflid. Á næsta skólaári þarf að taka það skref að nemendur sjálfir stjórni gæðahring og umræðan snúist meira um efni sem þeir sjálfir velja, efni tengd skólastarfinu og það sem þeir vilja hafa meiri áhrif á. Hugmyndir hafa verið uppi um að málefnaabók liggi frammi í stofu þar sem hægt verði að skrifa efni til umfjöllunar. Töluverð vinna er framundan, reynslan í vetur sýnir að nemendur eru enn mjög hlutlausir í umræðum og taka of lítinn þátt í gæðahring.

Vettvangsferðir og uppákomur

ágúst/september: 150 ára afmæli Akureyrarbæjar. Kosning til nemendaráðs.

október: Opin vika – foreldrar hvattir til að koma í heimsókn. Náttfatadagur. 10. bekkur í kynningarferð í VMA og MA. 9. bekkur fékk fræðslu frá Jafnréttisstofu. 10. bekkjar Stúlkur í fræðslu til hjúkrunarfræðings um krabbamein í brjóstum. Blátt áfram.

nóvember: Nemendadagurinn. Dagur íslenskrar tungu. Marítafræðslan.

Þorgrímur Þráinsson heimsótti 10. bekk og fjallaði um markmiðssetningu.

desember: Vina- og umhyggjuþemadagur. Jólasveinahúfudagur

janúar: Þrettándaglegðin. Rafmagnslaus dagur. Legóhönnunarkeppni á vegum HÍ.

Stuttmyndin Fáðu Já, fjallaði um mörkin á milli kynlífs og ofbeldis.

febrúar: Námsráðgjafar MA og VMA í heimsókn til 10. bekkina. 8. bekkur í kynfræðslu til Siggú Daggar. Spurningakeppni grunnskólanna

mars: Árshátíð. 10. bekkur fékk fræðslu frá Guðjóni Haukssyni um tölvunotkun.

Skólahreysti.Útivistardagur. Páskafri

apríl: Árshátíðarmatur og ball. Kómedíuleikhúsið í heimsókn með sýninguna Gísli Súrsson.

10. bekkjar drengir í fræðslu til hjúkrunarfræðings um krabbamein í eistum.



maí: Nemendur fengu heimsókn frá enskum og skoskum

leikmönnum KA sem töluðu um mikilvægi menntunar og báru saman sína skóla og skólagöngu við íslenska skóla.

10. bekkur fékk heimsókn frá Einingu-Iðju til að fara yfir réttindi og skyldur á vinnumarkaði.



10. bekkur fékk heimsókn frá 2. bekkjum MA til að segja frá verkefni sem þau höfðu unnið að (ávanabindandi efni).


Legókeppnin í Þýskalandi. Vorhátíð

Ný aðalnámskrá – hvernig var unnið með hana – hugmyndir fyrir næsta ár

Atli og Ása lásu yfir samfélags- og náttúrufræðikaflann. Öll markmið voru flokkuð í undirflokka og sett undir þemu sem notuð verða á unglingastigi. Aníta var í íslenskuhóp sem bjó til markmið fyrir íslenskuna. Næsta vetur verður unnið samkvæmt nýrri aðalnámskrá, merkt við markmið sem ákveðin hafa verið í íslensku, stærðfræði, samfélags- og náttúrufræði.

Mat og tillögur til úrbóta: Íslenska og stærðfræði verða unnin með svipuðu sniði og í vetur. Lögð verður meiri áhersla á náttúrufræði. Við leggjum til að áhugasviðstímar verði endurskoðaðir, þeir nýttust ekki sem skyldi hjá of stórum hópi nemenda. Við viljum líka breyta fyrirkomulagi á þemavinnu, kenna hana jafnt og þétt yfir vikuna.

Námsmat - námsgreinar



Stærðfræði: Nemendur tóku kannanir í lok hverrar lotu og voru loturnar 6 í vetur. Einnig unnu nemendur skiladæmi aðra hverja viku í vetur þar sem aðaláherslan var lögð á upprifjun eldri þátta. Niðurstöður úr könnunum og skiladæmum voru settar inn í verkefnabækur í Mentor sem voru aðgengilegar foreldrum. Einnig gátu nemendur sett kannanir og skiladæmi í matsmöppur til að sýna foreldrum. Námsmat í

stærðfræði samanstóð af könnunum 70% og skiladæmum 30%.

Íslenska: Námsmat var jafnt og þétt yfir veturinn. Hver lota var metin með mismunandi verkefnum, málfræðiprófum, ritgerðum og lesskilningsverkefnum og stafsetningaræfingum. Hver lota gildi 20% af lokaeinkunn vetrarins. Allt námsmat var fært inn í Mentor, auk þess sem merkt var við markmið og leiðsagnarmat unnið í lok vetrar með smá umsögn.

Enska: Mjög fjölbreytt símat og var það fært jafnóðum inn í verkefnabók í Mentor.

Danska: Námsmat var að hluta til með hefðbundnum hætti, það er að segja, nemendur fengu einkunn fyrir þau verkefni sem skilað var og skráð í verkefnabók. Tjáning og hlustun er þó stærsti hluti námsmats í 8. bekk. Það er gert vegna þess að það er mjög mikilvægt að opna huga nemenda fyrir tungumálinu á meðan þau eru svona ung.

Námsmat í 9. bekk byggist að mestu á verkefnum frá kennara, vinnubók og hlustunarverkefnum. Hlustunin ein og sér er um þriðjungur af lokaeinkunn og er því lögð rík áhersla á að nemendur læri að hlusta.

Námsmat 10. bekkjar var að mestu byggt á vinnu í tímum og þeirri afurð sem sú vinna skilaði.

Þemu: Það námsmat sem lá fyrir var í formi kynninga, hópavinnu, vinnubóka og 2ja prófa. Huga þarf sérstaklega að námsmati í þemum næsta vetur og gera ítarlegar kennsluáætlanir þar sem námsmat er ákveðið fyrirfram, notast meira við jafningjamat, próf og mat á lykilhæfnipáttum. Einnig þarf að huga sérstaklega að námsmati 10. bekklinga í samfélags- og náttúrufræðigreinum sem fara með einkunnir inn í framhaldsskóla.

Samráðs- og matsdagar- hvernig nýttust þeir: Þessir dagar hafa ekki nýst nægilega vel.

Mat og tillögur til úrbóta: Nauðsynlegt er að námsmat sé ákveðið strax í upphafi annar og fylgi með í kennsluáætlunum. Einnig þarf að passa að allir nemendur séu meðvitaðir um námsmatið og viti hvaða kröfur eru gerðar til þeirra. Ætlunin er að útbúa námsmatsáætlun fyrir hvora önn næsta vetrar þar sem nemendur geta séð hvenær og hvernig námsmati er háttað í öllum fögum yfir önnina. Áætlunin verður sýnileg í kennslurýminu og í Mentor til upplýsinga fyrir foreldra. Námsmat verður fjölbreytt og merkt við markmið í Mentor.

Foreldrasamstarf: Umsjónarkennarar hafa verið í mjög góðu sambandi við foreldra í vetur. Föstudagspóstur fer heim í hverri viku ásamt ástundun nemenda. Í föstudagspóstinum eru settar helstu upplýsingar um námið og hvað er að gerast í viku hverri. Áherslur í náminu voru einnig settar í föstudagspóstinn. Vikuáætlanir voru settar inn í heimavinnuáætlun Mentor og eftir áramót voru líka lotuáætlanir þar inn. Kennarar hafa gjarnan hringt heim þegar ræða þarf mál nemenda, það gefst oft betur en tölvupóstssamskipti.



settar

Hvað tókst vel og hvað má betur fara / nýjar hugmyndir

Upplýsingagjöf er góð en óvissa er um hversu mikið foreldrar nýta sér þær upplýsingar og hversu virkir þeir eru að nota Mentor. Vilji er til að fá foreldra oftar í skólann til að líta á afrakstur verkefnavinnu, til dæmis eftir þemavinnu. Þegar farið er í vettvangsferðir, útikennslu og þess háttar þurfa foreldrar að biðja um leyfi fyrir barnið sitt ef það af einhverjum ástæðum getur ekki tekið þátt í því. Ef nemendur þurfa að fá frest á verkefnaskilum eiga foreldrar að biðja um þann frest til kennara.

Nemendur

Líðan nemenda: Nemendum hefur yfirleitt liðið vel í skólanum í vetur og sýna niðurstöður Skólapulísins um líðan að nemendur Naustaskóla líður vel ef miðað er við landsmeðaltal.

Einelismál og agamál: Engin eineltismál hafa komið upp á yfirborðið í vetur á unglingastigi og ekkert hefur bent til þess að nemendur verði fyrir einelti eða leggi aðra í einelti. Það er þó erfitt að fullyrða um að ekkert slíkt sé í gangi í svo stórum nemendahópi. Það eru engin stór agavandamál í hópnum, nemendur eru yfirleitt kurteisir og fara oftast eftir fyrirmælum. Þegar gesti hefur borið að garði hefur verið haft orð á því hversu góður andi ríki á svæðinu og hlutirnir gangi vel fyrir sig. Unnið verður áfram að því að halda uppi góðum aga þar sem gagnkvæm virðing ríkir, lögð verður áhersla á góðan vinnufrið og reynt að stýra notkun síma og annarra „græja“ sem trufla vinnusemi. Ekki er lengur talað um „klósettráp“ nemenda í kennslustundum - „playlistaráp“ hefur tekið völdin!





Ástundun

Þegar litið er á ástundun er áberandi að nemendur mæta of seint í skólann, eða 400 sinnum samtals í vetur hjá 8. og 9. bekk. Óheimilar fjarvistir eru innan eðlilegra marka sem og veikindadagar og leyfi.

Mat og tillögur til úrbóta

Í heildina litið hefur samvinna við nemendur gengið vel og líðan og agamál eru í góðum farvegi. Ljóst er að það þarf að bæta mætingar nemenda á morgnana og taka á tækjanotkun í kennslustundum.

Samstarf í teyminu

Ígrundun um teymisvinnuna: Núverandi staða teymisvinnunnar er góð, verklagsreglur eru virtar og verkaskipting er í föstum skorðum. Fundarfyrirkomulag er samkvæmt tilmælum skólastjórnenda, fundir eru 3 í viku; fundur um nemendamál, trúnaðarmálafundur og skipulagsfundur. Fundarstjóri heldur utan um málefni sem þarf að ræða, sem skráð eru í sérstaka málefnaþók. Fundarritari skrifar fundargerðir og sendir til skólastjórnenda.

Endurmenntun

Endurmenntun teymis var einkum sú sem skólinn bauð upp á. Einnig voru lesnar greinar, til dæmis sem fjölluðu um teymisvinnu og námsstöðvar. Sú endurmenntun sem skólinn bauð upp á var góð, sérstaklega aðkoma HA að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár.

Jafningjastuðningur / ígrundanir / starfendarannsóknir?

Jafningjastuðningur innan teymis eru góður og ígrundun á sér stað á fundum þar sem lögð er áhersla á að leysa mál sem upp koma, lagt er mat á kennsluna, kennsluhætti og nám nemenda. Áhugi er fyrir því innan teymis að taka þátt í starfendarannsókn.

Starfsþróun teymis: Teymið ætlar að leggja áherslu á að læra betur námsefni í náttúru- og samfélagsfræðigreinum, auk enskúnámsefnis. Einnig þarf að læra inn á nýja aðalnámskrá og temja sér nýjar verklagsreglur til dæmis varðandi námsmat. Við viljum kynna okkur betur hvernig best er að setja upp stundaskrá, skipuleggja námssvæðið og kennsluna þannig að tími og kennarar nýtist sem best.

Almenn samantekt

Kennsla og samstarf gekk mjög vel, hæfileikar og styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín. Samskipti við foreldra hafa gengið vel í vetur og meirihluti nemenda var ánægður. Það sem betur má fara er námsmatið, þá sérstaklega í náttúru- og samfélagsfræði og ensku. Einnig þarf að gæta þess að kraftar allra nýtist sem best í kennslustundum, til dæmis með skiptingu í smærri námshópa. Efla þarf útikennslu/grenndarkennslu næsta vetur sérstaklega í tengslum við náttúru- og samfélagsfræðikennslu.

Mat á skólastarfinu í heild. Þróunarstarf í skólanum er gott og metnaðarfullt.

Mikilvægt er að halda áfram á þeirri braut og styrkja enn frekar það sem hefur verið unnið með í vetur, til dæmis innleiðing nýrrar aðalnámskrár, Jákvæður agi, Orð af orði og byrjendalæsi. Mikilvægt er að innleiða Grænfánann og gera verulegt átak í flokkunarmálum og bæta almenna umgengni um skólann.

Skýrsla verkgreinakennara

Starfsmenn teymis: Berglind Elly Jónsdóttir (Leiklist), Dögg Stefánsdóttir (Heimilisfræði), Guðrún Huld Gunnarsdóttir (Dans), Halla Jóhannesdóttir (Myndmennt), Hulda Berglind Árnadóttir (Hönnun og smíði), Magnús Jón Magnússon (Tónmennt) og Valdís Rut Jósavinsdóttir (Textílmennt).

Námsumhverfi/skipulag

Skipulagning námsins

Hjá 2. – 7. bekk voru flestar list- og verkgreinarnar kenndar í fimm smiðjum, í sjö vikna lotum. Vinnustundir í 2. – 3. bekk voru 60 mínútur þrisvar í viku, en vinnustundirnar hjá 4. – 7. bekk voru 100 mínútur, tvisvar í viku.

Í 2. og 3. bekk samanstóðu smiðjurnar af tónmennt, hönnun og smíði, textílmennt, myndmennt og dans/leiklist/heimilisfræði/tölvur. Smiðjan dans / leiklist / heimilisfræði / tölvur var skipulögð þannig að nemendur byrjuðu fyrstu tvær vikurnar í dansi og leiklist, þ.e. 6 skipti. Þá var nemendahópnum skipt í tvennt. Helmingurinn fór í dans og hinn helmingurinn í leiklist í 30 mínútur og síðan víxluðust hóparnir. Síðustu 5 vikurnar fóru nemendurnir í heimilisfræði og tölvur undir stjórn umsjónarkennara.

Í 4. – 5. bekk og 6. – 7. bekk samanstóðu smiðjurnar af heimilisfræði, hönnun og smíði, textílmennt, myndmennt og dans/leiklist. Smiðjan dans/leiklist var skipulögð þannig að nemendahópnum var skipt í tvennt. Helmingurinn fór í dans og hinn helmingurinn í leiklist í 50 mínútur og síðan víxluðust hóparnir. Tónmennt var ekki kennd í smiðjurúllunni en hún var kennd einu sinni í viku 40 mínútur í senn.

Boðið var upp á list- og verkgreinar í vali hjá 8. – 10. bekk. Kennslustundin var 80 mínútur og fjöldi nemenda misjafn, allt frá 6 til 13 manns.

Mikil ánægja er með 100 mínútna lotur hjá 4. – 7 bekk og 60 mínútna lotur hjá 2. -3 bekk.

Skipting í námshópa

Stærð hópa voru 11 - 14 nemendur. List- og verkgreinakennarar eru sammála um að hámarksfjöldi nemenda í hóp séu 12 nemendur. Huga þarf betur að skiptingu nemenda í hópa. Þetta skólaár voru hóparnir mjög misjafnir. Gæta þarf jafnvægis innan hópa og ekki er endilega ráðlegt að skipta í hópa eftir vinatengslum. Passa þarf einnig upp á að þeir nemendur sem þurfa stuðning, fái þann stuðning líka í verkgreinunum. Gott hefði verið að fá stuðning strax með vissum nemendum í stað þess að leita eftir stuðningi þegar kennsla var hafin. Upplýsingaflæði vegna nemenda þarf að vera markvissara, þ.e. að verkgreinakennarar fái allar nauðsynlegar upplýsingar um nemendur. Að sama skapi þurfa verkgreinakennarar að koma upplýsingum til umsjónarkennara.

Námsgreinar-kennsluhættir-námsaðlögun

Dans

Í hverri danssmiðju fyrir sig var byrjað á að læra að telja taktinn með því að klappa höndum í takt við tónlist. Í 2.-3.bekkjasmíðju var byrjað á því að taka upphitunardans svo kallaðan Grettu- og dilli dans eins og allar hinir hóparnir gerðu. Lærðu að hægt er að dansa í gegnum sögu og gegnum daglegar hreyfingar og tókum við spunadans í lífi skólabarns með það í huga. Tókum línudans við Footloose því næst byrjuðum við að æfa grunnsporinn í Cha Cha Cha og hvernig það er að dansa með dansfélagi. Einnig prufuðum við að gera Asnalega dansinn sem vakti mikla kátínu, smá break stellingar og í lok hvers tíma var farið í einhverja dansleiki eins og t.d. Stopdans, Sitjudans,



Stóladans, Kústadans og fleira. Í smíðjum hjá 4.-5. bekk og 6.-7. bekk var sama prógrammið keyrt. Byrjað var á upphitunardansinum því næst var farið að æfa Cha Cha Cha. Fyrst voru sporin æfð einstaklingslega áður en var farið að dansa með dansfélagi, 6.-7. bekkur voru með örlítið flóknari rútínu. Dönsuðum við línudans við Footloose en ólíkt 2.-3. bekk þá æfðu þau sig að skipta um áttir. Dansað var í gegnum sögu og einnig dönsuðum við indverskan dans líka með afrísku ívafi. Síðustu 3-4 vikurnar sem eftir voru af smíðjunni þá var byrjað að æfa dans sem sýndur yrði á samveru.

Þau sýndu meðal annars: Gangnam style, Cha Cha Cha með óvæntri dansrútínu þar sem Heimir Örn kennari kom inni með 6.-7. bekk, upphitunardansinn, Línudansinn, Dansrútínu sem innihélt ballet, línudans og jazzdans (bara 4.-5.b) 6.-7. bekkur sýndi líka Blaðadans með kössum, grín dans – Dvergadans. Öll framkoma á sviði er hluti af því að koma fram og sýna fyrir áhorfendur til að efla sjálfstraust þeirra og framkomu. Þessi dansvetur í skólanum er með þeim betri frá upphafi þar sem börnin voru meira en til að taka þátt og hafa gaman.

Heimilisfræði

Tímarnir hjá 4. – 7. bekk voru allir verklegir og var lögð áhersla á sjálfstæði, samvinnu og frágang. Í lok tímanna var farið í bóklegt ef úmi gafst til. Gerð var áætlun í byrjun vetrar sem stóðst ekki að öllu leyti. Farið var mun minna í bóklegt efni en upphaflega var gert ráð fyrir en reynt verður að koma því frekar inn í kennsluna. Það voru þrír hópar í vali þennan vetur. Lagt var mikið upp úr að kenna nemendum sjálfstæð vinnubrögð og að vanda frágang. Bóklegi þátturinn fékk ekki mikið rými og mun verða gerð bót í því fyrir næsta skólaár og er óskað eftir að bókin *Næring og lífshættir* verði keypt. Ellefu til fjórtán nemendur eru í hóp og vinna þeir tveir til fjórir saman í hópum. Nemendur fá leiðsögn í verklegum þáttum og vinna síðan sjálfir með aðstoð kennara. Áhersla er lögð á að nemendur sýni góða samvinnu, fá þjálfun í að lesa uppskriftir og mæla rétt samkvæmt þeim. Nemendur fá mikla verklega þjálfun. Fjallað er um mikilvægi hreinlætis við matreiðslu og lögð áhersla á að nemendur geti gengið frá eftir sig og vaskað upp samkvæmt hreinlætiskröfum. „Í heildina þá gekk vel og tel ég að ég hafi skilað af mér sjálfstæðari krökkum en ég fékk til mín“.

Hönnun og smíði

Í upphafi skólaárs voru búin til markmið og áætlun í hönnun og smíði, sem ætlunin var að fylgja. Fljótlega eftir að kennsla hófst, fuku þessi markmið út í veður og vind vegna þess að nemendur höfðu ekki þann grunn sem nauðsynlegur var fyrir þessi tilteknu markmið. Einu markmiðin sem náðu að halda sér voru markmiðin í 2. – 3. bekk. Ný markmið voru sett í hinum námshópunum og snéru þau mikið að því að byggja upp grunn nemenda í verklagi og vinnu með ýmsan efnivið.

Nemendur gerðu tvö til fjögur skylduverkefni en áttu að útfæra þau á sinn eigin hátt. Því næst fengu nemendur að gera verkefni að eigin vali. Nemendum var hjálpað við að nálgast viðfangsefnin á sem bestan hátt eftir eigin þroska, getu og áhuga. Áhersla var lögð á að nemendur lærðu af reynslunni og leituðu sjálfir lausna á verkefnum s.s. hvaða samsetningaraðferð hentaði best, hvaða verkfæri þyrfti við gerð verkefnisins og hvaða kosti og galla mismunandi aðferðir hefðu. Kennarinn leiðbeindi nemendum eins og þurfa þótti, en dró sig síðan til hlés og leyfði nemendum að prófa sig áfram. Nemendur fengu að kynnast mörgum handverkfærum, rafknúnum verkfærum og aðferðum sem hentuðu aldri þeirra og þroska. Mikið var lagt upp úr öryggisatriðum og notkun hlífðarfatnaðar í smíðastofunni.

Sex nemendur á unglingastigi voru í Hönnun- og smíði sem valgrein. Upphaflega áttu nemendurnir í valinu að vinna verkefni eftir eigin áhuga og getu, í takt við markmið vetrarins. Þegar líða tók á veturinn, varð að stýra þeim meira, en nemendurnir áttu erfitt með að hanna og finna sér verkefni. Á næsta ári mun valið vera uppsett á svipaðan hátt og hönnun- og smíði hjá hinum árgöngunum, þ.e. skylduverkefni sem nemendur eiga að

gera áður en þeir fara í valverkefni. Hugmyndir eru uppi um að láta nemendur í upphafi skólaárs fá lista fyrir þessi verkefni og þau markmið sem þau eiga að stefna á yfir árið og láta þá reyna að hanna skylduverkefni og valverkefni þannig að markmiðunum verði náð við gerð þeirra.

Heilt yfir gekk veturinn vel. Þó þarf að huga að frágangi. Gert var ráð fyrir 10 -15 mínútna frágangstíma í lok hverrar kennslustundar en nemendur nýttu þann tíma misvel. Oft fundust óþrífir málningarpenslar, blýantar og verkfæri á röngum stöðum og verkefni nemenda annarstaðar en í skáp þeirra eða á þurrkhillunum. Nemendur voru þá að koma sér undan verkefnum með því að láta hlutina úr auglýsni kennarans. Úr þessu þarf að bæta. Á næsta ári verður búið til vissar vinnuþætti þar sem hver og einn nemandi fær eitthvað vissar verkefni á þessum frágangstíma. Gert verður ráð fyrir 20 mínútum í frágang í fyrstu kennslutímum á meðan nemendur læra að ganga vel frá stofunni. Þessi tími verður svo stytur eftir því sem frágangsvinnan þeirra verður markvissari en 10 mínútur í frágang á að vera yfirdrifið nóg. Mikilvægt er að nemendur temji sér að ganga vel um og sýni eignum skólans og verkefnum annarra virðingu.

Leikræn Tjáning

Þennan veturinn var unnið með grunnþætti leiklistarinnar. Byrjuðum við á að búa til traust innan hópsins og gott umhverfi og gerðum sáttmála um að allir fengju að vera þau sjálf, burt með feimni og allir jafnir. Ég vann aðallega með eftirfarandi æfingar: Upphitunaræfingar, traustæfingar, framsögn, einbeitingaræfingar, spunavinnu, slökunaræfingar, athyglisæfingar, látbragðsleik.

Ekki voru gerðar sérstakar kröfur á að nemendurnir myndu sýna í lok smíðjutímabilsins. Það kom þó einu sinni fyrir hjá 6-7 bekk yfir veturinn. Í 2. og 3. bekk var ekki farið eins djúpt í æfingarnar en fengu þau þó smjörþefinn af þeim.

Myndmennt

Í upphafi annar setti kennari inn markmið og áætlanir inn í mentor sem áttu að vera sýnileg foreldrum. Þessar áætlanir tóku breytingum á tímanum þegar kennari sá hvað virkaði og hvað virkaði ekki. Í grunninn stóðust markmiðin að mestu leyti.

2. -3 bekkur. Hóparnir 5 sem komu í vetur voru eins misjafnir og þeir voru margir. Sömu markmið voru lögð fyrir en afrakstur var æði misjafn og var mjög lærdómsríkt og skemmtilegt að sjá hvað ólík vinna kom frá hverjum hópi. Mikil áhersla var lögð í einstaklingsupplifun og að efla frumkvæði. Í heildina litið gekk þetta mjög vel og voru nemendur yfirleitt mjög jákvæðir og iðnir.

4. -7. bekkur. Fyrst í stað óttaðist kennarinn að kennslulotan væri of löng en með tímanum kom það í ljós að 100 mínútur henta mjög vel. Þá er hægt að gefa sér góðan tíma í innlögn, sköpunina sjálfa og síðan fráganginn. Nemendur voru mjög meðvitaðir um verkefni sín og lögðu sig fram um að ljúka við vinnu sína og ganga vel frá verkum sínum. Hóparnir innan þessa árganga voru líka mjög ólíkir og er gaman og hollt fyrir okkur kennara að sjá hvað nemendur eru ólíkir og hvað þeir nálgast viðfangsefni á misjafnan hátt. Nemendur þessara árganga voru upp til hópa jákvæðir og duglegir. Einn hópur var í myndmenntavali á unglingastigi og gekk það í heild sinni vel. Það var mjög lærdómsríkt að umgangast nemendur sem hafa valið sér áfangann af áhuga og voru vel að sér í ýmsum þáttum og svo annarsvegar að umgangast þá sem völdu þetta bara til að velja eitthvað og héldu að þetta yrði auðvelt og létt. Sumir náðu að ljúka mörgum verkefnum á meðan aðrir gerðu lítið sem ekkert. En það sem kennarinn lærði af vetrinum í valinu, var að hann þarf að fylgja verkefnum betur eftir og láta nemendur setja sér skýrari markmið. Myndmenntakennara er það mikið hjartans mál að verkefni séu aðgengileg nemendum og að nemendur fái frelsi til að leysa verkefni á sínum forsendum. Það er mjög gefandi og skemmtilegt vinna að kenna og kynnast öllum árgöngum skólans. Innbyrðis voru allir hópar ólíkir og það gerir vinnuna svo skemmtilega að sama viðfangsefni er leyst á svo margbreytilegan hátt. Nánast

undantekningarlaust gekk vel með alla nemendur og var leitast við að koma til móts við þá. Upplifun myndmenntakennarans er sú að nemendur hafi upp til hópa verið ánægðir. Aðstaða er mjög góð og hefur verið ánægjulegt að vera við hlið textílkennarans. Það vantar aðeins upp á borðpláss fyrir kennarann inn í myndmenntastofunni. Hefur verið um það rætt að fá langt borð upp við vegginn þar sem hægt er að leggja hluti frá sér og skera pappír og annað slíkt. Stólarnir eru frekar óþægilegir fyrir yngstu nemendurna þar sem nemendur eru svo léttir að þeir geta ekki lækkað stólinn sinn. Einnig eru stólseturnar svo sleipar að börnin renna auðveldlega af þeim. Setja þarf stama mottu í sætin svo nemendur renni ekki af.

Textílmennt

Markmið og áætlun var gerð fyrir veturinn fyrir hvern námshóp fyrir sig. Strax þegar byrjað var að kenna fyrstu hópunum var augljóst að grunnur nemenda var ekki nógu góður, endurskoða þurfti markmið og einfalda verkefni í 4.-5. bekk og 6.-7. bekk en markmið fyrir nemendur í 2-3 bekk héldu sér. Hver hópur fyrir sig vann eitt til tvö skylduverkefni, þessi skylduverkefni voru þannig gerð að hver og einn útfærði það á sinn hátt og varð útkoman aldrei eins, en voru nemendur samt sem áður að vinna að sömu markmiðunum. Mjög mikilvægt er að leyfa þeim að skapa og þróa verkefni sín sjálf, ef þau fá tækifæri til þess eru meiri líkur á því að áhugi sé fyrir verkefninu og sköpunarþörf nemenda fær að njóta sín. Sérstaklega var gaman að fylgast með vinnu nemenda sem finnst frekar óspennandi í textílmennt, sjá þau skapa ótrúlega flotta hluti og hafa gaman af. Ef nemendur kláruðu skylduverkefni tímalega fengu þeir að vinna að aukaverkefnum, yfirleitt þurfti kennari ekki að skipta sér mikið af verkefnavali nemenda, nemendur voru ótrúlega frjóir og skapandi og vissu nákvæmlega hvað þeir vildu gera. Lögð var mikil áhersla á umgengni og frágang, misjafnt var eftir verkefnum og hópum hvað fór langur tími í frágang en yfirleitt um tíu mínútur. Hvert borð í stofunni er merkt eftir litum og áhöldin í stofunni líka, frágangurinn var því mjög einfaldur, hvert borð gekk frá öllum þeim áhöldum sem voru með sama lit og borðið þeirra. Byrjað var á því í fyrstu hópunum að hafa tvo umsjónarmenn í hverjum tíma, en þegar leið á kom það í ljós að ekki var nauðsynlegt að skipa þá, þar sem umgengnin var góð og ekki nauðsynlegt að hafa neina aukamenn á kantinum í tiltekt.

Textílmenntaval var kennt í fyrsta skipi í Naustaskóla og voru sex nemendur í áfanganum. Frábært var að fá að halda inni þessum valáfanga með svona fáa nemendur.



Nemendur fengu frjálsar hendur með verkefnavali svo framarlega að það var ekki of kostnaðarsamt fyrir skólann eða of flókið fyrir nemandann sjálfan miðað við grunn og þekkingu hans. Nemendur voru mjög sáttir með áfangann og höfðu bæði gagn og gaman af sem og kennarinn sem lærði heilan helling af þessari kennslu. Miklar vangaveltur eru um hvort ætti að kenna fleiri þætti og þá í prufuformi eins og tíðkast í öðrum skólum. Gallinn á þessu fyrirkomulagi er óneitanlega sá að áfanginn yrði ekki eins skemmtilegur en hugsanlega meiri lærdómur sem skilaði sér. Að búa til prufur er klárlega ekki mjög spennandi og nemendur skila litlu af sér sem er eitthvað notagildi í. Engin sýnishorn af verkefnum eru í stofunni, þar sem oft á tíðum nemendur keppast við að gera eins flott og kennarinn, velja sömu

liti, munstur, stærðir og lögun. Með þessu móti tel ég að sköpunarferlið sé meira og hver hlutur þar af leiðandi einstakur. Veturinn gekk vonum framar og agamál má telja á fingrum annarrar handar. Svæðið kom líka skemmtilega á óvart og nýttist mjög vel og



sérstaklega gaman að hafa stofurnar svona samliggjandi og hafa myndmenntakennarann sér við hlið.

Tónmennt

2. og 3.bekkur. Í upphafi vetrar var sett saman nákvæm námsáætlun sem náði yfir þær 7 vikur sem hver smíðjuhópur er í tónmennt. Fljótlega kom það í ljós að það borgar sig ekki að vera með of mörg markmið. Tímarnir gengu þó vel og það tókst að láta nemendur vinna vel og vekja áhuga þeirra á hljóðfærum og tónlist. Rík áhersla var lögð á að nemendur læri að umgangast tónmenntarstofuna vegna þess hve búnaður þar er dýr. Nemendum var til að mynda ekki leyfilegt að snerta hljóðfæri án þess að hafa til þess leyfi. Áhersla var lögð á að láta nemendur prufa hljóðfæri, slá takt og hlusta á íslenska tónlist. Allir smíðjuhóparnir skiluðu einu stóru verkefni í lok hvers smíðjutímabils. Það var lag sem var tekið upp og búið til myndband við. Verkefnið reyndist mjög vel og krakkarnir höfðu gaman að því. Hvað tónfræðina varðar þá voru teknir 4-5 tímar með hverjum hóp. Það gekk vel og þeim tókst að spila einfalt lag eftir nótum. Réttilega má benda á að það að hljóðfærin í stofunni eru ekki nægilega mörg og því hefur áhersla verið lögð á nútímatónlist. Einnig eru nokkur hljóðfæri úr sér gengin. Skólinn á þó bekkjarsett af minni gíturum sem gæti verið spennandi að nýta í framtíðinni. Hvað varðar námsmat þá var hver og einn nemandi metinn út frá þeim markmiðum sem hann átt að hafa lokið. Vinnusemi, ábyrgð og tjáning í tímum voru einnig stór hluti námsmats og stóðu margir hverjir sig vel þar.

6-7.bekkur. Fyrir áramót kom 6.bekkur í tónmennt einu sinni í viku. Hópurinn var kynjaskiptur og gekk það prýðilega. Lögð var áhersla á að kynna nemendum fyrir tónlistarstefnum heimsins og sögu tónlistar á 20.öldinni. Námsfni voru spurningarleikir, Hljóðspor og netið. Eftir á að hyggja mátti leggja meiri áherslu á söng og hljóðfæraleik. Eftir áramót kom 7.bekkur einu sinni í viku. Þar voru sömu áherslur og í 6.bekk en með meiri söng og hljóðfæraleik. Nemendur voru metnir út frá verkefnum sem þeir skiluðu inn úr bókinni Hljóðspor, fyrir vinnusemi og tjáningu í tímum.

4.-5.bekkur. Bekknum var skipt í fjóra hópa. Hver hópur kom hálfsmánaðarlega í tónmennt. Í tímanum var lögð áhersla á að nemendur væru að leika sér með hljóðfæri og tónlist almennt. Til þess var notað forrit sem heitir Garage Band og leyfir það börnunum að skapa og breyta tónlist. Tónfræðin var aðeins rifjuð upp og nemendur lærðu að halda takti í lögum og syngja með. Vinnusemi, sköpun og tjáning voru aðal námsmatsþátta og gekk það virkilega vel að fá nemendur til þess að vinna í tímum.

Áhugasvið

Áhugasvið var kennt á unglingastigi, einu sinni í viku, í 80 mínútur í senn. Í upphafi skólaárs fór allt mjög vel af stað. Nemendur völdu hvort þeir vildu vinna einstaklingsverkefni eða í samstarfi við aðra nemendur. Nemendur skrifuðu niður hugmyndir sínar af verkefnum, bjuggu til markmið sem þeir vildu ná með þessu verkefni og gerðu verkáætlun. Þetta vinnulag datt því miður upp fyrir. Nemendur gáfust margir upp á verkefnunum sínum og skiptu um verkefni. Hugmyndin var að nemendur myndu halda utan um verkefnin sín sjálf en kennararnir væru þeim til halds og traust. Taka skal fram að sumir nemendur stóðu sig mjög vel og kláruðu mörg verkefni. Samt þarf að huga betur að skipulagningu áhugasviðsins. Kennararnir þurfa að vera með puttana meira í hlutunum og fylgja verkefnum nemenda betur eftir. Sumir nemendur komust upp með að gera hér um bil ekkert allt árið. Nemendur voru lesnir upp í heimakrók og eftir það áttu þeir að fara á þau svæði sem þeir voru að vinna verkefnin sín. Kennarar voru ekki með neina lista yfir það hvaða nemendur áttu að vera hjá þeim hverju sinni. Koma þarf upp einhverju kerfi svo að enginn nemandi týnist því kennarar hafa ekki tækifæri á því að leita að nemendum um skólann. Ef nemendur mæta ekki á sín svæði eftir nafnakall, breytist mætingin í fjarvist. Hægt væri að setja áhugasviðið

upp í einhverskonar lotur þannig að hvert námskeið, þema og verkefni tæki 4-7 vikur. Áhugasviðið var of fast í þeim námsgreinum sem list og verkgreinakennararnir kenna dags daglega. List- og verkgreinateymið saman stendur af mjög fjölhæfum einstaklingum sem hafa gaman af því að takast á við ný verkefni. Ýmsar hugmyndir eru komnar á kreik: Fara í vettvangsheimsóknir og skila einhverri skýrslu um það. T.d. sláturhúsið á haustin, N4. Gera einhvern samning við Vinnumálastofum, Akureyrarbæ eða önnur fyrirtæki og leyfa nemendum að kynnast ýmiskonar vinnu. Hugmyndin er að þetta sé ekki bein fyrirhöfn fyrir fyrirtækin heldur frekar auka vinnuafli í 2-3 skipti. Skreyta glugga t.d. hjá Pennanum fyrir jól, páska, Andrésar andarleikana, haustþema, vorþema. Grisja í Naustaborgum eða í Kjarnaskógi, taka með sér einhvern efnivið og vinna með hann. Tálga, flétta körfur úr greinum. Vinna með eitthvað þema. t.d. náttúruna og umhverfið, útbúa matjurtargarð/kartöflugarð af vori, láta kartöflur spíra og setja þær niður og taka upp að hausti. Bílar: Skoða vélina. Hvernig á að skipta um dekk og olíu. Hestöfl og tegundir. Ritun og vettfangsferðir. Fara á verkstæði, VMA, bílasölu. Auka virðingu fyrir listgreinum og fara með nemendur á listasýningar og skoða verkgreinadeildirnar í VMA. Vísindatilraunir væri hægt að vinna með nemendum t.d. með slím, þurrkan ís, eggjaskurnarlaust ósoðið egg, eldfjall sem gís/rýkur upp úr.

Þemaverkefni

Þriðjudagsmorgna í vetur tók verkgreinateymið þátt í þemarúllu með umsjónarkennurum skólans. Kennsla fór fram í tvær klukkustundir, misjafnt var eftir teyminum hvenær sú vinna byrjaði á morgnana. Skipulagningin gekk almennt vel fyrir sig og kennarar flestra teyma virtust vera ánægðir með fyrirkomulagið. Við komum inn í eins og aukakennari og hóparnir gátu fyrir vikið verið minni. Í 2. -3. bekk var skipulagið frábrugðið að því leyti að þau voru ekki í þema á sama tíma og við, þetta fannst okkur óþægilegt og við nýttumst ekki nægilega vel. Við þurftum að koma inn á svæðið og trufla kennarana við kennslu þegar við vorum að ná í krakkana. Betra er eins og aðrir árgangar í húsinu að vera í þema á sama tíma. Þar sem engin þemarúlla var tilbúin haustið 2012 og teymin ekki búin að setja niður þemu, gátum við ekki undirbúið okkur langt fram í tímann. Kennarar voru stundum svolítið óöruggir og vissu stundum ekki fyrr en á föstudegi hver kæmi til þeirra á þriðjudegi og skipulagning gat hafist. Skipulagsfundir voru á hverjum föstudegi þar sem reynt var að verða við óskum hvers



teymis fyrir sig. Okkur verkgreinakennurum finnst þessi þemaverkefni bjóða upp á mikla möguleika og samþætta námsgreinar meira saman. Verkgreinakennarar eru tilbúnir til að kenna hluti sem ekki tilheyra endilega grein hvers og eins en kennarar skólans eru mjög fastir í því og voru oft að óska eftir hinum og þessum kennurum en í raun skiptir á það ekki að skipta neinu máli hver kemur heldur bara að nýta það vinnuafli sem býðst í það sem þarf að gera hverju sinni.

Vettvangsferðir og uppákomur

Árshátíð

Verkgreinateymið tók að sér að sjá um utanumhald fyrir árshátíð skólans. Árshátíðin var haldin í fyrsta skipti á nýjum sal skólans. Árshátíðin var haldin 7. mars, þrjár sýningar kl. 15.00, 17.00 og 19.00. Kaffihlaðborð var á milli og á undan sýningum. Kaffihlaðborð þarf að skipuleggja betur, skipta þarf tegundum á milli fólks svo að ekki verði bara skúffukökur og engir heitir réttir. Settar voru upp tímasetningar fyrir æfingar



á sviði í árshátíðarvikunni og reynt að verða við óskum hvers teymis fyrir sig. Generalprufan var engan veginn eins og aðalæfing. Það þarf að vera skýrt að síðasta æfingin fyrir árshátíðina þarf að vera alvöru. Það er ef til vill of mikið álag að vera með aðalæfinguna á árshátíðardegi. Kannski er ekki vitlaust að hafa aðalæfinguna á miðvikudegi svo hægt verði að slaka á morgni árshátíðardegi og kippa í liðinn því sem fór úrskeiðis á generalprufunni. Maturinn á árshátíðardaginn var afleitur. Tryggja þarf að máltíð þess dags standi bæði með börnum og starfsfólki. Makkarónugrautur er ekki staðgóð máltíð. Starfsfólk yrði mjög þakklátt ef boðið yrði upp á hressingu þennan dag. Svolítið súrt að vinna allan daginn, borða makkarónugraut og greiða svo fyrir kaffið. Póstur til heimilanna varðandi árshátíðina þarf að vera skýrari og koma tímanlega. Betri upplýsingar hvað varðar kaffiveitingar og hvert aðgangseyrir rennur. Umgjörð árshátíðarinnar, skreytingar í skólanum, sviðsmyndir, hljóð og mynd sáu verkgreinakennarar alfarið um. Uppsetning á árshátíðardegi, skipulag á hverri árshátíð fyrir sig og sýningarstjórnun. Virkja þarf í framtíðinni nemendur á unglingastigi betur til að taka þátt og að þau beri meiri ábyrgð í framtíðinni og að við séum að vinna þetta verkefni saman. Verkgreinakennarar buðu sig ekki fram í leikstjórn eða slíka hluti og gætti einhvers misskilnings þar, kennarar skólans verða þó svo að áhugi sé ekki fyrir hendi að leggja þessa vinnu á sig því að hún er mikilvægur þáttur í skólastarfinu okkar.

Litlu jól

Verkgreinateymið tók að sér að sjá um skipulagningu jólatrésskemmtunarinnar. Fenginn var atvinnupíanóleikari til að sjá um undirspilið. Nemendur í 8-10 bekk fóru síðan inn á svæði nemenda í 1. – 3. bekk og fengu ákveðna nemendur til að sjá um á ballinu. Nemendum var síðan raðað í kringum jólatréð á skipulagðan hátt. Einnig voru fengnir atvinnujólasveinar á svæðið og teljum við það mjög mikilvægan þátt og ekki góður kostur að spara peninga þar. Passa þarf upp á tímann, jólasveinarnir komu of seint og ballið dróst á langinn - var langt og reyndi á þolinmæði nemenda.

Vorþemadagar

Skipulag vorþemadaga var í höndum verkgreinateymisins. Nemendum skólans var skipt í tvo hópa, annan daginn voru nemendur á skólalóðinni en seinni daginn fóru þeir upp í Kjarnaskóg. Nemendur í 1., 2., 5., 6. og 10. bekk voru saman í hóp og voru þessi árgangar valdir saman þar sem um nýja námshópa var að ræða fyrir næsta vetur. Nemendur í 10. bekk voru hópstjórar og báru ábyrgð á hópnum sínum og þá sérstaklega nemendum 1. bekkjar. Á skólalóðinni voru fjórtán stöðvar þar sem leitast var eftir því að hafa fjölbreytnina sem mesta, hver stöð var 13. mínútur. Verkgreinakennarar voru búnir að skipuleggja hverja stöð fyrir sig, taka til og kaupa það sem þurfti þannig að stöðvarstjórar þyrftu ekki að redda neinu, gengju bara að sinni stöð og hefðu gaman. Nemendur í 3., 4., 7., 8. og 9. bekk fóru síðan saman upp í Kjarna. Kennarar hvers bekkjar fyrir sig ákváðu hvort var hjólað eða gengið. Í Kjarna var gengið út frá því að þeir sem færu með hópana í Kjarnaskóg myndu skipuleggja leiki og uppákomur. Grillaðar voru pylsur handa nemendum áður en farið var heim.

Námsmat

Námsmöppur

Á þessu skólaári fóru sjálfsmatsblöð í námsmatsmöppur nemenda við smiðjuskil. Í heimilisfræði fóru nemendur heim með uppskriftamöppu.

Á næsta ári hafa verkgreinakennarar rætt um að láta einhver slík blöð í námsmatsmöppurnar en yfir allan veturinn verður búið til þar til gert verkgreinakver. Þetta verkgreinakver fylgir nemandanum í allar verkgreinarnar yfir skólaárið og í það safnast saman eitthvað úr hverri smiðju. Þetta kver er síðan hægt að setja í sýnismöppuna. Hugmyndir komu upp um að prentaðar yrðu út svart- hvítar myndir af verkefnum og/eða nemendum og þær litaðar með trélitum til að spara blek kostnað

skólans. Myndmenntakennari hefði mátt nýta sér sýnismöppu mun betur en eingöngu settu nokkrir krakkar í valinu myndir í hvítu sýnismöppuna.

Námsmat

Kennarar gáfu leiðsagnarmat við hver smiðjuskil þar sem gengið var út frá eftirfarandi atriðum: **Frammistöðumati** þar sem hugað var að námsferlinu og afrakstri námsins með hjálp þar til gerðra gátlista. Áhersla var lögð á að bæta námið og hjálpa nemandanum við að ná tilsettum markmiðum. **Sjálfsmati** þar sem nemendur mátu eigin vinnu og verkefni út frá markmiðunum á þar til gerðum sjálfsmatsblöðum.

Leiðsagnarmati þar sem kennari mat nemandann jafn óðum og hann leiðbeindi honum og **lokamati** þar sem afurð verklegrar og skriflegar vinnu var metin. Notaður var kvarðinn A, B, C, D. Nemendur fengu einnig skriflegar umsagnir frá kennara

Ný aðalnámskrá/hvernig var unnið með hana/hugmyndir f. næsta ár

Verið er að vinna í nýrri aðalnámskrá grunnskóla og til að fylgja henni eftir þurftum við að vinna ný markmið fyrir hverja list- og verkgrein. Unnið var að því í vetur og er ætlunin að setja markmið þessi inn í mentor, þar sem foreldrar geta fylgst með og munu kennarar haka við þau markmið sem nemendur hafa náð hverju sinni. Það er mjög gott fyrir okkur sem kennara að hafa unnið að markmiðum sem þessum, að hafa þau skýr og hnitmiðuð og auðveld til eftirfylgni. Samfara þessari nýju aðalnámskrá var okkur uppálagt að notast við ABCD kvarðann en sjá nánar hér að neðan.

Mat og tillögur til úrbóta

List- og verkgreinakennarnir eru sammála um að það námsmatsfyrirkomulag sem er núna á mentor, henti ekki nægilega vel fyrir þessar greinar. Að gefa bókstafi og að hafa u.þ.b. 3 línur fyrir umsögn er of lítið til þess að koma einhverju á framfæri. Ef einungis er eitthvað leiðbeinandi sett inn í þessar þrjár línur, virkar námsmatið neikvætt á nemendur og foreldra og verður því ekki hvetjandi til aukins árangurs í námi.

Kennararnir vilja gefa góða og leiðbeinandi umsögn til nemenda við hver smiðjulok. Ef sú umsögn telst of löng á leiðsagnarmatsblaðið er möguleiki að setja umsögnina í námsmatsmöppuna við smiðjuskil. Auk þess vilja verkgreinakennararnir gefa nemendum við lok 4., 7. og 10. bekkjar bókstafina ABCD en ekki í öðrum árgöngum.

Samstarf teymis

Teymið hittist alla þriðjudaga og sá hluti teymis sem er vinnur með þemarúlluna hittist líka á föstudögum. Teymi þarf að koma sér upp verklagi og setja niður dagskrá fyrir þriðjudagsfundi t.d fara yfir nemendahópa við smiðjuskil. Samstarf hefur gengið vel og engin átök hafa komið upp.

Samantekt

Gera þarf verkgreinum hærra undir höfði. Það væri gaman að sjá sýningu á þeim verkum sem nemendur hafa gert, við hver smiðjuskil. Þá er líka upplagt að umsjónarkennarar bjóði upp á eitthvað á sínum svæðum á sama tíma t.d. námsmatsmöppur verði til sýnis eða afhentar, þemasýningar eða bara að foreldrar geti kíkt við á venjulegum skóladegi barna sinna. Starfsfólk þarf að vera meira samstíga á uppbrotsdögum og það þarf að gera sér grein fyrir að það sé mjög mikilvægur hluti af skólastarfinu. Við erum að skapa hefðir og venjur skólans. Skólastjórnendur mættu vera sýnilegri á svæðunum og kíkja oftar við. Þeir gætu t.d tamið sér að sjá um að mynda skólastarfið og passa að það sé sett jafn óðum inn á heimasíðu skólans. Lítið vinnuherbergi er inn af myndmennta og textílstofu og þar höfðum við list og verkgreinakennarar aðstöðu. Smíða, myndmennta og textílkennari sátu þar lon og don og kíkti heimilisfræðikennari þangað við og við ásamt tónmenntakennara. Gaman væri ef allir þessir kennarar gætu verið saman í vinnuherbergi og unnið saman að allskyns málum. Til þess að við hittumst nú öll á einum stað var einn dagur í viku tekinn frá í umræður og ákvarðanir. Kennarar í dans og leiklist komu líka á þessa fundi og var íþróttakennurum uppálagt að gera það líka. Samstarfið gekk í það heila mjög vel.

Reyndar söknuðum við fleiri teymisfunda með skólastjóra. Upplýsingar varðandi nemendur verða að vera skilvirkari og komast alla leið til okkar. Við þurfum að vera skipulagðari varðandi fundargerðir teymisfunda, hafa fundaritara, setja upp dagskrá og þess háttar. Má segja að teymið sé skipt í þrjá hópa. Í fyrsta lagi íþróttakennara, í öðru lagi dans og leiklist og að síðustu tónmennt, textíl, sjónlist, smíðar og heimilisfræði. Að lokum: Gæta þarf þess að þeir sem fá hluti lánaða úr verkgreinastofum skili þeim tilbaka. Einnig þarf að láta vita ef eitthvað er tekið því það kom fyrir oft en einu sinni að hlutir voru horfnir úr þessum skólastofum sem nota átti í kennslu þann daginn. Ekki þægileg aðstaða þar sem bæði nemendur og starfsfólk skólans á að hlut. Munum svo að hrós getur dimmu í dagsljós breytt.

Skýrsla iðupjálfa og þroskajálfa

Skýrsla þroskajálfa Þroskajálfar eru fagstétt sem sérstaklega hefur menntað sig til að starfa með fólki á öllum aldri sem býr við hverskonar skerðingu. Í siðarreglum þroskajálfa segir m.a. að þroskajálfi eigi að beita fagþekkingu sinni í því skyni að bæta lífsskilyrði og lífsgæði skjólstæðinga sinna. Virðing og umhyggja skal vera grunnur í starfi þroskajálfa. Lögð er áhersla á að allir geti lært, því þarf að laga umhverfi að hverjum og einum og er það aðal verkefni þroskajálfa í Naustaskóla. Tveir nemendur voru í málörvun í vetur einnig hefur þroskajálfi komið að lestarkennslu í 1.bekk með bekkjakennurum. Hef veitt stuðning fyrir nýbúa. Kennslan hefur farið fram í gegn um leik.

Skýrsla iðjupjálfa

Í iðjupjálfun felst sérþekking á daglegri iðju mannsins. Þá er átt við allt sem fólk innir af hendi í daglegu lífi í þeim tilgangi að annast sig og sína. Fyrir nemendur okkar er skólinn iðja sem þau eru í stóran hluta dagsins. Þó það virðist sjálfsagt og einfalt fyrir flesta, þá getur það verið erfitt og verkefnið jafnvel ófyrstíganleg fyrir marga nemendur sem ekki hafa þroskast með sama hætti og flestir. Þessir krakkar þurfa gjarnan á iðjupjálfun að halda því þau vilja verða betri í einhverri iðju eins og að reima skó, nota skeið, skrifa, vinna hópavinnu og eiga árangursrík samskipti við skólafélaga sem og aðra. Iðjupjálfun snýst því um að efla og viðhalda færni barna í athöfnum sem eru mikilvægar fyrir þau. Börn koma í iðjupjálfun til að þeim t.d. gangi betur í skóla eða með að eiga samskipti við vini sína og fjölskyldu. Lögð er áhersla á að þjálfun fari fram í gegnum leik.

Samstarf þroskajálfa og iðjupjálfa

Í vetur höfum við unnið náið saman við allskyns skipulagningu. Unnið var við að skipuleggja námsumhverfi – gera sjónrænt skipulag (stundatöflur), fyrirmælaspjöld, ásamt því að búa til ýmis námsgögn. Einnig gerðum við einstaklingsáætlanir í samstarfi við kennara. Nemendafundur var með hverju teymi einu sinni í viku í vetur. Rætt um þá nemendur sem gengur illa að finna sig í skólastarfinu. Reynt var að vinna úr þessum fundum með vikulegum fundum með Bryndísi deildarstjóra eins og kostur var á. Einnig vorum við með ráðgjöf til teymanna um fatlanir. Félagshæfni var stór þáttur í okkar starfi í vetur. 55 nemendur frá 2- 7 bekk voru í félagshæfnihópum 6-8 í hverjum hóp. Aðallega var notast við verkefni úr jákvæðum aga og snillingunum í þessum tímum. Einnig höfum við notast við CAT til þjálfunar í félagslegum samskiptum

Samantekt: Í byrjun vetrar var flutt í nýtt húsnæði. Vinnuaðstaða þroska- og iðjupjálfa var ekki tilbúið og vorum við því á vergangi fyrstu vikunnar. Í lok ágúst fengum við loks vinnuaðstöðu. Gott var að hafa sér vinnuaðstöðu þar sem við gátum rætt um nemendur án truflunar og höfðum aðstöðu til að bjóða nemendum til okkar ef þess

þurfti. Nemendafundur með teyminum gengu vel og reyndum við að koma við móts við óskir kennarana. Sum teymi gáfu sér ekki tíma fyrir nemendafundi fyrr en seinni part vetrar. Ekki gekk að funda með teymi 8-10 bekkjar vegna tímaskorts. Erfitt var að ætla okkur að funda með hverju teymi þar sem við vorum aðeins í 80 % vinnu – þarf að skoða hvort þurfi að funda í hverri viku og spurning hvort önnur hver vika væri ekki nóg. Alltaf er hægt að gera betur við að skipuleggja starf iðju- og þroskaþjálfna í grunnskólum. Of mikil tími fór hjá okkur t.d í félagshæfnihópana og kom það niður á öðrum verkefnum. Stór hluti af undirbúningi okkar fór í að búa til sjónrænt skipulag, ýmiskonar fyrirmæli og námsgögn og það var grátlegt ef kennarar gáfu sér svo ekki tíma til að nota það sem búið var til. Við teljum að samstafið hafi verið gott en gott væri að endurskoða starfslýsingu og kynna hana fyrir kennurum svo þeir viti hvert þeir eigi að leita og hvernær.

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Aðalheiður Skúladóttir náms- og starfsráðgjafi er í 100% starfi námsráðgjafa við Naustaskóla, en sinnir einnig öðrum verkefnum. T.d. situr hún í valgreinanefnd grunnskóla Akureyrar, hefur haldið utan um nemendaráð skólans í vetur auk þess að leggja fyrir nemendur Skólapiðsinn o.fl. Einnig hefur námsráðgjafi haldið utan um félagslíf og fjáröflun 10. bekkjar auk samskipta við félagsmiðstöð. Námsráðgjafi fór í skólaferð að Reykjum með 7. bekk í viku og skólaferðalag með 10. bekk nú í vor í 4 daga.

Ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa er öllum opin, jafnt nemendum sem foreldrum. Námsráðgjafi hefur ekki fastan viðtalstíma heldur eru viðtöl bókuð skv. samkomulagi. Viðvera námsráðgjafa er alla daga frá 8-16. Námsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda og er bundinn þagnarskyldu. Hann vinnur skv. starfslýsingu fyrir námsráðgjafa sem starfa við grunnskóla Akureyrar.

Helstu verkefni námsráðgjafa eru m.a.:

- að veita nemendum ráðgjöf varðandi nám, námstækni, námsvenjur, félagsleg- og persónuleg vandamál
- að auka skilning nemenda á eigin stöðu þannig að þeir meti raunhæfan máta möguleika varðandi nám og störf.
- að aðstoða nemendur við að gera sér grein fyrir áhugasviðum og hvetja þá til sjálfsábyrgðar og stefnufestu.
- að safna og miðla upplýsingum um nám og störf og að undirbúa nemendur undir flutning milli skóla og/eða skólastiga.
- að hjálpa nemendum við að leita sér aðstoðar innan og utan skólans.
- Námsráðgjafi situr í nemendaverndarráði skólans.

Nýir nemendur

Námsráðgjafi hefur reynt að hitta nýja nemendur og fylgst með hvernig félagsleg tengsl þeirra þróast í nýjum skóla.


Starfið

Mikið var unnið að samskiptamálum og unnið var að fjórum eineltismálum í vetur sem virðast nú í góðum farvegi.


Tengslakannanir voru lagðar fyrir einu sinni til tvisvar í hverjum bekk og unnið úr þeim eins og hægt var. Námsráðgjafi sá um það og kynnti niðurstöður fyrir umsjónarkennurum.

Skólaárið 2012-2013 voru 81 einstaklingar í viðtölum, drengir 49 og stúlkur 32, auk þess vann námsráðgjafi með nokkra hópa og þá sérstaklega vegna samskiptavandamála. Heildarfjöldi viðtala var 673 auk þess sem námsráðgjafi átti 221 viðtöl við foreldra nemenda bæði ráðgjöf og upplýsinga viðtöl.


Nemendur




Heimsóknir - fjöldi



Nemendur 1. - 7. bekk



Nemendur 8. - 10. bekkur



Náms- og starfsráðgjafi sat fasta fundi í hverri viku í nemendaverndarráði. Einnig fundaði hann með öðrum náms- og starfsráðgjöfum grunnskóla Akureyrarbæjar mánaðarlega ásamt því að sitja reglulega fundi með forvarnarfulltrúa bæjarins. Fundað var einnig með námsráðgjöfum MA og VMA.

Náms- og starfsráðgjafinn hafði einnig yfirumsjón með verkefninu „Mentorverkefnið vinátta“, og „Dúddaverkefninu“ og öllu er kom að nemendum í starfstengdu námi en í vetur voru fjórir nemendur í Naustaskóla í starfstengdu námi. Sat fundi hvað þessi verkefni varðaði, heimsótti vinnustaði og fylgdist með framgangi mála. Var einnig með umsjón yfir innanskólavali sem heitir starfsnám í skóla.

Fræðsla ýmskonar er einnig stór þáttur í starfi náms- og starfsráðgjafans. Flokkurinn fræðsla inniheldur þá fræðslu sem náms- og starfsráðgjafi fór sjálfur með inni bekk og þá fræðslu sem nemendur skólans fengu, hvort sem var innan eða utan hans.

Námsráðgjafinn var þó ekki viðstaddur alla þá fræðslu sem fram fór en hér fyrir neðan má sjá lista yfir fræðslu vetrarins.

Fræðsla sem boðið var uppá veturinn 2012-2013

1. bekkur: Námsráðgjafi kom inn með starfsfræðslu og nemendur unnu verkefni. Einning fengu nemendur fræðluna „Þetta er líkaminn minn“.

2. bekkur: Fékk fræðslu frá Blátt áfram er nefnist „krakkarnir í hverfinu“. Nemendur unnu verkefni að hausti um störf í fjölskyldunni.

3. bekkur: Námsráðgjafi sá um í samstarfi við hjúkrunarfræðing skólans fræðsluna „Leyndarmálið“. Nemendur unnu verkefni að hausti um störf í fjölskyldunni.

4. bekkur: Fékk fræðslu frá námsráðgjafa um að vera hluti að heild, framkomu og tillitsemi.

5. bekkur: Maritafræðslan kom með fræðslu á sal skólans með nemendum og foreldrum þeirra. Fékk fræðslu frá námsráðgjafa um að vera hluti að heild, framkomu og tillitsemi.

6. bekkur: Átti að fá fræðslu frá Sjóvá varðandi notkun hjálma og reiðhjóla en vegna misskilnings varð ekki að þeirri fræðslu.. Þau fengu fræðslu um fjölmenningu sem



forvarnarfulltrúi sá um. Einnig fékk þessi bekkur starfskynningu en þau fóru í heimsókn í Kexverksmiðjuna og unnu verkefni tengt því.

7. bekkur: Maritafræðslan kom í skólann sem og Aflið sem eru samtök gegn kynferðislegu ofbeldi. Einnig fékk 7 bekkur fræðslu frá Hinsegin norðurlandi. Að auki fékk þessi bekkur starfskynningu en þau fóru í heimsókn í Kexverksmiðjuna og unnu verkefni tengt því.

8. bekkur: Fékk einnig fræðslu frá Maritafræðslunni og Aflinu og auk þess fræðslu frá Sjóvá um vespunotkun og skylda hluti. Þau fengu einnig fræðslu frá Siggu Dögg kynfræðingi og var foreldrum þessara barna einnig boðið uppá fræðslu um mál tengd kynlífi og kynheilbrigði. Einnig fengu þau fræðslu um einelti er horft var á íslenska heimildarmynd um einelti. Nemendur fóru í starfskynningar einn dag en hver nemandi valdi sér starf til að kynna sér betur og unnu þau verkefni um það.

9. bekkur: Fékk fræðslu frá Maritafræðslunni, Hinsegin norðurlandi og umboðsmanni barna. Einnig fengu þau fræðslu frá jafnréttisstofu. Búið var að fá foreldra til að koma og kynna störf sín nú á vordögum en því miður gafst ekki tími í þá fræðslu.

10. bekkur: 10 bekkingar fengu fræðslu frá báðum framhaldsskólum bæjarins nokkrum sinnum, bæði ein og með foreldrum. Einnig fengu þau kynningu á útkomu áhugasviðskönnunarinnar Bendils, en allir 10. bekkingar í Naustaskóla fá að gangast undir áhugasviðskönnunina Bendil sem hjálpar þeim að velja braut þegar sótt er um í framhaldsskóla út frá áhugasviði hvers og eins. Foreldrum var boðið að koma og vera með þegar lesið var út úr Bendli og var meirihluti foreldra sem nýtti sér það. En þess fyrir utan fengu nemendur fræðslu frá Maritafræðslunni, umboðsmanni barna, Aflinu og Jafnréttisstofu. Þau fengu einnig forvarnarfræðslu um tölvunotkun. Til þeirra kom einnig starfsmaður frá stéttarfélagi og kynnti þeim réttindi sín og hvernig lesa ætti í launaseðla svo eitthvað sé nefnt. 10 bekkingar horfðu einnig á myndina Fáðu – Já og var tekin umræða í kringum hana. Einnig sáu þeir myndina Hipp hipp hóra og umræður tengda henni. Búið var að fá foreldra til að koma og kynna störf sín nú á vordögum en því miður gafst ekki tími í þá fræðslu.

Annað

Námsráðgjafi var einungis að kenna 2 tíma á viku sem gafst mjög vel, ég náði að sinna verkefnum vel að mínu mati í vetur en finnst mjög gott að koma að smá kennslu því það hjálpar til að mynda tengsl við nemendur. Ýmis önnur störf voru á hendi námsráðgjafa sem gengu vel en voru tímafrek. Tel að námsráðgjafi hafi sinnt námsráðgjafahlutfalli sínu vel.

Mat á skólastarfinu

Haustið 2012 var töluverður breytingatími í Naustaskóla. Um vorið þurfti að ráða rúmlega 20 nýja starfsmenn sem komu svo til starfa um haustið. Húsnæðið nærri tvöfaldaðist að stærð og skipuleggja þurfti þann hluta og koma fyrir nýjum búnaði auk þess sem endurskipuleggja þurfti eldra húsnæðið að töluverðu leyti. Þetta setti sitt mark á skólabyrjunina og í raun allt skólaárið því að breytingar af þessu tagi taka gríðarlegan tíma og orku frá öðrum verkum. Engu að síður erum við ánægð í lok skólaárs og teljum töluvert hafa þokast í mótun skólans. Áherslan í skólaþróuninni þetta árið lá töluvert í starfsháttum teymanna með það að markmiði að ná enn frekar fram þeim kostum sem í teymisvinnunni geta falist og skerpa á öllu verklagi í vinnu teymanna. Voru í því skyni teknar í notkun sérstakar verklagsreglur fyrir teymi sem voru þeim til leiðbeiningar. (Sjá fylgiskjal með skýrslunni) Önnur aðaláhersla vetrarins lá í áframhaldandi innleiðingu á Jákvæðum aga og teljum við okkur einnig hafa komist töluvert áleiðis í þeim þætti starfsins. Hér á eftir má finna samantekt og mat á því hvernig við teljum að



til hafi tekist og nokkrar tillögur sem fara inn í starfsáætlun næsta skólaárs sem viðfangsefni til úrbóta. Við mat á starfinu var stuðst við ýmis gögn sem safnað var allan veturinn og má þar helst telja:

- Gögn úr mentor.is, t.d. yfirlit yfir mætingar og forföll nemenda og starfsmanna, námsmatsgögn o.fl.
- Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk
- Niðurstöður starfsmannasamtala.
- Niðurstöður úr könnun Skólapúlsins meðal nemenda í 6.-10. bekk.
- Niðurstöður úr könnun Skólapúlsins meðal starfsmanna.
- Niðurstöður úr könnun Skólapúlsins meðal foreldra.
- Niðurstöður úr læsisprófum í 1.-3. bekk.
- Niðurstöður mats og úrbótatillagna í skýrslum teyma starfsmanna hér að framan.

Drjúgan hluta þessara gagna má finna á heimasíðu skólans á slóðinni

http://www.naustaskoli.is/page/matsgogn_skyrslur

Uppgjör á umbótatillögum ársins:

Helstu þættir sem settir voru fram í starfsáætlun ársins, og þar af leiðandi sem unnið var að varðandi úrbætur á skólastarfinu veturinn 2012-2013, voru eftirfarandi (Merkt með grænu lettri sem gekk eftir, gulu sem gekk eftir að hluta en rauðu sem ekki gekk eftir):

Námsaðlögun:

- Bæta þarf enn frekar yfirsýn foreldra varðandi námsstöðu nemenda. Þetta þarf að gera með aukinni notkun námsmarkmiða, birtingu markmiðanna og stöðu nemenda miðað við sett markmið á mentor.is Aukin tíðni skila á námsmöppum og söfnun verkefna og gagna í þær þannig að þær gefi foreldrum greinargóðar upplýsingar um það nám sem fram fer og stöðu nemenda.
 - **Ekki tókst að auka notkun námsmarkmiðanna á mentor. Hins vegar fór fram mikil vinna á skólaárinu við að endurskoða markmiðin með tilliti til nýrrar aðalnámskrár og er nú stefnt að því að þau verði tilbúin til notkunar næsta haust. Notkun á námsmöppum þróaðist hins vegar töluvert mikið og voru þær reglulega birtar foreldrum.**
- Vinna þarf að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla. Það snýr að vinnu með grunnþætti menntunar, lykilhæfnipætti og vinnu að markmiðasetningu og gerð hæfniviðmiða skv. nýjum greinanámskrám.
 - **Eins og að framan segir fór fram mikil vinna við gerð markmiða sem varðað geta leiðina að nýjum hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Þar að auki var töluvert fjallað um grunnþætti menntunar og lykilhæfnipætti, þessi atriði að nokkru kynnt fyrir nemendum og foreldrum og unnið með þau í kennslu upp að einhverju marki.**
- Varðandi endurmenntun verði unnið skv. endurmenntunaráætlun og áhersla að mestu lögð á sömu þætti og á undanförunum misserum þ.e. námsmat, Jákvæðan aga, námsaðlögun, Byrjendalæsi, Orð af orði, vinnu í teymi og mótun námssamfélags.
 - **Vinna skv. endurmenntunaráætlun gekk eftir að langmestu leyti.**

**Athvarf:**

- Skipuleggja þarf skólalóð með tilliti til leikja og kenna nemendum að nýta sér hana betur.
 - **Gekk eftir að nokkru leyti, útbúið var skipulag fyrir lóðina og leiðbeiningar fyrir gæsluaðila. Þetta þarf hins vegar að festa betur í sessi.**
- Nýta þarf gæðahringi enn betur til að kenna nemendum að leysa ágreiningsmál og styrkja þá til að finna lausnir á málum.
 - **Umtalsverðar framfarir í notkun gæðahringja, þó vantar enn nokkuð upp á að þeir uppfylli framangreind markmið að fullu.**
- Hrinda þarf í framkvæmd áformum um vinabekki.
 - **Gekk ekki eftir.**
- Vinna þarf að nánari útfærslu á því stefnumiði skólans að „skólinn sé miðstöð hverfisins“ enda gefa samkomusalur og mötuneyti aukna möguleika í þeim efnum.
 - **Gekk eftir að mjög takmörkuðu leyti. Nokkuð er um fundi og mannfagnaði í skólanum sem ekki tengjast skólastarfinu beinlínis en erfitt að halda því fram að skólinn virki sem miðstöð hverfisins.**
- Endurskoða þarf áhættumat fyrir vinnustaðinn skv. lögum og reglum um vinnuvernd m.t.t. stækkunar húsnæðisins.
 - **Gekk eftir.**

Umhyggja og virðing:

- Enn frekari þjálfun þarf fyrir starfsmenn um Jákvæðan aga, þjálfun í notkun bekkjarfunda, vinna þarf að aukinni samstöðu um gildi, viðhorf og framkomu við nemendur.
 - **Töluverð þjálfun fór fram og almennt virðast starfsmenn verða sífellt betur upplýstir um Jákvæðan aga og vinnu samkvæmt honum.**
- Móta þarf formlegar skólareglur fyrir skólann þar sem kveðið er á um viðbrögð við óæskilegri hegðun.
 - **Gekk ekki eftir, þessu máli er ekki lokið.**
- Sótt um að skólinn „komist á græna grein“, sett á stofn umhverfisnefnd og hafin vinna að því að öðlast Grænfánann.
 - **Gekk ekki eftir.**

Samvinna:

- Foreldrar séu hvattir enn frekar til að mæta í skólann og kennarar gefi þeim tækifæri til þátttöku í skólastarfinu, sérstaklega í kennslustundum.
 - **Nokkur fjölgun á uppákomum í starfinu þar sem gert var ráð fyrir þátttöku foreldra – sjá skýrslur kennsluteyma. Betur má þó huga að því að foreldrar fái skýr hlutverk þegar þeir koma í heimsókn í skólann.**
- Halda áfram þjálfun í vinnubrögðum teymisvinnu, nýta þá leiðtogaþæfileika sem finnast í starfsmannahópnum til forystu í ákveðnum verkefnum.
 - **Mótaðar voru og nýttar verklagsreglur vegna teymisvinnu, misjafnlega gekk eftir teyimum að koma þeim að fullu til framkvæmda en í lok vetrar teljum við að þær hafi tvímælalaust verið farnar að skila verulegum árangri. Einstökum starfsmönnum**



voru falin forystuverkefni en betur má sannarlega gera í þeim efnum.

- Halda áfram mótun námssamfélags skv. framkvæmdaáætlun þar um.
 - Þessi vinna hélt áfram en ekki nægilega markvisst og ekki náðist að leggja mat á þennan þátt með því matstæki sem skólinn býr yfir.
- Stofnsetja starfsteymi vegna agastefnu, námskrárgerðar, umhverfisstefnu o.fl.
 - Starfsteymi vegna markmiðavinnu störfuðu og skiluðu góðu verki. Ekki náðist hins vegar að stofnsetja vinnuhópa vegna annarra verka.
- Tryggja þarf að starfsmannafundir nýtist til að miðla upplýsingum um nemendur til allra sem þær þurfa.
 - Starfsmenn eru orðnir meðvitaðri um þetta og betur hefur gengið að koma upplýsingum á framfæri. Lengi má þó gera betur í þessum efnum.

Táp og fjör:

- Útikennslutími festur á kennsluskipulag hvers námshóps.
 - Gekk ekki eftir.
- Sérgreinakennarar vinni með kennsluteyimum að ákveðnum þemaverkefnum.
 - Gekk eftir og gafst í flestum tilfellum vel. Ekki er hins vegar útlit fyrir að við náum að halda þessu vinnulagi við, til þess þyrfti meira kennslumagn.
- Nemendaráð styrkt enn frekar í starfi, námsráðgjafi taki við umsjón með störfum nemendaráðs – tengsl við félagsmiðstöð efla og komið á auknu félagsstarfi fyrir miðstignemendur.
 - Gekk eftir.


Almennt mat og umbótatillögur

Hér á eftir er stiklað á stóru og leitast við að draga fram aðalatriði sem fram komu í þeim matsgögnum sem fyrir liggja, varðandi einstaka þætti í stefnu skólans. Þar sem um gríðarlegt magn upplýsinga er að ræða eru aðeins dregnar fram örfáar af markverðustu niðurstöðum, t.d. úr könnunum en minnt á að niðurstöður þeirra má nálgast á heimasíðu skólans.

Námsaðlögun:

Í matsgögnum koma fram ýmsir styrkleikar varðandi þennan þátt, má þar nefna að skv. foreldrakönnun Skólapúlsins mælist „ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum“ marktækt yfir landsmeðaltali sem verður að teljast afar ánægjuleg niðurstaða. Þá koma einnig fram afar jákvæðar niðurstöður í nemendakönnun Skólapúlsins t.d. hvað varðar „ánægju af lestri“, „stjórn á eigin árangri“, þrautseigju í námi og „trú á eigin vinnubrögð í námi“. Miðað við það sem gengur og gerist í skólum landsins virðast nemendur vera nokkuð sjálfstæðir og hafa trú á sér sem námsmenn. Þá telja foreldrar yfirhöfuð að skólinn komi til móts við þarfir nemenda:

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins?



Helstu áhyggjur okkar varðandi nám og kennslu þetta árið sneru í raun að niðurstöðum samræmdra prófa, sérstaklega í 4. bekk þar sem útkoman var slök þetta haustið. Hér má sjá niðurstöður úr samræmdum prófum undanfarin ár:

Meðaltal Naustaskóla í samræmdum prófum síðustu ára.
Niðurstöður eru settar fram í svokölluðum "normaleinkunnum" þar sem landsmeðaltal er stillt á 30.

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
4.b ísl	32,20	26,90	30,80	23,08			
4.b.stæ	28,90	25,90	28,60	23,53			
7b ísl	27,50	25,20	26,00	29,50			
7b stæ	24,30	23,40	22,40	28,03			
10b ísl				29,08			
10b stæ				29,58			
10b ens				30,75			

Í 10. bekk var mjög góð útkoma úr prófunum, ekki síst ef tekið er mið af niðurstöðu árgangsins í 7. bekk, þegar þeir nemendur höfðu nýhafið nám við skólann. Í 7. bekk þetta haustið var niðurstaðan bærileg ef tekið er mið af stöðu árgangsins í 4. bekk, ekki síst ef miðað var einungis við þann nemendahóp sem hefur verið hér allan tímann síðan þá. Niðurstaðan í 4. bekk olli okkur hins vegar miklum heilabrotum og var farið í töluverða vinnu við að greina orsakir og reyna að leita að leiðum til úrbóta. Á fundi með foreldrum í nóvember var gerð tilraun til að meta orsakir á eftirfarandi hátt, rauðmerkt atriði eru flokkuð sem aðalorsakir, gul sem orsakir að hluta en græn atriði hafa verið nefnd sem orsakir en niðurstaðan var sú að þau ættu varla hlut að máli:

Óskýrt umsjónarkennarahlutverk – skortur á yfirsýn? – Hefur verið brugðist við að hluta
Ósamstætt teymi kallar á verri árangur /Teymiskennsla flókin? – Hefur verið brugðist við að hluta
Kennsluáætlanir ómarkvissar? /Skortur á upplýsingum til foreldra? – Þarf að bregðast við
Röng forgangsröðun í stjórnun – ónóg eftirfylgd – Hefur verið brugðist við að hluta
Ónóg skuldbinding hjá starfsmönnum? / Agaleysi í stofnuninni? – Þarf að bregðast við
Nemendur ekki undirbúnir markvisst fyrir prófin – eða fyrir próftöku? – Þarf að bregðast við?
Forföll starfsmanna, forfallakennsla? – Hefur verið brugðist við

Of litlar kröfur í náminu? – Þarf að bregðast við varðandi einstaka nemendur
Tíð kennaraskipti – reglur um skipan teyma? – Hefur verið erfitt við að eiga – þarf að endurskoða
Upplýsingamiðlun milli teyma ekki nægilega góð – ónóg samfella í náminu? – Þarf að bregðast við?
Kennsluhættir á skjön við það sem prófin kalla á? – Vilji til að beygja sig undir? Ný aðalnámskrá?
Nemendahópurinn? Agaleysi? Námsferfiðleikar? – Hefur verið brugðist við að hluta

Heimavinna – ónógt skipulag – skortur á heimavinnu? Ekki visbendingar um að þetta skipti máli
Árgangablöndun? – Varla ástæða – ef við sættum okkur við hana..
Betra að nýta kennslubækur í auknu mæli? – ???
Viðmiðunarstundaskrá – of fáir timar í íslensku og stærðfræði? – Á ekki að breyta!

Á skólaárinu hefur verið unnið að úrbótum í samræmi við þessar niðurstöður en í nokkrum atriðum þarf að gera enn betur.

Með hliðsjón af helstu niðurstöðum í matri vetrarins eru lagðir fram eftirfarandi áherslupunktur fyrir næsta vetur:

- Hvert kennarateymi innan skólans þarf að gera heildstæða „starfsáætlun“ fyrir veturinn þar sem fram koma helstu áherslupunktur í starfinu, hvernig staðið er að áætlanagerð, námsmati o.fl. Þessar áætlanir þarf að birta á heimasíðu og kynna vel fyrir foreldrum.
- Kennsluáætlanir þurfa undantekningarlaust að vera aðgengilegar fyrir foreldra og nemendur.
- Taka þarf að fullu í notkun námsmarkmiðakerfið í mentor, þ.e. að setja þar inn markmið og meta þau eftir því sem náminu vindur fram, þannig að kennarar, foreldrar og nemendur geti á auðveldan hátt fylgst með námsframvindunni.
- Halda þarf áfram að þróa notkun á námsmöppum.
- Læsisstefna unnin fyrir skólann.
- Vinna þarf að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.
 - Stefna skólans verði endurskoðuð með tilliti til ákvæða aðalnámskrár.
 - Allar starfs- og kennsluáætlanir taki tillit til grunnþátta menntunar og vinnu með lykilhæfni.
 - Heildarfyrirkomulag námsmats við skólann verði endurskoðað og lagað að kröfum aðalnámskrárinnar.
 - Rýnt verði markvisst í kennsluhætti og hversu vel þeir endurspeglar áherslur aðalnámskrár. Varðandi kennsluhætti verði sérstaklega horft til hópaskiptinga, nýtingar og skipulagningar á kennslurýmum, samvinnunáms, speglaðrar kennslu o.fl.
- Skerpa þarf enn frekar á hlutverki umsjónarkennara og efla yfirsýn og tengsl umsjónarkennara við nemendur. Festa þarf nemendasamtöl í sessi.
- Varðandi endurmenntun verði unnið skv. endurmenntunaráætlun og áhersla að mestu lögð á sömu þætti og á undanförunum misserum þ.e. námsmat, Jákvæðan aga, námsaðlögun og kennsluhætti, Byrjendalæsi, Orð af orði, vinnu í teymi og mótun námssamfélags.


Athvarf:

Þessi stefnuþáttur snýr m.a. að vellíðan nemenda, að forráðamenn og nemendur eigi aðgang að ráðgjöf og stuðningi og að skólinn sé miðstöð fyrir íbúa hverfisins.

Með hliðsjón af matsgögnum má fullyrða að þarna standi skólinn afar vel, að því frátöldu að ekki hefur tekist að skapa skólanum þann sess að hann þjóni hlutverki sem miðstöð hverfisins.

Hvað varðar líðan nemenda í skólanum benda gögn til þess að staðan sé góð, hér má t.d. sjá niðurstöður foreldrakönnunar varðandi þann þátt:

Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt í skólanum





Þá er einnig afar ánægjulegt að líðan nemenda í Naustaskóla í frímínútum mælist marktækt betri en landsmeðaltal Skólapúlsins.


Hvað ráðgjöf varðar má nefna að skólinn hefur óvenjuhátt starfshlutfall námsráðgjafa miðað við nemendafjölda, skólinn fær úthlutað 55% námsráðgjafastöðu en hluti af stjórnunarkvóta skólans er nýttur til að létta kennsluskyldu af námsráðgjafa. Gríðarleg eftirspurn er eftir þjónustu þess starfsmanns, bæði af nemendum og foreldrum og því er skólinn sannarlega að sýna viðleitni til að uppfylla stefnumið sitt að því leyti.

Með hliðsjón af helstu niðurstöðum í matri vetrarins eru lagðir fram eftirfarandi áherslupunktur fyrir næsta vetur:

- Skipuleggja þarf skólalóð enn frekar með tilliti til leikja og kenna nemendum að nýta sér hana betur.
- Nýta þarf gæðahringi enn betur til að kenna nemendum að leysa ágreiningsmál og styrkja þá til að finna lausnir á málum. Í síðasta lagi í nóvember þurfa gæðahringir, með dagskrármálum frá nemendum, að vera komnir til framkvæmda í öllum námshópum.
- Hrinda þarf í framkvæmd áformum um vinabekki.
- Vinna þarf að nánari útfærslu á því stefnumiði skólans að „skólinn sé miðstöð hverfisins“ enda gefa samkomusalur og mötuneyti aukna möguleika í þeim efnum.


Umhyggja og virðing:

Í þessum stefnuþætti er innleiðing Jákvæðs aga grundvallarþáttur. Þar hafa stór skref verið stigin og sýna gögn tvímælalaust að góður árangur hefur náðst. Þetta má t.d. sjá í foreldrakönnun á svörum þar sem spurt er um samskipti starfsfólks við nemendur en þar er Naustaskóli með allra hæstu skólum (svarti punkturinn er Naustaskóli):



Hins vegar þegar spurt er um aga í skólanum kemur fram töluvert misræmi milli viðhorfa foreldra og síðan niðurstaðna í nemendakönnun. Hér má sjá viðhorf foreldra:

Finnt þér agi í skólanum vera...



Í nemendakönnun er „agi í tímum“ metinn með því að nemendur taka afstöðu til fullyrðinga eins og „kennarinn þarf að bíða lengi eftir því að nemendur róist“, „nemendur geta ekki unnið vel“, „nemendur hlusta ekki á það sem kennarinn segir“, „nemendur byrja ekki að vinna fyrir en langt er liðið á kennslustundina“ og „það er hávaði og óróleiki“. Þá ber svo við að skólinn kemur afar vel út og sýnir reyndar niðurstöðu sem er marktækt betri en landsmeðaltal Skólapúlsins. Þetta misræmi gæti bent til þess að foreldrar séu enn með aðrar væntingar til vinnu og atferlis í námi og kennslu en starfshættir Naustaskóla gera ráð fyrir og þarf þá að kynna betur fyrir foreldrum hvernig nám í skólanum fer fram og hvaða reglur gilda um hegðun nemenda. Í stuttu máli má segja að niðurstöður kannana bendi allar í eina átt hvað varðar samskipti og líðan nemenda ef undan eru skildar niðurstöður foreldrakönnunarinnar hér að framan. Þannig kemur fram að einelti virðist minna en almennt gerist, foreldrar eru ánægðir með eineltisáætlun skólans (marktækt 14% yfir meðaltali Skólapúlsins) og úrvinnslu eineltismála og meðaltímabil eineltis mælist styttra en að meðaltali. Í heildina tekið verður því að segjast að stefnuþátturinn „umhyggja og virðing“ kemur afskaplega vel út og verður að teljast til ótvíræðra styrkleika hjá Naustaskóla. Engu að síður má gera betur og verður eftirfarandi haft til hliðsjónar fyrir næsta skólaár:

- Enn frekari þjálfun þarf fyrir starfsmenn um Jákvæðan aga, þjálfun í notkun bekkjarfunda, vinna þarf að aukinni samstöðu um gildi, viðhorf og framkomu við nemendur. Nýtt matstæki nýtt til leiðbeiningar og mats. Námskeiðahald og matsheimsóknir í samvinnu við samstarfsskóla.
- Móta þarf formlegar skólareglur fyrir skólann þar sem kveðið er á um viðbrögð við óæskilegri hegðun.
- Sótt um að skólinn „komist á græna grein“, sett á stofn umhverfisnefnd og hafin vinna að því að öðlast Grænfánann.


Samvinna:

Með þessum stefnuþætti er átt við m.a. að starfsmenn, foreldrar og nemendur taki þátt í ákvörðunum, foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna og að skólinn lúti markvissri stjórn sem byggi á kunnri stefnu.

Þegar skoðuð eru matsgögn sem lúta að virkni foreldra í námi barnanna koma yfirleitt fram styrkleikar, þó er ein undantekning en hún er sú að heimanám við Naustaskóla er mjög lítið, og dregur það niður meðaltöl í sumum matsþáttum þar sem mat Skólapúlsins gerir ráð fyrir að heimanám og þátttaka í því sé jákvæður þáttur! Það er hins vegar


forsenda sem Naustaskóli hefur ekki byggt sína stefnumótun á og því þurfa þessar niðurstöður ekki að koma á óvart. Eins og fyrr segir koma aðrir þættir afar vel út, t.d. varðandi spurninuna hér á eftir þar sem Naustaskóli mælist afar góða útkomu:

Telurðu að þú hafir almennt mikil eða lítil áhrif þegar teknar eru ákvarðanir í skólanum varðandi barnið þitt?



Þegar foreldrar eru spurðir um stjórnun skólans eru svörin eftirfarandi:

Telur þú að skólanum sé vel eða illa stjórnað?



Í starfsmannakönnun er þessi þáttur einnig ofan við landsmeðaltal, þar er helst að fram komi að starfsmenn kalla eftir meira hrósi og hvatningu frá stjórnendum. Þegar spurt er hins vegar um „valddreifingu við ákvarðanatöku“, „samvinnu um skólaþróun og umbætur“, „faglegan stuðning skólastjóra við kennara“ og fleiri þætti sem flokkaðir eru undir starfsumhverfi kennara koma undantekningarlaust fram niðurstöður sem eru marktækt yfir landsmeðaltali sem eru í raun ótrúlega góðar niðurstöður:

Starfsumhverfi kennara

Matsþáttur	Breyting frá síðustu mælingu	Marktækur munur skóla og lands*	Meðaltal/hlutfall í skóla
Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	0,00	(+1,1)*	6,1
Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	0,00	(+1,74)*	6,75
Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	0,00	(+1,32)*	6,32
Samráð um kennslu	0,00	(+1,44)*	6,44
Samvinna um kennslu	0,00	(+1,9)*	6,91
Valddreifing við ákvarðanatöku	0,00	(+0,91)*	5,91
Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	0,00	(+0,62)*	5,61
Vinnuaðstæður kennara	0,00	(+1,49)*	6,49

Með hliðsjón af matsgögnum er gengið út frá eftirfarandi punktum fyrir næsta ár:

- Foreldrar séu hvattir enn frekar til að mæta í skólann og kennarar gefi þeim tækifæri til þátttöku í skólastarfinu, sérstaklega í kennslustundum.
- Halda áfram þjálfun í vinnubrögðum teymisvinnu, nýta þá leiðtogaþæfileika sem finnast í starfsmannahópnum til forystu í ákveðnum verkefnum. Endurskoðun og frekari útfærsla á starfsreglum teyma.




- Halda áfram mótun námssamfélags skv. framkvæmdaáætlun þar um. Matstæki um námssamfélag nýtt til leiðbeiningar og mats.
- Starfendarannsóknir gerðar af kennurum.
- Skólaliðar skipti reglulega um hlutverk og staðsetningu innan skólans.
- Fundaskipulag skólans endurskoðað og leitast við að fundir séu sem allra markvissastir.
- Stofnsetja starfsteymi vegna agastefnu, umhverfisstefnu og aðalnámskrár / námsmats.
- Haldin séu skólaþing með nemendum tvisvar á ári þar sem nemendur eru virkjaðir til umræðna og ákvarðanatöku um sem flest sem snýr að skólastarfinu.

Táp og fjör:

Þessi stefnuþáttur miðar að því að nemendur og starfsmenn séu glaðir í starfi sínu innan skólans, að það sé gaman í skólanum, að skólinn stuðli að hreysti nemenda, að það sé fjölbreytni og sveigjanleiki í starfinu o.fl.


Sem fyrr segir virðist nemendum almennt líða vel og vera ánægðir með skólann sinn. Starfsmenn eru það einnig en þar eru þó ekki jafn afgerandi niðurstöður og við myndum vilja sjá:

Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi



Starfsandi hjá starfsmönnum skólans mælist yfirhöfuð góður miðað við það sem gengur og gerist í skólum landsins:

Það er góður starfsandi í skólanum





Gögn benda til þess að fjölbreytni í starfi og kennsluháttum sé góð miðað við það sem gengur og gerist og í raun er ekkert í matsgögnum undir þessum þætti sem gefur sérstakt tilefni til aðgerða. Við munum þó vinna með eftirfarandi punkta næsta skólaár:

- Bætt verði við tíma í íþróttakennslu, útikennsla í íþróttum tekin upp á nýjan leik á móti sundkennslu og kennslu í íþróttahúsi.
 - Auka þarf útikennslu og nýtingu skólalóðar og umhverfis til kennslu.
 - Enn frekari áhersla lögð á leiklistarkennslu, stefnt að uppsetningu söngleiks til sýningar á vorhátíð.
-

Viðauki, fréttabréf skólaársins

Á næstu síðum er að finna fréttabréf skólaársins en þau gefa nokkra innsýn í dagskrá hvers mánaðar auk þess sem þar er að finna ýmsar fréttir og fróðleik um skólastarfið.



Fréttabréf Naustaskóla

7. tölublað, 5. árgangur, 18. ágúst 2012

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Lykilorð í mentor

Vanti foreldra ný lykilorð í mentor er hægt að fá þau send beint af vefsíðu mentor.is með því að slá inn kennitölu viðkomandi. Einnig er hægt að snúa sér til ritara skólans.

Fjöldi nemenda:

Innritaðir nemendur skiptast þannig á árganga:

1. bekkur: 46 nem.
2. bekkur: 36 nem.
3. bekkur: 28 nem.
4. bekkur: 37 nem.
5. bekkur: 31 nem.
6. bekkur: 31 nem.
7. bekkur: 30 nem.
8. bekkur: 19 nem.
9. bekkur: 24 nem.
10. bekkur: 15 nem.

Alls 297 nemendur

Kæra skólasamfélag

Fjórða starfsár Naustaskóla hefst með skólasetningu miðvikudaginn 22. ágúst. Þá koma nemendur 1. bekkjar ásamt foreldrum til viðtals við umsjónarkennara en aðrir nemendur hitta kennara sína stutta stund og fá afhentar stundaskrár og aðrar upplýsingar sem varða skólastarfið. Kennsla hefst svo skv. stundaskrá fimmtudaginn 23. ágúst. Upphaf skólaársins einkennist af miklum breytingum þar sem húsnæði skólans stækkar nú um tæplega 70% að flatarmáli og nemendafjöldinn eykst um 20%. Að auki bætist við önnur deild frá leikskólanum Naustatjörn í húsið, eldhús stofnananna færist yfir í húsnæði Naustaskóla og fjölmargir nýir starfsmenn koma til starfa. Allt saman er þetta jákvætt og færir okkur betri aðstæður og fjölmörg tækifæri til að gera skólann okkar enn betri. Þegar nemendur mæta til starfa hafa kennarar skólans verið að störfum í tvær vikur við undirbúning, og ýmsir aðrir starfsmenn skólans unnið að standsetningu húsnæðis og búnaðar síðustu vikur. Verktakar hafa unnið hörðum höndum við framkvæmdir í allt sumar og útlit er fyrir að við skólabyrjun verði allt tilbúið nema hugsanlega frágangur kringum svið í samkomusal skólans sem gæti tekið nokkra daga í viðbót. Hér hefur verið haldið vel á spöðunum síðustu mánuði og ástæða til að þakka þeim sem að hafa komið fyrir vel unnin störf. Það er því full ástæða til bjartsýni við upphaf fjórða starfsársins, aðstæður til skólastarfs í rauninni orðnar eins og best verður á kosið, valinn maður í hverju rúmi innan skólans og ólgandi metnaður til góðra verka.

Með von um farsæla skólabyrjun og að lífið verði sem endranær dásamlegt í Naustaskóla veturinn 2012-2013.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Skólasetning

Skólasetning í Naustaskóla verður miðvikudaginn 22. ágúst. Nemendur mæti á eftirfarandi tímum:

kl. 10:00 2.-3. bekkur

kl. 10:30 4.-5. bekkur

kl. 11:00 6.-7. bekkur

kl. 11:30 8.-10. bekkur

Nemendur í 1. bekk og forráðamenn eru boðaðir í viðtöl á skólasetningardaginn eða daginn eftir, tölvupóstur með viðtalstímum hefur verið sendur út.

Á skólasetningunni hitta nemendur umsjónarkennara, fá stundaskrá og fræðast um starfið í vetur. Foreldrar eru velkomnir og **við mælumst sérstaklega til þess að foreldrar nýrra nemenda í skólanum fylgi sínum börnum.**

Íþróttakennsla

Ætlunin er að kenna íþróttir alfarið úti fyrstu vikunnar meðan veður leyfir. Því er að sjálfsögðu afar mikilvægt að nemendur séu vel klæddir til útiveru.

Viðurkenningar skólanefndar

31. maí veitti skólanefnd Akureyrarbæjar viðurkenningar til þeirra nemenda, starfsmanna og/eða verkefna sem þótt hafa skarað fram úr í starfi. Þetta er í þriðja sinn sem skólanefnd stendur fyrir viðurkenningum af þessu tagi en þær eru í samræmi við áherslur í skólastefnu Akureyrarbæjar. Gaman er að segja frá því að tvær viðurkenninganna tengjast Naustaskóla. Baldur Ásgeirsson, nemandi í 3. bekk, fékk viðurkenningu "fyrir góðan námsárangur, að vera jákvæð fyrirmynd, fyrir listsköpun og tjáningu, samskiptahæfni, frumkvæði og framlag til að auðga skólaandann".

Þá hlaut Naustaskóli viðurkenningu fyrir verkefnið Jákvæður agi með svohljóðandi umsögn: "Agastefnan Jákvæður agi í Naustaskóla hefur farið af stað af krafti. Starfinu innan skólans hefur verið fylgt eftir með námskeiðum og kynningum fyrir foreldrahópinn. Skólinn hefur náð góðum árangri í agamálum og nemendur skólans koma vel út í könnunum þar sem spurt er um líðan í skólanum."

Við erum að sjálfsögðu afar stolt af þessum viðurkenningum og þökkum kærlega fyrir okkur!



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Ágúst 2012

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
19	20 Undirbúningsdagur	21 Undirbúningsdagur	22 Skólasetning (Frístund opin) (Steiktur fiskur í raspi, kartöflur, salat og sólskinsdressing)	23 Kennsla hefst skv. stundaskrá Pizza og salat Skólafærninámskeið fyrir foreldra nýnema	24 Makkarónusúpa, brauð og álegg	25
26	27 Hakk, spaghetti og salat	28 Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör	29 Steikt grísakjöt, kartöflur, gular baunir, salat og brún sósa 150 ára afmæli Akureyrar	30 Fiskur Björkeby, hrisgrjón og salat	31 Kartöflusúpa, brauð og álegg Útivistardagur	1. september

Skólafærninámskeið

Skólafærninámskeið er sérstaklega ætlað fyrir foreldra þeirra barna sem eru að hefja sitt grunnskólanám. Námskeið af þessu tagi eru haldin árlega fyrir foreldra nýnema en markmiðið með þeim er að fræða foreldra um skólann okkar og grunnskólakerfið almennt, hvað það þýðir að eiga barn í grunnskóla, hvað þurfi helst að hafa í huga, hvaða þjónusta og aðstoð er í boði o.s.frv. Námskeiðið verður haldið

fimmtudaginn 23. ágúst kl. 17:30-20:00

Dagskrá þess verður sem hér segir:

- Að byrja í grunnskóla - hvað þýðir það fyrir börnin okkar?
- Grunnskólakerfið á Íslandi - yfirlit og upplýsingar
- Naustaskóli / starfshættir / agastefna / kennsluaðferðir o.fl.
- Samskipti heimila og skóla / upplýsingamiðlun - mentorkerfið o.fl.
- Foreldrafélag / skólaráð / stoðþjónusta

Ætlast er til að fulltrúar allra nemenda í 1. bekk mæti á námskeiðið en aðrir eru að sjálfsögðu einnig velkomnir. **Boðið verður upp á barnagæslu meðan á námskeiði stendur og léttan málsverð fyrir þátttakendur og börn.**

Gleðilegt nýtt skólaár!!

Næsta fréttabréf kemur út 1. september

Mötuneyti / ávextir / mjólk

Til að byrja með gerum við ráð fyrir að allir nemendur verði í fæði í mötuneyti skólans og að allir nemendur verði í ávaxtaáskrift. Hver hádegismáltíð í annaráskrift kostar 350 krónur og annaráskrift að ávöxtum kostar 5700 krónur. Þeir sem óska **EKKI** eftir að kaupa annaráskrift að hádegismat og ávöxtum þurfa að senda póst um það á netfangið naustaskoli@akureyri.is eða hringja í ritara skólans í síma 4604100. Þeir sem vilja frekar senda börn sín með nesti í skólann en að kaupa ávaxtaáskrift geta óskað eftir mjólkuráskrift (2400 kr. á önn) og skal það einnig gert með símtali eða tölvupósti til ritara. Nánari upplýsingar um mötuneyti, ávexti og mjólk má nálgast á heimasíðu skólans á slóðinni: <http://www.naustaskoli.is/page/motuneyti>

Námshagnagjaldið

Við minnum þá sem enn eiga eftir að greiða námshagnagjaldið að gera það hið fyrsta eða í síðasta lagi á skólasetningardaginn. Gjaldið er 3800 kr. fyrir alla nemendur og greiðist inn á reikning 0159-15-200070, kt. 070372-5099.



Fréttabréf Naustaskóla

8. tölublað, 5. árgangur, 3. september 2012

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Ertu að taka til?

Sem fyrr óskum við eftir að foreldrar hafi skólann í huga með ýmislegt sem til fellur eða ekki nýtist á heimilinu. Má þar nefna að við kennslu í textílmennt og myndmennt má auðveldlega nýta garn, blúndur, dúka og gardínur, tölur, efnisbúta, frauðplast, umbúðir utan af LGG, smá skyri, engjabykkni, plastpoka og margt margt fleira.

Þá má einnig nefna að nú er hafin í skólanum regluleg kennsla í leikrænni tjáningu sem kallar á pils, kjóla, buxur, skyrtur, náttföt, kápur, frakka, úlpur, vinnu-fatnað, höfuðföt, slæður, trefla og svo framvegis. Og að síðustu er rétt að koma því á framfæri að nú hefur bæst við heilmikið hillupláss á bókasafninu og kemur ýmislegt til greina sem gaman væri að raða þar

Farartæki nemenda

Nemendum er heimilt að koma á reiðhjólum í skólann frá 7 ára aldri. Hjólin eru alfarið á ábyrgð nemenda og forráðamanna þeirra, einnig er það á ábyrgð foreldranna að nemendur noti öryggishjál. Umferð reiðhjóla á skólatíma er ekki leyfð en leyfilegt er að nota línuskauta, hlaupahjól og hjólabretti á göngustígum lóðarinnar en þau tæki eru einnig á ábyrgð nemenda og forráðamanna sem og notkun nauðsynlegs hlífðarbúnaðar.



Kæra skólasamfélag

Eitt af því sem einkennir septembermánuð í skólanum er að töluvert er óskað eftir þátttöku foreldra. Má þar nefna að framundan eru morgunfundir þar sem kynnt verður ýmislegt sem varðar skólastarfið og tækifæri gefst fyrir foreldra að spyrja og skiptast á skoðunum, undir lok mánaðarins er svo aðalfundur Foreldrafélagsins og viðtöl foreldra og nemenda við umsjónarkennara. Vonandi munu svo sem flestir foreldrar sjá sér fært að kíkja við í skólanum þar fyrir utan og sjá hvað börnin eru að sýsla. Seint verður ítrekað nóg mikilvægi þess að foreldrar séu virkir þátttakendur í þessum viðburðum og öðrum sem snerta starf barna þeirra, þannig verða allir vel með á nótunum og auk þess fá börnin þá skýr skilaboð um að þeirra daglega starf í skólanum skipti miklu máli. Það er hluti af stefnu skólans að foreldrar eigi virka aðkomu að skólastarfinu á sem flestum sviðum. Við viljum að foreldrar séu velkomnir í skólann og eigi með okkur þá upplifun að Naustaskóli sé skólinn okkar allra. Ef að eitthvað má betur fara er mikilvægt að við komum því á framfæri á réttum stöðum og leitumst við að standa saman að því að bæta skólann okkar. Með von um virka þátttöku og lifandi áhuga okkar allra á starfinu í Naustaskóla á næstu vikum og mánuðum, og náttúrulega dásamlegt skólalíf!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Frá foreldri til foreldra - um umferðamál

Eitt af því góða við skólann okkar er að hann er staðsettur í miðju hverfisins og nánast allt hverfið er í innan við 500 metra radius frá skólanum. Einmitt vegna þessarar miklu nálægðar við skólann á ég mjög erfitt með að kyngja þeirri gífurlegu aukningu umferðar sem verður við skólann um leið og hann byrjar, á köflum er hreinlega umferðaröngþveiti við innkeyrsluna á bílastæðið. Fimmtudaginn 23. ágúst (fyrsta skóladaginn) blöskraði mér allverulega sem móður barns sem þarf að ganga yfir Kjarnagötuna í skólann, því aukningin frá deginum áður var svo svakaleg. Ég óskaði hreinlega eftir því að vera gangbrautavörður næstu vikuna til þess að sjá hvernig þetta þróast. Eftir að hafa staðið vaktina sem gangbrautavörður í nokkra daga þá kemst ég að þeirri niðurstöðu að virkilega þurfi að taka til í hugsunarhætti okkar foreldranna. Finnst okkur eðlilegt að keyra barn í skólann sem gengur sjálft heim úr skólanum eða barnið sem reglulega fer að heiman frá sér aleitt til að hitta félagana og leika sér við skólann? Ég hef meðal annars fengið þá útskýringu að foreldri finnst umferðin við skólann svo mikil.... og af hverju skyldi það vera? Þá daga sem ekki er kennsla í skólanum er alls ekki mikil umferð á þessum stað við Kjarnagötuna á þessum tíma á morgnanna og það þarf ekki að breytast þó skólinn sé byrjaður, því öll höfum við það val að geta keyrt út úr hverfinu án þess að fara fram hjá skólanum. Miðað við þann fjölda bíla sem keyrir inná bílastæði skólans bara til að hleypa nemendum út, er verið er að keyra um þriðjung barnanna í skólann. Sumir ganga meira að segja svo langt að stöðva á gangbrautinni til að bíða eftir því að komast inná bílastæðið, jafnvel á stórum jeppum. Þetta þýðir að börnin sem koma að gangbrautinni á meðan hafa þann kost einan að ganga yfir götuna í pústmekkinum auk þess sem bílarnir sem koma á móti sjá ekki börnin eða börnin þá.

Um leið og ég hvet ykkur foreldrana til að velja leiðina út úr hverfinu sem liggur ekki fram hjá skólanum segi ég hvetjum börnin okkar til að ganga í skólann og hjálpumst þannig öll að því að stuðla að auknu öryggi í nærumhverfi hans.

Vordís Baldursdóttir

GSM / MP3 og önnur dýr tæki

Að sjálfsögðu ber töluvert á því að nemendur eru með síma, tónlistarspilara og fleiri tæki með sér í skólanum. Við leyfum notkun þessara tækja utan kennslustunda svo lengi sem þau trufla ekki, en skólinn getur ekki tekið neina ábyrgð á tækjunum. Ef tækin valda truflunum geta nemendur einnig átt það á hættu að skólinn taki þau í vörslu þar til foreldrar sækja þau :)

Hagnýtar upplýsingar varðandi mentor.is

Til að komast í Mentor (www.mentor.is) þarf að hafa aðgangsorð og lykilorð. Á Mentor má finna upplýsingar um heimanám, bekkjarlista, vitnisburð, ástundun, verkefnabækur og dagbækur nemenda. Hægt er að senda tölvupóst til foreldra árgangsins í gegnum Mentor þegar t.d. á að boða til afmælis eða annars hittings.

Inni á svæðinu ykkar er líka hægt að tilkynna veikindi (allt að tveimur dögum í einum) þannig að ekki þurfi að hringja að morgni til í skólann heldur fáið þið staðfestingu senda á netfangið ykkur þegar ritari hefur móttengið beiðnina. Með þessu er t.d. hægt að skrá á miðvikudagskvöldi veikindi vegna fimmtudags.

Þeir sem ekki hafa aðgang að Mentor, eða eru búnir að gleyma aðgangsorðinu, geta leyst málið með því að fara inn á síðuna: www.mentor.is Þar er hægt að skrá sig inn í kerfið með notendanafni sem er kennitala án bandstriks. Sé viðkomandi ekki með lykilorð er smellt á "Gleymt lykilorð". Þá fer af stað ferli sem viðkomandi er leiddur í gegnum og fær þá sent lykilorð í tölvupósti. Ef allt kemur fyrir ekki er hægt að hafa samband við ritara skólans og fá sent lykilorð.

Nemendur eiga ekki undir neinum kringumstæðum að fara inn á vefinn með aðgangsorði foreldra sinna því þar birtast aðrar upplýsingar en á þeirra eigin spjalði og þau eiga t.d. ekki að hafa aðgang að veikindaskrángu.

Nemendur eiga hins vegar sinn eigin aðgang sem þau geta notað til að skoða meðal annars heimavinnu. Á foreldraspjaldi sést fyrir neðan mynd barnsins aðgangsorð og lykilorð. Endilega skrifið þau niður fyrir börnin ykkar og aðstoðið við að fara inná Mentor ef þau kunna það ekki nú þegar.

Nemendur geta breytt lykilorðinu sínu eins og foreldrar þegar skráð er inn í fyrsta sinn í kerfið.

Skólapulinn – foreldrar athugið!

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapulinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í 6.-10. bekk spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi, viðhorf þeirra til námsins og ýmissa almennra spurninga um skóla og bekkjaranda.

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur um 20 mínútur að svara henni. Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans og niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsmönnum Skólapulins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísi. Sjálfsmatskerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapulinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju. Ef að foreldri er mótfallið því að því nemandi svari spurningalistanum er það beðið um að hafa samband við skólann og verður þá nemandinn fjarlægður af þátttakendalistanum. Nánari upplýsingar um Skólapulinn eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í síma 499-0690 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is.

Dæmi um mælingu úr Skólapulinum síðasta vetur—virk þátttaka nemenda í tímum


Á myndinni hér fyrir neðan sést hvernig meðaltöl þátttökuskóla dreifast varðandi matsþáttinn "virk þátttaka nemenda í tímum". Meðaltal Naustaskóla er merkt með svörtum punkti á myndinni. Viðmiðunarlínan sýnir landsmeðaltal viðmiðunarhópsins (6.-10. bekkur). Munur uppá 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Fyrsta punktaröðin sýnir meðaltölin í skólum þar sem einungis 6. eða 7. bekkur taka þátt. Næsta punktaröð sýnir meðaltöl skóla í litlum skólum (<160 nem.) þar sem nemendur í 6.-10. bekk taka þátt. Seinasta punktaröðin sýnir meðaltöl í stórum skólum (>160 nem.) þar sem nemendur í 6.-10. bekk taka þátt. Eins og sjá má kom Naustaskóli afar vel út úr þessum þætti og er gaman að greina frá því þar sem stundum hefur mátt merkja áhyggjur hjá foreldrum af því hvort nemendur geti tekið virkan þátt í náminu þegar um er að ræða stóra hópa í opnum rýmum. Reyndar er einnig gaman að geta þess að í mælingum Skólapulins síðasta vetur skoraði Naustaskóli fyrir ofan landsmeðaltal í meirihluta þeirra þátta sem metnir voru. Er þar um að ræða vel áreiðanlegar mælingar sem gefa góðar vísbendingar um að skólinn okkar sé á réttri leið.

Þagnarskylda foreldra

Um leið og við brýnum það fyrir foreldrum við skólann að þeir eru alltaf velkomnir og hvetjum þá til að kíkja við í skólanum hvenær sem færi gefst, minnum við á að á sama hátt og starfsmenn skólans eru bundnir þagnarskyldu, er mikilvægt að allir gestir gæti þagnarskyldu utan skólans um allar þær upplýsingar sem þeir kunna að öðlast í heimsóknum um önnur börn en þeirra eigin. Þessi áminning er ekki að gefnu tilefni heldur einungis til að minna á að öll berum við ábyrgð í þessum efnum.

Röðun: Virk þátttaka nemenda í tímum



Um einelti

Í Naustaskóla er unnið samkvæmt ákveðinni áætlun til að fyrirbyggja einelti og til að leysa þau mál sem upp kunna að koma. Eineltisáætlun skólans er birt í starfsáætlun hans en hana er einnig hægt að nálgast beint á heimasíðu skólans á slóðinni:

<http://naustaskoli.is/page/eineltisaaetlun>

Mikilvægt er að við vinnum saman að því að fylgjast með líðan barnanna og meta hvort að þau þurfi á einhverjum tímapunkti aðstoð til að leysa mál sem snúa að samskiptum í skólanum eða vinahópnum. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að upp geta komið samskiptaerfiðleikar hjá börnunum án þess að um einelti sé að ræða.

Við skilgreinum einelti þannig:

Einstaklingur er lagður í einelti ef hún eða hann verður fyrir endurteknum neikvæðum verknaði eins eða fleiri einstaklinga yfir ákveðið tímabil. Þrennt þarf að koma til svo að einelti teljist vera til staðar:

- Árásarhneigt eða illa meint atferli.
- Um er að ræða endurtekningu sem stendur yfir ákveðinn tíma.
- Ójafnvægi afls og valda í samskiptum.

Þegar grunur vaknar um að um einelti geti verið að ræða er fyrsta skrefið hjá okkur að kanna samskipti nemendanna með því að fylgjast með, taka viðtöl og í sumum tilfellum leggja fyrir tengslakannanir. Ef um einelti er að ræða er svo unnið eftir ákveðnu ferli sem byggist að mestu leyti á reglulegum viðtölum við gerendur og þolendur og samstarfi við foreldra.

Gott er að foreldrar hafi í huga eftirtalin einkenni sem gætu verið vísbendingar um að einelti eigi sér stað, og hafi samband við skólann ef grunsemdir vakna.

Tilfinningaleg einkenni:

- Breytingar á skapi.
- Tíður grátur, þarf lítið til að tárin komi fram.
- Svefntruflanir, getur ekki sofið, fær martraðir.
- Matarvenjur breytast, lystarleysi, ofát.
- Þunglyndi.

Líkamleg einkenni:

- Líkamlegar kvartanir, t.d. höfuðverkur, magaverkur.
- Kvíðaeinkenni eins og að naga neglur, stama, kækir ýmiss konar.
- Rifin fót og/eða skemmdar eigur / hvarf á eigum.
- Líkamlegir áverkar.

Félagsleg einkenni:

- Lítið sjálfstraust, hræðsla og kvíði.
- Barnið virðist einangrað, einmana, fær ekki heimsóknir og fer ekki í heimsóknir, forðast t.d. að fara í afmælisboð.

Hegðunarleg einkenni:

- Óútskýranleg skapofsaköst og/eða grátköst.
- Hegðunarerfiðleikar.

Skóli - einkenni:

- Barnið hræðist að fara eitt úr og í skóla, biður um fylgd og/eða fer aðra leið.
- Leggur fyrir af stað í skólann en venjulega eða fer seinna af stað.
- Skróp.
- Barnið mætir iðulega of seint.
- Forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi eða sund.
- Lægri einkunnir, einbeitingarörðugleikar í námi.
- Einangrun frá skólafélögum.

Heimili - einkenni:

- Barnið neitar að fara í skólann.
- Einangrar sig frá öðrum í fjölskyldunni.
- Aukin peningabörf hjá barninu.
- Barnið neitar að leika sér úti eftir skóla.

Námmsgagnagjaldið...

Örfáir eiga enn eftir að greiða námmsgagnagjald vetrarins sem er 3800 kr. fyrir hvern nemanda. Vinsamlegast greiðið sem allra fyrst!

Reikningsnúmerið er 1105-15-200070 kt. 070372-5099

Aðalfundur Foreldrafélagsins

Að minnsta kosti einn fulltrúi frá hverju heimili þarf að mæta á fundinn!

Samkvæmt lögum Foreldrafélags Naustaskóla skal aðalfundur haldinn árlega í september.

Hér með er því boðað til aðalfundar Foreldrafélags Naustaskóla þriðjudaginn 25. september kl. 20:00-21:30

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf, hagnýtar upplýsingar og umræður fyrir foreldra, kjör fulltrúa í skólaráð og fleira. Afar mikilvægt er að við höldum áfram að móta þá hefð að foreldrar mæti á fundi Foreldrafélagsins og taki virkan þátt í starfinu. Við höfum fengið prýðisgóða mætingu á fundi sem þessa og við viljum að sjálfsögðu gera enn betur í ár. Því leggjum við mikla áherslu á að allir nemendur skólans eigi fulltrúa á aðalfundinum!

Naustaskóli leggur áherslu á þátttöku og áhrif foreldra, nýtum tækifærið og tökum þátt í að skapa gott og gagnlegt foreldrasamstarf.



Útivistarreglurnar
Á skólatíma
 (1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20
 13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

September 2012

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	3 Soðinn fiskur, kartöflur, salat og tómatsósa	4 Hakkabuff, kartöflur, lauksósa og salat	5 Þorskur í blaðlauks- sósu, hrísgrjón og soðið grænmeti	6 Steiktur kjúklingur, kartöflur, salat og köld súrmjólkursósa 6. bekkur fer í siglingu með Húna II	7 Bláberjaskyr, brauð og álegg Bókadagur Kosning í nemendaráð	8
9	10 Steiktur fiskur, salat, hrísgrjón og sósa Morgunfundur hjá foreldrum 6.-7.b	11 Kjöttbollur í brúnni sósu, kartöflur og grænar baunir	12 Ofnbakaður fiskur í karrýstasósu, kartöflur og salat Morgunfundur hjá foreldrum 4.-5. b	13 Súrsætur svínapott- réttur, hrísgrjón og salat Morgunfundur hjá foreldrum 8.-10. b	14 Pasta, salat og heimabakað brauð Morgunfundur hjá foreldrum 2.-3.b Rugludagur	15
16	17 Tómatfiskur, hrísgrjón og salat Samr.pr. 10.b ísl.	18 Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur Samr.pr. 10.b ens.	19 Fiskibollur, hrísgrjón, salat og sósa Samr.pr. 10.b stæ. Inniþróttakennsla hefst	20 Grænmetisbuff, kartöflur, salat og kryddjurtasósa Samræmd próf í 4. og 7. bekk (ísl)	21 Hrísgrjónagrautur og slátur Samræmd próf í 4. og 7. bekk (stæ)	22
23	24 Svikinn héri, kartöflur, salat og brún sósa	25 Spaghettífiskur og salat Aðalfundur Foreldrafélagsins	26 Viðtalsdagur Frístund opin (Kjöt í karrý og salat)	27 Viðtalsdagur Frístund opin (Fiskipottréttur, kartöflur og salat)	28 Starfsdagur - Frístund lokað!	29

Morgunfundir

Í vikunni 10.-14. september, verða morgunfundir fyrir foreldra. Þar er um að ræða kynningu fyrir foreldra á starfi barnanna í skólanum, þáttum úr stefnu skólans, hlutverki foreldra í skólastarfinu o.fl. auk þess sem tækifæri gefast til umræðna og fyrirspurna. Fundirnir verða kl. 8:10-9:10 að morgni, nemendur mæta einnig á sama tíma og venjulega þessa daga nema nemendur í 8.-10. bekk sem fá að sofa örlítið lengur þann 13. sept. Fundirnir verða sem hér segir:

- 2.-3. bekkur föstudaginn 14. september kl. 8:10
- 4.-5. bekkur miðvikudaginn 12. september kl. 8:10
- 6.-7. bekkur mánudaginn 10. september kl. 8:10
- 8.-10. bekkur fimmtudaginn 13. september kl. 8:10 (nemendur mæti kl. 9:15)

Mikilvægt er að fulltrúar frá öllum nemendum mæti á fundina!

Muna: Aðalfundur Foreldrafélagsins verður haldinn þriðjudaginn 25. september kl. 20:00-21:30
Viðtalsdagar verða 26.-27. sept. boðað verður til viðtalanna með tölvupósti þegar nær dregur.
Þann 28. september er starfsdagur og Frístund er lokað þann dag.



Fréttabréf Naustaskóla

9. tölublað, 5. árgangur, 1. október 2012

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Um miða og veikindi

Töluvert er um að nemendur mæti með miða að heiman til að fá undanþágu frá útivist, íþróttum o.s.frv. Við biðjum foreldra um að stilla beiðnum af þessu tagi í hóf og hringja frekar í skólann ef þetta er nauðsynlegt! Viðmiðið hjá okkur er að nemandi geti fengið að vera inni í frímínútum í einn dag að afloknum veikindum en annars á það ekki að þurfa nema að mjög sérstakar ástæður komi til.

Skautuferðir 3.-4.b

Í október býðst nemendum í 3. og 4. bekk að bregða sér á skauta án endurgjalds. Við áformum því að fara með þessa bekk í skautahöllina þrjá fimmtudaga í október (sjá dagatal á baksíðu) og verður hvor hópur u.þ.b. klukkustund á svellinu. Krakkarnir geta fengið búnað að láni en er að sjálfsögðu einnig frjálst að mæta með sinn eigin búnað.

Íþróttir - sturta

Nú þegar inniþróttakennsla er hafin hjá öllum aldurshópum minnum við á að ætlast er til þess að nemendur fari í sturtu að loknum íþróttatímum. Undantekning frá þessu er varðandi 1. bekk þar sem nemendur mega sleppa sturtunni..

Ávaxta- og mjólkuráskrift

Um þessi mánaðamót fá foreldrar greiðsluseðla þar sem meðal annars er innheimt ávaxta- og mjólkuráskrift fyrir nemendur sem eru skráðir í þá þjónustu. Þetta gjald er innheimt einu sinni á hvorri önn og er 5700 fyrir ávaxtaáskrift og 2500 fyrir mjólkina.

Kæra skólasamfélag

Segja má að fyrsta lota skólaársins sé nú að baki, vonandi hafa viðtölin nú á dögnum reynst okkur vel til að leggja línurnar fyrir framhaldið þannig að veturinn verði sem árangursríkastur fyrir okkur öll. Í október verður "hefðbundið skólastarf" haft í hávegum en við minnum sérstaklega á að vikan 8.-12. október er opin vika, sem þýðir að þá eru foreldrar sérstaklega hvattir til að kíkja í heimsókn í skólann. Ekki verður um neina sérstaka dagskrá að ræða heldur við það miða að tækifæri gefist til að sjá skólann á venjulegum degi. Við hvetjum foreldra eindregið til að kíkja við en þess má einnig geta að foreldrar eru að sjálfsögðu alltaf velkomnir í skólann! Við erum nú að verða búin að koma okkur nokkurn veginn fyrir í húsnæðinu eftir breytingarnar en enn eru þó nokkur frágangsatríði eftir, svo sem uppsetning á hljóð- og ljósabúnaði í samkomusal, gluggatjöld, standsetning á náttúrufræðistofu o.fl. sem stendur til bóta á næstu vikum. Verktakar halda svo áfram að steypa upp íþróttahús og stjórnunarálm skólans, uppsteypu og utanhússfrágangi á þeim hluta á að vera lokið næsta sumar en það er hins vegar óákveðið hvenær þeir hlutar verða teknir í notkun. Með bestu kveðjum úr skólanum og von um öflugt starf og fjölda heimsókna hjá okkur í október.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Bílastæða- og aðkomumál

Eins og flestir hafa líklega tekið eftir er orðið mjög þröngt um bílastæði hjá okkur. Þau mál munu ekki lagast á næstunni, það gerist í allra fyrsta lagi þegar utanhússframkvæmdum við íþróttahús og starfsmannaálm er lokið, sem sagt ekki á þessu skólaári. Umferðin um þau stæði sem við höfum er mjög mikil. Við hvetjum því alla sem mögulega geta til þess að ganga í skólann en hina til að sýna mikla aðgæslu á bílastæðinu, ekki síst nú þegar fer að dimma fyrir alvöru. Foreldra barna sem þurfa að fara yfir Kjarnagötuna biðjum við um að brýna það fyrir börnum sínum að fara yfir götuna á gangbrautinni þar sem gæslan er, og ganga svo eftir gangbrautum að innganginum í skólann. Alltof algengt er nefnilega að sjá börnin ganga yfir götuna sunnan við innkeyrsluna og svo eftir endilöngu bílastæðinu í allri umferðinni.



Sjóferð 6. bekkjar

Eins og undanfarin haust var nemendum í 6. bekk boðið að fara einn dag í sjóferð með Húna II. Farið var fimmtudaginn 6. september. Í ferðinni kynntust nemendur sjávarútveginum og fræddust um lífríkið í sjó ásamt sögufræðslu um bátinn og ströndina. Rennt var fyrir fisk og gert að honum með tilheyrandi fróðleik. Á myndinni hér til hliðar má sjá nokkra nemendur úr hópnum í félagsskap uppstoppaðs sels sem var með í túrnum.



Aðalfundur Foreldrafélagsins

Aðalfundur Foreldrafélags Naustaskóla var haldinn 25. september sl. Á fundinn mættu um 90 foreldrar. Þar fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf en að þeim loknum var boðið upp á fræðslufyrirlestur um sjálfsstyrkingaraðferð sem nefnist Baujan og má nálgast upplýsingar um á vefslóðinni www.baujan.is. Á fundinum var kjörin stjórn fyrir skólaárið og fulltrúar foreldra í skólaráð til næstu tveggja ára. Stjórn Foreldrafélagsins mun skipta foreldrahópi hvers árgangs í þrennt og er hugmyndin að hver hópur standi fyrir einum atburði yfir veturinn hjá árganginum. Fyrirkomulagið verður nánar kynnt með tölvupósti og á heimasíðu skólans innan skamms. Stjórn Foreldrafélagsins skólaárið 2012-2013 skipa eftirtaldir: Vaka Óttarsdóttir, Ásdís Arnardóttir, Erla Rán Kjartansdóttir, Höskuldur Jóhannesson, Sigríður Ingólfssdóttir, Berglind Elly Jónsdóttir, Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Lilja Dögg Vilbergssdóttir, Fanney Pétursdóttir, Þórhildur Örvarsdóttir og Sólveig Styrmsdóttir. Fulltrúar foreldra í skólaráð til næstu tveggja ára eru þær Vaka Óttarsdóttir og Áshildur Hlín Valtýsdóttir. Við minnum á að fundargerðir Foreldrafélagsins (og upplýsingar um foreldrastarf við skólann) má nálgast á heimasíðu skólans undir hlekknum "Foreldrar" og þar má einnig nálgast fundargerðir skólaráðs.



Foreldrar
verum samtaka

Útivistarreglurnar
Á skólatíma
(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20
13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22

Naustaskóli tekur þátt í Leitinni að Grenndargralinu 2012

Leit nemenda að Grenndargralinu er hafin fimmta árið í röð. Þátttakendur eru nemendur í 8.-10. bekk í grunnskólum á Akureyri. Nemendur í Giljaskóla leituðu að gralinu í fyrsta skipti haustið 2008. Árið 2009 tók Síðuskóli þátt og Glerárskóli bættist í hópinn haustið 2010. Síðastliðið haust bættust þrír skólar við þegar Brekkuskóli, Lundarskóli og Oddeyrarskóli tilkynntu þátttöku sína. Naustaskóli hefur tilkynnt þátttöku sína nú og því aldrei að vita nema Grenndargralið verði geymt í verðlaunaskáp skólans næsta árið....



Takmark þátttakenda er að finna bikar, hið svokallaða *Grenndargral*, sem búið er að koma fyrir á vissum stað á Akureyri. Leitinn að gralinu tekur 10 vikur og hún fer þannig fram að nemendur, ýmist einir eða tveir saman, fá eina þraut til lausnar í viku hverri. Þraut sem tengist sögu eða menningu Akureyrar og/eða Eyjafjarðar. Við lausn hverrar þrautar fá nemendur einn bókstaf. Markmið þeirra er að safna að lágmarki tíu bókstöfum sem fást við úrlausn þrautanna sem þeir svo nota til að mynda ákveðið orð. Orðið er nokkurs konar lykilorð og er þekkt úr sögu Eyjafjarðar. Þegar krakkarnir ná að raða saman bókstöfunum og mynda sjálft lykilorðið öðlast þeir rétt til að hefja leit að Grenndargralinu.

Þrautirnar tíu munu birtast á heimasíðu Leitarinnar á föstudögum auk þess sem fréttir og tilkynningar munu birtast á facebook-síðu Leitarinnar. Öll vinna nemenda fer fram utan skólatíma og því er um frjálsa þátttöku að ræða. Allar upplýsingar um Leitina má finna á heimasíðu verkefnisins www.grenndargral.is.

Framundan eru 10 vikur fullar af spennandi viðfangsefnum og ljóst að keppnin harðnar með hverju árinu. Við viljum hvetja foreldra og aðra sem koma að uppeldi þeirra sem taka þátt í Leitinni til að aðstoða nemendur við úrvinnslu þrautanna. Leitinn er góður vettvangur fyrir fjölskylduna að koma saman og vinna að sameiginlegu verkefni þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Allir geta tekið þátt. Umsjónarmaður Leitarinnar í Naustaskóla er Anna María Sigurðardóttir kennari á unglingastigi.

Nemendaráð

Föstudaginn 7. september var kjördagur í Naustaskóla. Að loknum kynningum og ræðuhöldum þeirra frambjóðenda sem vildu stíga á stókk, gengu nemendur til atkvæðagreiðslu og kusu sér fulltrúa í nemendaráð fyrir skólaárið 2012-2013. Hér má sjá hverjir náðu kjöri í þetta sinn (varamenn í sviga)



- 10. bekkur: **Elvar Reykjalín Helgason, Hrannar Þór Rósarsson** (Pétur Már Guðmundsson, Hólmfríður Svala Jósepsdóttir)
- 9. bekkur: **Brynjar Helgason** (Bernódus Óli Kristinsson)
- 8. bekkur: **Ugla Snorraddóttir** (Sædís Eiríksdóttir)
- 7. bekkur: **Freyr Jónsson** (Petra Reykjalín Helgadóttir)
- 6. bekkur: **Brynjólfur Skúlason** (Hanna Karin Hermannsdóttir)
- 5. bekkur: **Íris Orraddóttir** (Haraldur Bolli Heimisson)
- 4. bekkur: **Bjarmi Friðgeirsson** (Hilmar Bjarki Gíslason)

Félagsmiðstöð

Nú hefur félagsmiðstöðin tekið til starfa hjá okkur á nýjan leik og hefur nú nýja og betri aðstöðu í miðrymi skólans. Félagsmiðstöðin er rekin undir umsjón félagsmiðstöðvarinnar Tróju sem staðsett er í Rósenborg. Opnunartími í vetur verður þannig að fyrir 8.-10. bekk er opið á hverjum þriðjudegi kl. 19:30-21:30, fyrir nemendur í 6.-7. bekk verður opið fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 16:30-18:30 og fyrir nemendur í 4.-5. bekk verður opið fyrsta miðvikudag í mánuði kl. 16:30-18:30. Umsjónarmenn félagsmiðstöðvarinnar eru þau Óðinn Svan Óðinsson (odinn@akureyri.is) og Katrín Ósk Ómarsdóttir.

Af hverju höfum við samkenndu árganga?

Í Naustaskóla fer kenndu að mestu fram í aldursblönduðum námshópum þar sem nemendum úr tveimur (og stundum fleiri) árgöngum er kennt saman án varanlegrar aðgreiningar eftir aldri eða námsgetu. Markmiðið með aldursblönduninni er að stuðla að námi við hæfi hvers og eins en auk þess að styðja við félagsþroska nemenda og líma skólasamfélagið enn frekar saman.

Að jafnaði er gert ráð fyrir að nemendum í eftirtöldum árgöngum sé “blandað”:

2.-3. bekkur, 4.-5. bekkur, 6.-7. bekkur, 8.-9. bekkur (+ 10. bekkur í ákveðnum verkefnum)

Margvísleg rök eru fyrir aldursblöndun í skólastarfi og hafa þau verið studd rannsóknum.

Eftirfarandi hefur t.d. verið nefnt:

- Segja má að aldursblandaðir hópar líki að nokkru marki eftir “eðlilegum” aðstæðum í fjölskyldu og nærumhverfi þar sem aldur og þroski fólks er mismunandi. Nú á tímum verja börn minni tíma með fjölskyldu og í umhverfinu utan skólans og fara þar af leiðandi að nokkru á mis við þessar aðstæður ef þær eru ekki í boði í skólanum.
- Ef augljóst er að nemendur hafa til að bera misjafnan þroska og getu læra þeir að það er eðlilegt að vinna á misjöfnum hraða, að hafa mismunandi færni, áhugasvið o.s.frv. Ekki eru allir alltaf að gera það sama, það þykir eðlilegt og nemendur skera sig því síður úr. Það er eðlilegt að vera “barnalegur” eða “duglegur” og minna ber á neikvæðum samanburði.
- Nemendur í samkenndu fá tækifæri til að kynnst fleirum, bæði eldri og yngri nemendum, kynnst því að vera bæði eldri og yngri, þannig getur skapast góður námsandi og umhyggja í hópnum. Nemendur læra félagsleg samskipti þar sem yngri börn læra að þiggja hjálp frá eldri börnum og þau eldri læra að hjálpa, þetta leiðir til félagsmynsturs sem styrkir ábyrgð, forystu og félagslega færni. Margt bendir því til að aldursblöndunin hafi örvandi áhrif á félagslegan þroska nemenda og hegðun svo sem að hjálpast að, deila með sér og skiptast á, taka tillit til annarra, segja satt o.s.frv. Þetta hefur m.a. verið stutt með rannsókn Gayfers árið 1991 en þar sýndi hann fram á að nemendur í samkennduhópi höfðu yfirburði í námstækni, félagslegum samskiptum, samvinnu og viðhorfum gagnvart námi og menntun miðað við nemendur í hefðbundnum bekk. Þá hefur verið nefnt að minni hætta er á að nemendur festist í ákveðinni stöðu í samkennduhóp sem tekur reglulega breytingum.
- Nemendur í samkenndu þurfa að læra að vinna sjálfstætt og hjálpast að, það má segja að nauðsynlegt sé að nota fjölbreyttari kennsluáðferðir og því draga þessar aðstæður úr tilhneigingu kennara til að nota einsleita námskrá þar sem allir eiga að vera að gera sömu verkefni á sama tíma. Ennfremur hafa rannsóknir t.d. Maehr og Midgley sýnt fram á að aldursblöndun hvetur kennara til að velta sífellt fyrir sér eðli náms og kenndu.
- Rannsóknir á samvinnunámi og félagsstuðningi í námi benda til að samvinna og samskipti milli barna í getublönduðum hópum komi öllum til góða, hver sem námsleg staða þeirra er og að samvinnunám í blönduðum hópi sé eitt öflugasta námsform sem til er. Minna má á að samvinna barna sín á milli er mikilvæg í námi, ekki síður en samvinna milli barna og fullorðinna. Aldursblöndun skapar kjöraðstæður fyrir samvinnunám og félagsstuðning í námi. Þá hafa verið leidd rök að því að í samkennduhópum séu meiri möguleikar á því að einstaklingarnir nái að nýta mismunandi greindir eða færni þar sem ekki er gert ráð fyrir því að allir séu að takast á við það sama á sama tíma.

Undanfarið hefur nokkuð borið á því að hjól, sérstaklega hlaupahjól, tynast í kringum skólann. Stundum er þetta vegna þess að nemendur sjálfir gleyma hjólunum og muna ekki hvar þeir settu þau, en stundum er þetta vegna þess að einhverjir nemendur grípa hjól sem þeir eiga ekki og kasta þeim frá sér einhvers staðar annars staðar, eða jafnvel fara með þau heim til sín. Við höfum brugðist við þessu með því að reyna að fylgjast betur með þessum málum, spyrja krakkana hvort þau eigi hjólin sem þau eru á, virkja nemendur sjálfa í að fylgjast með o.s.frv. En nú biðjum við ykkur einnig foreldra um hjálp sem felst í þrennu:

1. Merkja hjól barna ykkar vel og vandlega þannig að hægt sé að sannreyna hver á hjólin þegar við erum að spyrja og fylgjast með.
2. Athuga hvort að börn ykkar séu með hjól sem þau eiga ekki
3. Ræða þessi mál við krakkana og aðstoða okkur við að ítreka mikilvægi þess að við berum virðingu fyrir eignum annarra.

Göngum í skólann





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Október 2012

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1 Fiskibúðingur, kartöflur, salat og köld dressing	2 Íslensk kjötsúpa og heimabakað brauð <i>Opið hús 6-7b</i> <i>Opið hús 8-10b</i>	3 Grænmetisnúðlur og salat <i>Opið hús 4-5b</i>	4 Soðinn fiskur, kartöflur, soðið grænmeti og lauksmjör	5 Gúllas, hrísgrjón og salat	6
7	8 Plokkfiskur, salat og rúgbrauð OPIN VÍKA	9 Lasagna, kartöflu- stappa og salat <i>Bólusetning í 7. bekk</i> <i>Opið hús 8-10b</i>	10 Fiskur í raspi, hrísgrjón, grænmeti og dressing	11 Grjónagrautur og slátur <i>3.-4. bekkur á skautum</i>	12 Tortillur með nauta- kjöti og grænmeti	13
14	15 Hakkréttur, hrísgrjón og salat	16 Soðinn fiskur, kartöflur, salat og tómatsósa <i>Opið hús 8-10b</i>	17 Steikt grísakjöt með kartöflum, salati og brúnni sósu	18 Karrýostafiskur, hrísgrjón og salat <i>3.-4. bekkur á skautum</i>	19 Grænmetissúpa og heimabakað brauð <i>Náttfatadagur</i>	20
21	22 Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og smjör	23 Hakkabuff, kartöflustappa, grænar baunir og lauksósa <i>Opið hús 8-10b</i>	24 Öfnbakaður fiskur í blaðlaukssósu, hrísgrjón og salat	25 Steiktur kjúklingur, kartöflubátar, salat og sveppasósa <i>3.-4. bekkur á skautum</i>	26 STARFSDAGUR (Skyr, brauð og álegg)	27
28	29 VETRARFRÍ (Steiktur fiskur, kartöflur, salat og rækjuostasósa)	30 VETRARFRÍ (Kjötbollur í súr- sætri sósu, hrísgrjón og salat) <i>Opið hús 8-10b</i>	31 Matsdagur Fiskur Björkeby, kartöflur og salat	1. nóvember Lambapottréttur, hrísgrjón og salat	2 Skinkupasta, salat og hvitlauksbrauð <i>Hrekkjavökuball</i>	3

Muna: Opín vika 8.-12. október - foreldrar sérstaklega hvattir til að heimsækja skólann
 Starfsdagur föstudaginn 26. október og vetrarfrí 29-30. október, Frístund opin þessa daga.
 31. október er matsdagur, þá er kennt fram að hádegi en boðið upp á viðtöl eftir hádegið.



Fréttabréf Naustaskóla

10. tölublað, 5. árgangur, 1. nóvember 2012

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Gangbrautavarsla

Nú fer okkur aftur að vanta sjálfboðaliða í gangbrautavörslu, nú þurfum við að bóka vikurnar í desember og eftir áramótin. Áhugasamir eru beðnir um að gefa kost á sér með því að senda tölvupóst á agust@akureyri.is.

Bókavika

Vikuna 12.-16. nóvember höfum við bókaviku. Þá ætlum við að beina athyglinni að bókum og lestri yfirhöfuð og hvetjum til að börnin komi með bækur að heiman til að lesa, kynna fyrir öðrum nemendum o.s.frv.

Starfsáætlun

Á heimasíðu skólans má nú finna drög að starfsáætlun ársins en það er rit sem hefur að geyma all flestar nauðsynlegar upplýsingar um skólann og skólstarfið. Ritið má finna undir tenglunum Skólinn / skólanámskrá

Upplýsingar á mentor

Nú geta foreldrar sjálfir uppfært upplýsingar barna sinna á mentor en mikilvægt er að allar upplýsingar þar séu réttar, s.s. símanúmer og netföng, upplýsingar um tengiliði í neyðartilfellum o.s.frv. Við biðjum því foreldra um að fara inn á fjölskylduvefinn og yfirfara allar upplýsingar og einnig setja inn nýjar myndir af börnum sínum þar sem þess þarf en sumar myndirnar eru nokkuð komnar til ára sinna.

Kæra skólasamfélag

Nóvember er mánuður sem einkennist af "hefðbundnu skólstarfi". Eins og sést á baksíðu fréttabréfsins er þó töluvert um að vera hjá okkur framundan, má þar nefna bókaviku og dag íslenskrar tungu, við ætlum að halda fyrstu böllin í salnum okkar nú í mánuðinum, stjórnendur bjóða foreldrum í morgunkaffi og svo er náttúrulega nemendadagurinn á sínum stað, en fyrir þá sem ekki þekkja þann atburð er það skóladagur sem skipulagður er af nemendaráði og er þá ýmislegt óhefðbundið og skemmtilegt á dagskrá..! Annars er bara allt gott að fréttu úr skólanum, lífið gengur sinn vanagang og er yfirhöfuð dásamlegt :)

Bestu kveðjur úr skólanum, Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Foreldrastarfið - bekkjakvöld

Við minnum á að Foreldrafélagið hefur skipt foreldrahópi hvers árgangs niður í þrjá hópa og á hver hópur að standa fyrir einni uppákomu yfir veturinn. Í skipulaginu eru líka tilgreindir þeir foreldrar sem eiga að kalla sinn hóp saman í fyrsta sinn til undirbúnings. Áriðandi er að allir skoði þessar upplýsingar og leggi á minnið á hvaða tímabili þeir eiga að starfa og hvort að þeir bera ábyrgð á að kalla saman hóp.. Upplýsingar um foreldrastarfið er að finna á heimasíðu skólans undir hlekknum "foreldrar" eða beint á slóðinni:

http://www.naustaskoli.is/page/foreldrastarf_vetrarins, nafnalistana er að finna neðst á síðunni.

Samræmd próf í 10. bekk

Niðurstöður hafa nú borist úr samræmdum prófum í 10. bekk og eru þær í heildina tekið afar jákvæðar. Hér til hliðar má sjá meðaleinkunnir Naustaskóla samanbornar við meðaltöl kjördæmisins og landsins í heild. Þar fyrir neðan má hins vegar sjá samanburð á meðaleinkunn hópsins á samræmdu prófi í 7. bekk annars vegar (þegar krakkarnir höfðu verið nokkrar vikur í Naustaskóla) en núna í 10. bekk hins vegar, þar er um svokallaðar normaleinkunnir að ræða þar sem landsmeðaltal er stillt á töluna 30. Eins og sjá má hefur hópurinn tekið miklum framförum á þessu tímabili hjá okkur og má taka það sem góða vísbendingu um að við séum á réttri leið. Þegar þetta er skrifað hafa enn ekki borist niðurstöður úr samræmdum prófum hjá 4. og 7. bekk.

10. bekkur

	Stæ	Ísl	Enska
Landið	6,5	6,4	6,6
Kjördæmið	6,1	6,2	6,3
Naustaskóli	6,5	6,2	6,9

	Stæ	Ísl	Enska
2009 (7. b.)	24,30	27,50	-
2012 (10.b)	29,58	29,08	30,75

Morgunkaffi með stjórnendum

Í nóvembermánuði bjóðum við upp á svokallað "morgunkaffi með stjórnendum". Það þýðir að kl. 8:10-09:00 á ákveðnum dögum verður heitt á könnunni á kaffistofu skólans og þar verða stjórnendur til viðtals fyrir foreldra nemenda í ákveðnum námshópum. Þarna er ætlunin að hafa frekar óformlegt spjall um skólstarfið og fá fram sjónarmið foreldra um það sem vel gengur og það sem betur má fara. Þetta ætti því að vera góður vettvangur fyrir foreldrahópinn til að fá upplýsingar, skiptast á skoðunum og velta fyrir sér starfinu í skólanum okkar. Dagsetningar eru birtar á dagatalinu á baksíðu fréttabréfsins en við minnum einnig á þessar uppákomur þegar nær dregur. Við vonumst eftir að sjá sem flesta í notalegu morgunkaffi.



Mynd úr einni af skautaförum 3. og 4. bekkja, fleiri myndir má nálgast á heimasíðu skólans...



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Nóvember 2012

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	29. okt VETRARFRÍ (Steiktur fiskur, kartöflur, salat og rækjuastasósa)	30. okt. VETRARFRÍ (Kjötbullur í súrsætri sósu, hrísgrjón, salat) <i>Opið hús 8-10b</i>	31. okt. Fiskur Björkeby, kartöflur og salat Matsdagur—kennsla fram að hádegi	1. nóv Lambapottréttur, hrísgrjón og salat 3. og 4. bekkur fara á skauta	2 Skinkupasta, salat og hvítlauksbrauð Hrekkjavökuball 1-3b kl. 16:00-17:30 4-7b kl. 18:00-20:00	3
4	5 Snakkfiskur, hrísgrjón og salat	6 Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur <i>Opið hús 8-10b</i> <i>Opið hús 4-5b 16:30</i>	7 Fiskibollur, kartöflur, salat og heit tómatsósa <i>Opið hús 6-7 16:30</i>	8 Grænmetislasagna, hrísgrjón, salat og sósa Morgunkaffi með stjórnendum—1.b. Dagur gegn einelti	9 Hrisgrjónagrautur, brauð og álegg	10
11	12 Kjötbúðingur, kartöflur, salat og lauksósa Bókavika	13 Öfnbokuð bleikja, hrísgrjón, salat og sósa <i>Opið hús 8-10b</i>	14 Steikt lambakjöt, kartöflur, salat og brún sósa Bekkjarkvöld hjá 4. b.	15 Fiskipottréttur, kartöflur og salat Morgunkaffi með stjórnendum— 4.-5.b	16 Blómkálssúpa og brauð Dagur ísl. tungu Ball 8.-10.b Morgunkaffi með stjórnendum— 6.-7.b.	17
18	19 Fiskibúðingur, kartöflur, salat og karrýsósa	20 Íslensk kjötsúpa <i>Opið hús 8-10b</i>	21 Grænmetisbuff, hrísgrjón, salat og sósa Morgunkaffi með stjórnendum— 8.-10.b.	22 Soðinn fiskur, kartöflur, soðið grænmeti og kryddsmjör Morgunkaffi með stjórnendum— 2.-3.b.	23 Gúllas, hrísgrjón og salat Nemendadagurinn	24
25	26 Gratineraður fiskur, kartöflur, salat og rúgbrauð	27 Lasagna, salat og kryddbrauð <i>Opið hús 8-10b</i>	28 Fiskur í raspi, hrísgrjón, steikt grænmeti og blaðlaukssósa	29 Grjónagrautur og slátur	30 Pizza og salat	1. des

Muna: 31. okt. er matsdagur - bara kennsla fram að hádegi.

Morgunkaffi með stjórnendum kl. 8:10-9:00, sjá dagsetningar hér fyrir ofan og útskýringar á forsiðu.



Fréttabréf Naustaskóla

11. tölublað, 5. árgangur, 2. desember 2012

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Efniviður óskast!!

Nú þegar jólafröndrið skellur á er afar gott að krakkarnir hafi með sér efnivið sem getur gagnast til þeirra hluta. Þar getur verið um að ræða glerkrukkur af öllum stærðum og gerðum, jóгурtdollur, hólkar innan úr salernis- og eldhúspappír, gömul jólakort og jólapappír, efnisbútar af ýmsu tagi og í raun flest það sem á annað borð hægt er að föndra úr... Nú er bara að leggja höfuðið í bleyti og sjá hvort það er ekki eitthvað til á heimilinu sem gæti gagnast....

Ósóttar skólapeysur

Þeir sem eiga ósóttar skólapeysur og boli eru beðnir um að sækja og greiða sem allra allra fyrst...

Um bílastæði fatlaðra

Að gefnu tilefni langar okkur til að biðja vegfarendur um bílastæði skólans um að virða stæði fatlaðra sem er við vestari inngang skólans. Afar mikilvægt er að aðgengi að þessum stæðum sé greitt og því ekki ætlast til að aðrir leggi í þessi stæði.

Frístund milli jóla og nýárs

Nú eru aðeins tveir virkir dagar milli jóla og nýárs. Þeir foreldrar sem óska eftir að nýta sér þjónustu Frístundar þessa daga (27. og/eða 28. desember) eru beðnir um að senda Hrafnhildi forstöðumanni tölvupóst fyrir 15. desember. Netfangið er hrafnhildurst@akmennt.is

Kæra skólasamfélag

Undanfarnar vikur erum við í Naustaskóla búin að vera í töluvert mikilli naflaskoðun. Ástæðan er sú að niðurstöður samræmdra prófa í 4. bekk voru mun lakari en við vonuðumst eftir og við höfum verið að rýna í þær, leita orsaka og ákveða viðbrögð. Nú er það svo að það eru líka ýmsar góðar fréttir og vísbendingar um að við séum á réttri leið, t.d. vorum við mjög ánægð með útkomu samræmdra prófa í 10. bekk, en þar voru greinilega miklar framfarir hjá nemendum, og við vorum einnig vel sátt við prófin í 7. bekk. Skólapúlssinn, könnun meðal nemenda í 6.-10. bekk, sýnir líka að flestir þættir í skólastarfinu eru að koma vel út miðað við meðaltöl á landsvísu. En við ætlum okkur auðvitað að vera alls staðar í fremstu röð og tökum því mjög alvarlega ef við fáum vísbendingar um annað. Þess vegna höfum við við að undanfögnu leitast við að hugsa gagnrýnið um okkur sjálf og finna leiðir til að ná betri árangri. Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður samræmdu prófanna þetta haustið. Við minnum á að á heimasíðu skólans undir hlekkjunum skólinn / matsgögn og skýrslur, má finna meðaltöl prófa síðustu ára sem og önnur gögn sem lúta að mati á skólastarfinu. Þar munum við einnig birta niðurstöður vinnu undanfarinna vikna en þær eru einnig sérstaklega kynntar foreldrum nemenda í 4. bekk. Með von um ljúfa aðventu og yndislegt líf í desember, okkur öllum til handa!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Niðurstöður samræmdra prófa í Naustaskóla haustið 2012

Um er að ræða svokallaðar normaleinkunnir þar sem landsmeðaltal er stillt á 30

	4. bekkur		7. bekkur		10. bekkur		
	Stæ	Ísl	Stæ	Ísl	Stæ	Ísl	Ens
Landið	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0
Kjördæmið	29,3	29,8	28,3	29,6	28,1	28,9	28,6
Naustaskóli	23,5	23,1	28,0	29,5	29,6	29,1	30,8

First Lego league

Í vetur er Naustaskóli í fyrsta sinn þátttakandi í verkefninu First Lego League sem er keppni sem felst m.a. í að nota tækni-legó til að leysa ákveðnar þrautir. Það eru 10 nemendur í 8.-10. bekk sem eru þátttakendur hjá okkur en um er að ræða afar spennandi verkefni sem felur í sér mikið nám og reynir á tækniþekkingu, forritunarhæfni, útsjónarsemi og margt fleira. Þetta árið felst verkefnið einnig í að finna lausnir sem létta líf eldri borgara á einhvern hátt og hafa nemendur verið í samstarfi við heimilismenn á Hlíð við að leysa þann þátt. Liðið okkar mun svo keppa í Reykjavík þann 19. janúar nk. og verður spennandi að sjá hvernig þeim gengur...



Litlu jólin

Litlu jólin í Naustaskóla verða föstudaginn 21. desember. Að þeim loknum fara nemendur í jólafrí.

Á litlu jólinum mæta allir nemendur kl. 9:00 og skóladeginum lýkur um kl. 11:00.

Frístund verður opin á litlujóladaginn kl. 7:45-16:15.

Að loknu jólafríi hefst skólastarfið 2.-3. janúar en þá daga eru starfsdagar fyrir hádegi en viðtöl við foreldra og nemendur eftir hádegi. Kennsla skv. stundaskrá hefst svo föstudaginn 4. janúar.





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Desember 2012

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	3 Hakk, spaghetti og salat	4 Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör Opíð hús 4-5 b kl. 16:30-18:30 Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	5 Grísasnitset, salat, kartöflur og brún sósa Opíð hús 6-7b 16:30-18:30	6 Ofnbakaður fiskur í blaðlaukssósu, hrísgrjón og salat Bingó á vegum 10.b. kl. 17:30	7 Tómatsúpa með paprika og heimabakað brauð	8
9	10 Soðinn fiskur, kartöflur, salat og tómatsósa	11 Hakkabuff, kartöflu-stappa, baunir og sósa <u>Þemadagur, skóla lýkur 13:00</u> Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	12 Ofnbakaður fiskur í tómatakarrýsósu, hrísgrjón og salat <u>Þemadagur, skóla lýkur 13:00</u> Jólasveinahúfundagur	13 Skr, brauð og álegg Jólaball 1.-3. b. kl. 16:15-17:30 4.-7.b. kl. 18:00-19:30 Aðgangur 300 kr. og opin sjoppa	14 Jólamatur með öllu tilheyrandi	15
16	17 Steiktur fiskur (ekki í raspi), hrísgrjón, salat og sólskinsdressing	18 Kjötballur í brúnni sósu, kartöflur og rauðkál Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	19 Fiskur Björkeby, kartöflur, salat og rækjuostasósa	20 Súrsætur svínapott-réttur, hrísgrjón og salat	21 Litlu jólin (Stuttur dagur hjá nemendum, Frístund opin frá 7:45) (Kjúklingapasta og salat)	22
23	24 Aðfangadagur	25 Jóladagur	26 Annar í jólum	27 Frí en Frístund opin Grænmetisnúðlur og salat	28 Frí en Frístund opin Hrísgrjónagrat og slátur	29
30	31 Gamlársdagur	1. janúar Nýársdagur	2 Starfsdagur / viðtalsdagur. <u>Frístund lokað</u>	3 Starfsdagur / viðtalsdagur Frístund opin Fiskipottréttur, kartöflur og salat	4 Kennsla hefst skv. stundaskrá Kartöflusúpa, brauð og álegg	5

Muna: Litlu jólin eru 21. des, jólafrí hefst að þeim loknum (Ath. tímasetningar litlu jóla á forsiðu)
Dagana 2.-3. janúar eru starfsdagur / viðtalsdagur. Foreldrar og nemendur verða boðaðir til viðtals við umsjónarkennara eftir hádegi þessa daga, viðtalsboð munu berast í síðustu vikunni fyrir jólafrí.
Kennsla hefst svo samkvæmt stundaskrá föstudaginn 4. janúar.



Fréttabréf Naustaskóla

1. tölublað, 6. árgangur, 2. janúar 2013

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Gangbrautavarsla

Enn er töluvert mörgum vikum óráðstafað á gangbrautinni á vorönninni. Ef þú hefur áhuga á að leggja þitt af mörkum til að tryggja öryggi barnanna okkar á leið í skólann, þá vinsamlegast sendu línu á agust@akureyri.is

Skólabolir og peysur

Við minnum þá sem enn eiga ósottar pantanir á skólapeysum og bolum að nálgast þær hjá ritara skólans þegar mætt er í viðtölin til umsjónarkennara dagana 2. eða 3. janúar.

Kæra skólasamfélag

Gleðilegt ár og takk fyrir gott samstarf á liðnu ári! Það er afar viðburðaríkt ár að baki í Naustaskóla og ber þar hæst mikla stækkun skólans, bæði hvað varðar húsnæði, nemendafjölda og starfsmannafjölda. Þó að skólinn okkar sé enn ungur að árum er hann orðinn töluvert stór stofnun og hefur í rauninni tekið miklum stakkaskiptum á hverju hausti síðan hann hóf starfsemi. Þetta hefur auðvitað haft í för með sér nokkra vaxtarverki, það hefur þurft að skipuleggja hlutina að nokkru leyti upp á nýtt hverju sinni eftir því sem aðstæður breytast og það hefur óneitanlega í för með sér álag á starfsfólk og á suma nemendur líka. Hins vegar nálgumst við smátt og smátt þann áfanga í þróuninni að það hægi á breytingum og við förum að ná meiri stöðugleika. Í vor munum við í fyrsta sinn útskrifa nemendur. Elsti árgangurinn okkar er reyndar fámennur og við fáum inn fjölmennan árgang í fyrsta bekk. Því má gera ráð fyrir að nemendafjöldi fari yfir 340 nemendur næsta haust en eftir það er fyrirsjáanlegt að við hættum að taka stór stökk í fjölgun nemenda en þeim fjölgi frekar jafnt og þétt. Þó að líklega þurfum við að bíða í nokkur ár eftir íþróttahúsinu búum við nú að flestu leyti vel hvað varðar aðstöðu og því er útlit allt hið besta með að við getum haldið áfram að byggja upp góðan skóla fyrir börnin okkar. Með von um áframhaldandi gott samstarf og árangursríkt skólastarf á því herrans ári 2013!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Breytingar í starfsmannahópnum - laust starf

Það gengur á með ýmsum breytingum í kennaraliðinu hjá okkur, ekki síst þar sem starfsmenn Naustaskóla eru duglegir við að leggja sitt af mörkum til að fjölga bæjarbúum. Gyða Björk, kennari í 2.-3. bekk, þurfti að fara fyrir í fæðingarorlof en áætlað var og er þar kominn til starfa nýr kennari, Guðrún Inga Hannesdóttir. Heimir Örn í 6.-7. bekk verður í fæðingarorlofi í janúar-mánuði en þar mun Inga Lilja koma tímabundið inn úr sínu leyfi til að leysa af. Anna María Sigurðardóttir, kennari í 8.-10. bekk, hefur sagt sínu starfi lausu, það starf hefur nú verið auglýst og er umsóknarfrestur til 4. janúar. Hægt er að sækja um starfið á umsóknavef Akureyrarbæjar: <http://www.akureyri.is/is/stjornkerfid/vinnustadurinn/storf-i-bodi> Það verða svo fleiri sem fara í fæðingarorlof hjá okkur með vorinu en þá koma líka að nýju til starfa þær Ása Katrín og Brynja Dögg en þeirra orlofum lýkur í apríl...

Gjaldskrárbreytingar

Samhliða afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2013 samþykkti bæjarstjórn breytingar á gjaldskrá mótuneyta og Frístunda sem taka gildi frá og með 1. janúar. Gjaldskráin er því núna sem hér segir:

Mötuneyti:

Stök máltíð: 501 kr. máltíðin
Annaráskrift: 371 kr. máltíðin
Annaráskrift á mjólk: 2.650 kr.
Annaráskrift á ávöxtum: 6.042 kr.

Skólavistun (Frístund):

Skráningargjald 6.600 kr. (innifalið 20 klst vistun)
Hver klukkustund eftir fyrstu 20 klst: 330 kr.
Síðdegishressing pr. dag: 118 kr.

ATH: Nú í ársbyrjun innheimtum við ávaxta- og mjólkuráskrift fyrir vorönnina, reikningarnir eru því nokkuð hærri en venjulega hjá flestum. Gengið hefur verið út frá því að þeir sem keyptu þessa þjónustu á haustönninni, og hafa ekki gert viðvart um breytingar, muni kaupa þjónustuna á vorönninni einnig.

Frá litlu jólinum

www.naustaskoli.is



Hlutverk umsjónarkennara í Naustaskóla

Að undanfögnu höfum við rýnt í hlutverk umsjónarkennara en markmiðið með þeirri vinnu er að skýra betur ábyrgðarmörk og auka öryggi í verkaskiptingu innan skólans, tryggja að til staðar sé á einni hendi yfirsýn yfir málefni hvers nemanda og auka öryggi í samskiptum milli heimila og skóla. Af þessu tilefni höfum við listað upp nánari lýsingu á þeim hlutverkum sem við viljum að séu á hendi umsjónarkennara í Naustaskóla, umfram það sem fram kemur í grunnskólalögum og aðalnámskrá.

Nánari lýsing á hlutverki umsjónarkennara í Naustaskóla:

- Að vera tengiliður milli nemenda og foreldra annars vegar en skólans hins vegar. **Foreldrar skulu að öllu jöfnu snúa sér fyrst til umsjónarkennara með hvers konar erindi sem varðar börn þeirra.**
- Að fylgjast með líðan og námi nemenda sinna. Til að framfylgja þessu er mikilvægt að umsjónarkennari ræði einslega við hvern nemanda reglulega, minnst á sex vikna fresti.
- Að skapa og viðhalda góðum anda meðal nemenda, efla viðsýni og sköpunargáfu þeirra og hjálpa þeim að móta vinnu- og umgengnisreglur fyrir hópinn. Að ræða við nemendur um skólareglur, umgengni í stofum, sal og göngum skólans. Enn fremur um framkomu í ferðalögum og öðrum upphákomum á vegum skólans. Til að framfylgja þessu þarf umsjónarkennari meðal annars að hafa gæðahringi a.m.k. þrisvar sinnum í viku með sínum umsjónarhóp eða í samstarfi við aðra kennara námshópsins.
- Að fylgjast með mætingum nemenda vikulega og grípa til aðgerða eftir því sem þurfa þykir. Vikulega skal senda yfirlit yfir ástundun nemenda til forráðamanna.
- Að fylgjast með því að veikindi og fjarvistir nemenda séu örugglega skráð. **Umsjónarkennari gefur nemendum leyfi í allt að 5 daga en óskir um leyfi umfram það skulu fara til skólastjórnenda.**
- Að fylgjast með færslum í dagbók nemenda sinna og hafa yfirlit yfir athugasemdir sem gerðar eru við hegðun eða ástundun umsjónarnemenda. Umsjónarkennari skal ræða við nemendur um þær athugasemdir sem gerðar eru, sjá um að upplýsingar berist til foreldra og boða til funda með foreldrum eftir því sem þurfa þykir.
- Að hafa yfirsýn yfir allar upplýsingar varðandi nemanda, greiningar, námslegar þarfir o.s.frv. Umsjónarkennarar skulu koma upplýsingum sem varða umsjónarnemendur til samkennara í teymi á svokölluðum nemendafundum, en til annarra starfsmanna á starfsmannafundum.
- Að fylgjast vel með að einstaklingar aðlagist félagahópnum og leita ráðgjafar nemendaverndarráðs ef upp kemur einelti, grunur um einelti eða aðrir erfiðleikar í félagahópnum. Að framfylgja ákvæðum eineltisáætlunar skólans, í samstarfi við námsráðgjafa og skólastjórnendur.
- Að hafa forgöngu um að leita eftir sérfræðiaðstoð fyrir einstaklinga sem þess þurfa. Skal þá vísa málum til nemendaverndarráðs skólans og vinna að framvindu í samstarfi við nemendaverndarráð.
- Að vera í reglulegu sambandi við foreldra umsjónarnemenda. Áriðandi er að skrá öll samskipti í dagbók. Að skipuleggja viðtöl við foreldra og nemendur á viðtalsdögum og hafa þá tiltækar upplýsingar um nám nemenda í öllum námsgreinum. Skipuleggja upplýsingafundi að hausti og eftir því sem þurfa þykir, ásamt öðrum umsjónarkennurum námshópsins.
- Að veita foreldrum upplýsingar við skipulagningu á foreldrastarfi árgangs ef eftir því er leitað.
- Að skipuleggja atriði á samverustundum og undirbúa atriði fyrir árshátíð skólans.
- Að hafa yfirsýn yfir nám nemandans í heild sinni og yfirumsjón með birtingu og miðlun námsmats.
- Að senda vikulega upplýsingapósta til foreldra í samstarfi við aðra umsjónarkennara námshópsins.

Leitin að Grenndargralinu

Í haust hefur staðið yfir leit að Grenndargralinu með þátttöku frá nemendum á unglingastigi í grunnskólum Akureyrar. Um er að ræða leik sem felst í að leysa þrautir sem snúast um sögu eða menningu Akureyrar og Eyjafjarðar. Naustaskóli tók í fyrsta skipti þátt í leiknum í haust er og skemmst frá því að segja að það voru nemendur okkar, þær Heiðrún og Sóley í 8. bekk, sem fóru með sigur af hólmi þetta árið! Það munaði reyndar einungis 15 mínútum á þeim og næsta liði, þeim Ernu Kristínu og Stefáníu, einnig í Naustaskóla, en þær unnu einmitt karamellukrúkkuna fyrr á tímabilinu, sem var eins konar áfangasigur í leiknum. Við erum auðvitað rígmontin af þessum nemendum okkar og óskum þeim innilega til hamingju! Naustaskóli er fjórði skólinn til að vinna Leitina að Grenndargralinu. Áður hafa Giljaskóli, Síðuskóli og Glerárskóli unnið Grálið. Nánari upplýsingar um þennan skemmtilega leik má finna á heimasíðunni www.grenndargral.is



Skólalúpsinn – forelðrakönnun - mikilvægt að lesa!

Kæra forelðrillforráðamaður.

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólalúpsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Nú í febrúar munum við í fyrsta sinn nýta okkur þann hlut kerfisins sem felst í að spyrja forelðra í skólanum um gæði skólans, samskipti við skólann, virkni í skólastarfi og námið heima fyrir.

Könnunin er lögð fyrir forelðra barna á öllum aldurstigum skólans. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á forelðra er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans er sendur á sitt hvort netfangið. Öðru hvoru forelðrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutum.



Niðurstöður á yngsta, mið- og unglingastigi eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars svo lengi sem 80% svarhlutfalli hafi verið náð. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsfólki Skólalúpsins til að framkvæma tölfraðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísi.

Sjálfsmatskerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólalúpsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

Þessi klausa hér er til þess að upplýsa þig, ágæti forráðamaður, um þessa fyrirhuguðu gagnasöfnun skólans. **Ef þú ert mótfallin/n því að eiga möguleika á að lenda í úrtakinu, hafðu þá samband við skrifstofu skólans eða sendu tölvupóst á netfangið agust@akureyri.is** Að öðrum kosti áttu von á að fá sendan tölvupóst snemma í febrúar með ósk um þátttöku í könnuninni. Nánari upplýsingar um sjálfsmatskerfið eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólalúpsins, í síma 499-0690 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is.

Mat á skólastarfinu

Á heimasíðu skólans undir hlekkjunum *skólinn / matsgögn og skýrslur*, söfnum við hverju sinni þeim upplýsingum sem lúta að mati á skólastarfinu. Hægt er að nálgast þessar upplýsingar beint á slóðinni: http://www.naustaskoli.is/page/matsgogn_skyrslur Í síðasta fréttabréfi kynntum við niðurstöður samræmdu prófanna frá því fyrr í haust en nú er á síðunni einnig að finna niðurstöður úr skólalúpsinum (spurningakönnun meðal nemenda í 6.-10. bekk) og niðurstöður læsisprófa í 1. og 2. bekk. Þessar mælingar sýna okkur í heildina tekið mjög jákvæðar niðurstöður og bera skólastarfinu gott vitni. Í könnun skólalúpsins er fengist við að draga fram stöðu mála hvað varðar líðan nemenda, virkni þeirra og skóla- og bekkjaranda í heild. Teknar eru saman niðurstöður í 19 liðum og er Naustaskóli þar með jákvæða niðurstöðu fyrir ofan landsmeðaltal í 14 liðum af 19 sem verður að teljast afar gott. Hæsta skorið kemur fram í þættinum "samband nemenda við kennara" en einnig var afar ánægjuleg breyting frá síðustu mælingu að krakkarnir virðast hafa tilfinningu fyrir því að "agi í tímum" hafi aukist og er þar nú um að ræða marktækt jákvæðan þátt hjá okkur. Stærsta áhyggjuefnið var hins vegar að einelti mældist nú hjá okkur fyrir ofan landsmeðaltal og var þar einn árgangur sem skar sig úr. Hefur verið unnið að úrbótum í þeim málum. Hvað læsisprófin varðar voru niðurstöður mjög jákvæðar en á myndinni hér fyrir ofan má sjá útkomu nemenda í 2. bekk Naustaskóla miðað við heildarútkomu allra þeirra 1.500 nemenda sem þreyttu prófin í heild. Í 1. bekk var útkoman í raun svipuð.



Í nýrri Aðalnámskrá grunnskóla eru skilgreindir 6 grunnþættir sem setja eiga mark sitt á allt skólastarfið og fléttast inn í nám og kennslu. Einn af þessum þáttum er sköpun. Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðtekna hugmyndir. Sköpun byggir á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Í sköpuninni felst einnig hagnýting hugmynda. Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Þannig vinnubrögð er æskilegt að sjá í öllu námi og skólastarfi. Nálgast má sérstakt þemahefti um grunnþáttinn Sköpun á vefslóðinni <http://vefir.nams.is/flettibaekur/ritin/skopun/skopun.html>



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Janúar 2013

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	31. desember Gamlársdagur	1. janúar Nýársdagur	2. Starfsdagur / viðtalsdagur eftir háð. <u>Frístund lokað</u>	3. Starfsdagur / viðtalsdagur eftir háð. Frístund opin (Fiskipottréttur, kartöflur og salat)	4. Kartöflusúpa, brauð og álegg Kennsla hefst skv. stundaskrá	5.
6.	7. Fiskibollur í tómatsósu, kartöflur og salat Þrettándagleði Bekkjarkvöld hjá 5.b.	8. Íslensk kjötsúpa Opíð hús 4-5b 16:00-18:00 Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	9. Grænmetisbuff, hrís- grjón, salat og köld súrmjólkursúpa Opíð hús 6-7 b 16:00-18:00	10. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör	11. Grísapottréttur, kartöflur og salat Rafmagnslauss dagur	12.
13.	14. Plokkfiskur, rúgbrauð og salat	15. Lasagne, kartöflustappa og salat Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	16. Fiskur í raspi, hrísgrjón, salat og blaðlaukssósa	17. Grjónagrautur og slátur	18. Kjúklingatortillur	19.
20.	21. Hakkréttur, hrísgrjón og salat	22. Soðinn fiskur, kartöflur, salat og tómatsósa Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	23. Grísasteik, kartöflur, salat og sósa	24. Blómkálssúpa og heimabakað brauð Hæfileikakeppni nemendaráðs	25. Hangikjöt, uppstúfur, kartöflur og grænar baunir Bóndadagur / ullarfatadagur	26.
27.	28. Soðinn fiskur, kartöflur, soðnar rófur og smjöt	29. Hakkabuff, kartöflur, salat og lauksósa Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	30. Öfnbakaður fiskur í karrýostasósu, salat og hrísgrjón	31. Steiktir kjúklingaleggir, kartöflubátar, salat og köld tómtdressing	1. febrúar Skr, brauð og álegg Dagur stærðfræðinnar	2.



Viðtalsdagur 2.-3. janúar - tímasetningar viðtala má finna á heimasíðu skólans

Kennsla að loknu jólaeyfi hefst skv. stundaskrá föstudaginn 4. janúar.

Gleðilegt nýtt ár!



Fréttabréf Naustaskóla

2. tölublað, 6. árgangur, 1. febrúar 2013

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Skólapúlsinn - könnun

Núna á næstu dögum mun foreldrum berast póstur þar sem beðið verður um þátttöku í könnun á vegum Skólapúlsins. Þessi könnun verður árlegur viðburður og kemur í stað annarrar könnunar sem skólinn hefur lagt fyrir undanfarin ár. Við biðjum foreldra um að bregðast vel við og taka þátt en með því fáum við afar mikilvæga aðstoð við að leggja mat á starfið í skólanum og ákveða áherslur í þróun og umbótum fyrir næstu mánuði.

Kæra skólasamfélag

Lífið gengur sinn vanagang í skólanum þessa dagana og að sjálfsögðu alltaf nóg að gera. Nú í byrjun mánaðar eru smíðjuskil og nemendur færast milli verklegra greina, sumir fara í textílmenn, aðrir í heimilisfræði, smíðar, myndmennt, tónmennt eða leiklist og dans. Á næstu dögum fá nemendur matsmöppurnar með sér heim og við biðjum foreldra um að kíkja yfir þær með börnunum og hvetja þau til frekari dæða. Við erum svo að fara að undirbúa árshátíðina sem verður í mars, og von bráðar verðum við farin að huga að næsta vetri, búa til skóladagatal, innrita nemendur, huga að fjölgun kennara því nemendum heldur áfram að fjölga o.s.frv. Nú um mánaðamótin bætist nýr starfsmaður í hópinn. Það er Anna Margrét Helgadóttir sem mun verða í hálfu starfi á bókasafni skólans en það gerir okkur jafnframt kleift að lengja opnunartíma safnsins verulega. Í mars mun svo Anna María Sigurðardóttir hætta störfum hjá okkur, í hennar stað á unglingastiginu hefur verið ráðinn Atli Sveinn Þórarinnsson, en hann hefur störf í byrjun apríl. Við bjóðum nýtt fólk velkomið í hópinn en þökkum Önnu Maríu fyrir gott samstarf. Við minnum á að um miðjan mánuðinn er vetrarfrí, væntanlega kærkomið, og vonandi að sem flestir geti nýtt það til samveru fjölskyldunnar. Það er komin hefð á að skólarnir hér í bænum taki vetrarfrí samtímis dagana eftir öskudag ár hvert og er það nokkuð sem foreldrar ættu að geta stólað á í áætlanum sínum. Með von um dásamlegt líf í febrúar!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Upplestrarkeppni

Nemendur 7. bekkjar eru þessar vikurnar að æfa sig í upplestri og miðvikudaginn 27. febrúar verður svo upplestrarhátíð og keppni hjá okkur þar sem valdir verða þrír fulltrúar skólans til að keppa á Stóru upplestrarkeppni grunnskólanna á Akureyri sem haldin verður í MA þann 6. mars. Foreldrar 7. bekkja og aðrir áhugasamir eru að sjálfsögðu boðnir velkomnir á upplestrarhátíðina okkar!

Skólaval - innritun í grunnskóla

Í febrúar stendur yfir innritun í grunnskóla bæjarins fyrir næsta vetur og er umsóknarfrestur til 25. febrúar. Í samræmi við skólastefnu Akureyrar hafa foreldrar val um skóla fyrir börn sín, í samræmi við ákveðnar viðmiðunarreglur um innritun. Því er mikilvægt að foreldrar kynni sér starfsemi skólanna vel og hvað þeir hafa upp á að bjóða. Til að auðvelda þetta hefur skóladeild tekið saman stutt ágríp um starfsemi skólanna á sérstaka vefsíðu en þar má einnig finna innritunarreglur, rafrænt umsóknarform o.fl. (sjá vefslóð hér fyrir neðan). Auk þess bjóða grunnskólarnir upp á „opið hús“ í febrúarmánuði sem foreldrar eru hvattir til að nýta sér og í Naustaskóla verður það föstudaginn 8. febrúar kl. 9:00-11:00. Rétt er að taka fram að hvert barn á rétt til skólagöngu í sínum hverfissskóla og er þá miðað við gömlu skóla-hverfin. Naustahverfi er að sjálfsögðu skólaverfi Naustaskóla en þar að auki geta börn til heimilis í Innbæ og Teigahverfi litið á Naustaskóla sem sinn hverfissskóla.. **Foreldrar barna sem nú þegar eru í grunnskólum bæjarins en sjá fram á flutninga eða hafa í huga að skipta um skóla fyrir börn sín eru minntir á að núna er einmitt rétti tíminn til að innrita þau börn í nýjan skóla fyrir haustið!** Úthlutun kennslustunda og stöðuheimilda til skólanna fer eftir nemendafjölda og því afar áriðandi að réttar skráningar liggi fyrir í lok mánaðarins.... <http://www.akureyri.is/skoladeild/skolaval-2013>



Námskeið - jákvæður agi

Nú í febrúar og mars verður boðið upp á foreldranámskeið um "Jákvæðan aga". Námskeiðið verður opið foreldrum barna í Naustaskóla, Naustatjörn, Glerárskóla, Hrafnagilsskóla og Krummakoti og kostar 3.500 kr. pr. þátttakanda. Leiðbeinendur verða fjórir starfsmenn skólanna, sem sótt hafa sér réttindi hjá "Positive Discipline Association" í Bandaríkjunum til að halda námskeið af þessu tagi.

Námskeiðið verður haldið í Naustaskóla og mæta þarf í þrjú skipti, þ.e. laugardaginn 23. febrúar kl. 9:00-14:30, þriðjudaginn 5. mars kl. 19:30-21:00 og fimmtudaginn 14. mars kl. 19:30-21:00. Á námskeiðinu verður hugmyndafræði stefnunar miðlað til foreldra og kynntar leiðir til að hagnýta aðferðir jákvæðs aga í uppeldinu heima fyrir, auk þess sem tækifæri gefst fyrir foreldra til að miðla reynslu sinni og skiptast á þekkingu og góðum ráðum. Þeir sem hafa áhuga á að sitja námskeiðið eru beðnir um að skrá sig með skráningarformi sem nálgast má á slóðinni hér á eftir eða í gegnum frétt á heimasíðu skólans. Skráningarfrestur er til 10. febrúar en haft verður samband við þátttakendur með tölvupósti að þeim tíma liðnum. Hámarksfjöldi á námskeiðinu er 25 þátttakendur. <http://www.surveymonkey.com/s/WG2HG7P>

Ungt fólk - könnun. Forráðamenn nemenda í 5.-10. bekk athugið!

Ágætu foreldrar / forráðamenn,

Dagana 5. til 7. febrúar næstkomandi er fyrirhugað að gera könnun á högum og líðan ungmenna í 5. til 10. bekk grunnskóla á Íslandi. Könnun þessi er sem fyrr unnin að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er hluti rannsóknaráætlunar til ársins 2016.

Ungt fólk rannsóknaröðin hefur verið unnin á Íslandi allt frá árinu 1992 en samfella í rannsóknum á högum og líðan ungs fólks er þeim sem að málaflokknum starfa afar mikilvæg. Upplýsingar úr rannsóknunum hafa allt frá upphafi verið notaðar við stefnumótun og aðgerðir í málefnum ungs fólks og eru grunnur að vinnu nær allra þeirra sem vinna að því að bæta líf og hagi ungs fólks á Íslandi. Megináherslur rannsókna Ungt fólk eru þær sömu í ár og áður hefur verið og lúta að því að kanna hagi og líðan ungmennanna og félagslega þætti svo sem tengsl við foreldra og vini, íþróttir og tómstundir, félagslíf, líðan, einelti, streitu, mataræði, nám, brottfallsáhættu, félagslega stöðu, svefnvenjur, lestur, tölvunotkun, vímuefnaneyslu, framtíðaráform og annað mikilvægt.

Könnunin er nafnlaus og því ekki hægt að rekja neinar upplýsingar til einstaklinga og eru nemendur sérstaklega beðnir að rita hvorki nafn sitt né kennitölu á spurningalistann. Þegar nemendur hafa lokið við að fylla út spurningalistana eru þeir beðnir að setja þá í trúnaðarumslag og loka þeim vandlega áður en þeim er safnað saman. Listarnir eru svo sendir greiningaraðilum sem tölvuskra upplýsingarnar án þess að geta með nokkru móti vitað hverjum þær tilheyrja. Öll gögn rannsóknarinnar eru ópersónurekjanleg. Að skráningu lokinni er spurningalistunum eytt.

Með þessu bréfi biðjum við ykkur, kærar foreldrar/forráðamenn, að samþykkja að barn ykkar taki þátt í könnuninni. Berist okkur ekki athugasemd við beiðni þessari gerum við ráð fyrir að slíkt samþykki sé til staðar. Verði þátttaka góð koma upplýsingarnar til með að skila mikilsverðum niðurstöðum, bæði hagnýtum og fræðilegum líkt og fyrri kannanir af þessu tagi hafa gert.

Ef nánari upplýsinga er óskað þá vinsamlega hafið samband við Jón Sigfússon hjá Rannsóknum & greiningu með tölvupósti rannsr@rannsoknir.is eða í síma 599 6431.

Með vinsemd og virðingu
Starfsfólk Rannsókna & greiningar

Hæfileikakeppni nemendaráðs

Hin árlega hæfileikakeppni nemendaráðs var haldin fimmtudaginn 24. janúar sl. Þar stigu nemendur í 4.-10. bekk á stokk og létu ljós sín skína við mikinn fögnuð viðstaddra. Það var boðið upp á fjölmörg og fjölbreytt atriði þetta árið og stóðu allir keppendur sig vel, en að lokum var það eins og endranær þannig að aðeins voru veitt verðlaun fyrir þrjú atriði. Í fyrsta sæti varð Guðmundur Tawan í 5. bekk sem sýndi Parkour-æfingar, í öðru sæti varð Sigurður Bogi í 5. bekk en hann söng lag með frumsömdum texta, og í þriðja sæti varð Sunna Björk í 8. bekk með söngatriði. Á myndinni hér til hliðar má sjá verðlaunahafana en fyrir neðan eru allir keppendurnir þetta árið og er það nú aldeilis glæsilegur hópur!



Aldurstakmörk í sund

Starfsfólk sundlaugarinnar hefur beðið okkur um að minna á það að börnum yngri en 10 ára er óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklingi 15 ára eða eldri. Viðkomandi má ekki hafa fleiri en tvö börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barnanna.



Glæsilegur sigur í Legó-keppninni


Lið Naustaskóla fór með sigur af hólmi í First Lego, tækni- og hönnunarkeppni grunnskólabarna sem fram fór í Háskólabíói 19. janúar. Þetta var í fyrsta skipti sem skólinn tekur þátt í þessari skemmtilegu keppni og sannarlega glæsilegur árangur hjá nemendum okkar sem við erum afar stolt af. Hópur nemenda hafði unnið að verkefninu í haust en það voru að lokum 5 fulltrúar, þeir Almar, Brynjar, Elvar Orri, Júlíus og Magnús, sem héldu til Reykjavíkur í keppnina ásamt Magnúsi kennara sem hefur aðstoðað við undirbúninginn. Keppt var í fimm þrautum sem allar gáfu stig. Í fyrsta lagi þurftu keppendur að smíða vélmenni úr tölvustýrðu Lego sem var forritað til að leysa ákveðna þraut sem sneri að lausnum fyrir eldri borgara, sem var þema keppinnar. Næst þurftu liðin að vinna vísindalega rannsókn sem einnig tengdist þemanu. Í þriðja lagi þurftu liðin að halda ítarlega dagbók um undirbúninginn. Í fjórða lagi fluttu þau frumsamin skemmtiatriði og að lokum þurftu liðin að gera grein fyrir því hvernig þau forrituðu vélmennið sitt. Sigur í keppninni í Reykjavík þýðir að lið skólans hefur unnið sér inn keppnisrétt í Evrópumóti First Lego sem fram fer í Þýskalandi í maí. Til að komast þangað þarf hins vegar að safna töluverðum fjármunum og eru þar öll framlög vel þegin :) Þeim sem geta hugsað sér að leggja eitthvað af mörkum í þeim efnum er bent á að hafa samband við Magnús kennara eða Ágúst skólustjóra. Sjá má umfjöllun á N4 um legoliðið okkar á vefslóðinni:

<http://www.n4.is/tube/file/view/3096/>



Kynjahlutföll í foreldraviðtölum

Í samræmi við jafnréttisáætlun skólans gerðum við athugun á því í viðtölunum núna eftir áramótin hvernig mætingar foreldra skiptust eftir kynjum. Niðurstöðuna má sjá í myndritinu hér fyrir neðan en það er nokkuð ljóst að í þessum efnum hallar verulega á karlkynið. Feður nemenda við Naustaskóla mega því sannarlega taka þetta til athugunar og væri gaman að sjá breytta mynd næst þegar við athugum þetta mál....!!



4. bekk boðið á skíði

Hlíðarfjall og Skíðafélag Akureyrar bjóða nemendum í 4. bekkjum grunnskóla bæjarins á skíði í vetur. Þetta er stórgott boð sem er skólunum og nemendum algjörlega að kostnaðarlausu, boðið er upp á kennslu á skíði og bretti og búnaður lánaður endurgjaldslaust þeim sem þurfa. Okkar fólk fór í fjallið á föstudaginn og vorum við einstaklega heppin með veður þannig að úr varð hinn besti dagur. Það eru nokkrar myndir frá ferðinni á heimasíðunni okkar en við minnum einnig á að þar er að finna ýmsar myndir úr skólastarfinu..



Ráð mánaðarins - spyrjum til að leita lausna

Að spyrja í stað þess að segja gefur börnum tækifæri til að þróa eigin hugsanir og lausnir. Að spyrja eykur því sjálfstæði barnanna. (Við gerum oft allt of mikið af því að fara beint í að segja hvernig hlutirnir eiga að vera í stað þess að leyfa börnunum að hugsa...)



Dæmi:

- “Hvað þarftu að gera til að vera tilbúin í skólann tímanlega?”
- “Æ, helltist niður!” “Hvað er best að nota til að þurrka þetta upp?”
- “Hvernig getið þið bræður leyst þetta vandamál?”
- “Hvernig er veðrið, hvaða klæðnaður hentar best í dag?”
- “Hvernig ætlaðu að skipuleggja þig þannig að þú náir að ljúka við heimanámið?”



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Febrúar 2013

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	28. janúar Soðinn fiskur, kartöflur, soðnar rófur og smjör	29. janúar Skr, brauð og álegg Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	30. janúar Öfnbakaður fiskur í karrýostasósu, salat og hrisgrjón	31. janúar Steiktir kjúklingaleggir, kartöflubátar, salat og tómatedressing	1. febrúar Hakkabúff, kartöflur, salat og lauksósa Dagur stærðfræðinnar Hundrað daga hátíð hjá 1. bekk 4. bekkur fer á skíði	4.
3.	4. Steiktur fiskur, kartöflur, salat og sósa	5. Kjötbullur í súrsætri sósu, hrisgrjón og salat Opíð hús 4-5b 16:00-18:00 Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	6. Snakkfiskur, kartöflur, rófusalat og dressing Ball fyrir 5.-7. bekk kl. 17:00-19:00	7. Lambapottréttur, salat og hrisgrjón	8. Kjúklingapasta og salat Opíð hús v/ skólavals 2013 kl. 9:00-11:00	9.
10.	11. Fiskibollur, heit tómatsósa, salat og hrisgrjón Bolludagur Ball fyrir 1.-5. bekk kl. 17:00-18:30	12. Saltkjöt og baunir Opíð hús 8-10b 19:30-21:30 Sprengidagur	13. Öskudagur - vetrarfrí Frístund opin (Pylsa með öllu)	14. Vetrarfrí - Frístund opin (Öfnbakaður fiskur í blaðlaukssósu, kartöflur og salat)	15. Vetrarfrí - Frístund opin (Hrisgrjónagrautur og slátur)	16.
17.	18. Svikkinn héri, kartöflur, rauðkál og brún sósa	19. Tómatafiskur, hrisgrjón og salat Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	20. Lambasteik, kartöflur, steikt grænmeti og sósa	21. Fiskipottréttur, hrisgrjón og salat	22. Broccolýostasúpa og heimabakað brauð	23.
24.	25. Fiskubúðingur, hrisgrjón, salat og rækjuostasósa	26. Slátur, uppstóf, kartöflur og rófur Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	27. Grænmetisbúff, hyðisgrjón, sólskinsdressing og salat Upplestrarkeppni hjá 7. bekk	28. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör	1. mars Starfsdagur Frístund lokað e.h. (Gúllas, kartöflustappa og salat)	2.

Vetrarfrí verður dagana 13.-15. febrúar, nemendur eiga frí þá daga en Frístund verður opin fyrir nemendur í 1.-4. bekk - ekki þarf að skrá sérstaklega í Frístund þessa daga.

Við minnum svo á að föstudagurinn 1. mars er starfsdagur og þá er Frístund lokað eftir hádegi.



Fréttabréf Naustaskóla

3. tölublað, 6. árgangur, 3. mars 2013

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Hafragrautur

Frá og með mánudeginum 11. mars ætlum við að gera tilraun með að bjóða nemendum upp á hafragraut á morgnana. Nemendum mun standa til boða að fá grautinn áður en kennsla hefst kl. 7:50-8:10 en einnig mun nemendum á unglingastigi standa grauturinn til boða í frímínútum á morgnana. Foreldrafélagið stendur að þessu framtaki með okkur og er grauturinn nemendum og foreldrum að kostnaðarlausu.

Legó - hátíð

Eins og kunnugt er mun Legó-liðið okkar keppa á Evrópumóti í Þýskalandi í maí og stendur þessa dagana í fjáröflun vegna ferðarinnar. Ein hugmyndin sem er í gangi vegna þessa er að halda "Legó-hátíð" laugar-daginn 16. mars þar sem boðið verður upp á kynningu á verkefninu, veitinga-sölu o.fl. til fjáröflunar. Dagskrá hátíðarinnar verður nánar auglýst síðar.

Stóra upplestrarkeppnin

27. febrúar var hin árlega upplestrarhátíð 7. bekkjar í Naustaskóla, en hátíðin er hluti af Stóru upplestrarkeppninni sem hófst á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember og lýkur með lokahátíð í Menntaskólanum þann 6. mars, þegar fulltrúar 7. bekkja úr öllum skólum Akureyrar reyna með sér í upplestri og framsögn. Á hátíðinni okkar lásu nemendur upp sögu og ljóð og stóðu sig allir með stakri þryði. Það voru svo þær Halldóra Snorradóttir og Kolfreyja Sól Bogadóttir sem voru valdar sem fulltrúar Naustaskóla, en Katrín Línberg Guðnadóttir til vara.



Kæra skólasamfélag

Marsmánuður verður viðburðaríkur í skólanum og endar svo á páskafríinu sem ber einmitt upp á síðustu viku marsmánaðar að þessu sinni. Þeir atburðir sem bera hæst í mánuðinum eru árshátíðin okkar, útivistardagur, skólabúðaðferð 7. bekkjar o.fl. Skipulag árshátíðarinnar má sjá í auglýsingunni hér fyrir neðan en við vekjum athygli á því að nú tökum við upp nýtt fyrirkomulag á bakstri fyrir árshátíðina og ætlast er til að öll heimili útvegi krásir á veisluborðið. Foreldrafélagið mun senda út nánara skipulag vegna þessa. Við áformum síðan að bregða okkur í Hlíðarfjall miðvikudaginn 13. mars ef veður leyfir, en verðum að hafa þann fyrirvara á að ef veðrið leikur okkur grátt munum við þurfa að fresta skíðaferðinni. Annars er bara allt gott að fréttu úr skólanum og útlit fyrir skemmtilegar vikur framundan, enda er lífið náttúrulega dásamlegt!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Útivistardagur í Hlíðarfjalli

Miðvikudaginn 13. mars 2013 er áætlað að nemendur Naustaskóla fari í Hlíðarfjall til að njóta samveru og útiveru. Þeim nemendum sem ekki geta farið í fjallið af einhverjum ástæðum verður boðið upp á afþreyingu í skólanum. Nemendur mæta eins og venjulega kl. 8:10

Farið verður frá skólanum sem hér segir:

4.-10. bekkur kl. 08:20 en 1.-3. bekkur kl. 09:00

Lagt verður af stað úr Hlíðarfjalli sem hér segir:

1. – 3. bekkur kl. 11:20 en 4.-10. bekkur kl. 12:00

Þegar komið er í skóla aftur verður matur samkvæmt venju en eftir það fara nemendur heim eða í Frístund, nema að kennsla verður í valgreinum í 8.-10. bekk.

Nemendur í 3.-10. bekk geta fengið lánaðan búnað endurgjaldslaust en nemendur í 1.-2. bekk geta því miður ekki fengið lánaðan búnað en er velkomið að hafa með sinn eigin búnað eða snjóþotur og sleða.

Nemendur komi sjálfir með hollt og gott nesti. Sjoppa er ekki opin.

Nemendur fá afhent lyftukort þegar þeir mæta á svæðið. Ef nemendur óska eftir að verða eftir í fjallinu þegar dagskrá lýkur þurfa foreldrar að hafa óskað eftir því við umsónarkennara eða ritara skólans. Lyftukortin gilda allan daginn en skila þarf lánsbúnaði eða semja um leigu á honum. Ekki er hægt að bjóða upp á skíðakennslu en við munum aðstoða nemendur eins og kostur er.

Útivistardagurinn er með öllu gjaldfrjálss fyrir nemendur.

Starfsfólk Naustaskóla

Árshátíð

Árshátíð Naustaskóla 2013 verður fimmtudaginn 7. mars. Á árshátíðinni verða þrjár sýningar, kl. 15:00, kl. 17:00 og kl. 19:00. Á milli sýninga verða seldar kaffiveitingar á neðri hæð skólans, **verð fyrir fullorðna er 800 kr. en fyrir börn á grunnskólaaldri og að þriggja ára aldri 500 kr.** - frítt fyrir tveggja ára og yngri. **Athugið að ekki er hægt að greiða með greiðslukortum.** Nemendum hefur verið raðað saman í þrjá hópa þannig að systkini sýni á sömu sýningu, skipan þessara hópa má sjá á heimasíðu skólans eða beint á slóðinni:

http://www.naustaskoli.is/static/files/2012_2013/arshatidarhopar_2013.pdf 10. bekkur um hafa opna sjöppu á árshátíðinni, og meðal annars verða seldir kókosbollupakkar á 1000 kr. Þá verður tekið á móti pöntunum á ís sem keyrður verður út fyrir páska til áhugasamra...

Allir velkomnir, sjáumst í hátíðarskapi!



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Mars 2013

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
3.	4. Plökkfiskur, salat og rúgbrauð	5. Lasagne, salat og tómatsósa Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	6. Steiktur fiskur í raspi, salat og köld súrmjólkursúpa	7. Makkarónusúpa og slátur ÁRSHÁTÍÐ	8. Pizza	9.
10.	11. Hakk, spaghetti og salat	12. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og tómatafteiti Opíð hús 4-5b 16:00-18:00 Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	13. Grísasnitsel, kartöflur, salat og brún sósa Útivistardagur í Hlíðarfjalli Opíð hús 6-7b 16:00-18:00	14. Fiskur Björkeby, hrísgrjón og salat	15. Tómatsúpa og heimbakað brauð Matsdagur—kennslu lýkur á hádegi	16. LEGÐ—hátið
17.	18. Soðinn fiskur, kartöflur, salat og tómatsósa 7. bekkur fer í skólabúðir	19. Hakkabuff, kartöflur, salat og lauksósa Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	20. Tómatkarrýfiskur, hrísgrjón og salat	21. Steiktur kjúklingur, kartöflur, salat og sveppasósa	22. Bláberjaskyr, brauð og álegg Páskafrí hefst	23.
24.	25. Páskafrí - Frístund opin (Steiktur fiskur, kartöflur, salat og kryddjurtasósa)	26. Páskafrí - Frístund opin (Kjötbullur í brúnni sósu, grænar baunir og kartöflur)	27. Páskafrí - Frístund opin (Spaghetifiskur, salat og hrísgrjón)	28. Skírdagur	29. Föstudagurinn langi	30.
31.	1. apríl Annar í páskum	2. Kennsla hefst samkv. stundaskrá Opíð hús 4-5b 16:00-18:00 Opíð hús 8-10b	3. Opíð hús 6-7b 16:00-18:00	4.	5. Ball fyrir 8.-10. bekk	6.

15. mars er matsdagur, þá lýkur kennslu á hádegi og hægt er að óska eftir viðtali við umsj.kennara.

Páskafrí hefst 22. mars, dagana 25.-27. mars er Frístund opin fyrir nemendur í 1.-4. bekk.

Kennsla að loknu páskafríi hefst skv. stundaskrá þriðjudaginn 2. apríl.



Fréttabréf Naustaskóla

4. tölublað, 6. árgangur, 2. apríl 2013

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Hafragrautur

Grauturinn á morgnana hefur hlotið ágætar viðtökur og er nokkur hópur nemenda sem notfærir sér það á hverjum morgni að geta gætt sér á hafragraut. Það eru því allar líkur á því að þessi þjónusta sé komin til að vera...

Gangbrautavarsla

Nú vantar okkur bara að manna örfáar vikur á gangbrautinni til vors... það er nú fátt skemmtilegra í vorblíðunni en að taka daginn snemma og aðstoða við að tryggja öryggi barnanna á leiðinni í skólann :) Áhugasamir hafi samband við skólustjóra...

Sundpokar - hætta!

Við viljum vekja athygli foreldra á að hætta getur stafað af of löngum böndum á bakpokum sem mjög margir nemendur nota undir sundfatnað. Nokkuð hefur borið á því að börnin vefja þessum böndum um hálsinn á sér en af því getur augljóslega stafað hætta, auk þess sem börnin stíga stundum í böndin og hrasa um þau. Við biðjum foreldra því um að stytta í þessum böndum og ræða málið við börnin - nú eða senda þau með annars konar poka...

Kæra skólasamfélag

Mars var sannarlega viðburðaríkur hjá okkur og rak þar hver viðburðurinn annan. Árshátíðin tókst aldeilis prýðilega og útivistardagurinn sömuleiðis, enda lék veðrið við okkur í fjallinu. 7. bekkur fór í skólabúðir og fulltrúar skólans kepptu í upplestrarkeppni og skólahreysti og stóðu sig með mikilli prýði. Í aprílmánuði er hins vegar ekki mikið um uppákomur, nema að 4. bekkur fer í skólabúðir í Bárðardal og unglingastigið heldur hið langþráða "árshátíðarball". Það ber hins vegar helst til tíðinda að það eru nokkrar breytingar á starfsmannahópnum nú í byrjun mánaðarins. Heimir Örn er á leið í fæðingarorlof á nýjan leik fram á vorið en í hans stað í 6.-7. bekk kemur Brynja Dögg sem er einmitt að koma úr fæðingarorlofi. Ása Katrín er einnig að snúa til baka úr leyfi og kemur til starfa í unglingadeildinni en þar fáum við einnig nýjan kennara til starfa en það er Atli Sveinn Þórarinnsson sem kemur úr Réttarholtsskóla. Svo líður að því með vorinu að þær Þóra Ýr kennari í 8.-10. bekk, Þórey íþróttakennari og Aðalheiður iðjuþjálfari fari í fæðingarorlof. Það er ekki að spyrja að gróandanum og frjóseminni í skólanum okkar :) Við erum svo að byrja að undirbúa næsta skólaár, drög að skóladagatali næsta vetrar eru komin á heimasíðuna, við erum byrjuð að huga að uppstillingum kennsluteyma fyrir næsta vetur o.s.frv. Það er útlit fyrir að það hægi aðeins á fjölgun nemenda hjá okkur, enda förum við nú að útskrifa nemendur í fyrsta sinn, en engu að síður stefnir í að það verði um 320 nemendur hjá okkur næsta vetur. Framtíðin er því spennandi og lífið hreint óborganlega dásamlegt...!!


Ágúst Jakobsson, skólustjóri

Læsispróf og foreldrakönnun Skólapulssins - stórgóðar niðurstöður!

Nú liggja fyrir niðurstöður úr læsisprófum í 1. og 2. bekk frá í febrúar og einnig niðurstöður úr könnun Skólapulssins sem lögð var fyrir foreldra í mars. Það er skemmt frá því að segja að niðurstöður þessara mælinga eru í heildina tekið afar jákvæðar fyrir skólann. Má þar nefna að mikill meirihluta þeirra þátta sem mældir eru í Skólapulsskönnuninni mælast yfir landsmeðaltali. T.d. má þar nefna að ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum er marktækt yfir landsmeðaltali sem er auðvitað glæsileg niðurstaða fyrir nýjan skóla. Í mörgum þáttum er skólinn í hópi allra efstu skóla á landinu t.d. hvað varðar ánægju foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur. Könnunin sýnir góða líðan nemenda, einelti mælist minna en almennt gerist o.fl. Læsisprófin í 1. og 2. bekk sýna mjög góðar niðurstöður samanborið við aðra skóla sem taka þátt í þeirri könnun. Niðurstöður læsisprófanna má nú þegar nálgast á heimasíðu skólans (undir hlekkjunum "skólinn / matsgögn og skýrslur") en niðurstöður foreldrakönnunarinnar birtast þar á allra næstu dögum. Við munum svo vinna betur úr þessum niðurstöðum, kynna þær og nýta til að leggja á ráðin um umbætur fyrir næsta vetur. Á myndinni hér til hliðar má sem dæmi sjá mynd af því hvernig Naustaskóli raðast í Skólapulsskönnuninni með tilliti til annarra skóla þegar spurt er um ánægju foreldra með "hve vel skólinn mætir þörfum nemenda".

Í niðurstöðum könnunarinnar eru skólar flokkaðir í þrjá flokka, þ.e. skóla sem eru einungis með 1.-7. bekk, fámenna skóla (færri en 160 nem. í 6.-10.b) og fjölmenna skóla. Naustaskóli flokkast enn með fámennum skólum en eins og sjá má er hann vel ofan við landsmeðaltal (rauða strikið) í þessari mælingu og er í flokki hæstu skóla landsins (Naustaskóli er svartur punkturinn en gráu punktarnir eru aðrir skólar). Þetta er reyndar nokkuð dæmigerð mynd hvað varðar röðun skólans!

Röðun





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Apríl 2013

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1. Annar í páskum	2. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og smjör Opíð hús 8-10b Opíð hús 4-5b 16:00-18:00	3. Slátur, kartöflur, rófur og uppstúfur Opíð hús 6-7b 16:00-18:00	4. Grænmetisbuff, brún hrísgrjón og indversk jógúrt dressing	5. Hrísgrjónagrautur og slátur "Árshátíðarball" fyrir 7.-10. bekk	6.
7.	8. Kjötþúðingur, grænar baunir, kartöflur og brún sósa 4. bekkur fer í skólabúðir í 3 daga	9. Öfnbökkuð bleikja, kartöflur, salat og blaðlaukssósa Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	10. Steikt lambakjöt, kartöflugratin, salat og sósa	11. Fiskipottréttur, hrísgrjón og salat	12. Aspassúpa og heima- bakað brauð	13.
14.	15. Fiskibollur, kartöflur, salat og karrýsósa	16. Íslensk kjötsúpa Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	17. Grænmetispottréttur, hrísgrjón og salat	18. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör	19. Nautagúllas, hrísgrjón og salat	20.
21.	22. Öfnbakaður fiskur í blaðlauksrjóma, hrísgrjón og salat	23. Lasagna, kartöflu- stappa og salat Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	24. Fiskur í raspi, kartöflur og sólskinsdressing	25. Sumardagurinn fyrsti	26. STARFSDAGUR (Frístund lokuð eftir hádeggi - frá 12:15) (Makkarónusúpa, brauð og álegg)	27.
28.	29. Mexíkóskur hakkréttur, hrísgrjón og salat	30. Soðinn fiskur, kartöflur grænmeti, tómatsósa Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	1. maí Fridagur verkamanna	2. Steiktur grísahnakki, kartöflur, salat og sósa	3. Baconkartöflusúpa, brauð og smjör	4.

Að sjálfsgöðu eru sumardagurinn fyrsti og verkalýðsdagurinn frídagur en að auki er frí hjá nemendum föstudaginn 26. apríl en þá er starfsdagur, Frístund er einnig lokuð eftir hádeggi þann dag.



Fréttabréf Naustaskóla

5. tölublað, 6. árgangur, 2. maí 2013

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Útivistartíminn

Frá og með 1. maí lengdist útivistartími skv. lögum, nú mega börn 12 ára og yngri vera úti til kl. 22 en 13-16 ára mega vera úti til kl. 24.

Rétt er þó að taka fram að foreldrar ráða að sjálfsgöðu útivistartíma sinna barna, og sjálfsgöðu að muna að flest börn og unglingar þurfa að minnsta kosti 9-10 tíma svefn!!

Útiþróttir

Upp úr mjóðum mánuðinum (frá 21. maí) gerum við ráð fyrir að verði komin sumarblíða og að frá þeim tíma verði íþróttakennslan al-farið utandyra. Við biðjum því um að frá og með tíma verði nemendur sérstaklega vel búnir til útiveru...

Vorskóli - skólabyrjun í haust

Fimmtudaginn 16. maí nk. kl. 17:00 bjóðum við verðandi nemendum í 1. bekk og foreldrum þeirra á stutta kynningu í skólanum. Þar munu nemendur hitta verðandi kennara sína og foreldrar fá kynningu á skólanum hjá stjórnendum. Skólastarf í haust mun svo hefjast með skólaþingi um þann 22. ágúst.

Kæra skólasamfélag

Þá líður að endasprenntinum hjá okkur þetta skólaárið og við erum nú fyrir alvöru farin að undirbúa næsta skólaár. Nú ber svo við að við sjáum loks fram á nokkuð meiri stöðugleika en við höfum upplifað undanfarin misseri. Kemur þar til að það hægir örlítið á fjölguninni hjá okkur, enda förum við nú að útskrifa nemendur í fyrsta sinn, en í öðru lagi er ekki útlit fyrir mjög miklar breytingar á starfslíðinu, ef frá eru talin fæðingarorlof. Þarna er svo sannarlega um ánægjuleg tímamót að ræða enda hafa þessi fyrstu starfsár okkar einkennst af miklum árlegum uppstokkunum og skipulagsbreytingum til að mæta fjölgun nemenda og starfsmanna. Við leggjum því upp með að skipulag mála næsta skólaár hvað varðar stundaskrá, tímasetningar o.s.frv. verði með svipuðu sniði og í ár. Nokkuð verður vart við þann misskilning meðal foreldra að íþróttahús skólans verði tekið í notkun nú í haust. Svo er ekki, einungis verður lokið við uppsteypu og utanhússfrágang á húsinu en skv. núverandi áætlunum mun það svo bíða ársins 2016 að fullgera húsið og taka það í notkun. Þangað til munum við væntanlega taka að nýju upp útikennslu í íþróttum að nokkru leyti til móts við það að áfram verður keyrt í íþróttahús og sund vikulega með alla nemendur.

Það ber annars m.a. til tíðinda í maímánuði að Lego-liðið okkar heldur til Þýskalands í næstu viku þar sem það keppir við fulltrúa frá tugum annarra landa og verður aldeilis spennandi að sjá hvernig okkar fólk stendur sig í útlandinu. Leitað hefur verið til fjölmargra aðila að undanfögnu um styrki til ferðarinnar enda er verulega kostnaðarsamt að leggja upp í ferðalag af þessu tagi. Við viljum þakka þeim fjölmörgu sem hafa lagt til fjármuni og stuðning af ýmsu tagi til að gera þetta ævintýri að veruleika. Að öðru leyti verður maí nokkuð hefðbundinn með vorþemadögum, vorhátíð og öllu tilheyrandi. Vonandi fer vorveðrið að láta á sér kræla svo að lífið geti nú örugglega verið eins dásamlegt og það á að vera í maí...!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri


Skólanefnd óskar eftir tilnefningum til viðurkenninga

Samkvæmt skólastefnu Akureyrarbæjar skal árlega veita viðurkenningar, þeim einstaklingum eða stofnunum sem skarað hafa fram úr í skólastarfi. Markmiðið er að vekja sérstaka athygli á því sem vel er gert og hvetja þá sem fyrir valinu verða til þess að halda áfram því góða starfi sem þeir eru að vinna og jafnvel gera enn betur. Viðurkenning er einnig staðfesting á að viðkomandi skóli/kennari/nemandi er fyrirmynd annarra á því sviði sem viðurkenning nær til. Á heimasíðu skólans er að finna auglýsingu með nánari upplýsingu varðandi þetta. Hægt er að tilnefna nemendur, kennara og sérstök verkefni sem unnið hefur verið að. Hver sem er getur skilað inn tilnefningum en þeim þarf að skila í síðasta lagi 6. maí.

Umræðufundur um heimanám

Í niðurstöðum könnunar meðal foreldra á dögnum stakk í augun að töluvert færri foreldrum í Naustaskóla en annars staðar að meðaltali finnst heimanám nemenda hæfilegt, og er mun stærri hluti hér en annars staðar sem finnst heimanámið of lítið. (Á myndinni hér fyrir neðan má sjá svörum foreldra við spurningu um hvort þeim finnst heimavinna of mikil eða lítil.) Í tilefni af þessu boðum við til umræðufundar mánudaginn 13. maí kl. 17:00. Fulltrúi frá Háskólanum á

Akureyri mun flytja erindi um niðurstöður rannsókna á gagnsemi heimanáms en síðan er hugmyndin að ræða stefnu skólans í málinu og leitast við að komast að niðurstöðu um hvort hún þarfnist breytinga eða nánari útfærslu. Allir áhugasamir foreldrar eru eindregið hvattir til að mæta.





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Maí 2013

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	29 Mexíkóskur hakkréttur, hrísgrjón og salat	30. Soðinn fiskur, kartöflur grænmeti, tómatsósa Opíð hús 7-10b 19:30-21:30	1. maí Frídagur verkamanna FRÍ	2. Steiktur grísahnakki, kartöflur, salat og sósa	3. Baconkartöflusúpa, brauð og smjör	4.
5.	6. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og smjör	7. Hakkabúff, kartöflur, salat og lauksósa. Opíð hús 7-10b 19:30-21:30 Opíð hús 4-5b 16:00-18:00	8. Fiskur Björkeby, hrísgrjón, salat og köld piparsósa Opíð hús 6-7b 16:00-18:00	9. Uppstigningardagur FRÍ	10. Skr, brauð og álegg	11.
12.	13. Plokkfiskur og rúgbrauð Umræðufundur um heimanám kl. 17:00	14. Kjötbollur, kartöflur, salat og brún sósa Frjálsþróttamót 4.b. Opíð hús 7-10b 19:30-21:30	15. Tómatkarrýfiskur, kartöflur og salat Frjálsþróttamót 5.b	16. Súrsætur grísapott- réttur, hrísgrjón og salat Frjálsþróttamót 6.b. VORSKÓLI hjá verðandi 1.b. kl. 17:00-18:30	17. Pepperonipasta og salat Frjálsþróttamót 7.b.	18.
19.	20. Annar í hvítasunnu FRÍ	21. Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur Opíð hús 7-10b 19:30-21:30 10. bekkur á ferðalagi þessa viku	22. Fiskibollur í heitri tómatsósu, kartöflur og salat	23. Grænmetislasagna, hrísgrjón og salat	24. Hrísgrjónagrautur og slátur	25.
26.	27. Svikinn héri, kartöflur, sósa og salat	28. Snakkfiskur, hrísgrjón og salat VORÞEMA Opíð hús 7-10b 19:30-21:30	29. Kjöt og karrý VORÞEMA	30. Fiskipottréttur, kartöflur og salat VORHÁTIÐ	31. Blómálssúpa og brauð	1. júní

Vorhátíð Naustaskóla og hverfisnefndar Naustahverfis verður haldin fimmtudaginn 30. maí - dagskrá verður nánar auglýst síðar..

Skólaslit vorið 2013 verða þriðjudaginn 4. júní, Frístund lokar á hádegis þann dag og sumarfrí hefst, tímasetningar skólaslita verðar auglýstar í næsta fréttabréfi sem kemur út eftir miðjan maí.



Fréttabréf Naustaskóla

6. tölublað, 6. árgangur, 25. maí 2013

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Frístund

Síðasti opnunardagur Frí-
stundar í vor er skólaslita-
dagurinn, 4. júní, en Frístund
er opin til kl. 13:00 þann
dag. Í ágúst verða foreldrar
beðnir um að ganga frá
dvalarsamningum fyrir næsta
vetur og Frístund tekur að
nýju til starfa á skólasetn-
ingardaginn, þann 22. ágúst.

Skólaslit vorið 2013 verða þriðjudaginn 4. júní sem hér segir:

Nemendur í 1.-8. bekk
mæti á sal skólans kl. 13:00.
Skólastjóri flytur stutt ávarp
og að því búnu hitta nem-
endur umsjónarkennara og
taka við vitnisburði.

Nemendur í 9.-10. bekk
mæta kl. 17:00 þar sem
verður útskriftarathöfn 10.
bekkjar.

Foreldrar eru að sjálfsgöðu
hvattir til að fylgja börnum
sínun á skólaslitin.

Kæra skólasamfélag

Hér er á ferðinni síðasta fréttabréf skólaársins og geymir það m.a. upplýsingar um síðustu skóladagana hjá okkur í vor, starfsmannamál, mat á skólastarfinu, skipan í kennsluteymi o.fl. Fjórða starfsári Naustaskóla er senn lokið og hefur það verið viðburðaríkt og vonandi ánægjulegt og árangursríkt fyrir okkur öll. Fyrr en varir verður auðvitað aftur komið haust og nýtt skólaár sem við lítum björtum augum til. Skólinn okkar heldur áfram að vaxa og dafna og stefnir í að það verði rúmlega 330 nemendur við nám í skólanum okkar á næsta ári. Munar þar mestu um fjölmennan árgang í 1. bekk en þar stefnir í 55 nemendur, en auk þess eigum við von á nýjum nemendum í flesta árganga. Um leið og við þökkum fyrir veturinn og kveðjum þá sem útskrifast og halda á braut bjóðum við nýja nemendur og nýtt starfsfólk velkomið til starfa og væntum mikils af samstarfinu í framtíðinni. Við sjáumst hress í haust eftir dásamlegt líf í sumar auðvitað!

Kærar kveðjur, Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Vorhátíð Naustahverfis 2013

Haldin fimmtudaginn 30. maí

Hátíðin hefst kl. 16:15 í Naustaborgum

Dagskrá í Naustaborgum kl. 16:15-18:00

- Andlitsmálning
- Hoppukastali
- Þrautabraut
- Stultur, kastveggur o.fl.
- Trúðar
- Kubb, boccia o.fl.
- Leikir
- Grillaðar pylsur - ókeypis :)
- Ótrúlega gott veður !!



Allir velkomnir!!

Opið hús í Naustaskóla frá kl. 17:30

- **Kaffihús á neðri hæð skólans**
O Kaffi / safi / mjólk og vöffur
O Fullorðnir / unglingar 500 kr.
O 6-12 ára 300 kr.
- Tombóla – 100 kr. miðinn
- Spákona
- Draugahús
- 2 hoppukastalar!
- Candyfloss á 300 / 500 kr.

Ball fyrir nemendur í 4.-7. bekk kl. 19:00-21:00. Aðgangseyrir 500 kr. Popp og safi innifalið.

26.	27. Svikinn héri, kartöflur, sósa og salat	28. Snakkfiskur, hrísgrjón og salat Vorþemadagur, skóla lýkur kl. 13	29. Kjöt og karrý Vorþemadagur, skóla lýkur kl. 13	30. Fiskipottréttur, kartöflur og salat Unicef—hreyfingin Vorhátíð - sjá ofar	31. Blómkálssúpa og brauð	1. júní
2.	3. Hópeflisdagur nýrra námshópa	4. Skólaslit Kl. 13:00 hjá 1.-8.b Kl. 17:00 hjá 9.-10.b.	5. Starfsdagur	6. Starfsdagur	7. Starfsdagur	

Umsjónarkennarar næsta vetur

1. bekkur: Berglind, Lilja og Þóra Ólafsd.

2.-3. bekkur: Guðrún Inga, Halla, Kristín og Sunna

4.-5. bekkur: Ingibjörg Jóna, Sigríður Jóna og Svala

6.-7. bekkur: Andri, Heimir og Kolbrún

8.-10. bekkur: Aníta, Atli, Ása og Magnús

Skipting umsjónarkennara á árganga verður eins og sést hér að ofan. Við röðum nemendum hins vegar ekki niður á umsjónarkennara fyrr en í ágústmánuði.



Mat á skólastarfinu

Þessa dagana erum við að byrja að draga saman niðurstöður ýmissa mælinga og kannana sem fram hafa farið hjá okkur í vetur og leitumst þannig við að leggja heildarmat á skólastarfið hjá okkur og leggja á ráðin um áherslur og umbótatillögur fyrir næsta skólaár. Í heildina tekið erum við afar ánægð með niðurstöður og má í stuttu máli segja að þær gefi afar jákvæða mynd af skólastarfinu í Naustaskóla. Þannig sýna langflestir þættir í könnunum Skólapúlsins, meðal nemenda, starfsmanna og foreldra, styrkleika umfram það sem almennt gerist í skólum landsins. Má þar sem dæmi nefna að þættirnir “Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum” og “Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur” sýna báðir marktækt jákvætt frávik frá landsmeðaltali. Þá er ánægjulegt að liðan nemenda að mati foreldra mælist ofan við landsmeðaltal, foreldrar eru ánægðir með hversu vel skólinn mætir þörfum nemenda, einelti er með því minnsta sem gerist, upplýsingamiðlun virðist góð og margt fleira mætti nefna jákvætt. Hins vegar koma einnig í ljós neikvæðar niðurstöður og eru þar einna mest sláandi þær sem sjá má á myndriti hér fyrir ofan en þar eru svör foreldra við því hvernig þeim finnst aginn í skólanum vera. Þetta er afar athyglisvert því að þegar svör nemenda við þessum þætti eru skoðuð kemur allt önnur mynd í ljós. Nemendur eru spurðir t.d. hversu lengi kennari þurfi að bíða eftir að nemendur róist, hvort þeir geti unnið vel, hvort það sé hávaði og óróleiki o.s.frv. og svör við þessum spurningum eru metin saman í einkunn. Þá kemur í ljós mjög jákvæð mynd, þ.e.a.s. að Naustaskóli er töluvert fyrir ofan landsmeðaltal hvað varðar aga í tímum og reyndar næsthæstur grunnskóla á Akureyri hvað það varðar. (Sjá mynd til hliðar, svörtu punktarnir eru grunnskólar Akureyrar) Það er ljóst að í Naustaskóla eins og í flestum skólum er stundum órólegra en æskilegt gæti talist og það er stöðugt verkefni að halda uppi vinnufriði og tilhlýðilegum aga. Sú spurning vaknar hins vegar hvort þetta misræmi sýni að einhver hluti foreldra geri óraunhæfar kröfur til þess að nemendur að sitji alltaf hljóðir í sætum sínum? Það er hins vegar töluvert langt frá þeim veruleika sem við viljum skapa og við virðumst reyndar búa við nokkuð góðan aga og starfsumhverfi að mati nemenda sjálfra og það er ekki lítils vert. Við minnum á að niðurstöður allra kannana má nálgast á heimasíðu skólans og hvetjum sem flesta til að kynna sér þær.



Starfsmannamál

Fæðingarorlof setja töluvert mark á starfsmannamálin hjá okkur þessi misserin. Næsta vetur verður staðan þannig að 5 starfsmenn taka fæðingarorlof. Aðalheiður iðjuþjálfari verður í orlofi út næsta vetur, Þóra og Gyða umsjónarkennarar verða á orlofi til 1. mars, Þórey íþróttakennari verður í orlofi til 1. apríl og Heimir umsjónarkennari verður í orlofi í tvo mánuði í haust. Fjórir starfsmenn halda til annarra starfa, það eru þeir Björn og Stefán stuðningsfulltrúar og svo kennararnir Brynja og Úlfar. Við þökkum þeim samfylgdina og óskum þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi. Að vísu mun Björn líklega dúkka upp hjá okkur aftur í haust en þá í hlutverki eins af þremur kennaranemum sem við eigum von á til okkar. Þau Sunna, Guðrún Inga og Atli umsjónarkennarar, og Þórunn íþróttakennari sem hafa verið lausráðin hjá okkur í vetur munu halda áfram hjá okkur en einnig bætist í hópinn Kristín Sigurðardóttir sem kemur til kennslu í 2.-3. bekk þar til Gyða snýr aftur úr orlofi. Enn á eftir að ganga frá ráðningu íþróttakennara í 50% starf og tónmenntakennara, en einnig eru laus til umsóknar störf skóla-liða.

Innkaup námsgagna

Skólinn mun sem fyrr annast innkaup á öllum námsgögnum fyrir nemendur fyrir haustið, nema því sem tilheyrir pennaveskjum nemenda í 4.-10. bekk. Við birtum nánari upplýsingar um þetta á heimasíðu skólans í sumar og í haust verður svo rukkað inn gjald fyrir námsgögnin. Líklegt er að gjaldið liggi nálægt 4000 kr. en það liggur ekki endanlega fyrir fyrr en tilboða hefur verið aflað.

Finnst þér agi í skólanum vera...



Um námsmat

Á skólaslitum fá nemendur afhent námsmat fyrir árið. Þar verður um mismunandi útfærslu að ræða eftir árgöngum en 10. bekkur fær nokkuð “hefðbundið” námsmat í bóklegum greinum, í tölustöfum á kvarðanum I-I0. Nemendur annarra árganga fá hins vegar svipað mat og við afhentum í fyrravor, þar sem notast er við bókstafakvarðann ABCD í samræmi við það sem gert er ráð fyrir í nýrri aðalnámskrá.

Á námsmatsblöðunum er leitast við að koma á framfæri heildarsamantekt á frammistöðu vetrarins þar sem dregin eru fram eftirfarandi atriði eftir því sem við á:

- Hæfni nemenda, leikni og skilningi innan hvers námssviðs eða námsgreinar m.t.t. settra markmiða.
- Hæfni í eftirfarandi lykilhæfnipáttum:
 - * **Umhyggja og samvinna;** Hæfni nemanda til samstarfs og samvinnu, kurteisi í samskiptum, sjálfstjórn og virk hlustun. Hæfni til að bera og sýna umhyggju fyrir öðrum, skilja tilfinningar, sýna sjálfsga og samhygð.
 - * **Vinna og dugnaður;** Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Dugnaður og þrautseigja í námi og hæfni til að halda áfram þó að viðfangsefni séu erfið.
 - * **Sköpun og frumkvæði;** Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu.
 - * **Ábyrgð og mat;** Hæfni nemanda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.
 - * **Tjáning;** Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
 - * **Upplýsinganotkun;** Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnnan hátt.
- Almennri umsögn kennara eftir því sem við á.

Hæfni nemenda í hverri námsgrein/námssviði er metin með tilliti til settra markmiða og lykilhæfnipátta með hliðsjón af eftirfarandi kvarða, samanber ákvæði nýrrar aðalnámskrár grunnskóla:

Kvarði	Námssvið	Lykilhæfni
A	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Framúrskarandi hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni
B	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Góð hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni
C	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Sæmileg hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni
D	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni ábótavant

Afar mikilvægt er að hafa í huga að samkvæmt þessum kvarða er það tiltölulega sjaldgæft að nemendur fái bókstafinn A í mati þar sem að hann á að tákna framúrskarandi hæfni eða frammistöðu. Bókstafurinn B táknar góða hæfni eða frammistöðu og ber að taka sem góðum vitnisburði.

Við minnum svo á að nánari upplýsingar má finna í verkefnabókum nemenda á mentor, s.s. niðurstöður úr ýmsum könnunum og prófum. Gera má ráð fyrir nokkuð breyttu fyrirkomulagi á námsmati hjá okkur næsta vetur en á næstu vikum er von á nánari leiðbeiningum frá menntamálaráðuneytinu um námsmat með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá. Í sumar og haust munum við fara í saumana á námsmatsfyrirkomulaginu hjá okkur og birta nýjar upplýsingar varðandi það í upphafi nýs skólaárs.

Skólabyrjun í haust

Skólastarf í haust hefst með skólasetningu þann 22. ágúst. Við gerum ráð fyrir að senda fréttabréf með hagnýtum upplýsingum um skólabyrjunina, í tölvupósti til foreldra upp úr miðjum ágúst. Á baksíðu þessa fréttabréfs er að finna skóladagatal næsta skólaárs eins og það hefur verið afgreitt af skólaráði Naustaskóla og skólanefnd Akureyrarbæjar.



Skóladagatal 2013 - 2014

Naustaskóli
Vítö Hólmátún
600 Akureyri

ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NOVEMBER			DESEMBER			JANUAR			FEBRUAR			MARS			APRIL			MAÍ			JÚNÍ		
1 F		1 S				1 Þ			1 F	Hrekjavókuball		1 S	Fullveldisdagurinn		1 M	Nýársdagur		1 L			1 L			1 Þ		1 F	Verkalýðsdagurinn		1 S			
2 F		2 M				2 M			2 L			2 M			2 F			2 S			2 S			2 M	Upplstrarkeppni lokahátíð	2 F		2 M	Vorþemadagar			
3 L		3 Þ	Skólafærðinámsteið			3 F	Starfsdagur		3 S			3 Þ			3 F	Starfsdagur Fristund lokað e.h.		3 M			3 M			3 F		3 L		3 Þ				
4 S		4 M				4 F	Starfsdagur Fristund lokað		4 M			4 M			4 L			4 Þ			4 Þ			4 F		4 S		4 M	Dagur nýrra námsþópa			
5 M	Friðdagur verslunarmanna	5 F				5 L			5 Þ			5 F			5 S			5 M			5 M	Óskudagur / vetrarfrí		5 L		5 M		5 F	Skólaárið			
6 Þ		6 F	Bókadagur			6 S			6 M			6 F			6 M	Brettandahátíð		6 F	Dagur leikskólans		6 F	VETRARFRÍ		6 S		6 Þ		6 F	Starfsdagur			
7 M		7 L				7 M	Vítalsdagur		7 F			7 L			7 Þ			7 F	Dagur stærðfræðinnar		7 F	VETRARFRÍ		7 M	7 bekkur í skólabúðum	7 M		7 L				
8 F		8 S	Dagur læsis			8 Þ	Opin vika		8 F	Rugludagur		8 S			8 M			8 L			8 L			8 Þ		8 F		8 S	Hvítasunnudagur			
9 F	Námskeiðsdagur kennara	9 M	Morgunfundir foreldra			9 M			9 L			9 M			9 F			9 S			9 S			9 M		9 F		9 M	Annar í hvítasunnu			
10 L		10 Þ				10 F			10 S			10 Þ	Jólabemadagar		10 F	Rafmagnslauss morgunn		10 M			10 M	Starfsdagur Fristund lokað		10 F		10 L		10 Þ	Starfsdagur			
11 S		11 M				11 F			11 M	Bókavika		11 M	Jólahvítudagur		11 L			11 Þ			11 Þ			11 F	Gulur dagur		11 S		11 M	Starfsdagur		
12 M	Námskeiðsdagur kennara	12 F				12 L			12 Þ			12 F			12 S			12 M			12 M			12 L		12 M		12 F				
13 Þ	Námskeiðsdagur kennara	13 F				13 S			13 M			13 F			13 M			13 F			13 F			13 S	Pálmasunnudagur	13 Þ	Mæðradagurinn		13 F			
14 M	Námskeiðsdagur kennara	14 L				14 M			14 F	Árshátíð		14 L			14 Þ			14 F	Stærstur hárdagur		14 F			14 M		14 M		14 L				
15 F	Starfsdagur	15 S				15 Þ			15 F	Snakk og blóðdagur		15 S			15 M			15 L			15 L			15 Þ		15 F		15 S				
16 F	Starfsdagur	16 M	Dagur íslenskrar náttúru			16 M			16 L	Dagur íslenskrar tungu		16 M			16 F	Vítalsdagur		16 S			16 S			16 M		16 F		16 M				
17 L		17 Þ	Altafundur Foreldrafélags			17 F			17 S			17 Þ			17 F	Vítalsdagur		17 M			17 M			17 F	Skírdagur	17 L		17 Þ	Lyfjeldisdagurinn			
18 S		18 M				18 F	Blekur dagur		18 M			18 M			18 L			18 Þ			18 Þ			18 F	Fostudagurinn langi	18 S		18 M				
19 M	Starfsdagur	19 F				19 L			19 Þ			19 F			19 S			19 M			19 M			19 L		19 M		19 F				
20 Þ	Starfsdagur	20 F				20 S			20 M			20 M			20 L			20 F			20 F			20 S	Páskadagur	20 Þ		20 F				
21 M	Starfsdagur	21 L				21 M	Bangsavika		21 F			21 L			21 Þ			21 F	Nemendadagurinn		21 F	Mottudagur		21 M		21 M		21 L				
22 F	Skólaeining / víðtal nýrra	22 S				22 S			22 F			22 S			22 M			22 L			22 L			22 Þ		22 F		22 S				
23 F	Kennsla hefist / víðtal í b.	23 M	Samr.pr. 10.b. íslenska			23 M			23 L			23 M	Borðaksmessa		23 F	Hæfileikakeppni		23 S			23 S			23 M		23 F		23 M				
24 L		24 Þ	Samr.pr. 10.b. enska			24 F			24 S			24 Þ	Áðfangadagur jóla		24 F	Böndagur / ullarfatadagur		24 M			24 M			24 F	Sumardagurinn fyrsti	24 L		24 Þ				
25 S		25 M	Samr.pr. 10.b. Stærðfræði			25 M			25 M			25 M	Jólabúðir		25 L			25 Þ			25 Þ			25 F	Starfsdagur Fristund lokað e.h.	25 S		25 M				
26 M	Kennsla hefist í 1 bekk	26 F	Samr.pr. 4. og 7.b. íslensk			26 Þ			26 Þ			26 F	Annar í jölum		26 S			26 M	Upplstrarkeppni 7. bekkja		26 M			26 L		26 M		26 F				
27 Þ		27 F	Samr.pr. 4. og 7.b. Stærðfræði			27 M			27 M			27 F			27 M			27 F			27 F			27 S		27 Þ		27 F				
28 M		28 L				28 M	VETRARFRÍ		28 F			28 L			28 Þ			28 F			28 F			28 M		Vorhátíð		28 L				
29 F		29 S				29 Þ			29 F			29 S			29 M			29 L			29 L			29 Þ		29 F	Upplstigningadagur	29 S				
30 F	Úlvissdagur	30 M				30 M			30 L			30 M			30 F			30 S			30 S			30 M		30 F		30 M				
31 L						31 F			31 Þ	Gamlársdagur		31 Þ			31 F	Tannvendardagurinn		31 M			31 M					3 L						